Ársreikningur samstæðu

2024

Efnisyfirlit	Blaðsíða

Helstu niðurstöður	1
Skýrsla bankaráðs og bankastjóra	2 - 8
Áritun óháðs endurskoðanda	9 - 12
Rekstrarreikningur samstæðunnar 2024	13
Heildarafkoma samstæðunnar 2024	13
Efnahagsreikningur samstæðunnar 31. desember 2024	14
Eiginfjáryfirlit samstæðunnar fyrir árið 2024	15
Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar fyrir árið 2024	16 - 17
Skýringar við ársreikning	18 - 101
Viðauki - óendurskoðaður	
Stjórnarháttayfirlýsing Landsbankans hf. 2024	103 - 113
Hlutfall grænna eigna Landsbankans - GAR	114 - 186

Helstu niðurstöður

Lánshæfismat

BBB+
með jákvæðum horfum

S&P Global Ratings

Heimsmarkmiðin

5 JAFNRÉTTI KYNJANNA

8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR

13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

UFS-áhættumat

SUSTAINALYTICS

Sustainalytics metur áhættu Landsbankans vegna UFS-þátta sem hverfandi.

BREEAM vottun

CODE FOR A SUSTAINABLE BUILT ENVIRONMENT
BREEAM
★★★★
EXCELLENT
BRE GLOBAL

Hönnun á nýbyggingu bankans við Reykjastræti 6 fékk einkunnina frábært (e. excellent) samkvæmt BREEAM-staðli

Hagnaður

2024	2023
37.508 m.kr.	33.167 m.kr.

Arðsemi eigin fjár

2024	2023
12,1%	11,6%

Rekstrartekjur samtals

2024	2023
79.703 m.kr.	73.848 m.kr.

Kostnaðarhlutfall (K/T)

2024	2023
32,4%	33,7%

Heildareignir

31.12.2024	31.12.2023
2.181.759 m.kr.	1.960.776 m.kr.

Eiginfjárhlutfall alls

31.12.2024	31.12.2023
24,3%	23,6%

Útlán og kröfur á viðskiptavini

31.12.2024	31.12.2023
1.807.437 m.kr.	1.630.894 m.kr.

Heildarlausafjárþekja (LCR)

31.12.2024	31.12.2023
164%	181%

Skýrsla bankaráðs og bankastjóra

Bankaráð og bankastjóri Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) leggja fram skýrslu þessa með endurskoðuðum ársreikningi samstæðu Landsbankans hf. fyrir árið 2024 sem hefur að geyma reikningsskil bankans og dótturfélaga hans (til samans „samstæðan“).

Um bankann

Landsbankinn er leiðandi fjármálafyrirtæki hér á landi og býður einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum upp á alhliða fjármálaþjónustu. Tilgangur Landsbankans er að vera traustur banki fyrir farsæla framtíð.

Stefna bankans, Landsbanki nýrra tíma, snýst um að einfalda líf viðskiptavina með aðgengilegri, öruggri en jafnframt mannlegri bankaþjónustu. Stefnunni er náð fram með því að leggja áherslu á að rekstur bankans sé ávallt traustur og með því að hagnýta tækni, hafa getu og vilja til breytinga og byggja upp árangursdrifna menningu í bankanum. Stefnunni er frekar lýst í fjórum stoðum: ánægju viðskiptavina, stöðugri framför, við elskum árangur og jákvæðum áhrifum. Með stefnunni svarar bankinn breyttum samfélagsviðhorfum, þeim tækifærum og áskorunum sem felast í tækniþróun og metnaði bankans til að einfalda líf viðskiptavina og gera Landsbankann að eftirsóttum vinnustað, ásamt því að hafa jákvæð áhrif á íslenskt samfélag.

Stefnunni er fylgt eftir með markmiðum sem stjórn, stjórnendur og starfsfólk bankans setja í sameiningu. Landsbankinn hefur náð miklum árangri undanfarin ár í að umbreyta þjónustu sinni. Aukin áhersla á sjálfsafgreiðslu og betra aðgengi að bankaþjónustu í gegnum app hefur verið studd með breyttri nálgun á þjónustu í útibúum og þjónustuveri. Árangurinn má þakka tæknilegum styrkleika bankans, traustum rekstri og virkri þátttöku starfsfólks í þróun og breytingum.

Starfsemi bankans er skipt í sjö svið: Einstaklingar, Fyrirtæki, Eignastýring og miðlun (þ.m.t. dótturfyrirtækið Landsbréf hf.), Fjármál, Áhættustýring, Upplýsingatækni og Samskipti og menningu. Í skýringu 5 er gerð grein fyrir afkomu starfsþátta bankans sem eru fjórir, sviðin Einstaklingar, Fyrirtæki og Eignastýring og miðlun, ásamt deildunum Fjárstýringu og Viðskiptavakt innan Fjármála. Önnur svið og aðrar deildir Fjármála eru flokkuð sem „önnur svið“ í skýringunni.

Rekstur ársins 2024

Hagnaður samstæðunnar á árinu 2024 var 37.508 milljónir króna (2023: 33.167 milljónir króna). Arðsemi eigin fjár var 12,1% (2023: 11,6%) og hlutfall kostnaðar af tekjum (K/T hlutfall) var 32,4% (2023: 33,7%). Hreinar vaxtatekjur námu 57.197 milljónum króna og dragast saman um 0,6% á milli ára. Hreinar þjónustutekjur námu 11.405 milljónum króna og aukast um 2,3% á milli ára. Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði nam 12.696 milljónum króna (2023: 6.719 milljóna króna hreinn hagnaður), en þar vega þyngst gangvirðisbreytingar verðbréfaeigna. Hrein virðisrýrnun útlána á árinu nam 2.772 milljónum króna (2023: 3.120 milljóna króna virðisrýrnun), þar af er 2.698 milljónir króna sem rekja má til náttúruhamfaranna á Reykjanesskaga. Laun og launatengd gjöld námu 16.534 milljónum króna á árinu og aukast um 4,2% milli ára, einkum vegna samningsbundinna hækkana. Meðalfjöldi ársverka á árinu var 811 (2023: 849).

Í lok árs 2024 nam eigið fé samstæðunnar 325 milljörðum króna. Heildareignir námu 2.182 milljörðum króna í árslok 2024 og aukast um 11,3% frá upphafi árs, eða um 221 milljarð króna. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki var 24,3% í árslok 2024 (2023: 23,6%) og er vel yfir gildandi eiginfjárkröfum. Útlánavöxtur var kröftugur en útlán jukust um 10,8% á árinu. Útlán til fyrirtækja jukust um 109 milljarða króna og útlán til einstaklinga um 68 milljarða króna. Verðtryggð lán aukast um 218 milljarða króna.

Bankinn hefur væntingar um að arðsemi eigin fjár á árinu 2025 verði á bilinu 11-13%, en greint er frá helstu áhættuþáttum í undirkaflanum Áhættuþættir hér að neðan.

Fjármögnun

Innlán frá viðskiptavinum eru stærsti hluti fjármögnunar bankans. Heildarinnlán námu 1.228 milljörðum króna í lok árs 2024 og jukust um 180 milljarða króna, eða 17% milli ára. Markaðsfjármögnun bankans hefur einkum verið í formi alþjóðlegrar EMTN-skuldabréfaútgáfu og útgáfu sértryggðra skuldabréfa á innlendum og erlendum markaði. Bókfært virði þessarar fjármögnunar hækkaði um 15,5 milljarða króna á árinu 2024.

Í árslok 2024 nam almenn óveðtryggð lántaka bankans í erlendum gjaldmiðlum samtals 242 milljörðum króna. Skuldabréfaútgáfa bankans á erlendum mörkuðum gekk vel á árinu og endurspegla eftirspurn og útgáfukjör gott aðgengi bankans að erlendum fjármagnsmörkuðum.

Útgáfurammi bankans fyrir sértryggð skuldabréf er EUR 3,5 milljarðar og var stækkaður úr EUR 2,5 milljörðum á árinu 2024. Sértryggðar skuldabréfaútgáfur bankans námu 267 milljörðum króna í árslok 2024 og lækka um 579 milljónir króna á árinu.

Bankinn gaf í september 2024 út víkjandi forgangsbréf í sænskum og norskum krónum að fjárhæð sem samsvarar um 16 milljörðum íslenskra króna. Skuldabréfin eru neðar í kröfuröð en almenn ótryggð lántaka en ofar víkjandi skuldabréfum bankans. Útgáfan er liður í að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans og er sú fyrsta sinnar tegundar frá íslenskum banka (sjá skýringu 32).

Fjármögnun (framhald)

Bankinn gaf á árinu út nýja flokka víkjandi skuldabréfa sem teljast til eiginfjár þáttar 2, ásamt því að kaupa til baka hluta eldri flokks sem var með innköllunarheimild á árinu 2024. Í árslok 2024 námu víkjandi skuldabréf eiginfjár þáttar 2 samtals um 40 milljörðum króna (2023: 20 milljarðar króna) (sjá skýringu 35).

Bankinn stefnir að sinni fyrstu útgáfu fjármagnsgerninga sem teljast til viðbótar eiginfjár þáttar 1 á fyrri hluta árs 2025.

Lánshæfismat

Í apríl 2024 tilkynnti alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings (S&P) um hækkun á lánshæfiseinkunn Landsbankans. Hækkunin nam einu þrepi og hækkaði lánshæfismatið úr BBB/A-2 með jákvæðum horfum í BBB+/A-2 með stöðugum horfum. Í tilkynningu S&P kom m.a. fram að matið endurspegli væntingar um að Landsbankinn muni viðhalda leiðandi stöðu á íslenskum markaði og reksturinn verði áfram traustur. S&P staðfesti lánshæfismat bankans í nóvember 2024, ásamt því að breyta horfum úr stöðugum í jákvæðar. Lánshæfiseinkunn Landsbankans er því BBB+/A-2 með jákvæðum horfum. Bætt lánshæfi styrkir enn frekar aðgengi bankans að innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.

Sé lánshæfi bankans hjá S&P greint eftir tegundum skuldagerninga eru sértryggð skuldabréf metin í flokki A+, ótryggð skuldabréf í flokki BBB+, víkjandi forgangsbréf í flokki BBB og víkjandi skuldabréf eiginfjár þáttar 2 í flokki BBB-.

Áhættuþættir

Árið 2024 einkenndist af áskorunum í ytra umhverfi, til dæmis vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga, pólitískrar óvissu innanlands og erlendis, þrálátri verðbólgu og háum vöxtum á Íslandi. Þrátt fyrir framangreint eru áhættumælingar og mat bankans á mikilvægustu áhættuþáttum almennt jákvætt og horfur stöðugar.

Sem fyrr er útlánaáhætta umfangsmesta áhætta bankans, en hún nemur 90% af áhættugrunni bankans. Vöxtur útlána var töluverður á árinu, en útlán jukust samtals um 177 ma.kr. Eftirspurn eftir verðtryggðum útlánum jókst töluvert á árinu, sérstaklega í íbúðalánum en einnig í útlánum til fyrirtækja. Aukin eftirspurn jók umfang verðtryggðra eigna bankans verulega umfram aukningu verðtryggðra skulda bankans. Vanefndahlutföll í lánasafni bankans eru áfram með lægsta móti og hlutfallslega fá heimili og fyrirtæki í lánasafninu eru í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Ófjárhagslegir áhættuþættir skipta verulegu máli í rekstri bankans og hafa aukist að umfangi, sér í lagi hvað varðar netöryggi og upplýsingatækniáhættu. Bankinn vinnur nú að innleiðingu reglugerðar ESB nr. 2022/2554 um rekstraröryggi fyrirtækja á fjármálamarkaði (Digital Operational Resilience Act eða DORA), sem mun taka gildi á Íslandi þann 1. júlí 2025. Bankinn hefur einnig undirbúið gildistöku reglugerðar ESB nr. 2024/1623 (CRR III) á árinu 2025 og væntir þess að áhrif innleiðingarinnar á áhættugrunn bankans verði óveruleg.

Lagt er mat á áhættuþætti í rekstri bankans með ýmsum mælikvörðum, eftir umfangi þeirra og eðli, og mælikvarðarnir mynda grunn fyrir áhættumörk, greiningu áhættuþátta, upplýsingagjöf og stjórnun áhættu. Sameiginleg mæling allra áhættuþátta er innra mat bankans á eiginfjárþörf (e. economic capital) sem ætlað er að mæta óvæntu tapi í rekstri bankans.

Greint er nánar frá áhættu- og eiginfjárstýringu samstæðunnar í skýringum við samstæðureikninginn og Pillar III áhættuskýrslu bankans fyrir árið 2024, sem birt eru á vef bankans, www.landsbankinn.is.

Eigið fé og eiginfjárstýring

Í júlí 2024 birti fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands Landsbankanum niðurstöður úr árlegu könnunar- og matsferli (e. SREP) og ákvörðun sína um eiginfjárþörf samstæðu bankans. Gerð var lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn sem næmi 2,5% af áhættugrunni á hverjum tíma frá og með 10. júní 2024 og lækkar krafan undir stoð II-R um 0,3 prósentustig frá fyrra könnunar- og matsferli. Heildarkrafa um eiginfjárgrunn samstæðunnar nemur því 20,4% af áhættugrunni í lok árs 2024 og samanstendur af 8,0% grunnkröfu um eiginfjárgrunn, 2,5% viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn og samanlagðri kröfu um eiginfjárauka sem nemur 9,9% (sjá nánar skýringu 47).

Í október 2024 birti skilavald Seðlabanka Íslands nýjustu ákvörðun sína vegna lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) fyrir Landsbankann. MREL-ákvörðun skilavaldsins felur í sér að bankinn þarf ávallt að uppfylla 30,9% MREL-kröfu, sem hlutfall af áhættugrunni bankans (sjá nánar skýringu 49).

Þann 16. mars 2024 tók gildi ákvörðun fjármálastöðugleikanefndar Seðlabankans frá mars 2023, um að hækka gildi sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki úr 2,0% í 2,5%. Í desember 2024 ákvað fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans að lækka gildi kerfisáhættuauka á fjármálafyrirtæki úr 3,0% í 2,0%. Lækkunin byggði á því mati nefndarinnar að kerfisáhætta hafi minnkað frá því að gildi aukans var fyrst ákveðið árið 2016 og með vísan til þess að viðnámsþróttur fjármálakerfisins hafi aukist á síðustu árum á undan. Nefndin ákvað á sama fundi að hækka eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki úr 2,0% í 3,0%. Jafnframt var ákveðið að halda gildi sveiflujöfnunarauka óbreyttu í 2,5%.

Markmið bankans er að viðhalda eiginfjárhlutfalli alls yfir 22,0% á hverjum tíma og vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárhlutfall, eins og það er ákvarðað og metið af viðeigandi lánshæfismatsfyrirtækjum (sjá skýringu 47). Eiginfjárhlutfall bankans í lok árs 2024 var 24,3%.

Arður

Arðgreiðslustefna bankans er að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í reglulegar arðgreiðslur til hluthafa. Í samræmi við markmið bankans um eiginfjárhlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans. Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

Aðalfundur Landsbankans 2024, sem haldinn var 19. apríl 2024, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2023 sem næmi 0,70 krónum á hlut og að arðgreiðslan yrði tvískipt. Fyrri arðgreiðslan, 0,35 krónur á hlut, var greidd til hluthafa þann 24. apríl 2024 en sú síðari, 0,35 krónur á hlut, var greidd þann 16. október 2024. Arðgreiðslurnar námu í heild 16.530 milljónum króna og jafngilda um 50% af hagnaði ársins 2023.

Aðalfundur bankans 2024 endurnýjaði heimild bankans til kaupa á eigin hlutum sem næmu allt að 10% af nafnverði hlutafjár Landsbankans. Markmiðið með endurkaupunum er að lækka eigið fé bankans og gefa hluthöfum um leið tækifæri til að selja hluti sína með gegnsæjum hætti. Heimildin gildir fram að aðalfundi á árinu 2025.

Í febrúar 2024 ákvað bankaráð Landsbankans að nýta heimild til kaupa á eigin hlutum í bankanum sem veitt var á aðalfundi bankans 23. mars 2023. Bankinn keypti á þessu tímabili samtals um 6,4 milljónir eigin hluta á genginu 12,8595, að heildarfjárhæð 82,6 milljónir króna. Eftir endurkaupin á bankinn um 385 milljónir eigin hluta, eða um 1,61% af útgefnu hlutafé bankans.

Bankaráð hyggst leggja til við aðalfund Landsbankans 2025, sem er á dagskrá þann 19. mars nk., að greiddur verði arður til hluthafa í samræmi við arðgreiðslustefnu bankans sem nemur um 50% af hagnaði ársins 2024. Við útreikning á eiginfjárhlutföllum samstæðunnar í lok árs 2024 hefur þegar verið tekið tillit til þessarar fyrirsjáanlegu arðsúthlutunar.

Efnahagsþróun

Greiningardeild Landsbankans spáir því að landsframleiðsla hafi dregist saman um alls 0,1% á árinu 2024. Horfur eru á meiri hagvexti á árinu 2025, yfir 2% gangi spá eftir, og verður sá vöxtur drifinn áfram af fjölbreyttum útflutningsgreinum.

Landsframleiðsla dróst saman um 0,5% á þriðja ársfjórðungi í fyrra og alls um 1,0% á fyrstu þremur fjórðungum ársins, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Samdrátturinn skýrist aðallega af bakslagi í útflutningsgreinum. Á sama tíma hafa háir vextir kælt innlenda eftirspurn, sem engu að síður mældist nokkuð kröftug á síðasta ári. Innlend eftirspurn jókst á þriðja ársfjórðungi, einkaneysla um 0,8% og fjármunamyndun um 2,3%.

Verðbólga mældist að meðaltali 4,9% á fjórða ársfjórðungi og var 4,6% í janúar. Greiningardeild spáir því að verðbólga verði 3,9% í apríl á þessu ári. Íbúðaverð hefur hækkað þó nokkuð umfram verðbólgu og var 7,7% hærra í desember í fyrra en í desember árið áður. Með haustinu hægði á verðþróun á íbúðamarkaði og gera má ráð fyrir að íbúðaverð hækki minna í ár en í fyrra.

Seðlabanki Íslands lækkaði vexti um 0,25 prósentustig í byrjun október og um 0,50 prósentustig í nóvember, eftir samfellt tímabil óbreyttra stýrivaxta í 9,25% frá því í ágúst 2023. Greiningardeild telur að vextir verði áfram lækkaðir statt og stöðugt, samhliða hjaðnandi verðbólgu. Á síðustu mánuðum hefur dregið úr spennu á vinnumarkaði, atvinnuleysi er lítillega meira en á sama tíma ári áður og eftirspurn eftir vinnuafli hefur dvínað. Þá hækkaði launavísitalan þó nokkuð minna á árinu 2024 en árin tvö á undan, í samræmi við hóflegri ákvæði nýrra kjarasamninga.

Eignarhald

Heildarfjöldi hluthafa í bankanum í árslok 2024 var 819 samanborið við 849 fyrir ári síðan. Tíu stærstu hluthafarnir í árslok 2024 voru sem hér segir:

Nafn hluthafa		Fjöldi hluta (í milljónum króna)	%
Ríkissjóður Íslands	Ríkissjóður Íslands	23.567,0	98,20%
Vestmannaeyjabær	Bæjarfélag	3,5	0,01%
Vinnslustöðin hf.	Fyrirtæki	1,8	0,01%
Helgi T. Helgason	Einstaklingur	0,5	0,00%
Hreiðar Bjarnason	Einstaklingur	0,5	0,00%
Árni Þ. Þorbjörnsson	Einstaklingur	0,5	0,00%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	Lífeyrissjóður	0,5	0,00%
Steinþór Pálsson	Einstaklingur	0,3	0,00%
Hjördís D. Vilhjálmsdóttir	Einstaklingur	0,3	0,00%
Arinbjörn Ólafsson	Einstaklingur	0,3	0,00%
Stærstu 10 samtals		**23.575,5**	**98,23%**
Aðrir hluthafar		39,1	0,16%
Útistandandi hlutafé samtals		**23.614,6**	**98,39%**
Landsbankinn hf.	Eigin hlutir	385,4	1,61%
Heildarútgefið hlutafé		**24.000,0**	**100,00%**

Eignarhald (framhald)

Lög um brottfall laga um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009 voru samþykkt á Alþingi 15. nóvember 2024 og Bankasýsla ríkisins lögð niður frá 1. janúar 2025. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með eignarhlut ríkisins í bankanum fyrir hönd ríkissjóðs Íslands.

Stjórnarhættir

Landsbankinn hefur það að markmiði að efla góða stjórnarhætti í þágu heildarhagsmuna bankans, hluthafa, viðskiptavina og samfélagsins. Stjórnarhættir Landsbankans eru m.a. leiddir af íslenskum lögum og reglugerðum sem bankinn starfar eftir og gilda um fjármálafyrirtæki og fjármálamarkaðinn.

Í samræmi við 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, fylgir bankinn viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja* , sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtökum atvinnulífsins, eru orðnar viðurkenndur staðall og er nýjasta útgáfan frá 1. júlí 2021 (6. útg.). Bankinn uppfyllir ákvæði leiðbeininganna að því frátöldu að ekki hefur verið sett sérstök stefna um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og æðstu stjórnendur. Þá hefur hluthafafundur ekki skipað tilnefningarnefnd. Frekari skýringar um þessi efni koma fram í 2. og 5. gr. í árlegri stjórnarháttayfirlýsingu bankans fyrir árið 2024.

Stjórnarháttayfirlýsing Landsbankans fyrir árið 2024 hefur verið yfirfarin af bankaráði, endurskoðunarnefnd og bankastjóra. Stjórnarháttum bankans er nánar lýst í yfirlýsingunni sem má finna í óendurskoðuðum viðauka við ársreikninginn og á vef bankans, www.landsbankinn.is.

Stjórnarhættir bankans taka jafnframt mið af viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2021/05), sbr. 16. gr. reglugerðar ESB nr. 1093/2010 sem lögfest var á Íslandi með lögum nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Bankinn fylgir jafnframt almennri eigendastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki sem Bankasýsla ríkisins hafði umsjón með og var uppfærð síðast í febrúar 2020. Í stefnunni eru settar fram nánari kröfur og viðmið eiganda til starfsemi fjármálafyrirtækja út frá meginreglum eigandastefnunnar sem ná m.a. til stjórnarhátta.

Bankaráð Landsbankans ber ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag bankans stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn hans, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra. Bankaráð er kjörið á aðalfundi bankans og er skipað sjö aðalmönnum og tveimur til vara. Konur skipa 44% af bankaráðinu og karlar 56%, að varamönnunum meðtöldum. Aðal- og varamenn eru óháðir bankanum og stórum hluthöfum.

Bankaráð Landsbankans var kjörið í heild sinni á aðalfundi bankans árið 2024. Jón Þorvarður Sigurgeirsson var kjörinn formaður bankaráðs. Aðrir kjörnir aðalmenn voru Eva Halldórsdóttir, sem jafnframt er varaformaður, Kristján Þ. Davíðsson, Rebekka Jóelsdóttir, Steinunn Þorsteinsdóttir, Þór Hauksson og Örn Guðmundsson. Kjörnir varamenn voru Sigurður Jón Björnsson og Stefanía G. Halldórsdóttir.

Bankaráð Landsbankans fer með æðsta vald í málefnum bankans á milli hluthafafunda og hefur yfirumsjón með því að starfsemi bankans og rekstur sé í samræmi við lög, samþykktir bankans og aðrar reglur sem um starfsemina gilda. Bankaráð sér einnig til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna hans. Þrjár undirnefndir starfa á vegum bankaráðs: áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd.

Bankaráð ræður bankastjóra og innri endurskoðanda. Bankastjóri ræður framkvæmdastjóra bankans sem hver um sig stýrir sínu sviði og saman mynda bankastjóri og framkvæmdastjórar framkvæmdastjórn bankans. Sitjandi framkvæmdastjórn er skipuð þremur konum (37,5%) og fimm körlum (62,5%). Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum bankans eða ákvörðunum bankaráðs. Framkvæmdastjórn Landsbankans er vettvangur samráðs og ákvörðunartöku af hálfu bankastjóra og framkvæmdastjóra. Bankastjóri hefur auk þess skipað fjórar þverfaglegar fastanefndir með það að markmiði að tryggja samstarf og framkvæmd á stefnu bankans: lánanefnd, áhættu- og fjármálanefnd, rekstraráhættunefnd og verkefnanefnd.

Árangursmat bankaráðs fór fram í desember 2024 og janúar 2025. Skoðað var hvernig til tókst með verkefni bankaráðs á árinu 2024. Einnig var lagt mat á upplýsingagjöf, stefnumótun og framtíðarsýn, frammistöðu bankaráðsmanna, skoðanaskipti og skilvirkni funda, starf undirnefnda bankaráðs og frammistöðu formanns.

Árangursrík áhættustjórnun er ein af forsendum langtímaarðsemi og stöðugleika í rekstri bankans. Í áhættustjórnun felst eftirlit, greining, mat og stýring á áhættuþáttum í rekstri bankans og að bankinn hafi skilvirkt skipulag til að mæta áhættu. Miðlun upplýsinga um áhættu til stuðnings ákvarðanatöku er jafnframt lykilþáttur skilvirkrar áhættustjórnunar. Bankaráð Landsbankans samþykkir áhættustefnu, áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar. Bankaráð ber jafnframt ábyrgð á að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits ásamt því að þróa og innleiða trausta áhættumenningu innan bankans.

Stjórnarhættir (framhald)

Ekki komu fram athugasemdir frá eftirlitsaðilum á árinu 2024 um brot á lögum eða reglum sem höfðu í för með sér viðurlög. Upplýsingar um helstu dómsmál tengd Landsbankanum er að finna í skýringu 38 með ársreikningi samstæðu bankans.

Sjálfbærni

Landsbankinn hefur unnið markvisst að sjálfbærnimálum frá því bankinn gaf í fyrsta skipti út upplýsingar um stöðu sjálfbærnimála árið 2011. Síðan hefur sjálfbærnistarfið þróast: Bankinn hefur gerst þátttakandi í mörgum verkefnum og skerpt jafnt og þétt á áherslum í sjálfbærnistarfi sínu með það mið fyrir augum að beita sér á sviðum sem eru mikilvægust fyrir rekstur bankans og þar sem áhrif hans á samfélagið eru mest. Landsbankinn hefur áður gefið út sjálfbærniskýrslur sem fylgja viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) en sjálfbærniuppgjörið 2024 hefur í fyrsta skipti hliðsjón af Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD) og viðmiðum evrópska sjálfbærniskilastaðalsins (ESRS) sem byggir á henni. Loftslagsbókhaldið er enn reiknað samkvæmt aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol (GHG) og fjármögnuð losun samkvæmt aðferðafræði Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF). Þessar upplýsingar eru staðfestar með takmarkaðri vissu af Deloitte.

Landsbankinn hefur skuldbundið sig til að viðhalda kolefnishlutleysi samkvæmt mati CarbonNeutral® frá og með árinu 2020. Losun frá lána- og eignasafni er ekki innifalin í kolefnisjöfnun bankans. Árið 2024 fékk Landsbankinn staðfest vísindalegt markmið (SBTi) um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Með því stuðlar Landsbankinn að því að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins um að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C að meðaltali. Fjallað er um fjármagnaða losun bankans í samantekt SBTi um markmiðin og staðfestingarferlið sem birt er á vefsíðu bankans, www.landsbankinn.is.

Í janúar 2024 var uppfærð sjálfbær fjármálaumgjörð Landsbankans gefin út en hún myndar ramma um fjármögnun bankans á umhverfisvænum og félagslegum verkefnum. Fjármálaumgjörðin byggir á viðmiðum Alþjóðasamtaka aðila á verðbréfamarkaði (ICMA) og er í samræmi við kröfur Green Bond Principles, Social Bond Principles og Sustainability Bond Guidelines, en auk þess voru flokkar umgjarðarinnar bornir saman við kröfur reglugerðar ESB nr. 2020/852 (EU Taxonomy, hér eftir flokkunarreglugerðin). Umgjörðin er með ytra áliti (e. second-party opinion) frá alþjóðlega matsfyrirtækinu Sustainalytics. Árlega er gefin út áhrifaskýrsla sjálfbærrar fjármögnunar sem er staðfest með takmarkaðri vissu af þriðja aðila (Deloitte).

Landsbankinn birtir nú í annað sinn upplýsingar um hlutfall grænna eigna (Green Asset Ratio, GAR) í samræmi við flokkunarreglugerðina. Upplýsingarnar eru settar fram á grundvelli sniðmáta sem eru birt í framseldri reglugerð nr. 2021/2178. Upplýsingar í sniðmátunum eru veittar fyrir fyrstu tvö umhverfismarkmiðin, þ.e. aðlögun að loftslagsbreytingum (CCA) og mildun loftslagsbreytinga (CMM). Þar sem reglugerðin sem innleiðir hin fjögur umhverfismarkmiðin skv. flokkunarreglugerðinni tók ekki gildi fyrr en 1. janúar sl. mun bankinn ekki birta upplýsingar um þau fyrir síðastliðið ár enda eru þær upplýsingar enn sem komið er ekki fyrirliggjandi hjá fyrirtækjum.

Sjálfbærnistefna Landsbankans var uppfærð og innleidd í starfsemi allra sviða árið 2021. Hún hefur síðan verið uppfærð reglulega, síðast haustið 2024. Í þeirri uppfærslu voru áherslurnar skerptar til að stuðla að betri árangri og er áherslan nú lögð á þrjú heimsmarkmið: númer 5 um jafnrétti kynjanna, númer 8 um góða atvinnu og hagvöxt, og número 13 um aðgerðir í loftslagsmálum.

Sjálfbærninefnd Landsbankans lauk störfum árið 2024 og voru verk hennar færð inn í bankaráð og endurskoðunarnefnd. Árið 2024 lauk Áhættustýring þróun á aðferðafræði til að meta sjálfbærniáhættu í stórum lánveitingum og er innleiðing hafin.

Í lok árs 2024 fór bankinn í gegnum allsherjar endurmat hjá matsfyrirtækinu Sustainalytics á því hversu útsettur bankinn væri fyrir fjárhagslegri áhættu vegna UFS-mála. Eftir að hafa verið metinn með hverfandi áhættu þrjú ár í röð hækkaði matið upp í lága áhættu, eða 15,4 stig af 100, á skala þar sem best er að fá sem fæst stig. Matsfyrirtækið staðfesti að breytt aðferðafræði hefði leitt til hækkaðs mats, þrátt fyrir betri árangur í starfsemi. Á sama tíma tilkynnti matsfyrirtækið að það hyggist hætta að meta önnur fyrirtæki en þau sem eru skráð á markað. Landsbankinn fær einnig UFS-mat hjá íslenska matsfyrirtækinu Reitun og hélt þar framúrskarandi einkunn árið 2024, með 90 stig af 100 í flokki A3.

Greint er nánar frá sjálfbærnimálum samstæðunnar í sjálfbærniuppgjöri Landsbankans, sem gefið er út samhliða ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2024 og birt á vef bankans, www.landsbankinn.is.

Mannauður

Mannauðsmál eru samofin öllum verkefnum og árangri Landsbankans. Metnaður og vöxtur starfsfólks myndar grunninn að þeirri árangursdrifnu vinnustaðamenningu sem einkennir bankann. Mannauðsmælikvarðar eru hluti af árangursmælikvörðum bankans og á árinu náðust öll sett mannauðsmarkmið. Sérstök áhersla hefur verið lögð á fræðslumál og upplýsingagjöf samhliða áframhaldandi uppbyggingu starfsumhverfis og vinnustaðamenningar í nýjum höfuðstöðvum í Reykjastræti. Á árinu var gerð skipulagsbreyting í Mannauði með það að leiðarljósi að gera fræðslustarfi enn hærra undir höfði og stofnuð var ný deild, Fræðsla og þróun, sem hefur það hlutverk að efla hæfni og stuðla að starfsþróun innan bankans.

Bankinn hefur verið jafnlaunavottaður frá upphafi árs 2019. Markmið Landsbankans er að til lengri tíma litið sé launamunur sem næst 0%, en þó aldrei meiri en 2,5%. Á árinu voru gerðar fjórar mælingar á launamun kynja og var hann 1,6%, konum í óhag, bæði í upphafi og lok árs. Mismunun byggð á kyni, kynþætti, kynhneigð, trúarbrögðum eða þjóðerni er aldrei liðin.

Mannauður (framhald)

Þættir sem snúa að starfsánægju og öðrum þáttum starfsumhverfis eru mældir í fjórum könnunum með mismunandi áherslum yfir árið. Niðurstöður kannana árið 2024 hafa verið góðar og heildaránægja og helgun hefur aukist. Ákveðinn mælikvarði á ánægju starfsfólks er að kanna hvort það mæli með vinnustaðnum sem frábærum vinnustað og 88% starfsfólks er mjög eða nokkuð sammála þeirri fullyrðingu.

Regluvarsla

Landsbankinn leggur ríka áherslu á að fylgja lögum og reglum í hvívetna og stunda heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Regluverk á fjármálamarkaði er umfangsmikið og hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Hjá Landsbankanum eru til staðar viðeigandi ferli til að fylgjast með þróun á regluverki og bregðast tímanlega við breyttum kröfum.

Það er stefna Landsbankans að takmarka áhættu á fjármunabrotum í starfsemi bankans og að starfsfólk Landsbankans fylgi gildandi lögum og reglum. Landsbankinn hefur unnið að bættu rafrænu öryggi viðskiptavina og setti árið 2024 á fót vakt utan opnunartíma til að aðstoða viðskiptavini sem grunar að þau hafi orðið fyrir svikum.

Regluvarsla bankans veitir öðrum einingum aðhald og stuðning til að uppfylla viðeigandi kröfur. Starfsfólk bankans fær reglulega þjálfun um gildandi lagakröfur og viðbótarfræðslu þegar breytingar eiga sér stað auk þess að hafa greiðan aðgang að sérfræðiráðgjöf innan bankans.

Í maí 2024 birti fjármálaeftirlitið niðurstöður athugunar sem fram fór í desember 2023 í tengslum við athugun á afstemmingu viðskiptagagna úr framlínu við úrtak úr innsendum TRS II skýrslum til fjármálaeftirlitsins. Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði í tengslum við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að Landsbankinn hf. hefði brotið gegn 26. gr. MiFIR, sbr. reglugerð (ESB) nr. 2017/590, sbr. reglur nr. 545/2023. Úrbótum bankans er lokið en ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs brotanna og hvort um ítrekuð brot væri að ræða.

Persónuvernd

Persónuvernd og öryggi persónuupplýsinga eru lykilatriði til að tryggja traust milli viðskiptavina og bankans. Við alla vinnslu persónuupplýsinga kappkostar bankinn að fylgja meginreglum persónuverndarlaga, tryggja að nauðsynlegar heimildir til vinnslu séu til staðar og veita viðeigandi fræðslu. Með aukinni stafvæðingu undanfarin ár hefur upplýsingaöryggi orðið sífellt mikilvægara, ekki síst til að tryggja öryggi persónuupplýsinga viðskiptavina. Bankinn leggur áherslu á að innleiða persónuvernd í reglur og verkferla sína, veita nýju starfsfólki viðeigandi þjálfun og stuðla að stöðugri símenntun á þessu sviði.

Persónuvernd hóf á árinu 2024 frumathugun hjá bankanum á vinnslu persónuupplýsinga og var athugunin afmörkuð við netbanka Landsbankans. Tilkynnt var um lok frumathugunar með bréfi þann 22. janúar 2025 og að Persónuvernd hafi ákveðið að láta frumathugun lokið án þess að hefja stjórnsýslumál. Landsbankinn tilkynnti um þrjá öryggisbresti til Persónuverndar en að mati bankans þykir ólíklegt að brestirnir ógni réttindum og frelsi einstaklinga.

Persónuvernd úrskurðaði í einu máli frá bankanum á síðasta ári þar sem niðurstaðan var að vinnsla bankans samræmdist ákvæðum persónuverndarlaga.

Annað

Í starfskjarastefnu Landsbankans segir að starfskjör bankastjóra og stjórnenda skuli vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Þá skuli starfskjaranefnd fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði árlega skýrslu þar að lútandi. Starfskjaranefnd bankans hefur kynnt bankaráði skýrslu um starfskjör helstu stjórnenda og metur kjör þeirra innan ramma starfskjarastefnu bankans.

Landsbankinn og Kvika undirrituðu samkomulag um kaup Landsbankans á TM tryggingum hf. („TM“) þann 30. maí 2024, í kjölfar skuldbindandi kauptilboðs sem Landsbankinn lagði fram þann 15. mars sl. Kaupin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands komst þann 23. september 2024 að þeirri niðurstöðu að Landsbankinn sé hæfur til að fara með virkan eignarhlut í TM og dótturfélögum. Málið er enn til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu og búast má við að ákvörðun og afstaða í málinu verði birt eigi síðar en í mars 2025. Kaupverð TM er 28,6 milljarðar króna en endanleg greiðsla fyrir félagið er háð kaupverðsaðlögun á þeim degi sem bankinn tekur við rekstri félagsins. Umsamið kaupverð byggir á efnahagsreikningi TM í lok árs 2023 en kaupverðsaðlögunin kemur til hækkunar (eða lækkunar) sem nemur breytingu á efnislegu eigin fé TM frá ársbyrjun 2024 til afhendingardags.

Annað (framhald)

Landsbankinn samþykkti á fyrsta ársfjórðungi 2024, ásamt öðrum bönkum og lífeyrissjóðum, að taka þátt í fjármögnun á Fasteignafélaginu Þórkötlu ehf. Ríkissjóður stofnaði fasteignafélagið í þeim tilgangi að kaupa íbúðarhúsnæði í Grindavík þar sem einstaklingum gefst kostur á að selja félaginu fasteignir sínar með forkaupsrétti. Meirihluti viðskiptavina í Grindavík með íbúðalán hjá bankanum hefur kosið að selja Fasteignafélaginu Þórkötlu ehf. fasteignir sínar. Afgreiðslu á viðskiptum á milli þessara aðila var ekki að fullu lokið á árinu en í árslok var búið að greiða upp íbúðalán til 477 einstaklinga sem eru í viðskiptum við bankann og veita fasteignafélaginu lán að fjárhæð 12,8 milljarða króna. Endanleg lánsfjárhæð til fasteignafélagsins liggur ekki enn fyrir, né heldur heildarfjárhæð íbúðalána til viðskiptavina bankans sem kjósa ekki að nýta sér úrræðið.

Í desember 2021 var höfðað mál gegn bankanum þar sem þess var krafist að samningsskilmálar um breytilega vexti í veðskuldabréfi yrðu dæmdir ólögmætir. Að beiðni héraðsdóms var leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í málinu sem var veitt í maí 2024. Þar kemur m.a. fram að það sé íslenskra dómstóla að skera úr um hvort skilmálar um vaxtabreytingar uppfylli kröfur tilskipunar 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum. Búist er við að dómur héraðsdóms í málinu verði kveðinn upp í mars 2025. Í kjölfarið kann málinu að verða áfrýjað. Endanleg niðurstaða íslenskra dómstóla í málinu kann að hafa fordæmisgildi fyrir sams konar lán hjá bankanum. Bráðabirgðamat bankans á mögulegum áhrifum neikvæðrar dómsniðurstöðu á núverandi lánasafn bankans með þessu vaxtaákvæði er að fjárhagslegt tap bankans gæti numið um 20,6 mö.kr. Í skýringu 38 með ársreikningi samstæðu bankans er gerð nánari grein fyrir málinu.

Í september tóku gildi breytingar á framboði verðtryggðra íbúðalána og eru verðtryggð íbúðalán með jöfnum greiðslum nú eingöngu í boði fyrir fyrstu kaupendur. Ástæðan er sú að á þessu ári hefur eftirspurn eftir verðtryggðum íbúðalánum aukist töluvert. Innlán á verðtryggða reikninga hafa aukist mun minna og þarf bankinn því í auknum mæli að reiða sig á útgáfu verðtryggðra skuldabréfa til að fjármagna verðtryggð íbúðalán, en kjörin á þeim hafa versnað. Gert er ráð fyrir að þessi breyting dragi úr eftirspurn eftir verðtryggðum íbúðalánum og leiði til þess að vaxtahækkanir bankans verði lægri en hefði orðið að óbreyttu. Framangreind breyting á framboði verðtryggðra íbúðalána er því talin koma flestum viðskiptavinum betur. Aðgerðin er að auki liður í því að sporna við aukningu í misvægi milli verðtryggðra eigna bankans og verðtryggðra skulda, eða svokölluðum verðtryggingarjöfnuði.

Landsbankinn hf. bauð, ásamt öðrum hluthöfum Greiðslumiðlunar Íslands ehf. (GMÍ) sem meðal annars á dótturfélagið Motus, hluti sína í félaginu til sölu í opnu söluferli á árinu 2024. Eignarhlutur bankans í GMÍ er 47,9%. Söluferli á eignarhlutnum er enn yfirstandandi.

Áritun og yfirlýsing bankaráðs og bankastjóra

Ársreikningur samstæðu Landsbankans fyrir árið 2024 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna þar að lútandi.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar þann 31. desember 2024, afkomu og sjóðstreymi hennar á árinu 2024. Enn fremur að ársreikningurinn ásamt skýrslu bankaráðs og bankastjóra lýsi megin áhættu og óvissuþáttum sem að samstæðunni steðja.

Bankaráð og bankastjóri staðfesta með rafrænni áritun sinni ársreikning samstæðu Landsbankans fyrir árið 2024. Bankaráð og bankastjóri leggja til að aðalfundur Landsbankans samþykki ársreikning samstæðunnar.

Reykjavík, 30. janúar 2025

Bankaráð

Jón Þorvarður Sigurgeirsson, formaður
Eva Halldórsdóttir, varaformaður
Rebekka Jóelsdóttir
Stefanía Guðrún Halldórsdóttir
Steinunn Þorsteinsdóttir
Þór Hauksson
Örn Guðmundsson

Bankastjóri

Lilja Björk Einarsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bankaráðs og hluthafa Landsbankans hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Landsbankans hf. og dótturfélaga (samstæðan) fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu bankaráðs og bankastjóra.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2024, efnahag hennar 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar.

Samstæðuársreikningurinn innifelur

- Skýrslu bankaráðs og bankastjóra
- Rekstrarreikning og heildarafkomu samstæðunnar 2024
- Efnahagsreikning samstæðunnar 31. desember 2024
- Eiginfjáryfirlit samstæðunnar fyrir árið 2024
- Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar fyrir árið 2024
- Skýringar við ársreikning samstæðunnar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar

Skýrsla bankaráðs og bankastjóra, helstu niðurstöður á bls. 1, hluti skýringa og viðauki eru undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Gerð er grein fyrir annarri þjónustu sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar, á tímabilinu 1. janúar 2024 til 31. desember 2024, í skýringu 13 í ársreikningnum.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar árið 2024. Sem hluti af endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á samstæðuársreikningnum í heild.

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
Virðisrýrnunarsjóður á útlánum til viðskiptavina *Sjá nánar skýringar nr. 83.11 (g) "Mikilvægar reikningsskilaaðferðir - virðisrýrnunar fjáreigna", nr. 3 (b) "Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir - Virðisrýrnun útlána og krafna", nr. 24 "Útlán og kröfur á viðskiptavini" og nr. 60 "Virðisrýrnun útlána og krafna".* Virðisrýrnunarsjóður á útlánum og kröfum til viðskiptavina samstæðunnar nam 10.651 milljónum króna þann 31. desember 2024. Útlán og kröfur á viðskiptavini námu 1.807.437 milljónum króna eða 83% af heildareignum þann 31. desember 2024. Fjárhæð virðisrýrnunar útlána byggir á forsendum sem margar hverjar eru háðar mati stjórnenda. Við mat á væntu útlánatapi (ECL) notar samstæðan líkan um framtíðarhorfur í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal nr. 9, Fjármálagerningar (IFRS 9). Mikilvægar forsendur við mat eru: - líkur á alvarlegum vanskilum og framtíðar sjóðstreymi viðskiptavina, - hvernig breytingar á efnahagsþáttum hafa áhrif á vænt útlánatap - mat á tryggingum - safnframlag til að mæta óvissu, sem líkan fyrir væntu útlánatapi (ECL) nær ekki til. Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og einnig vegna þess hve útlán eru stór hluti efnahagsreiknings samstæðunnar teljum við mat á virðisrýrnun útlána vera lykilatriði endurskoðunar.	Endurskoðun okkar samanstóð af bæði aðgerðaendurskoðun á innra eftirliti samstæðunnar á útlánaferlinu og gagnaendurskoðun á virðisrýrnunarsjóði. Við öfluðum skilnings á útlánaferlinu, útlánaáhættu og virðisrýrnunarmatinu á útlánum og kröfum til viðskiptavina. Við framkvæmdum prófanir á virðisrýrnunarlíkönum samstæðunnar og yfirfórum og lögðum mat á aðferðafræði og forsendur sem notaðar eru fyrir útreikning á væntu útlánatapi (ECL). Við yfirfórum líkön samstæðunnar og nýttum líkanasérfræðinga PwC við yfirferð á líkönum um vænt útlánatap (ECL) við endurskoðun á virðisrýrnun til hliðsjónar við kröfur sem gerðar eru í IFRS 9. Endurskoðun okkar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum: - forsendur sem notaðar eru í líkani fyrir væntu útlánatapi (ECL) til þess að meta líkur á vanskilum og framtíðar sjóðstreymi viðskiptavina voru yfirfarnar og sannprófaðar; - skráning og mat á tryggingum sem stuðst er við útreikning á væntu útlánatapi (ECL) var yfirfarin; - helstu afstemmingar, sannprófanir og samþykkt lykilstjórnenda vegna virðisrýrnunar voru yfirfarnar; - úrtaksprófunum úr útlánum þar sem forsendur sem notaðar eru í líkani fyrir vænt útlánatap (ECL) voru yfirfarnar, þar með talið skoðun á forsendum sem notast er við flokkun lána niður á þrep ásamt mati á tryggingum og lánshæfi; - líkanasérfræðingar PwC framkvæmdu sjálfstæða endurútreikninga á væntu útlánatapi (ECL) á úrtaki útlána; - úrtaksprófunum úr útlánum sem metin eru með handvirkum útreikningum í stigi 3 til þess að athuga hvort notast sé við viðeigandi forsendur við mat á virði útlána, þar með talið virði trygginga og mat á framtíðar sjóðstreymi viðskiptavina; - mat á forsendum í safnframlagi, sem sett er á til að mæta óvissu sem líkan fyrir væntu útlánatapi (ECL) nær ekki til var yfirfarið. Að auki yfirfórum við að viðeigandi stjórnarhættir hafi verið til staðar í tengslum við safnframlag. Skýringar vegna virðisrýrnunarsjóðs voru yfirfarnar.

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
Mat á 3. þreps fjáreignum - óskráð hlutabréf *Sjá nánar skýringar nr. 83.11 (f) "Mikilvægar reikningsskilaaðferðir - mat gangvirðis", nr. 3 (c) "Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir - Mat fjármálagerninga", nr. 15 " Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda"* Fjáreignir færðar á gangvirði námu 221.263 milljónum króna, sem samtals er 10% af heildareignum 31. desember 2024. Verulegur hluti fjáreigna er skráður á markaði og markaðsverð þeirra því fyrirliggjandi á reikningsskiladegi. Óskráð hlutabréf eru skilgreind í þrep 3 samkvæmt stigkerfi gangvirðis. Virði slíkra hlutabréfa nam 14.122 milljónum króna eða 0,6% af heildareignum í árslok 2024. Sá hluti fjáreignar sem þarfnaðist sérstakrar áherslu við endurskoðun okkar eru óskráð hlutabréf þar sem mat þeirra byggir á matsaðferðum og ákveðnum ógreinanlegum forsendum sem ekki eru aðgengilegar þriðja aðila. Þess vegna er þessi liður lykilatriði í endurskoðun okkar. Matsaðferðir geta verið nýleg viðskipti ótengdra aðila, tilvísun í gangvirði sambærilegra fjáreigna, núvirt sjóðstreymi, verðmyndunarlíkön eða aðrar verðmatsaðferðir sem gefa til kynna áreiðanlegt mat á öðrum viðskiptum á markaði.	Endurskoðun okkar samanstóð af bæði aðgerðaendurkoðun á innra eftirliti samstæðunnar á virðismatsferlinu og gagnaendurskoðun á óskráðum hlutabréfum í 3. þrepi gangvirðis. Endurskoðun okkar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum: - fjárfestingarferilinn var yfirfarinn. Aðferðafræði og forsendur við mat voru yfirfarnar og bornar saman við algeng viðmið fyrir sambærilegar eignir; - við yfirfórum og lögðum mat á forsendur sem útreikningar byggja á; - við endurreiknuðum úrtak af óskráðum hlutabréfum og með aðstoð verðmatssérfræðinga PwC lögðum við mat á virði óskráðra hlutabréfa; - við yfirfórum flokkun hlutabréfa í stigkerfi gangvirðis. Skýringar vegna 3. stigs fjáreigna voru yfirfarnar.

Aðrar upplýsingar þ.m.t. skýrsla bankaráðs og bankastjóra

Bankaráð og bankastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru helstu niðurstöður á bls. 1, skýrsla bankaráðs og bankastjóra, lykiltölur samstæðunnar skýringar nr. 84 til 86 og og viðauki við samstæðuársreikning um stjórnarháttayfirlýsingu og viðauki um hlutfall grænna eigna Landsbankans - GAR, sem lágu fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á samstæðuársreikninginn nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu bankaráðs og bankastjóra, og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu bankaráðs og bankastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla bankaráðs og bankastjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Ábyrgð bankaráðs og bankastjóra á samstæðuársreikningnum

Bankaráð og bankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Bankaráð og bankastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Bankaráð og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á áliti okkar.

Við upplýsum bankaráð og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við bankaráð og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst bankaráð og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Kosning endurskoðanda

Við vorum fyrst tilnefnd sem endurskoðendur félagsins af ríkisendurskoðun sbr. 7. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Tilnefning okkar var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 22. apríl 2020. Kosning okkar hefur verið endurnýjuð árlega á aðalfundi félagsins og höfum við því verið endurskoðendur félagsins samfellt í fimm ár.

Reykjavík, 30. janúar 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur samstæðunnar 2024

Skýringar		2024	2023
	Vaxtatekjur	166.534	150.848
	Vaxtagjöld	(109.337)	(93.289)
6	**Hreinar vaxtatekjur**	**57.197**	**57.559**
	Þjónustutekjur	17.354	15.977
	Þjónustugjöld	(5.949)	(4.824)
7	**Hreinar þjónustutekjur**	**11.405**	**11.153**
8	Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	12.696	6.719
9	Hreinn gengismunur gjaldmiðla	616	560
10	Hrein virðisbreyting	(2.772)	(3.120)
11	Aðrar tekjur og (gjöld)	561	977
	Aðrar rekstrartekjur (gjöld)	**11.101**	**5.136**
	Rekstrartekjur samtals	**79.703**	**73.848**
12	Laun og launatengd gjöld	(16.534)	(15.866)
13	Annar rekstrarkostnaður	(10.202)	(10.092)
	Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(2.597)	(2.290)
	Rekstrargjöld samtals	**(29.333)**	**(28.248)**
	Hagnaður fyrir skatta	**50.370**	**45.600**
14	Tekjuskattur	(12.862)	(12.433)
	Hagnaður ársins	**37.508**	**33.167**
	Hagnaður ársins tilheyrir:		
	Hluthöfum bankans	37.508	33.167
	Hlutdeild minnihluta	0	0
	Hagnaður ársins	**37.508**	**33.167**
	Hagnaður á hlut		
37	Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (krónur)	**1,59**	**1,40**

Heildarafkoma samstæðunnar 2024

Skýringar		2024	2023
	Hagnaður ársins	37.508	33.167
	Önnur heildarafkoma ársins eftir skatta	0	0
	Heildarafkoma ársins	**37.508**	**33.167**

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Efnahagsreikningur samstæðunnar 31. desember 2024

Skýringar		31.12.2024	31.12.2023
	Eignir		
19, 69	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	129.981	75.350
20	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	139.104	148.182
21	Hlutabréf og hlutabréfagerningar	32.644	19.012
22	Afleiðusamningar	8.260	7.459
23, 69	Útlán og kröfur á lánastofnanir	39.346	54.101
24, 69	Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.807.437	1.630.894
25	Fjárfesting í hlutdeildarfélögum	1.143	1.849
26	Rekstrarfjármunir	14.611	14.768
27	Óefnislegar eignir	1.336	1.472
28	Aðrar eignir	5.725	6.828
29	Eignir í sölumeðferð	2.172	861
	Eignir samtals	**2.181.759**	**1.960.776**
	Skuldir		
30	Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	11.989	29.968
31	Innlán frá viðskiptavinum	1.228.444	1.048.537
22	Afleiðusamningar og skortstöður	6.835	2.788
32, 69	Lántaka	529.150	513.687
33	Skattskuldir	15.597	14.647
34	Aðrar skuldir	25.106	27.219
35	Víkjandi lántaka	39.989	20.176
	Skuldir samtals	**1.857.110**	**1.657.022**
36	**Eigið fé**		
	Hlutafé	23.615	23.621
	Yfirverðsreikningur hlutafjár	120.516	120.593
	Varasjóðir	13.213	11.432
	Óráðstafað eigið fé	167.305	148.108
	Eigið fé sem tilheyrir hluthöfum bankans	**324.649**	**303.754**
	Hlutdeild minnihluta	0	0
	Eigið fé samtals	**324.649**	**303.754**
	Skuldir og eigið fé samtals	**2.181.759**	**1.960.776**

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Eiginfjáryfirlit samstæðunnar fyrir árið 2024

Skýringar

		Hluthafar bankans								
				Varasjóðir*						
	Breytingar á eigin fé á árinu 2024	**Hlutafé**	**Yfirverðs reikningur hlutafjár**	**Lögbundinn**	**Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélaga umfram greiddan arð**	**Gangvirðisbreytingar fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning**	**Óráðstafað eigið fé**	**Samtals**	**Hlutdeild minnihluta**	**Samtals**
	Eigið fé 1. janúar 2024	23.621	120.593	6.000	3.577	1.855	148.108	303.754		303.754
	Hagnaður ársins						37.508	37.508		37.508
	Flutt (af) á bundið óráðstafað eigið fé				510	1.271	(1.781)	0		0
	Kaup á eigin hlutum	(6)	(77)					(83)		(83)
	Úthlutaður arður						(16.530)	(16.530)		(16.530)
36	**Eigið fé 31. desember 2024**	**23.615**	**120.516**	**6.000**	**4.087**	**3.126**	**167.305**	**324.649**	**0**	**324.649**
	Breytingar á eigin fé á árinu 2023									
	Eigið fé 1. janúar 2023	23.621	120.593	6.000	2.774	3.212	122.891	279.091		279.091
	Hagnaður ársins						33.167	33.167		33.167
	Flutt (af) á bundið óráðstafað eigið fé				803	(1.357)	554	0		0
	Úthlutaður arður						(8.504)	(8.504)		(8.504)
36	**Eigið fé 31. desember 2023**	**23.621**	**120.593**	**6.000**	**3.577**	**1.855**	**148.108**	**303.754**	**0**	**303.754**

*Í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 og lög um ársreikninga nr. 3/2006

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar fyrir árið 2024

	Skýringar	2024	2023
	Rekstrarhreyfingar		
	Hagnaður ársins	37.508	33.167
	Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	(51.902)	(45.649)
	Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(19.805)	(20.635)
	Innheimtar vaxtatekjur	153.553	131.453
	Greidd vaxtagjöld	(99.974)	(81.355)
	Fenginn arður	344	302
	Greiddur sérstakur skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(2.307)	(2.109)
	Greiddur tekjuskattur og sérstakur fjársýsluskattur fjármálafyrirtækja	(12.203)	(10.450)
	Handbært fé frá rekstri	**5.214**	**4.724**
	Fjárfestingahreyfingar		
	Keyptir rekstrarfjármunir	(1.053)	(2.445)
	Seldir rekstrarfjármunir	27	15
27	Keyptar óefnislegar eignir	(119)	(61)
	Fjárfestingahreyfingar	**(1.145)**	**(2.491)**
	Fjármögnunarhreyfingar		
	Lántaka	151.560	141.246
	Endurgreiðsla á lántöku	(130.162)	(116.542)
	Greidd húsaleiga	(462)	(564)
	Víkjandi lán	22.642	12.000
	Endurgreiðsla á víkjandi láni	(5.129)	(14.400)
36	Kaup á eigin hlutum	(83)	-
36	Greiddur arður	(16.530)	(8.504)
	Fjármögnunarhreyfingar	**21.836**	**13.236**
	Handbært fé í upphafi ársins	67.475	52.636
	Breyting á handbæru fé	25.905	15.469
	Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	593	(630)
	Handbært fé í lok ársins	**93.973**	**67.475**
	Handbært fé sundurliðað		
19	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	129.981	75.350
23	Innstæður hjá lánastofnunum	8.080	17.821
19	Almenn og sértæk bindiskylda við Seðlabanka	(44.088)	(25.696)
	Handbært fé í lok ársins	**93.973**	**67.475**

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar fyrir árið 2024

Skýringar		2024	2023
	Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi		
6	Hreinar vaxtatekjur	(57.197)	(57.559)
8	Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum metnum á gangvirði	(12.696)	(6.719)
9	Hreinn gengismunur gjaldmiðla	(1.209)	70
10	Hrein virðisbreyting	2.772	3.120
11	Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	(88)	(74)
11	Hreinar tekjur af fullnustueignum	(287)	(654)
13	Afskriftir	1.425	1.550
11	Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga með hlutdeildaraðferð	(81)	(106)
	Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	2.597	2.290
14	Tekjuskattur	12.862	12.433
		(51.902)	**(45.649)**
	Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
	Breytingar á bindiskyldu við Seðlabanka	(18.392)	(14.357)
	Breytingar á markaðsskuldabréfum og hlutabréfum	5.697	(14.900)
	Breytingar á útlánum og kröfum á lánastofnanir	5.641	(26.334)
	Breytingar á útlánum og kröfum á viðskiptavini	(175.436)	(75.484)
	Breytingar á öðrum eignum	(2.766)	(5.415)
	Breytingar á eignum í sölumeðferð	82	238
	Breytingar á skuldum við lánastofnanir og Seðlabanka	(17.723)	23.044
	Breytingar á innlánum frá viðskiptavinum	180.903	81.936
	Breyting á frestaðri skattskuld	38	138
	Breytingar á öðrum skuldum	2.151	10.499
		(19.805)	**(20.635)**

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

Skýring		Blaðsíða
Almennt		
1	Upplýsingar um félagið og samstæðuna	19
2	Grundvöllur reikningsskilanna	19
3	Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir	19-22
4	Breytingar á reikningsskilaaðferðum	22-23
5	Starfsþættir	23-24
Skýringar við rekstrarreikning		
6	Hreinar vaxtatekjur	25
7	Hreinar þjónustutekjur	25
8	Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	25
9	Hreinn gengismunur gjaldmiðla	26
10	Hrein virðisbreyting	26
11	Aðrar tekjur og (gjöld)	26
12	Laun og launatengd gjöld	26
13	Annar rekstrarkostnaður	27
14	Tekjuskattur	27
Skýringar við efnahagsreikning		
15	Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda	28-29
16	Gangvirði fjáreigna og fjárskulda	30
17	Ógreinanlegar forsendur í gangvirðismati	31
18	Vænt útlánatap	31
19	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	32
20	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	32
21	Hlutabréf og hlutabréfagerningar	32
22	Afleiðusamningar og skortstöður	33-34
23	Útlán og kröfur á lánastofnanir	35
24	Útlán og kröfur á viðskiptavini	35
25	Fjárfesting í hlutdeildarfélögum	35
26	Rekstrarfjármunir	36
27	Óefnislegar eignir	36
28	Aðrar eignir	36
29	Eignir og skuldir vegna eigna í sölumeðferð	36-37
30	Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	37
31	Innlán frá viðskiptavinum	37
32	Lántaka	38-39
33	Skatteign og skattskuld	39-40
34	Aðrar skuldir	40
35	Víkjandi lántaka	40
36	Eigið fé	40-41
Aðrar skýringar		
37	Hagnaður á hlut	42
38	Málaferli	42-43
39	Leigusamningar	43-44
40	Fjárvarsla	44
41	Hlutdeild í dótturfélögum	44
42	Sérsniðin félög innan samstæðunnar	44-45
43	Sérsniðin félög utan samstæðunnar	45
44	Ábyrgðir / Stöður utan efnahagsreiknings innan samstæðunnar	45
45	Viðskipti við tengda aðila	45-49
46	Atburðir eftir reikningsskiladag	49
Eiginfjárstýring		
47	Eiginfjárkröfur	50
48	Eiginfjárgrunnur, áhættugrunnur og eiginfjárhlutföll	51
49	Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (e. MREL)	52
50	Vogunarhlutfall	53

Skýring		Blaðsíða
Áhættustýring		
51	Áhættustýring	53-54
	Útlánaáhætta	
52	Útlánaáhætta	54
53	Hámarksútlánaáhætta og skipting eftir atvinnugreinum	55-56
54	Tryggingar og veðhlutföll	57-58
55	Tegundir trygginga	59
56	Útlán og kröfur á viðskiptavini og lánastofnanir - landfræðileg skipting	59
57	Gæði útlána og krafna	60
58	Útlán og kröfur eftir stöðu vanskila	61
59	Útlán og kröfur eftir flokkun í áhættustig	62-63
60	Virðisrýrnun útlána og krafna	64-65
61	Stórar áhættuskuldbindingar	65-66
62	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	66
63	Afleiðusamningar	66
64	Jöfnun fjáreigna og fjárskulda	67
	Lausafjáráhætta	
65	Lausafjáráhætta	68
66	Stýring lausafjáráhættu	68-70
67	Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda	70-72
68	Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda eftir myntum	73
69	Veðsettar eignir	74
	Markaðsáhætta	
70	Markaðsáhætta	74
71	Stýring markaðsáhættu	75
72	Hlutabréfaáhætta	75
73	Vaxtaáhætta	75-76
74	Næmnigreining eigna í veltubók	77
75	Næmnigreining eigna utan veltubókar	77
76	Verðtryggingaráhætta (öll söfn)	78
	Gjaldeyrisáhætta	
77	Gjaldeyrisáhætta (öll söfn)	79
78	Samþjöppun gjaldeyrisáhættu	79
79	Næmni gagnvart gjaldeyrisáhættu	80
80	Gengi erlendra gjaldmiðla	80
	Sjálfbærniáhætta	
81	Sjálfbærniáhætta	80
	Rekstraráhætta	
82	Rekstraráhætta	81
Mikilvægar reikningsskilaaðferðir		
83	Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	82-98
Lykiltölur samstæðunnar		
84	Rekstur eftir árum	99
85	Rekstur eftir ársfjórðungum	100
86	Lykiltölur og hlutföll	101

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

Almennt

1. Upplýsingar um félagið og samstæðuna

Landsbankinn hf. (hér eftir „bankinn“ eða „Landsbankinn“) var stofnaður 7. október 2008. Bankinn er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð, stofnað og skráð á Íslandi og með aðsetur þar. Bankinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hefur eftirlit með bankanum á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Skráð aðsetur bankans er Reykjastræti 6, Reykjavík. Landsbankinn rekur víðtækt útibúanet á Íslandi. Í lok ársins voru útibú og afgreiðslur bankans 35 talsins.

Ársreikningur samstæðu Landsbankans fyrir árið 2024 tekur til bankans og dótturfélaga hans (saman nefnd „samstæðan" og hvert fyrir sig „samstæðufélag“). Meginstarfsemi samstæðunnar er á sviði fyrirtækja- og viðskiptabankastarfsemi, markaðsviðskipta, eignastýringar og annarrar tengdrar fjármálaþjónustu. Samstæðan er eingöngu með starfsemi á Íslandi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) sem eru samþykktir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn er jafnframt gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003.

Bankaráð og bankastjóri Landsbankans samþykktu ársreikning samstæðunnar og veittu heimild til útgáfu hans þann 30. janúar 2025.

Umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir er að finna í skýringu 83.

Rekstrarhæfi

Stjórnendur bankans hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi samstæðunnar og hafa eðlilegar væntingar um að samstæðan hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi reksturs. Ársreikningur samstæðu bankans er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Starfrækslugjaldmiðill bankans og félaga innan samstæðunnar er íslensk króna (ISK). Allar fjárhæðir eru birtar í íslenskum krónum, námundað að næstu milljón, nema annað komi fram.

3. Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Gerð reikningsskila samstæðunnar krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda í ársreikningnum. Endanlegar niðurstöður kunna hins vegar að vera frábrugðnar þessu mati.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

(a) Flokkun fjáreigna

Flokkun fjármálagerninga í samræmi við IFRS 9 ræður því hvernig gert er grein fyrir þeim í reikningsskilum. Faglegu mati er beitt og ákvörðun um viðeigandi flokkun byggir á markmiði viðskiptalíkansins sem fjármálagerningurinn heyrir undir og samningsbundnu sjóðstreymi fjármálagerningsins, svonefndu SPPI-prófi, sem kannar hvort markmiðið með eigninni sé að innheimta á tilsettum gjalddögum samningsbundnar greiðslur sem samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum. Frekari upplýsingar um meðferð slíkra fjármálagerninga skv. IFRS 9 er að finna í skýringu 83.11 (b).

(b) Virðisrýrnun útlána og krafna

Mat á væntu útlánatapi, tapi vegna fjárhagslegra ábyrgða og lánsskuldbindinga metnum á afskrifuðu kostnaðarverði:

Mat á væntu útlánatapi byggir á þriggja stiga líkani um vænt útlánatap samkvæmt IFRS 9. Framlagið er reiknað sem 12 mánaða vænt útlánatap eða vænt útlánatap út líftíma.

Vænt útlánatap veltur á því hvort marktæk aukning hafi orðið á útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu. Marktæk aukin útlánaáhætta er skilgreind í skýringu 83.11(g). Hafi ekki orðið marktæk aukning á útlánaáhættu jafngildir framlagið væntu útlánatapi vegna mögulegra tapsatburða á næstu 12 mánuðum (áhættustig 1). Ef marktæk aukning hefur orðið á útlánaáhættu jafngildir framlagið væntu útlánatapi út líftíma (áhættustig 2 og áhættustig 3). Þegar metið er hvort marktæk aukning hafi orðið á útlánaáhættu vegna fjármálagerninga frá upphaflegri skráningu mun samstæðan líta til upplýsinga sem gefa glögga mynd af stöðunni, eru áreiðanlegar, viðeigandi og nærtækar án óhóflegs kostnaðar og fyrirhafnar, þ.m.t. bæði megindlegra og eigindlegra upplýsinga.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

3. Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir (framhald)

(b) Virðisrýrnun útlána og krafna (framhald)

Mat á væntu útlánatapi, tapi vegna fjárhagslegra ábyrgða og lánsskuldbindinga metnum á afskrifuðu kostnaðarverði (framhald):

Vænt útlánatap (ECL) allra lána er reiknað sem fall af líkum á vanefndum (PD), skuldbindingu við vanefnd (EAD) og tapi að gefnum vanefndum (LGD). Það er afvaxtað með virkum vöxtum og tillit er tekið til upplýsinga um framtíðarhorfur. Upplýsingar um framtíðarhorfur endurspegla mat virðisrýrnunarteymis og Hagfræðideildar bankans og felur í sér gerð sviðsmynda um viðkomandi hagstærðir, þar á meðal mat á líkum hverrar sviðsmyndar.

Áhrif náttúruhamfara á Reykjanesskaga

Í kjölfar þess að yfirstandandi náttúruhamfarir í og við Grindavíkurbæ hófust í lok árs 2023, samþykkti Landsbankinn, ásamt öðrum bönkum og lífeyrissjóðum, að taka þátt í fjármögnun á Fasteignafélaginu Þórkötlu ehf. Ríkissjóður stofnaði fasteignafélagið í þeim tilgangi að kaupa íbúðarhúsnæði í Grindavík og gefa einstaklingum með lögheimili í fasteign í Grindavík kost á að selja félaginu fasteignir sínar með forkaupsrétti.

Bankinn brást einnig við með því að vera aðili að samkomulagi, sem unnið var á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja, um að fella niður vexti og verðbætur af íbúðalánum viðskiptavina bankans í Grindavík. Niðurfellingin takmarkaðist við vexti og verðbætur af heildarlánsfjárhæð sem nam að hámarki 50 milljónum króna og náði til vaxta og verðbóta af greiðslum ásamt áföllnum verðbótum á heildarlánsfjárhæðina á sex mánaða tímabili. Bankinn gjaldfærði 252 m.kr. á árinu 2024 vegna niðurfellingarinnar og ekki er gert ráð fyrir frekari gjaldfærslu vegna þessa úrræðis.

Bankinn bauð einstaklingum jafnframt að fresta greiðslum af íbúðalánum sínum í allt að sex mánuði á fyrri hluta ársins. Stærstur hluti íbúðalána í Grindavík fékk því niðurfellingu vaxta og verðbóta í sex mánuði auk þess að fá frestun greiðslna í sex mánuði.

Flest þessara íbúðalána eru nú uppgreidd og áhætta vegna þeirra færst yfir í útlán til Fasteignafélagsins Þórkötlu. Að auki sóttist hluti fyrirtækja í Grindavík eftir tímabundnu greiðsluhléi hjá bankanum og er hluti þeirra úrræða enn í gildi.

Meirihluti íbúa Grindavíkur með íbúðalán hjá bankanum hefur kosið að selja Fasteignafélaginu Þórkötlu fasteignir sínar. Afgreiðslu á viðskiptum á milli þessara aðila var ekki að fullu lokið í árslok, en frestur til að selja félaginu fasteignir var nýlega framlengdur til 31.3.2025. Í lok árs var búið að greiða upp íbúðalán til 477 einstaklinga sem eru í viðskiptum við bankann og veita fasteignafélaginu lán að fjárhæð 12,8 milljarðar króna. Endanleg lánsfjárhæð til fasteignafélagsins liggur ekki enn fyrir, né heldur heildarfjárhæð íbúðalána til viðskiptavina bankans sem kjósa ekki að nýta sér úrræðið. Með þessum aðgerðum hefur dregið verulega úr útlánaáhættu bankans vegna íbúðalána til einstaklinga í Grindavík en þess í stað færist útlánaáhættan yfir á útlán til fasteignafélagsins.

Enn ríkir óvissa um framvindu og endanleg áhrif náttúruhamfaranna. Af því leiðir að þó nokkur óvissa ríkir um áhrifin á viðskiptavini bankans í Grindavík og þar með lánasafn bankans. Bankinn framkvæmdi ítarlegt áhættumat á útlánum til stærri fyrirtækja í Grindavík ársfjórðungslega á árinu 2024 og byggir flokkun í áhættustig á því mati. Útlán til minni fyrirtækja í Grindavík eru flokkuð undir áhættustig 2. Íbúðalán til einstaklinga í Grindavík flokkast áfram undir áhættustig 2.

Bankinn hefur metið þörf á virðisrýrnun útlána til annarra fyrirtækja en Fasteignafélagsins Þórkötlu og útlána til einstaklinga vegna náttúruhamfara í og við Grindavík og hefur fært 1.943 m.kr. í virðisrýrnunarsjóð í lok árs 2024. Þar af eru 731 m.kr. færðar sem safnframlag til að mæta aukinni áhættu sem almennt mat á virðisrýrnun er ekki talið fanga á fullnægjandi hátt. Mat á safnframlagi byggir á nánari greiningu útlána til viðskiptavina í Grindavík þar sem áhætta er metin fyrir útlánaflokka byggt á sameiginlegum áhættuþáttum. Matið byggir á sérfræðimati sem horfir til mögulegra áhrifa á greiðslugetu sem og áhrifa á verðmæti undirliggjandi trygginga.

Útlánaáhætta vegna viðskiptavina í Grindavík

Stærstur hluti útlána til fyrirtækja í Grindavík er til ferðaþjónustu og sjávarútvegs, auk láns til Fasteignafélagsins Þórkötlu. Útlán til einstaklinga í Grindavík eru annars vegar á formi íbúðalána og hins vegar annarra lána, s.s. bílalána, yfirdráttarlána og greiðslukorta.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

3. Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir (framhald)

(b) Virðisrýrnun útlána og krafna (framhald)

Útlánaáhætta vegna viðskiptavina í Grindavík (framhald)

Eftirfarandi tafla sýnir bókfært brúttóvirði útlána og krafna og tengt vænt útlánatap í Grindavík í lok árs 2024 og 2023 eftir tegund viðskiptavina:

		Áhættustig 1		Áhættustig 2		Áhættustig 3				
31. desember 2024	Bókfært virði brúttó	Bókfært virði brúttó	12-mánaða vænt útlánatap	Bókfært virði brúttó	Vænt útlánatap út líftíma	Bókfært virði brúttó	Vænt útlánatap út líftíma	Virðis-rýrnunar-sjóður	Gangvirði	Bókfært virði
Einstaklingar	**793**	**362**	**(1)**	**423**	**(110)**	**8**	**(5)**	**(115)**	**-**	**677**
Íbúðalán	346	-	-	346	(106)	-	-	(106)	-	240
Annað	447	362	(1)	77	(4)	8	(5)	(9)	-	437
Fyrirtæki	**47.253**	**12.147**	**(1)**	**23.783**	**(1.053)**	**1.428**	**(705)**	**(1.759)**	**9.895**	**45.494**
Samtals	**48.046**	**12.509**	**(2)**	**24.206**	**(1.163)**	**1.436**	**(710)**	**(1.874)**	**9.895**	**46.171**

		Áhættustig 1		Áhættustig 2		Áhættustig 3				
31. desember 2023	Bókfært virði brúttó	Bókfært virði brúttó	12-mánaða vænt útlánatap	Bókfært virði brúttó	Vænt útlánatap út líftíma	Bókfært virði brúttó	Vænt útlánatap út líftíma	Virðis-rýrnunar-sjóður	Gangvirði	Bókfært virði
Einstaklingar	**14.331**	**13.452**	**(942)**	**849**	**(75)**	**30**	**(5)**	**(1.022)**	**-**	**13.309**
Íbúðalán	12.965	12.266	(774)	678	(48)	21	(1)	(823)	-	12.142
Annað	1.366	1.186	(168)	171	(27)	9	(4)	(199)	-	1.167
Fyrirtæki	**36.959**	**35.541**	**(546)**	**1.175**	**(173)**	**243**	**(6)**	**(725)**	**-**	**36.234**
Samtals	**51.290**	**48.993**	**(1.488)**	**2.024**	**(248)**	**273**	**(11)**	**(1.747)**	**-**	**49.543**

Hagspár

Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir og kynnir þær fyrir matsteymi bankans. Auk grunnsviðsmyndar eru útbúnar tvær frávikasviðsmyndir, jákvæð og neikvæð, þar sem frávikin eru hugsuð út frá áhrifum á virðisrýrnun. Í jákvæðu sviðsmyndinni er hagstærðum hliðrað þannig að útlánatap bankans verði minna en í grunnsviðsmyndinni, í þeirri neikvæðu þannig að útlánatap bankans aukist.

Eftirfarandi tafla sýnir ákveðnar lykil hagstærðir líkansins sem notaðar eru við útreikning á framlagi vegna vænts útlánataps. Á reikningsskiladegi gerir grunnspá Hagfræðideildar Landsbankans ráð fyrir 1,7% vexti í vergri landsframleiðslu (VLF) á árinu 2024. Spárnar fyrir jákvæða sviðsmynd, grunnsviðsmynd og neikvæða sviðsmynd sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem er til meðallangs tíma. Jákvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 15% (31. desember 2023: 10%), grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 70% (31. desember 2023: 70%) og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 15% (31. desember 2023: 20%). Sviðsmyndirnar voru samþykktar af virðismatshópi bankans þann 18. desember 2024.

	Jákvæð sviðsmynd		Grunnsviðsmynd		Neikvæð sviðsmynd	
31. desember 2024	Næstu 12 mánuði	Út spátímann	Næstu 12 mánuði	Út spátímann	Næstu 12 mánuði	Út spátímann
Hagvöxtur	7,2%	9,4%	2,3%	2,2%	(2,6%)	(5,0%)
Atvinnuleysi	1,8%	1,0%	3,5%	3,3%	5,1%	6,6%
Stýrivextir	5,6%	1,3%	7,3%	5,5%	9,1%	9,7%
Verðbólga	1,4%	(0,7%)	3,9%	3,4%	6,4%	7,6%
Gengi Evru	128,7	103,7	144,1	141,2	159,5	178,7
Vísitala íbúðarverðs (breyting milli ára)	14,2%	20,1%	6,9%	7,3%	(0,4%)	(5,5%)
Skuldahlutfall heimilanna	37,2%	24,7%	46,2%	45,6%	55,2%	66,6%

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

3. Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir (framhald)

(b) Virðisrýrnun útlána og krafna (framhald)

Hagspár (framhald)

	Jákvæð sviðsmynd		Grunnsviðsmynd		Neikvæð sviðsmynd	
31. desember 2023	Næstu 12 mánuði	Út spátímann	Næstu 12 mánuði	Út spátímann	Næstu 12 mánuði	Út spátímann
Hagvöxtur	7,0%	9,5%	2,1%	2,5%	(2,8%)	(4,6%)
Atvinnuleysi	2,2%	1,2%	3,9%	4,3%	5,5%	7,5%
Stýrivextir	7,0%	2,0%	8,8%	6,2%	10,5%	10,3%
Verðbólga	4,0%	1,0%	6,5%	5,3%	9,1%	9,5%
Gengi Evru	133,1	106,8	149,3	146,5	165,6	186,1
Vísitala íbúðarverðs (breyting milli ára)	11,3%	17,2%	3,9%	4,4%	(3,4%)	(8,4%)
Skuldahlutfall heimilanna	42,5%	31,2%	51,6%	52,6%	60,8%	73,9%

	2024			2023		
	Jákvæð sviðsmynd	Grunn-sviðsmynd	Neikvæð sviðsmynd	Jákvæð sviðsmynd	Grunn-sviðsmynd	Neikvæð sviðsmynd
Framlag vegna virðisrýrnunar (áhættustig 1 og áhættustig 2)	2.242	3.742	6.408	4.335	5.882	8.336
Hlutfall útlána í áhættustigi 2	3,9%	4,3%	5,0%	3,7%	4,2%	5,2%

	Fært í reikningsskilum skv. IFRS 9	
	2024	2023
Framlag vegna virðisrýrnunar (áhættustig 1 og áhættustig 2)	4.649	6.217

(c) Mat fjármálagerninga

Gangvirði fjármálagerninga er ákvarðað með matsaðferðum þegar virkur markaður er ekki til staðar eða þar sem skráð verð er ekki tiltækt með öðrum hætti. Í slíkum tilfellum er gangvirði áætlað út frá greinanlegum gögnum fyrir svipaða fjármálagerninga eða með því að beita reiknilíkönum. Í þeim tilvikum sem greinanleg markaðsgögn eru ekki tiltæk er mat byggt á viðeigandi forsendum. Þegar matsaðferðir (til dæmis reiknilíkön) eru notaðar til að ákvarða gangvirði, eru þær yfirfarnar og endurskoðaðar reglulega, af aðskildum og til þess hæfum rýnendum innan bankans. Öll reiknilíkön eru gæðaprófuð áður en þau eru tekin í gagnið, og stillt af til að tryggja að útkoman endurspegli raunveruleg gögn og samanburðarhæf markaðsverð. Þegar því verður við komið eru einungis notuð greinanleg gögn, en þættir eins og flökt, fylgni og lánsáhætta, hvort sem hún er eigin eða mótaðila, krefjast mats stjórnenda. Breyttar forsendur fyrir þessa þætti geta haft áhrif á skráð gangvirði fjármálagerninga.

(d) Yfirráð yfir fjárfestingum

Stjórnendur beita faglegu mati við ákvörðun á því hvort skilgreiningar á yfirráðum, sjá skýringu 83.1 Dótturfélög og hlutdeild í minnihluta, gefi til kynna að samstæðan stýri fjárfestingu.

4. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Samstæðan innleiddi 1. janúar 2024 breytingar á reikningsskilastaðli IAS 1 um ákveðnar kröfur til að ákvarða hvort skuld skuli flokkuð sem skammtíma- eða langtímaskuld. Breytingarnar skýra kröfur um að skuld skuli einungis flokkuð sem langtímaskuld ef bankinn stenst lánaskilmála um rétt til að fresta uppgjöri á skuldinni í að minnsta kosti 12 mánuði eftir að reikningsskilatímabilinu er lokið og stjórnunaráform eða væntingar stjórnenda um að nýta rétt sinn til frestunar á uppgjöri sé til staðar og hefur því ekki áhrif á flokkun. Breytingarnar eru afturvirkar en hafa engin áhrif á samanburðarfjárhæðir.

Umbreyting á viðmiðunarvöxtum

Grundvallarbreytingar hafa verið gerðar á helstu viðmiðunarvöxtum á heimsvísu sem miða að því að skipta út eða umbreyta millibankavöxtum (e. IBOR) og taka í þeirra stað upp aðra, allt að því áhættulausa, viðmiðunarvexti (e. RFR).

Árið 2021 var hafist handa við að gera breytingar á skilmálum fjármálagerninga samstæðunnar um millibankavexti þannig að þeir geri ráð fyrir nýjum viðmiðunarvöxtum. Samkvæmt breyttum skilmálum getur bankinn ákveðið að skipta viðkomandi millibankavöxtum út fyrir nýja viðmiðunarvexti, ef þeir eru til staðar, eða aðra vexti á millibankamarkaði eða gjaldmiðla- og vaxtaskiptamarkaði.

Í árslok 2024 hafði samstæðan lokið umbreytingunum á millibankavöxtum fyrir allar myntir. Taflan hér að neðan sýnir hvaða vaxtaviðmið voru notuð í hverri mynt, fyrir og eftir umbreytingarferlið, ásamt stöðu umbreytinganna.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

4. Breytingar á reikningsskilaaðferðum (framhald)

Umbreyting á viðmiðunarvöxtum (framhald)

31. desember 2024	Mynt	Vaxtaviðmið fyrir umbreytingu	Vaxtaviðmið eftir umbreytingu	Staða
	CHF	CHF LIBOR	SONAR	Lokið
	GBP	GBP LIBOR	SONIA	Lokið
	EUR	EUR LBOR	EURIBOR, €STR	Lokið
	JPY	JPY LIBOR	TONAR	Lokið
	USD	USD LIBOR	SOFR	Lokið

Helsta áhættan sem samstæðan hefur staðið frammi fyrir vegna umbreytinganna er rekstrarlegs eðlis og hefur m.a. falið í sér að endursemja við viðskiptavini um lánasamninga í tvíhliða samningsferli, uppfæra samningsbundna skilmála, uppfæra kerfi sem nota millibankavaxtakúrfur og endurskoða rekstrareftirlit sem tengist umbreytingunum og eftirlitsáhættu. Fjárhagsleg áhætta er að mestu bundin við vaxtaáhættu.

5. Starfsþættir

Starfsþáttayfirlitið fyrir samstæðuna er birt í samræmi við innri upplýsingagjöf til bankastjóra og framkvæmdastjórn sem bera ábyrgð á ráðstöfun fjármuna til starfsþáttanna, sem og mati á rekstrarárangri þeirra.

Starfsemi bankans er skipt í sjö svið: Einstaklingar, Fyrirtæki, Eignastýring og miðlun, Fjármál, Áhættustýring, Upplýsingatækni og Samskipti og menning. Starfsþættir samstæðunnar samanstanda aftur á móti af fjórum megin viðskiptasviðum og öðrum sviðum. Viðskiptasviðin voru eftirfarandi í lok reikningsskilatímabilsins:

- **Einstaklingssvið** býður einstaklingum ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins, upp á alhliða fjármálaþjónustu og fjármálaráðgjöf. Áhersla er í auknum mæli lögð á stafrænar þjónustuleiðir og sjálfsafgreiðslulausnir, bæði í gegnum netbanka og app bankans, ásamt hefðbundinni þjónustu í gegnum útibúanet bankans og þjónustuver.
- **Fyrirtækjasvið** býður sveitarfélögum, stofnunum, stærri fyrirtækjum ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu upp á fjármálaþjónustu með aukna áherslu á stafrænar þjónustuleiðir og sjálfsafgreiðslulausnir, eins og netbanka fyrirtækja og app bankans.
- **Eignastýring og miðlun** býður upp á þjónustu er snýr að viðskiptum með verðbréf, gjaldeyri, afleiður, auk víðtækrar þjónustu á sviði eignastýringar. Landsbréf hf., dótturfélag bankans, fellur undir starfsþáttauppgjör Eignastýringar og miðlunar.
- **Fjárstýring og viðskiptavakt** eru einingar innan Fjármála sem hafa m.a. með höndum fjármögnun bankans, lausafjárstýringu, verðlagningu fjármagns innan bankans og viðskiptavakt með gjaldeyri, skuldabréf og hlutabréf. Fjárstýring stýrir einnig gengis-, vaxta- og verðtryggingaráhættu bankans, innan þeirra marka sem sett eru í áhættuvilja bankans.

Undir önnur svið falla Fjármál (að undanskildum Fjárstýringu og Viðskiptavakt), Áhættustýring, Upplýsingatækni og Samskipti og menning. Einnig falla þar undir Skrifstofa bankastjóra og Innri endurskoðun.

Jöfnunarfærslur samanstanda af jöfnun innbyrðis viðskipta og rekstrarliðum sem ekki er unnt að heimfæra á starfsþætti.

Stjórnunarkostnaði annarra sviða samstæðunnar er deilt niður á viðeigandi viðskiptasvið á grundvelli undirliggjandi kostnaðarvaka. Kostnaði er deilt út á viðskiptaeiningarnar á markaðsverði. Þjónusta og viðskipti sem önnur svið veita viðskiptaeiningunum eru gerð upp á einingarverði eða eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða, á grundvelli notkunar eða unninna verka. Tekjuskatti er dreift niður á starfsþætti miðað við gildandi skatthlutfall. Bankaskatti er skipt niður á viðskiptasvið í hlutfalli af skuldum.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárhagslega frammistöðu hvers starfsþáttar, eins og þær upplýsingar sem birtar eru í innanhússkýrslum til stjórnenda um hagnað (tap) starfsþátta. Í þessum skýrslum eru allir liðir rekstrarreikningsins birtir nettó en ekki brúttó, þar með talið vaxtatekjur og vaxtagjöld. Verðlagning milli starfsþátta er eins og um væri að ræða viðskipti milli óskyldra aðila.

Tekjur af viðskiptum við hvern einstakan ytri viðskiptavin voru innan við 10% af heildartekjum samstæðunnar á tímabilinu frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2024 og á samsvarandi tímabili árið 2023.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

5. Starfsþættir (framhald)

1. janúar - 31. desember 2024	Einstaklings-svið	Fyrirtækja-svið	Eignastýring og miðlun	Fjárstýring og viðskipta-vakt	Önnur svið	Jöfnunar-færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	21.757	28.067	489	6.513	531	(160)	**57.197**
Hreinar þjónustutekjur	3.922	2.701	5.331	(448)	66	(167)	**11.405**
Hrein virðisbreyting	(1.998)	(772)	-	(1)	(1)	-	**(2.772)**
Aðrar tekjur og (gjöld)	(1.354)	186	682	13.996	366	(3)	**13.873**
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	**22.327**	**30.182**	**6.502**	**20.060**	**962**	**(330)**	**79.703**
Rekstrargjöld samtals	(7.451)	(3.473)	(2.454)	(883)	(12.642)	167	**(26.736)**
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(1.085)	(572)	(12)	(920)	(8)	-	**(2.597)**
Hagnaður (tap) fyrir útskiptingu kostnaðar og skatta	**13.791**	**26.137**	**4.036**	**18.257**	**(11.688)**	**(163)**	**50.370**
Útskiptur kostnaður	(4.936)	(3.338)	(1.325)	(1.205)	10.804	-	**0**
Hagnaður (tap) fyrir skatta	**8.855**	**22.799**	**2.711**	**17.052**	**(884)**	**(163)**	**50.370**
Tekjuskattur	(2.621)	(6.276)	(539)	(3.598)	172	-	**(12.862)**
Hagnaður (tap) ársins	**6.234**	**16.523**	**2.172**	**13.454**	**(712)**	**(163)**	**37.508**
Hreinar tekjur (gjöld) vegna ytri viðskipta	29.886	57.069	7.534	(14.813)	357	-	**80.033**
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	(7.559)	(26.887)	(1.032)	34.873	605	-	**0**
Rekstrartekjur samtals	**22.327**	**30.182**	**6.502**	**20.060**	**962**	**0**	**80.033**
31. desember 2024							
Eignir samtals	**944.747**	**852.485**	**15.814**	**763.313**	**20.728**	**(415.328)**	**2.181.759**
Skuldir samtals	**877.742**	**710.189**	**10.801**	**656.857**	**16.849**	**(415.328)**	**1.857.110**
Úthlutað eigið fé	**67.005**	**142.296**	**5.013**	**106.456**	**3.879**		**324.649**

1. janúar - 31. desember 2023	Einstaklings-svið	Fyrirtækja-svið	Eignastýring og miðlun	Fjárstýring og viðskipta-vakt	Önnur svið	Jöfnunar-færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	18.944	22.324	513	15.435	385	(42)	**57.559**
Hreinar þjónustutekjur	3.548	3.062	4.924	(297)	76	(160)	**11.153**
Hrein virðisbreyting	(1.793)	(1.333)	1	5	-	-	**(3.120)**
Aðrar tekjur og (gjöld)	99	21	296	7.009	846	(15)	**8.256**
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	**20.798**	**24.074**	**5.734**	**22.152**	**1.307**	**(217)**	**73.848**
Rekstrargjöld samtals	(7.316)	(3.383)	(2.323)	(938)	(12.170)	172	**(25.958)**
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(920)	(472)	(7)	(882)	(9)	-	**(2.290)**
Hagnaður (tap) fyrir útskiptingu kostnaðar og skatta	**12.562**	**20.219**	**3.404**	**20.332**	**(10.872)**	**(45)**	**45.600**
Útskiptur kostnaður	(4.667)	(3.126)	(1.224)	(1.093)	10.110	-	**0**
Hagnaður (tap) fyrir skatta	**7.895**	**17.093**	**2.180**	**19.239**	**(762)**	**(45)**	**45.600**
Tekjuskattur	(2.267)	(4.516)	(425)	(5.496)	271	-	**(12.433)**
Hagnaður (tap) ársins	**5.628**	**12.577**	**1.755**	**13.743**	**(491)**	**(45)**	**33.167**
Hreinar tekjur (gjöld) vegna ytri viðskipta	34.799	52.112	6.187	(19.869)	836	-	**74.065**
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	(14.001)	(28.038)	(453)	42.021	471	-	**0**
Rekstrartekjur samtals	**20.798**	**24.074**	**5.734**	**22.152**	**1.307**	**0**	**74.065**
31. desember 2023							
Eignir samtals	**872.537**	**752.041**	**11.281**	**751.659**	**21.143**	**(447.885)**	**1.960.776**
Skuldir samtals	**817.838**	**625.602**	**7.000**	**637.385**	**17.082**	**(447.885)**	**1.657.022**
Úthlutað eigið fé	**54.699**	**126.439**	**4.281**	**114.274**	**4.061**		**303.754**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

Skýringar við rekstrarreikning

6. Hreinar vaxtatekjur

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.5.

	2024			2023		
Vaxtatekjur	**Afskrifað kostnaðar-verð**	**Gangvirði í gegnum rekstrar-reikning**	**Samtals**	**Afskrifað kostnaðar-verð**	**Gangvirði í gegnum rekstrar-reikning**	**Samtals**
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	6.726	-	6.726	6.803	-	6.803
Útlán og kröfur á lánastofnanir	2.323	-	2.323	1.803	-	1.803
Útlán og kröfur á viðskiptavini	154.227	3.058	157.285	140.677	1.407	142.084
Aðrar vaxtatekjur	69	131	200	42	116	158
Samtals	**163.345**	**3.189**	**166.534**	**149.325**	**1.523**	**150.848**
Vaxtagjöld						
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	(366)	-	(366)	(867)	-	(867)
Innlán frá viðskiptavinum	(75.541)	-	(75.541)	(61.861)	-	(61.861)
Lántaka	(20.472)	(8.231)	(28.703)	(22.321)	(3.160)	(25.481)
Önnur vaxtagjöld	(233)	(1.281)	(1.514)	(110)	(2.657)	(2.767)
Víkjandi lántaka	(3.213)	-	(3.213)	(2.313)	-	(2.313)
Samtals	**(99.825)**	**(9.512)**	**(109.337)**	**(87.472)**	**(5.817)**	**(93.289)**
Hreinar vaxtatekjur	**63.520**	**(6.323)**	**57.197**	**61.853**	**(4.294)**	**57.559**

Samtals námu hreinar vaxtatekjur, reiknaðar með aðferð virkra vaxta, 57.197 milljónum króna á árinu 2024, samanborið við 57.559 milljónir króna á árinu 2023.

7. Hreinar þjónustutekjur

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.6.

	2024			2023		
	Þjónustu-tekjur	**Þjónustu-gjöld**	**Hreinar þjónustu-tekjur**	**Þjónustu-tekjur**	**Þjónustu-gjöld**	**Hreinar þjónustu-tekjur**
Markaðsviðskipti	5.938	(777)	5.161	6.136	(674)	5.462
Útlán og ábyrgðir	1.781	-	1.781	1.350	-	1.350
Greiðslukort	6.733	(3.397)	3.336	6.229	(3.012)	3.217
Innheimtu- og greiðsluþjónusta	1.006	(222)	784	1.034	(206)	828
Annað	1.896	(1.553)	343	1.228	(932)	296
Samtals	**17.354**	**(5.949)**	**11.405**	**15.977**	**(4.824)**	**11.153**

8. Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.7.

Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	**2024**	**2023**
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	7.658	6.947
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	4.894	(1.112)
Afleiður og undirliggjandi áhættuvarnir	1.192	740
Útlán og kröfur á viðskiptavini	(1.284)	29
Hreinn hagnaður af gangvirðisvörn	236	115
Samtals	**12.696**	**6.719**

Neðangreindar arðstekjur eru skráðar undir liðnum „Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði“ í rekstrarreikningi.

Arðstekjur	**2024**	**2023**
Hreinn hagnaður af fjáreignum í veltubók	30	50
Hreinn hagnaður af fjáreignum utan veltubókar	128	180
Samtals	**158**	**230**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

9. Hreinn gengismunur gjaldmiðla

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.8.

Eignir	2024	2023
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	(47)	16
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	(2.282)	269
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	31	(1)
Afleiðusamningar	(1.872)	(799)
Útlán og kröfur á lánastofnanir	712	3.030
Útlán og kröfur á viðskiptavini	(7.954)	(5.506)
Aðrar eignir	(2.827)	(1.509)
Samtals	**(14.239)**	**(4.500)**
Skuldir		
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	163	(202)
Innlán frá viðskiptavinum	1.538	1.434
Lántaka	12.892	2.977
Aðrar skuldir	(788)	84
Víkjandi lántaka	1.050	767
Samtals	**14.855**	**5.060**
Hreinn gengismunur gjaldmiðla	**616**	**560**

Hreinn gengismunur gjaldmiðla sem færður var í rekstrarreikning á árinu 2024 og er til kominn vegna fjármálagerninga sem ekki eru metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, nam tapi upp á 10.116 milljóna króna af fjáreignum (2023; 3.969 milljóna króna tap) og hagnaði upp á 14.855 milljóna króna af fjárskuldum (2023: 5.060 milljóna króna hagnaði).

10. Hrein virðisbreyting

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.11 (g).

	2024	2023
Hrein virðisbreyting útlána til viðskiptavina	(2.840)	(2.972)
Hrein virðisbreyting annarra fjáreigna og skuldbindinga vegna dómsmála	68	(148)
Hrein virðisbreyting fjáreigna	**(2.772)**	**(3.120)**
Hrein virðisbreyting eftir tegund viðskiptavina		
Opinberir aðilar	2	4
Einstaklingar	(2.056)	(1.644)
Fyrirtæki	(718)	(1.480)
Hrein virðisbreyting fjáreigna	**(2.772)**	**(3.120)**

11. Aðrar tekjur og (gjöld)

	Skýringar	2024	2023
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga	25	81	106
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		88	74
Hreinar tekjur af fullnustueignum		287	654
Annað		105	143
Samtals		**561**	**977**

12. Laun og launatengd gjöld

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.32.

	2024	2023
Launagreiðslur	12.622	12.203
Framlög í lífeyrissjóði	1.929	1.890
Tryggingagjald	924	888
Sérstakur fjársýsluskattur á laun	800	769
Önnur launatengd gjöld	259	116
Samtals	**16.534**	**15.866**
Meðaltal ársverka á árinu	811	849
Ársverk í árslok	822	817

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

13. Annar rekstrarkostnaður

	2024	2023
Hugbúnaður og upplýsingatækni	3.252	3.304
Fasteignir og húsbúnaður	1.041	1.073
Auglýsingar og markaðssetning	727	749
Rekstrarleiga	43	40
Eftirlitsgjöld til Fjármálaeftirlitisins	692	626
Framlag til umboðsmanns skuldara	99	92
Endurskoðun og tengd þjónusta	230	187
Önnur sérfræðiþjónusta	660	520
Afskriftir	1.425	1.550
Annar rekstrarkostnaður	2.033	1.951
Samtals	**10.202**	**10.092**

Endurskoðun og tengd þjónusta	2024	2023
Endurskoðun og könnun reikningsskila - PwC	144	138
Önnur endurskoðunartengd þjónusta - PwC	55	32
Önnur endurskoðunartengd þjónusta - Aðrir	31	17
Samtals	**230**	**187**

Afskriftir	Skýringar	2024	2023
Afskriftir rekstrarfjármuna	26	774	730
Afskriftir óefnislegra eigna	27	255	318
Afskriftir nýtingarréttar leigueignar	39	396	502
Samtals		**1.425**	**1.550**

14. Tekjuskattur

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.10.

	2024	2023
Tekjuskattur til greiðslu	(10.069)	(9.538)
Sérstakur fjársýsluskattur	(2.756)	(2.741)
Mismunur á álögðum og reiknuðum tekjuskatti fyrra árs	-	(17)
Breyting á tímabundnum mismun skatteigna/-skulda	(37)	(137)
Samtals	**(12.862)**	**(12.433)**

Reiknaður tekjuskattur af hagnaði (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn útreiknuðum tekjuskatti í samræmi við tekjuskattshlutfall lögaðila sem hér segir:

		2024		2023
Hagnaður fyrir tekjuskatt		50.370		45.600
Tekjuskattur reiknaður út frá skatthlutfalli lögaðila	21,0%	(10.578)	20,0%	(9.120)
Sérstakur fjársýsluskattur	5,5%	(2.756)	6,0%	(2.741)
Áhrif mismunandi skatthlutfalla	0,0%	2	0,0%	-
Óskattskyldar tekjur	(2,0%)	1.023	(0,1%)	55
Ófrádráttarbær gjöld	1,1%	(552)	1,3%	(610)
Annað	0,0%	(1)	0,0%	(17)
Virkur tekjuskattur samtals	**25,5%**	**(12.862)**	**27,3%**	**(12.433)**

Skýringar við efnahagsreikning

15. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.11 (b).

Samkvæmt alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IFRS 9 ber að skipa fjáreignum í flokka sem endurspegla sjóðstreymiseinkenni þeirra og markmið þess viðskiptalíkans sem fjáreignunum er stýrt eftir. Um mat hvers flokks eftir upphaflega skráningu fer sem hér segir:

- Fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.
- Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.
- Fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.
- Fjárskuldir metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda samstæðunnar í samræmi við IFRS 9 og gangvirði þeirra 31. desember 2024:

		Bókfært virði					Gangvirði			
			Gangvirði í gegnum rekstrarreikning							
31. desember 2024	**Skýr.**	**Afskrifað kostnaðarverð**	**Veltubók**	**Utan veltubókar**	**Aðrar fjárskuldir**	**Samtals**	**1. þrep**	**2. þrep**	**3. þrep**	**Samtals**
Fjáreignir metnar á gangvirði										
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	20	-	21.251	117.853	-	139.104	138.239	25	840	139.104
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	21	-	16.972	15.672	-	32.644	18.522	-	14.122	32.644
Afleiðusamningar	22	-	8.260	-	-	8.260	-	8.260	-	8.260
Útlán og kröfur á viðskiptavini	24	-	41.255	-	-	41.255	-	-	41.255	41.255
		0	**87.738**	**133.525**	**0**	**221.263**	**156.761**	**8.285**	**56.217**	**221.263**
Fjáreignir ekki metnar á gangvirði										
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	19	129.981	-	-	-	129.981	-	129.981	-	129.981
Útlán og kröfur á lánastofnanir	23	39.346	-	-	-	39.346	-	39.346	-	39.346
Útlán og kröfur á viðskiptavini	24	1.766.182	-	-	-	1.766.182	-	1.760.088	-	1.760.088
Aðrar fjáreignir		4.392	-	-	-	4.392	-	4.392	-	4.392
		1.939.901	**0**	**0**	**0**	**1.939.901**	**0**	**1.933.807**	**0**	**1.933.807**
Fjárskuldir metnar á gangvirði										
Afleiðusamningar	22	-	2.618	-	-	2.618	-	2.618	-	2.618
Skortstöður	22	-	4.217	-	-	4.217	4.217	-	-	4.217
		0	**6.835**	**0**	**0**	**6.835**	**4.217**	**2.618**	**0**	**6.835**
Fjárskuldir ekki metnar á gangvirði										
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	30	-	-	-	11.989	11.989	-	11.989	-	11.989
Innlán frá viðskiptavinum	31	-	-	-	1.228.444	1.228.444	-	1.227.532	-	1.227.532
Lántaka	32	-	-	-	529.150	529.150	-	524.386	-	524.386
Aðrar fjárskuldir		-	-	-	7.386	7.386	-	7.386	-	7.386
Víkjandi lántaka	35	-			39.989	39.989	-	40.071	-	40.071
		0	**0**	**0**	**1.816.958**	**1.816.958**	**0**	**1.811.364**	**0**	**1.811.364**

15. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda (framhald)

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda samstæðunnar í samræmi við IFRS 9 og gangvirði þeirra 31. desember 2023:

		Bókfært virði					Gangvirði			
			Gangvirði í gegnum rekstrarreikning							
31. desember 2023	**Skýr.**	**Afskrifað kostnaðarverð**	**Veltubók**	**Utan veltubókar**	**Aðrar fjárskuldir**	**Samtals**	**1. þrep**	**2. þrep**	**3. þrep**	**Samtals**
Fjáreignir metnar á gangvirði										
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	20	-	18.105	130.077	-	148.182	147.255	26	901	148.182
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	21	-	7.934	11.078	-	19.012	8.844	-	10.168	19.012
Afleiðusamningar	22	-	7.459	-	-	7.459	-	7.459	-	7.459
Útlán og kröfur á viðskiptavini	24	-	15.604	-	-	15.604	-	-	15.604	15.604
		0	**49.102**	**141.155**	**0**	**190.257**	**156.099**	**7.485**	**26.673**	**190.257**
Fjáreignir ekki metnar á gangvirði										
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	19	75.350	-	-	-	75.350	-	75.350	-	75.350
Útlán og kröfur á lánastofnanir	23	54.101	-	-	-	54.101	-	54.101	-	54.101
Útlán og kröfur á viðskiptavini	24	1.615.290	-	-	-	1.615.290	-	1.598.034	-	1.598.034
Aðrar fjáreignir		5.263	-	-	-	5.263	-	5.263	-	5.263
		1.750.004	**0**	**0**	**0**	**1.750.004**	**0**	**1.732.748**	**0**	**1.732.748**
Fjárskuldir metnar á gangvirði										
Afleiðusamningar	22	-	1.533	-	-	1.533	-	1.533	-	1.533
Skortstöður	22	-	1.255	-	-	1.255	1.255	-	-	1.255
		0	**2.788**	**0**	**0**	**2.788**	**1.255**	**1.533**	**0**	**2.788**
Fjárskuldir ekki metnar á gangvirði										
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	30	-	-	-	29.968	29.968	-	29.968	-	29.968
Innlán frá viðskiptavinum	31	-	-	-	1.048.537	1.048.537	-	1.048.265	-	1.048.265
Lántaka	32	-	-	-	513.687	513.687	-	498.074	-	498.074
Aðrar fjárskuldir		-	-	-	10.718	10.718	-	10.718	-	10.718
Víkjandi lántaka	35	-			20.176	20.176	-	19.673	-	19.673
		0	**0**	**0**	**1.623.086**	**1.623.086**	**0**	**1.606.698**	**0**	**1.606.698**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

16. Gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.11 (f).

Ákvörðunarferli verðmats

Áhættu- og fjármálanefnd bankans hefur eftirlit með heildaráhættu samstæðunnar og er ábyrg fyrir gangvirðismati fjáreigna og fjárskulda sem flokkaðar eru í 2. og 3. þrep. Verðmatsnefnd bankans leggur verðmat fyrir áhættu- og fjármálanefnd til samþykktar. Verðmatsnefndin er skipuð fulltrúum frá Áhættustýringu, Fjárstýringu og Fjárhagsdeild. Verðmatsnefndin fundar mánaðarlega til að verðmeta fjáreignir og fjárskuldir í 2. og 3. þrepi.

Flutningur á milli þrepa

Á árunum 2024 og 2023 voru engar tilfærslur á milli þrepa 1 og 2. Taflan hér fyrir neðan sýnir afstemmingu á mati á gangvirði í 3. þrepi fyrir árin 2024 og 2023:

1. janúar - 31. desember 2024	Skuldabréf	Hlutabréf	Útlán og kröfur á viðskiptavini	Samtals fjáreignir
Bókfært virði 1. janúar 2024	901	10.168	15.604	26.673
Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	59	4.043	(1.284)	2.818
Hreinn gengismunur gjaldmiðla	-	(1)	65	64
Kaup	82	183	331.302	331.567
Sala	-	(156)	-	(156)
Uppgjör	(202)	-	(304.258)	(304.460)
Móttekinn arður	-	(115)	-	(115)
Fært úr þrepi 3	-	-	(174)	(174)
Bókfært virði 31. desember 2024	**840**	**14.122**	**41.255**	**56.217**
1. janúar - 31. desember 2023				
Bókfært virði 1. janúar 2023	1.013	10.841	17.964	29.818
Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	44	(906)	29	(833)
Hreinn gengismunur gjaldmiðla	-	-	(78)	(78)
Kaup	28	1.129	220.048	221.205
Sala	(200)	(743)	-	(943)
Uppgjör	16	-	(222.359)	(222.343)
Móttekinn arður	-	(153)	-	(153)
Bókfært virði 31. desember 2023	**901**	**10.168**	**15.604**	**26.673**

Eftirfarandi tafla sýnir þá liði rekstrarreiknings samstæðunnar sem hagnaður (tap) var fært á vegna fjáreigna og fjárskulda sem flokkaðar eru í 3. þrep og voru í eigu samstæðunnar í árslok 2024 og 2023:

1. janúar - 31. desember 2024	Skuldabréf	Hlutabréf	Útlán og kröfur á viðskiptavini	Samtals
Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði innleyst	16	552	(1.285)	(717)
Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði óinnleyst	43	3.491	-	3.534
Hreinn gengismunur gjaldmiðla	-	(1)	65	64
Samtals	**59**	**4.042**	**(1.220)**	**2.881**
1. janúar - 31. desember 2023				
Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði innleyst	9	277	29	315
Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði óinnleyst	35	(1.258)	-	(1.223)
Hreinn gengismunur gjaldmiðla	-	-	(78)	(78)
Samtals	**44**	**(981)**	**(49)**	**(986)**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

17. Ógreinanlegar forsendur í gangvirðismati

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.11 (f).

Í eftirfarandi töflu eru teknar saman virðismatsaðferðir ásamt verulegum ógreinanlegum lykilforsendum sem notaðar eru við mat á gangvirði fjáreigna og skulda sem flokkaðar eru í 3. þrep 31. desember 2024 og 31. desember 2023. Mörk forsenda gefa til kynna hæsta og lægsta gildi sem notuð eru í virðismatinu og endurspegla þannig aðeins einkenni gerninganna en ekki óvissustigið í virðismati þeirra.

31. desember 2024	3 þrep Eignir	Ógreinanlegar lykil-forsendur	Verðmats-aðferð	Efri	Neðri	Hagstæð	Óhagstæð
Markaðsskuldabréf og önnur	11	Væntar endurheimtur	Sjá #1 að neðan	5%	-5%	1	(1)
verðbréf með föstum vöxtum	829	Verð markaðsskuldabréfa	Sjá #1 að neðan	5%	-5%	41	(41)
Hlutabréf og hlutabréfagerningar							
Hlutabréf - Utan veltubókar	14.122	Verð fjármálagerninga	Sjá #2 að neðan	5%	-5%	657	(670)
Útlán og kröfur á	31.985	Líkur á vanefndum	Sjá #3 að neðan	1%	-1%	287	(300)
viðskiptavini	9.270	Væntar endurheimtur	Sjá #3 að neðan	5%	-5%	1.127	(1.127)
Samtals	**56.217**					**2.113**	**(2.139)**

31. desember 2023	3 þrep Eignir	Ógreinanlegar lykil-forsendur	Verðmats-aðferð	Efri	Neðri	Hagstæð	Óhagstæð
Markaðsskuldabréf og önnur	15	Væntar endurheimtur	Sjá #1 að neðan	5%	-5%	1	(1)
verðbréf með föstum vöxtum	886	Verð markaðsskuldabréfa	Sjá #1 að neðan	5%	-5%	44	(44)
Hlutabréf og hlutabréfagerningar							
Hlutabréf - Utan veltubókar	10.168	Verð fjármálagerninga	Sjá #2 að neðan	5%	-5%	836	(849)
Útlán og kröfur á viðskiptavini	15.604	Líkur á vanefndum	Sjá #3 að neðan	1%	-1%	5	(19)
Samtals	**26.673**					**886**	**(913)**

Frekari lýsing á fjármálagerningum sem flokkaðir eru í 3. þrep er eftirfarandi:

1. Gangvirði skuldabréfa fyrirtækja og krafna á fjármálastofnanir í slitameðferð og annarra illseljanlegra eigna er metið á grundvelli væntra endurheimtna. Einnig er miðað við verð í nýlegum viðskiptum.

2. Hlutabréf og hlutabréfagerningar flokkuð sem eignir í 3. þrepi eru óskráð og ekki til viðskipta á virkum markaði og lúta því ógreinanlegum forsendum við mat á gangvirði. Í verðmatsaðferðum eða í forsendum við mat á gangvirði fjárfestinga í hlutabréfum og hlutabréfagerningum er almennt stuðst við sjóðstreymi, samanburð við kennitölur sambærilegra fyrirtækja, innra virði að teknu tilliti til seljanleikafrádrags, greiningu á fjárhagsstöðu og frammistöðu eða horfur og nýleg viðskipti.

3. Útlán og kröfur á viðskiptavini sem metnar eru á gangvirði í gegnum rekstarreikning eru flokkuð sem eignir í 3. þrepi. Matsaðferðin byggist á mikilvægum ógreinanlegum forsendum þar sem útlán og kröfur eru óskráð og ekki til viðskipta á virkum markaði. Verðmatsaðferðin styðst við fyrirliggjandi markaðsupplýsingar á borð við vaxta- og verðbólgukúrfur, verðmæti undirliggjandi trygginga, gjaldþrotalíkur og seljanleikaálag.

18. Vænt útlánatap

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.11.

	31.12.2024			
	Áhættustig 1	Áhættustig 2	Áhættustig 3	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	(1)	-	-	(1)
Útlán til viðskiptavina	(2.115)	(2.184)	(6.352)	(10.651)
Aðrar fjáreignir	(70)	-	-	(70)
Vænt útlánatap fjáreigna utan efnahags	(271)	(79)	(179)	(529)
Samtals	**(2.457)**	**(2.263)**	**(6.531)**	**(11.251)**

	31.12.2023			
	Áhættustig 1	Áhættustig 2	Áhættustig 3	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka	-	-	-	0
Útlán til viðskiptavina	(3.670)	(2.122)	(5.582)	(11.374)
Aðrar fjáreignir	(47)	-	(1)	(48)
Vænt útlánatap fjáreigna utan efnahags	(379)	(46)	(104)	(529)
Samtals	**(4.096)**	**(2.168)**	**(5.687)**	**(11.951)**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

19. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.12.

	2024	2023
Handbært fé	5.478	5.052
Óbundnar innstæður í Seðlabanka	80.415	44.602
Samtals handbært fé og óbundnar innstæður í Seðlabanka	**85.893**	**49.654**
Almenn bindiskylda við Seðlabanka - föst bindiskylda	38.079	23.797
Sjóður og innstæður sem settar hafa verið að veði við Seðlabankann	6.009	1.899
Samtals bundnar innstæður í Seðlabanka	**44.088**	**25.696**
Samtals sjóður og innstæður í Seðlabanka	**129.981**	**75.350**

20. Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.13.

	2024			2023		
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	**Veltubók**	**Utan veltubókar**	**Samtals**	**Veltubók**	**Utan veltubókar**	**Samtals**
Innlend						
Skráð	21.251	31.249	52.500	15.138	53.178	68.316
Óskráð	-	1.292	1.292	-	1.443	1.443
	21.251	**32.541**	**53.792**	**15.138**	**54.621**	**69.759**
Erlend						
Skráð	-	85.312	85.312	2.967	75.456	78.423
	0	**85.312**	**85.312**	**2.967**	**75.456**	**78.423**
Skuldabréf samtals	**21.251**	**117.853**	**139.104**	**18.105**	**130.077**	**148.182**

Skuldabréf eru flokkuð sem „innlend“ eða „erlend“ eftir því í hvaða landi útgefandinn er skráður.

21. Hlutabréf og hlutabréfagerningar

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.14.

	2024			2023		
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	**Veltubók**	**Utan veltubókar**	**Samtals**	**Veltubók**	**Utan veltubókar**	**Samtals**
Innlend						
Skráð	8.298	822	9.120	7.374	366	7.740
Óskráð	-	14.484	14.484	-	10.429	10.429
	8.298	**15.306**	**23.604**	**7.374**	**10.795**	**18.169**
Erlend						
Skráð	8.674	342	9.016	560	258	818
Óskráð	-	24	24	-	25	25
	8.674	**366**	**9.040**	**560**	**283**	**843**
Hlutabréf samtals	**16.972**	**15.672**	**32.644**	**7.934**	**11.078**	**19.012**

Hlutabréf eru flokkuð sem „innlend“ eða „erlend“ eftir því í hvaða landi útgefandinn er skráður.

Hluti af fjárfestingum bankans í hlutabréfum samanstanda af sérhæfðum fjárfestingum í einkaframtakssjóðum sem eru settir á stofn á þeim forsendum að þeir verði leystir upp innan ákveðins tímaramma (fyrirfram ákveðinn líftími). Innan líftíma hvers sjóðs er skilgreint ákveðið fjárfestingartímabil þar sem sjóðurinn leitar álitlegra fjárfestinga og dregur á áskriftarloforð hluthafa sinna, þ.m.t. bankans, og í kjölfar þess fylgir umbreytingarskeið þar sem sjóðurinn kemur á virðisaukandi breytingum fyrir fyrirtækin sem hann hefur fjárfest í. Þegar líftíma viðkomandi sjóðs lýkur er sjóðnum lokað, hann leystur upp og hluthafar innleysa fjárfestingu sína.

Þann 31. desember 2024 nema útistandandi skuldbindingar samstæðunnar vegna fjárfestingarloforða í hlutabréfum 408 milljónum króna (31. desember 2023: 441 milljónum króna) alls í sex félögum (31. desember 2023: sex félög). Félögunum sem samstæðan fjárfestir í ber skylda til að ráðstafa andvirði sölu eigna aftur til hluthafa.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

22. Afleiðusamningar og skortstöður

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.15.

Veltubók

	2024			2023		
	Samnings-	Gangvirði		Samnings-	Gangvirði	
Gjaldeyrisafleiður	**fjárhæð**	**Eignir**	**Skuldir**	**fjárhæð**	**Eignir**	**Skuldir**
Framvirkir gjaldeyrissamningar	22.060	89	162	48.317	319	378
	22.060	**89**	**162**	**48.317**	**319**	**378**
Vaxtaafleiður						
Heildarskiptasamningar	18.990	22	25	5.458	16	7
	18.990	**22**	**25**	**5.458**	**16**	**7**
Hlutabréfaafleiður						
Framvirkir hlutabréfasamningar	29	-	2	276	1	1
Heildarskiptasamningar	12.845	142	508	100	-	260
Hlutabréfavalréttir	117	-	31	63	-	5
	12.991	**142**	**541**	**439**	**1**	**266**
Samtals afleiðusamningar	**54.041**	**253**	**728**	**54.214**	**336**	**651**
Skortstöður						
Skráð skuldabréf	4.079	-	4.217	1.501	-	1.255
Samtals skortstöður	**4.079**	**0**	**4.217**	**1.501**	**0**	**1.255**
Samtals	**58.120**	**253**	**4.945**	**55.715**	**336**	**1.906**

Áhættuvarnir

	2024			2023		
	Samnings-	Gangvirði		Samnings-	Gangvirði	
Gjaldeyrisafleiður	**fjárhæð**	**Eignir**	**Skuldir**	**fjárhæð**	**Eignir**	**Skuldir**
Framvirkir gjaldeyrissamningar	76.716	279	1.027	71.020	2.454	304
	76.716	**279**	**1.027**	**71.020**	**2.454**	**304**
Vaxtaafleiður						
Vaxtaskiptasamningar	2.000	-	683	2.000	-	578
	2.000	**0**	**683**	**2.000**	**0**	**578**
Afleiður vegna gangvirðisvarna						
Vaxtaskiptasamningar	172.680	7.728	180	90.054	4.669	-
	172.680	**7.728**	**180**	**90.054**	**4.669**	**0**
Samtals afleiðusamningar	**251.396**	**8.007**	**1.890**	**163.074**	**7.123**	**882**
Samtals afleiðusamningar og skortstöður	**309.516**	**8.260**	**6.835**	**218.789**	**7.459**	**2.788**

Afleiðusamningar vegna gangvirðisvarna

Eins og er beitir samstæðan áhættuvarnarreikningsskilum einungis fyrir gangvirðisvarnir fastra vaxta á lántökum. Samstæðan tilgreinir vaxtaskiptasamninga sem áhættuvarnargerninga á móti lántökum í evrum sem bera fasta vexti. Vaxtaskiptasamningarnir eru með samsvarandi greiðsluflæði og lántökurnar en samkvæmt vaxtaskiptasamningunum greiðir samstæðan breytilega vexti og fær greidda fasta vexti. Vaxtaskiptasamningarnir verja þannig gegn fastvaxtaáhættunni af lántökunum.

Við mælingu á skilvirkni hverrar varnar er framkvæmd línuleg aðhvarfsgreining. Skoðað er sambandið á milli daglegra breytinga á gangvirði vaxtaskiptasamnings annars vegar og lántöku hins vegar.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2024 var hallatala aðhvarfslínunnar í öllum tilvikum á milli 0,95 og 0,99 (m.v. 95% öryggisbil) og aðhvarfsstuðullinn að minnsta kosti 1,00 (R^2). Á sama tímabili 2023 var hallatala aðhvarfslínunnar í öllum tilvikum á milli 0,91 og 0,98 (m.v. 95% öryggisbil) og aðhvarfsstuðullinn að minnsta kosti 1,00 (R^2). Sambandið mælist innan marka á árinu 2024 og á árinu 2023.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

22. Afleiðusamningar og skortstöður (framhald)

Afleiðusamningar vegna gangvirðisvarna (framhald)

		Gjalddagi			Gangvirði áhættuvarna		
31. desember 2024	**Nafnverðs-fjárhæð**	**3-12 mánuðir**	**1-5 ár**	**>5 ár**	**Eignir**	**Skuldir**	**Hreinn hagnaður (tap) af gangvirðisvörnum sem notaður er við útreikning á skilvirkni áhættuvarnar-sambandsins**
Vaxtaskiptasamningar - EUR	43.170	-	43.170	-	2.859	-	(11)
Vaxtaskiptasamningar - EUR	43.170	-	43.170	-	3.027	-	1.489
Vaxtaskiptasamningar - EUR	43.170	-	43.170	-	1.842	-	1.921
Vaxtaskiptasamningar - EUR	43.170	-	43.170	-	-	180	(184)
Samtals	**172.680**	**0**	**172.680**	**0**	**7.728**	**180**	**3.215**
Meðaltal fastra vaxta - EUR			4,84%				

	Bókfært virði hins áhættuvarða		Uppsöfnuð áhrif hins áhættuvarða í áhættuvarnarsambandinu		
31. desember 2024	**Eignir**	**Skuldir**	**Eignir**	**Skuldir**	**Hreinn hagnaður (tap) af gangvirðisvörnum sem notaður er við útreikning á skilvirkni áhættuvarnar-sambandsins**
LBANK 4.25 3/28 CB	-	45.999	-	1.473	105
LBANK 6.375 3/27	-	46.220	-	948	(1.383)
LBANK 5.0 5/28	-	45.184	-	765	(1.815)
LBANK 3.75 10/29	-	43.382	-	15	114
Samtals óveðtryggð skuldabréf í áhættu-varnarsambandi undir EMTN útgáfu	**0**	**180.785**	**0**	**3.201**	**(2.979)**

		Gjalddagi			Gangvirði áhættuvarna		
31. desember 2023	**Nafnverðs-fjárhæð**	**Allt að 3 mánuðir**	**1-5 ár**	**>5 ár**	**Eignir**	**Skuldir**	**Hreinn hagnaður (tap) af gangvirðisvörnum sem notaður er við útreikning á skilvirkni áhættuvarnar-sambandsins**
Vaxtaskiptasamningar - EUR	-	-	-	-	-	-	322
Vaxtaskiptasamningar - EUR	45.027	-	45.027	-	1.669	-	1.685
Vaxtaskiptasamningar - EUR	45.027	-	45.027	-	3.000	-	2.985
Samtals	**90.054**	**0**	**90.054**	**0**	**4.669**	**0**	**4.992**
Meðaltal fastra vaxta - EUR			5,31%				

	Bókfært virði hins áhættuvarða		Uppsöfnuð áhrif hins áhættuvarða í áhættuvarnarsambandinu		
31. desember 2023	**Eignir**	**Skuldir**	**Eignir**	**Skuldir**	**Hreinn hagnaður (tap) af gangvirðisvörnum sem notaður er við útreikning á skilvirkni áhættuvarnar-sambandsins**
LBANK 1.00 5/23	-	-	-	-	(301)
LBANK 6.375 3/27	-	46.671	-	955	(1.623)
LBANK 4.25 3/28 CB	-	47.945	-	1.534	(2.953)
Samtals óveðtryggð skuldabréf í áhættu-varnarsambandi undir EMTN útgáfu	**0**	**94.616**	**0**	**2.489**	**(4.877)**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

23. Útlán og kröfur á lánastofnanir

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.19.

	2024	2023
Bankareikningar hjá lánastofnunum	8.080	17.821
Peningamarkaðslán	29.447	35.164
Önnur útlán	1.819	1.116
Virðisrýrnunarsjóður	-	-
Samtals	**39.346**	**54.101**

24. Útlán og kröfur á viðskiptavini

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.19.

	2024	2023
Útlán og kröfur á viðskiptavini á afskrifuðu kostnaðarverði	1.776.833	1.626.664
Virðisrýrnunarsjóður	(10.651)	(11.374)
Samtals	**1.766.182**	**1.615.290**
Útlán og kröfur á viðskiptavini á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	41.255	15.604
Samtals	**1.807.437**	**1.630.894**

Útlán og kröfur á viðskiptavini á afskrifuðu kostnaðarverði

	2024			2023		
	Brúttó bókfært virði	Virðis-rýrnunar-sjóður	Bókfært virði	Brúttó bókfært virði	Virðis-rýrnunar-sjóður	Bókfært virði
Opinberir aðilar	14.303	(1)	14.302	11.453	(4)	11.449
Einstaklingar	888.170	(1.661)	886.509	821.480	(2.382)	819.098
Íbúðalán	804.361	(489)	803.872	732.230	(1.246)	730.984
Annað	83.809	(1.172)	82.637	89.250	(1.136)	88.114
Fyrirtæki	874.360	(8.989)	865.371	793.731	(8.988)	784.743
Samtals	**1.776.833**	**(10.651)**	**1.766.182**	**1.626.664**	**(11.374)**	**1.615.290**

Frekari upplýsingar um útlán og kröfur á viðskiptavini er að finna í skýringum um áhættustýringu í þessum ársreikningi.

25. Fjárfesting í hlutdeildarfélögum

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.3.

Hlutdeild samstæðunnar í helstu hlutdeildarfélögum	2024	2023
Greiðslumiðlun Íslands ehf. Katrínartúni 4, Reykjavík*	0,0%	47,9%
Reiknistofa bankanna hf. Dalvegi 30, Kópavogur	37,1%	37,1%

*Endurflokkað yfir í eignir haldið til sölu

Fjárfesting í hlutdeildarfélögum sem færðar eru samkvæmt hlutdeildaraðferð	2024	2023
Bókfært virði í upphafi árs	1.849	1.815
Endurflokkun frá hlutdeildarfélögum yfir í eignir til sölu	(787)	-
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga með hlutdeildaraðferð	81	106
Greiddur arður	-	(72)
Samtals	**1.143**	**1.849**

Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum sem færð eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	2024	2023
Bókfært virði í lok árs	-	-
Samtals	**0**	**0**
Samtals	**1.143**	**1.849**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

26. Rekstrarfjármunir

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.20.

	2024			2023		
	Fasteignir	Innréttingar tækja-búnaður og bifreiðar	Samtals	Fasteignir	Innréttingar tækja-búnaður og bifreiðar	Samtals
Bókfært virði í upphafi árs	12.423	2.345	14.768	11.356	1.704	13.060
Viðbætur á árinu	340	722	1.062	1.236	1.214	2.450
Selt á árinu	(2)	(7)	(9)	-	(12)	(12)
Flutt yfir á eignir haldið til sölu	(436)	-	(436)	-	-	0
Afskriftir	(223)	(551)	(774)	(169)	(561)	(730)
Bókfært virði 31. desember	**12.102**	**2.509**	**14.611**	**12.423**	**2.345**	**14.768**
Bókfært brúttó virði alls	13.318	9.045	22.363	13.416	8.330	21.746
Uppsafnaðar afskriftir	(1.216)	(6.536)	(7.752)	(993)	(5.985)	(6.978)
Bókfært virði 31. desember	**12.102**	**2.509**	**14.611**	**12.423**	**2.345**	**14.768**
Afskriftarhlutföll	2-4%	10-33%		2-4%	10-33%	

Opinbert verðmat fasteigna	2024	2023
Fasteignamat	8.450	10.240
Brunabótamat	7.830	10.911

27. Óefnislegar eignir

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.21.

	2024		2023	
	Vél- og hugbúnaðar-leyfi	Samtals	Vél- og hugbúnaðar-leyfi	Samtals
Bókfært virði í upphafi árs	1.472	1.472	1.729	1.729
Viðbætur á árinu	119	119	61	61
Afskriftir	(255)	(255)	(318)	(318)
Bókfært virði 31. desember	**1.336**	**1.336**	**1.472**	**1.472**
Bókfært brúttó virði alls	5.802	5.802	5.683	5.683
Uppsafnaðar afskriftir	(4.466)	(4.466)	(4.211)	(4.211)
Bókfært virði 31. desember	**1.336**	**1.336**	**1.472**	**1.472**
Afskriftarhlutföll	10-33%	10-33%	10-33%	10-33%

28. Aðrar eignir

	Skýring	2024	2023
Óuppgerð verðbréfaviðskipti		1.155	2.205
Viðskiptakröfur		1.374	1.160
Nýtingarréttur leigueignar	39	1.863	1.898
Ýmsar eignir		1.333	1.565
Samtals		**5.725**	**6.828**

29. Eignir og skuldir vegna eigna í sölumeðferð

Eignir í sölumeðferð

	2024	2023
Fullnustueignir	309	201
Eignir sem flokkaðar eru til sölu	1.863	660
Samtals	**2.172**	**861**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

29. Eignir og skuldir vegna eigna í sölumeðferð (framhald)

Fullnustueignir

Fullnustueignir eru aðallega fastafjármunir sem samstæðan hefur eignast við að ganga að veðum fyrir útlánum og kröfum. Það er stefna samstæðunnar að selja slíkar eignir fljótt og á skipulegan hátt. Samstæðan notar almennt ekki fullnustueignir sem eru ekki fjáreignir í eigin þágu. Fullnustueignir eru skráðar annað hvort sem eignir bankans eða dótturfélagsins Hamla ehf.

	2024	2023
Fasteignir og lóðir	522	261
Tækjabúnaður og bifreiðar	223	-
Hlutdeildarfélög	1.427	600
Samtals	**2.172**	**861**

	2024	2023
Bókfært virði í upphafi árs	861	508
Innheimt á árinu	1.327	87
Selt á árinu	(1.426)	(431)
Fært af hlutdeildarfélögum og rekstrarfjármunum yfir á eignir í sölumeðferð	1.203	600
Niðurfærsla og söluhagnaður eigna	207	97
Bókfært virði 31. desember	**2.172**	**861**

Skuldir vegna eigna í sölumeðferð

	2024	2023
Skuldir eignasamstæðna sem flokkaðar eru til sölu	-	-
Samtals	**0**	**0**

30. Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.22.

	2024	2023
Skuldir og endurkaupasamningar við Seðlabanka	267	119
Skuldir við lánastofnanir	11.722	29.849
Samtals	**11.989**	**29.968**

31. Innlán frá viðskiptavinum

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.22.

	2024	2023
Óbundin innlán	854.332	712.145
Bundin innlán	374.112	336.392
Samtals	**1.228.444**	**1.048.537**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

32. Lántaka

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.23.

Veðtryggð lántaka

Gjaldmiðill, útistandandi höfuðstóll	Loka-gjalddagi	Greiðslu-skilmálar	Vaxtakjör	31.12.2024	31.12.2023
LBANK CBI 24, ISK 38.080 milljónir	15.11.2024	Á lokadegi	Fastir 3,0%, Neysluverðsvísitala	-	52.712
LBANK CB 25, ISK 39.660 milljónir	17.09.2025	Á lokadegi	Fastir 3,4%	39.904	39.704
LBANK CBI 26, ISK 11.120 milljónir	20.11.2026	Á lokadegi	Fastir 1,5%, Neysluverðsvísitala	15.016	14.373
LBANK CB 27, ISK 35.280 milljónir	20.09.2027	Á lokadegi	Fastir 4,6%	33.554	32.752
LBANK CBI 28, ISK 50.200 milljónir	04.10.2028	Á lokadegi	Fastir 3,0%, Neysluverðsvísitala	74.513	71.432
LBANK 4.25 3/28 CB, EUR 300 milljónir*	16.03.2028	Á lokadegi	Fastir 4,25%	45.999	47.945
LBANK CB 29, ISK 13.120 milljónir	27.09.2029	Á lokadegi	Fastir 8,2%	13.411	8.853
LBANK CBI 30, ISK 41.920 milljónir	22.02.2030	Á lokadegi	Fastir 3,5%, Neysluverðsvísitala	44.795	-
Sértryggð skuldabréf samtals				**267.192**	**267.771**
Önnur veðtryggð lántaka				4.803	5.060
Veðtryggð lántaka samtals				**271.995**	**272.831**

Almenn óveðtryggð lántaka

Gjaldmiðill, útistandandi höfuðstóll	Loka-gjalddagi	Greiðslu-skilmálar	Vaxtakjör	31.12.2024	31.12.2023
LBANK FLOAT 01/24, SEK 850 milljónir	19.01.2024	Á lokadegi	STIBOR + 0,65%	-	11.574
LBANK 0.5 5/24, EUR 168 milljónir	20.05.2024	Á lokadegi	Fastir 0,5%	-	25.266
LBANK FLOAT 08/24, NOK 300 milljónir	12.08.2024	Á lokadegi	NIBOR + 2,0%	-	4.047
LBANK FLOAT 01/25, NOK 452 milljónir	20.01.2025	Á lokadegi	NIBOR + 0,79%	5.590	6.757
LBANK FLOAT 01/25, SEK 850 milljónir	20.01.2025	Á lokadegi	STIBOR + 0,8%	10.770	11.571
LBANK 0.375 5/25 GB, EUR 75 milljónir	23.05.2025	Á lokadegi	Fastir 0,375%	10.822	45.004
LBANK FLOAT 08/25, NOK 350 milljónir	18.08.2025	Á lokadegi	NIBOR + 2,35%	4.316	4.716
LBANK FLOAT 08/25, NOK 1.000 milljónir	21.08.2025	Á lokadegi	NIBOR + 3,05%	12.333	13.473
LBANK FLOAT 08/25, SEK 450 milljónir	25.08.2025	Á lokadegi	STIBOR + 3,05%	5.688	6.101
LBANK 0.75 5/26 GB, EUR 300 milljónir	25.05.2026	Á lokadegi	Fastir 0,75%	43.250	45.023
LBANK 6.375 3/27, EUR 300 milljónir*	12.03.2027	Á lokadegi	Fastir 6,375%	46.220	46.671
LBANK 5.000 5/28, EUR 300 milljónir*	13.05.2028	Á lokadegi	Fastir 5,0%	45.184	-
LBANK 3.75 10/29, EUR 300 milljónir*	08.10.2029	Á lokadegi	Fastir 3,75%	43.382	-
Almenn forgangsbréf samtals				**227.555**	**220.203**
Almenn óveðtryggð lán				13.960	20.653
Almenn óveðtryggð lántaka samtals				**241.515**	**240.856**

Víkjandi forgangsbréf

Gjaldmiðill, útistandandi höfuðstóll	Loka-gjalddagi	Innköllunar-heimild	Vaxtakjör	31.12.2024	31.12.2023
LBANK 1.8 9/28, SEK 1.000 milljónir	13.09.2028	sep 2027	STIBOR + 1,8%	12.578	-
LBANK 1.83 9/28, NOK 250 milljónir	13.09.2028	sep 2027	NIBOR + 1,83%	3.062	-
Víkjandi forgangsbréf samtals				**15.640**	**0**
Lántaka samtals				**529.150**	**513.687**

* Samstæðan beitir áhættuvarnarreikningsskilum gagnvart þessari skuldabréfaútgáfu og notar í þeim tilgangi ákveðna vaxtaskiptasamninga í erlendri mynt sem áhættuvörn, sjá skýringu 22. Vaxtaskiptasamningarnir verja áhættu samstæðunnar gagnvart breytingum á gangvirði þessara fastvaxta skuldabréfa í evrum sem stafa af breytingum á vaxtastigi. Samstæðan beitir gangvirðisvörn í áhættuvarnarreikningsskilum gagnvart áhættuvarnarsambandinu.

Falla undir sjálfbæra fjármálaumgjörð bankans.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2024 og á samsvarandi tímabili árið 2023 hefur samstæðan verið í skilum með afborganir af höfuðstól og vöxtum og hefur einnig uppfyllt allar aðrar kvaðir er varðar lántöku bankans.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

32. Lántaka (framhald)

Breyting á skuldum vegna fjármögnunarhreyfinga

			Hreyfingar sem hafa ekki áhrif á greiðsluflæði			
	1.1.2024	Greiðslu-flæði	Áfallnir vextir	Gengis-munur	Gangvirðis-breyting	31.12.2024
Veðtryggð skuldabréf	219.826	(10.769)	12.136	-	-	221.193
Veðtryggð skuldabréf í áhættuvarnarsambandi	47.945	(2.169)	2.252	(1.924)	(105)	45.999
Önnur veðtryggð lántaka	5.060	(370)	(1)	114	-	4.803
Almenn forgangsbréf	173.532	(73.553)	(565)	(6.645)	-	92.769
Almenn forgangsbréf í áhættuvarnarsambandi	46.671	80.721	9.123	(4.813)	3.084	134.786
Almenn óveðtryggð lán	20.653	(8.888)	1.819	376	-	13.960
Víkjandi forgangsbréf	-	16.646	44	(1.050)	-	15.640
Víkjandi lán	20.176	16.592	3.221	-	-	39.989
Samtals	**533.863**	**18.210**	**28.029**	**(13.942)**	**2.979**	**569.139**

			Hreyfingar sem hafa ekki áhrif á greiðsluflæði			
	1.1.2023	Greiðslu-flæði	Áfallnir vextir	Gengis-munur	Gangvirðis-breyting	31.12.2023
Veðtryggð skuldabréf	223.214	(21.077)	17.689	-	-	219.826
Veðtryggð skuldabréf í áhættuvarnarsambandi	-	43.282	1.364	346	2.953	47.945
Önnur veðtryggð lántaka	-	5.689	(7)	(622)	-	5.060
Almenn forgangsbréf	190.252	(15.356)	2.102	(3.466)	-	173.532
Almenn forgangsbréf í áhættuvarnarsambandi	45.283	(4.839)	3.053	1.250	1.924	46.671
Almenn óveðtryggð lán	18.115	1.649	1.374	(485)	-	20.653
Víkjandi lán	21.753	(3.189)	2.379	(767)	-	20.176
Samtals	**498.617**	**6.159**	**27.954**	**(3.744)**	**4.877**	**533.863**

33. Skatteign og skattskuld

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.10.

	2024		2023	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Skattskuldir	-	15.420	-	14.509
Tekjuskattskuldbinding	-	177	-	138
Skattar í efnahagsreikningi	**0**	**15.597**	**0**	**14.647**

Bókfærð frestuð skatteign (skattskuld) tengist eftirfarandi liðum:

	2024			2023		
	Eignir	Skuldir	Nettó	Eignir	Skuldir	Nettó
Rekstrarfjármunir	-	(192)	(192)	-	(162)	(162)
Óefnislegar eignir	-	(120)	(120)	-	(141)	(141)
Gengistryggðar eignir og skuldir	-	(663)	(663)	-	(634)	(634)
Frestaður gengismunur	-	(36)	(36)	34	-	34
Aðrar eignir og skuldir	834	-	834	764	-	764
Yfirfæranlegt skattalegt tap	-	-	0	1	-	1
	834	**(1.011)**	**(177)**	**799**	**(937)**	**(138)**
Jöfnun skatteignar á móti skattskuld	(834)	834	0	(799)	799	0
Samtals skattskuld	**0**	**(177)**	**(177)**	**0**	**(138)**	**(138)**

Frestuð skatteign (skattskuld) er reiknuð út frá skattaprósentum og skattalögum sem voru í gildi í lok árs 2024, en þá var tekjuskattshlutfall lögaðila 21% (2023: 20%).

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

33. Skatteign og skattskuld (framhald)

Breytingar á tímabundnum mismun á árinu voru eftirfarandi:

	Staða 1.1.2024	Bókfært í rekstrar-reikningi Tekjur (gjöld)	Staða 31.12.2024	Staða 1.1.2023	Bókfært í rekstrar-reikningi Tekjur (gjöld)	Staða 31.12.2023
Rekstrarfjármunir	(162)	(30)	(192)	(95)	(67)	(162)
Óefnislegar eignir	(141)	21	(120)	(157)	16	(141)
Gengistryggðar eignir og skuldir	(634)	(29)	(663)	(487)	(147)	(634)
Frestaður gengismunur	34	(70)	(36)	(10)	44	34
Aðrar eignir og aðrar skuldir	764	70	834	748	16	764
Yfirfæranlegt skattalegt tap	1	(1)	0	1	-	1
Samtals	**(138)**	**(39)**	**(177)**	**0**	**(138)**	**(138)**

34. Aðrar skuldir

	Skýring	2024	2023
Óuppgerð verðbréfaviðskipti		3.433	6.723
Fjármagnstekjuskattur		10.540	8.884
Viðskiptaskuldir		1.936	1.939
Hlutdeild minnihluta - sjóðir		2.218	2.020
Leiguskuldbinding	39	2.017	2.056
Skuldbinding vegna dómsmála		55	159
Ýmsar skuldir		4.907	5.438
Samtals		**25.106**	**27.219**

Óuppgerð verðbréfaviðskipti voru gerð upp innan þriggja daga frá reikningsskiladegi.

35. Víkjandi lántaka

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.25.

Gjaldmiðill, útistandandi höfuðstóll	Loka-gjalddagi	Innköllunar-heimild	Vaxtakjör	2024	2023
LBANK T2I 29, ISK 1.700 milljónir	11.12.2029		Fastir 3,85%, Neysluverðsvísitala	2.275	7.053
LBANK T2I 33, ISK 12.000 milljónir	23.03.2033	mar 2028	Fastir 4,95%, Neysluverðsvísitala	13.749	13.123
LBANK T2I 35, ISK 12.000 milljónir	07.03.2035	mar 2030	Fastir 5,70%, Neysluverðsvísitala	13.092	-
LBANK T2 35, ISK 3.000 milljónir	07.03.2035	mar 2030	Fastir 9,60%	3.234	-
LBANK T2I 36, ISK 7.640 milljónir	19.06.2036	jún 2031	Fastir 5,06%, Neysluverðsvísitala	7.639	-
Samtals víkjandi lántaka				**39.989**	**20.176**

36. Eigið fé

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.26.

Hlutafé

Þann 31. desember 2024 námu útgefnir hlutir í bankanum í heild 24 milljörðum en útistandandi hlutir 23,6 milljörðum, að nafnvirði 1 króna á hlut. Eigin hlutir í árslok námu 385 milljónum, eða 1,61% af útgefnu hlutafé. Hverjum hlut fylgir eitt atkvæði á hluthafafundum. Greitt hefur verið fyrir alla hluti að fullu.

Aðalfundur Landsbankans, sem haldinn var 19. apríl 2024, endurnýjaði heimild bankans til kaupa á eigin bréfum sem næmu allt að 10% af nafnverði hlutafjár bankans og á verði sem ákvarðast af innra virði á hlutum hans samkvæmt síðasta birta árshlutareikningi eða ársreikningi samstæðu bankans áður en endurkaupin fara fram.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

36. Eigið fé (framhald)

Hlutafé (framhald)

Endurkaupaáætlun sem bankinn setti af stað gerir ráð fyrir því að endurkaup bankans nemi að hámarki 54 milljónum hluta á hverju endurkaupatímabili, eða sem nemur 0,23% af útgefnu hlutafé.

Þann 15. febrúar 2024 tilkynnti bankaráð Landsbankans um ákvörðun sína að nýta heimild til kaupa á eigin hlutum í bankanum á endurkaupatímabili sem náði frá 19. febrúar til og með 24. mars 2024. Heimildin er í samræmi við samþykkt aðalfundar bankans þann 23. mars 2023 og endurkaupaáætlun bankans. Á endurkaupatímabilinu keypti bankinn samtals 6.423.476 eigin hluti á genginu 12,8595, að kaupvirði 82,6 milljónir króna.

Yfirverð

Yfirverð er munurinn á greiðslum í krónum sem bankinn fékk við útgáfu á hlutafé og nafnverðs útgefinna hluta, að frádregnum beinum kostnaði við útgáfu nýrra hluta.

Lögbundinn varasjóður

Lögbundinn varasjóður er stofnaður í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 sem kveða á um að ráðstafa eigi hagnaði í lögbundinn varasjóð uns hann nemur fjórðungi af hlutafé í bankanum.

Óráðstafað eigið fé

Lög um ársreikninga nr. 3/2006 með áorðnum breytingum kveða m.a. á um að óráðstöfuðu eigin fé sé skipt í tvennt: bundið og óbundið óráðstafað eigið fé. Óbundið óráðstafað eigið fé samanstendur af óúthlutuðum hagnaði og tapi sem hefur safnast upp hjá samstæðunni frá því að bankinn var stofnaður, að frádregnum framlögum í lögbundinn varasjóð og bundnu óráðstöfuðu eigin fé. Bundið óráðstafað eigið fé skiptist í tvennt:

1. Bundið óráðstafað eigið fé vegna hlutdeildar í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélaga umfram móttekinn arð. Ef hlutdeild í afkomu dóttur- og/eða hlutdeildarfélaga er umfram móttekinn arð færir samstæðan mismuninn á bundinn reikning meðal eigin fjár. Bundni reikningurinn skal, eftir því sem við á, leystur upp með færslu á óbundið óráðstafað eigið fé ef eignarhluturinn er seldur eða hann afskrifaður.

2. Bundið óráðstafað eigið fé vegna gangvirðisbreytinga fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Samstæðan færir gangvirðisbreytingar vegna fjáreigna tilgreindra á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, af óbundnu óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eigin fjár. Fjárhæðir sem færðar hafa verið á bundna reikninginn eru færðar til baka á óráðstafað eigið fé við sölu fjáreignarinnar.

Arður

Aðalfundur Landsbankans, sem haldinn var 19. apríl 2024, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2023 sem næmi 0,70 krónum á hlut og að arðgreiðslan yrði tvískipt. Arðgreiðslurnar námu hvor um sig 0,35 krónum á hlut og var fyrri greiðslan innt af hendi þann 24. apríl 2024 og sú síðari þann 16. október 2024. Arðgreiðslurnar nema í heild 16.530 milljónum króna.

Arðgreiðslustefna

Samkvæmt núverandi arðgreiðslustefnu bankans er það markmið bankans að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárhlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans. Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

Takmarkanir á arðgreiðslum

Samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 má einungis úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta árs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Jafnframt kveða breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 frá því í júní 2016 á um að einungis sé heimilt að úthluta arði af óbundnum óráðstöfuðum hagnaði.

Þar að auki er Fjármálaeftirlitinu heimilt skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 að setja hlutfallslegar skorður við arðgreiðslur bankans ef eiginfjárhlutfall bankans fellur niður fyrir heildareiginfjárkröfu að meðtöldum eiginfjáraukum, sjá skýringu 47 Eiginfjárkröfur.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

Aðrar skýringar

37. Hagnaður á hlut

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.27.

Hagnaður ársins	2024	2023
Hagnaður ársins sem tilheyrir hluthöfum bankans	37.508	33.167
Veginn meðalfjöldi hluta		
Veginn meðalfjöldi útgefinna hluta	24.000	24.000
Veginn meðalfjöldi eigin hluta	(384)	(379)
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta	**23.616**	**23.621**
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (krónur)	**1,59**	**1,40**

Þynning á hlut, hvort sem um er að ræða hagnað eða tap á hlut, er reiknuð með því að leiðrétta veginn meðalfjölda almennra hluta fyrir umbreytingu allra mögulegra þynnanlegra almennra hluta.

Grunnhagnaður/-tap og þynntur hagnaður/tap á hlut er sá sami þar sem bankinn hefur ekki gefið út valréttarsamninga, tryggða kauprétti, breytanleg skuldabréf eða aðra mögulega gerninga sem þynna hagnað/tap á hlut.

38. Málaferli

Mikilvæg dómsmál gegn Landsbankanum og dótturfélögum

Öðru hverju koma upp málaferli gegn bankanum og dótturfélögum hans sem tengjast venjubundnum viðskiptum og starfsháttum bankans eða samstæðunnar, eftir því sem við á. Sum þessara mála eru mikilvæg í þeim skilningi að stjórnendur telja að þau geti haft veruleg áhrif á þær fjárhæðir sem birtar eru í reikningsskilum samstæðunnar og séu ekki sambærileg öðrum málum sem þegar hefur verið leyst úr.

Í ágúst 2021 höfðaði fyrrverandi eigandi greiðslukortafyrirtækis mál gegn bankanum ásamt tilteknum öðrum fyrirtækjum á fjármálamarkaði og krafðist greiðslu skaðabóta að fjárhæð um 923 m.kr. að viðbættum vöxtum vegna meintra brota þeirra á samkeppnisreglum í tengslum við ákvörðun á milligjöldum fyrir greiðslukort. Þetta er sjötta málið sem hefur verið höfðað í þessu skyni, en fyrri málum hefur öllum verið vísað frá dómi. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 2022 var málinu vísað frá dómi vegna ágalla í málatilbúnaði. Með úrskurði Landsréttar 10. janúar 2023 var úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi að hluta og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Óljóst er hvenær endanleg niðurstaða muni liggja fyrir og hvort hún muni hafa í för með sér fjárhagsleg áhrif á bankann. Verði kröfur stefnanda viðurkenndar með endanlegum dómi má gera ráð fyrir að mögulegri greiðsluskyldu verði skipt á milli stefndu.

Í desember 2021 höfðuðu tveir einstaklingar mál gegn bankanum og kröfðust þess að vaxtaákvæði í tveimur skuldabréfum sem þeir gáfu út árið 2006 verði dæmt ólögmætt og ógilt þar sem ákvæðið tilgreini ekki við hvaða aðstæður vextir breytist, eins og þágildandi neytendalánalög nr. 121/1994 hafi gert kröfu um. Vaxtaákvæði þetta var notað í neytendalánum bankans u.þ.b. fram til ársins 2013. Stefnendur krefjast þess aðallega að vextir verði endurreiknaðir í samræmi við 4. gr. vaxtalaga og að bankinn endurgreiði stefnendum um 3,5 m.kr. ásamt dráttarvöxtum. Þann 7. febrúar 2023 kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm þar sem fallist var á þrautavarakröfur stefnenda um endurgreiðslur miðað við upphaflega samningsvexti að teknu tilliti til fyrningar, samtals um 230 þús.kr. auk dráttarvaxta. Málinu hefur verið áfrýjað til Landsréttar þar sem bankinn krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda. Aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti var 17. janúar 2025. Dóms er að vænta í febrúar 2025. Verði niðurstaða héraðsdóms staðfest með endanlegum dómi er það mat bankans að hámarkstap hans vegna þeirrar niðurstöðu verði um 55 m.kr. að því er varðar lánasafn bankans með sama vaxtaákvæði. Bankinn hefur fært sömu fjárhæð í varúðarfærslu vegna þessa lánasafns.

Í desember 2022 höfðaði einstaklingur mál gegn bankanum sem er sambærilegt framangreindu máli. Þann 23. febrúar 2023 skilaði bankinn greinargerð sinni í málinu þar sem krafist var sýknu af öllum kröfum stefnanda. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóm þann 12. nóvember 2024 þar sem fallist var á kröfu stefnanda um endurgreiðslu miðað við upphaflega samningsvexti að teknu tilliti til fyrningar, samtals um 25 þús.kr. auk dráttarvaxta. Landsbankinn hefur óskað eftir leyfi til að áfrýja málinu til Landsréttar.

Í desember 2021 höfðuðu tveir einstaklingar mál gegn bankanum og kröfðust þess að vaxtaákvæði í veðskuldabréfi sem þeir gáfu út árið 2019 verði dæmt ólögmætt og ógilt þar sem ákvæðið greini ekki frá skilyrðum og málsmeðferð við breytingu á vöxtum, eins og ákvæði laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda geri kröfu um. Vaxtaákvæði þetta hefur verið notað í neytendalánum og fasteignalánum bankans u.þ.b. frá árinu 2013. Stefnendur krefjast þess að vextir verði endurreiknaðir í samræmi við 4. gr. vaxtalaga og að bankinn endurgreiði stefnendum um 83 þús.kr. ásamt dráttarvöxtum. Bankinn skilaði greinargerð sinni í málinu í febrúar 2022 þar sem krafist var sýknu af öllum kröfum stefnenda. Þann 4. nóvember 2022 leitaði Héraðsdómur Reykjavíkur ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins á því hvort vaxtaákvæðið sé andstætt fasteignalánatilskipuninni 2014/17/ESB og neytendalánatilskipuninni 2008/48/EB.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

38. Málaferli (framhald)

Mikilvæg dómsmál gegn Landsbankanum og dótturfélögum (framhald)

Þann 23. maí 2024 kvað EFTA-dómstóllinn upp dóm í málinu, sem sameinað hafði verið sambærilegu máli gegn Íslandsbanka. Í dómnum var veitt ráðgefandi álit á túlkun á fasteignalánatilskipuninni og tilskipun 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum. Dómurinn í sameinuðum málum E-13/22 og E-1/23 er birtur á vef dómstólsins, https://eftacourt.int. Í ráðgefandi álitinu er m.a. komist að þeirri niðurstöðu að það sé landsdómstóla, þ.e. íslenskra dómstóla, að skera úr um hvort skilmálar samnings um fasteignalán með breytilegum vöxtum uppfylli kröfur tilskipunar 93/13/EBE um góða trú, jafnvægi og gagnsæi, hvort skilmálar verði að teljast óréttmætir skv. tilskipuninni og hvaða afleiðingar það hafi ef skilmálar eru taldir óréttmætir. Málsmeðferð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur heldur nú áfram. Gert er ráð fyrir að aðalmeðferð í málinu verði 21. febrúar 2025 og að dómur verði kveðinn upp í mars 2025. Bráðabirgðamat bankans á mögulegum áhrifum neikvæðrar, endanlegrar dómsniðurstöðu á lánasafn bankans með þessu vaxtaákvæði er að fjárhagslegt tap bankans, að teknu tilliti til mismunandi sviðsmynda, gæti numið um 20,6 ma.kr. Um er að ræða bráðabirgðamat miðað við núverandi vaxtaumhverfi. Bráðabirgðamatið nær ekki til mats á áhrifum á fastvaxtaáhættu bankans ef endanleg dómsniðurstaða verður sú að miða skuli við upphaflega samningsvexti út lánstíma viðkomandi lána. Slík niðurstaða myndi auka fastvaxtaáhættu bankans verulega og gæti haft veruleg neikvæð fjárhagsleg áhrif á bankann við hækkandi vaxtastig á mörkuðum. Bankinn hefur ekki fært varúðarfærslu vegna málsins.

Málaferli vegna sölu Landsbankans á eignarhlut í Borgun hf.

Í janúar 2017 höfðaði Landsbankinn mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn BPS ehf., Eignarhaldsfélaginu Borgun slf., Borgun hf., nú Teya Iceland hf. (félagið), og þáverandi forstjóra félagsins. Bankinn telur að við sölu á 31,2% hlut bankans í félaginu árið 2014 hafi stefndu búið yfir upplýsingum um hlut félagsins í Visa Europe Ltd. sem þeir létu bankanum ekki í té. Í málinu krefst bankinn viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefndu vegna tjóns sem bankinn varð fyrir af þessum sökum. Með dómi héraðsdóms 27. apríl 2023 voru stefndu sýknaðir af kröfum bankans. Bankinn áfrýjaði málinu til Landsréttar. Aðalmeðferð var 23. janúar 2025. Dóms er að vænta í febrúar 2025.

39. Leigusamningar

a) Samstæðan sem leigutaki

Samstæðan hefur tekið á leigu húsnæði undir miðlæga starfsemi, útibú og hraðbanka. Leigusamningarnir hafa mismunandi líftíma þó flestir séu til 1-5 ára með framlengingarákvæðum. Sjá nánar í töflu hér að neðan.

Eignir með nýtingarrétti	Fjöldi eigna	Eftirstöðva-tími	Meðal-líftími	Fjöldi með framlenging-ar ákvæði	Fjöldi verð-tryggðra	Fjöldi með uppsagnar-ákvæði
Fasteignir og lóðaleiga	27	1-20 ár	5 ár	22	27	17
Aðstaða fyrir hraðbanka	19	1-3 ár	1 ár	15	13	15

Leigueignir

Nýtingarréttur eigna

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á stöðu nýtingarréttar eigna sem birtur er undir Aðrar eignir í árslok 2024 og 2023.

	31.12.2024			31.12.2023		
	Fasteignir	Aðstaða fyrir hraðbanka	Samtals	Fasteignir	Aðstaða fyrir hraðbanka	Samtals
Byrjunarstaða	1.886	12	1.898	1.904	17	1.921
Nýir leigusamningar	17	7	24	251	3	254
Breytingar	230	13	243	72	3	75
Verðtrygging	93	1	94	149	1	150
Afskrift	(378)	(18)	(396)	(490)	(12)	(502)
Samtals	**1.848**	**15**	**1.863**	**1.886**	**12**	**1.898**

Leiguskuldbindingar

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á stöðu leiguskuldbindinga sem birtar eru í efnahagsreikningnum undir Aðrar skuldir í árslok 2024 og 2023.

	31.12.2024			31.12.2023		
	Fasteignir	Aðstaða fyrir hraðbanka	Samtals	Fasteignir	Aðstaða fyrir hraðbanka	Samtals
Byrjunarstaða	2.043	13	2.056	2.070	19	2.089
Nýir leigusamningar	17	7	24	252	3	255
Breytingar	233	11	244	71	3	74
Verðtrygging	93	1	94	149	1	150
Vaxtagjöld	60	1	61	52	-	52
Leigugreiðslur	(443)	(19)	(462)	(551)	(13)	(564)
Samtals	**2.003**	**14**	**2.017**	**2.043**	**13**	**2.056**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

39. Leigusamningar (framhald)

a) Samstæðan sem leigutaki (framhald)

Leiguskuldbindingar (framhald)

Taflan hér að neðan sýnir ónúvirt vænt samningsbundið greiðsluflæði leiguskuldbindinga á næstu árum frá og með árslokum 2024 og 2023.

	Gjalddagi		
31. desember 2024	**< 1 ár**	**1 - 5 ár**	**> 5 ár**
Leiguskuldbindingar	454	1.238	1.059

	Gjalddagi		
31. desember 2023	**< 1 ár**	**1 - 5 ár**	**> 5 ár**
Leiguskuldbindingar	445	1.108	827

Leigukostnaður

Eftirfarandi tafla sýnir samantekinn gjaldfærðan kostnað vegna leigusamninga, þ.m.t. skammtímaleigusamninga og leigusamninga um eignir með lágt virði.

	2024	2023
Vaxtagjöld á leiguskuldbindingar	61	53
Kostnaður vegna eigna sem falla ekki undir IFRS 16	4	20

40. Fjárvarsla

Samstæðan býður upp á þjónustu á sviði fjárvörslu, eignastýringar, fjárfestingastýringar og ráðgjafar. Í því felst að samstæðan tekur ákvarðanir um ráðstöfun, kaup og sölu ýmissa fjármálagerninga. Eignir í vörslu bankans, ásamt tekjum af þeim, eru ekki taldar fram í reikningsskilunum þar sem þeim er haldið í vörslu fyrir hönd viðskiptavina, stofnana og lífeyrissjóða en eru ekki eign samstæðunnar. Hluti þessarar þjónustu felur í sér að samstæðan tekur þátt í að samþykkja markmið og viðmið fyrir fjárfestingu eigna sem eru í hennar vörslu. Þann 31. desember 2024 námu heildareignir í stýringu 789 milljörðum króna (2023: 645 milljörðum króna). Heildareignir í vörslu bankans 31. desember 2024 námu 1.722 milljörðum króna (2023: 1.693 milljörðum króna).

41. Hlutdeild í dótturfélögum

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.1 (a).

Upplýsingar um helstu dótturfélög sem voru beint eða óbeint í eigu samstæðunnar þann 31. desember 2024 má finna í töflunni hér fyrir neðan, þ.m.t. þau dótturfélög sem eru einna veigamest í starfsemi samstæðunnar.

Helstu dótturfélög 31. desember 2024

Fyrirtæki	Eignarhald	Starfsemi
Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Landsbréf hf. (Ísland)	100%	Rekstrarfélag verðbréfasjóða
Hömlur ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag
Hömlur fyrirtæki ehf. (Ísland)	100%	Eignarhaldsfélag

Ekki hvíla á samstæðunni neinar hömlur sem takmarka aðgang að eða notkun á eignum og til að gera upp skuldir aðrar en þær sem eftirlitsaðilar kveða á um. Samstæðan átti ekki neina verulega hlutdeild í minnihluta þann 31. desember 2024.

42. Sérsniðin félög innan samstæðunnar

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.2.

Mat á yfirráðum yfir fjárfestingu ræður því hvort taka skuli sérsniðin félög inn í samstæðureikninginn. Þær fjárfestingar sem samstæðan hefur yfirráð yfir eru færðar undir eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:

Eignir	2024	2023
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	2.501	2.210
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	966	533

Skuldir	2024	2023
Aðrar skuldir	2	25
Hlutdeild minnihluta	2.218	2.020

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

42. Sérsniðin félög innan samstæðunnar (framhald)

Bankinn á meirihluta hlutdeildarskírteina í sjóðum sem reknir eru af Landsbréfum. Sjóðirnir eru færðir í samstæðureikning bankans eins og dótturfélög, þó með þeirri undantekningu að eignarhlutur minnihluta er færður meðal annarra skulda en ekki sem eigið fé í efnahagsreikningnum. Ástæðan fyrir þessu er sú að hlutdeildarskírteinishafar geta krafist innlausnar á eignarhlut sínum og því uppfylla hlutdeildarskírteinin ekki öll skilyrði þess að teljast eigið fé.

43. Sérsniðin félög utan samstæðunnar

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.2.

Í þeim tilfellum sem samstæðan gegnir hlutverki umboðsaðila fyrir fjárfesta eru fjárfestingarsjóðir umbjóðandans ekki teknir inn í samstæðureikninginn. Í þeim tilfellum þar sem samstæðan hefur fjárfest í fjárfestingarsjóðum utan samstæðureiknings eru sjóðirnir skilgreindir sem fjárfestingar sem tilgreindar eru á gangvirði í rekstrarreikning. Gangvirði slíkra fjárfestinga sýnir hámarksáhættu samstæðunnar gagnvart tapi af fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum utan samstæðunnar.

			Heildareignir	
Tegund sérsniðins félags	**Eðli og tilgangur**	**Hlutdeild samstæðunnar**	**2024**	**2023**
Fjárfestingarsjóðir	Að afla þóknanatekna af eignastýringu fyrir hönd fjárfesta sem þriðja aðila	Fjárfesting í hlutdeildar-skírteinum útgefnum af sjóðnum	81.607	63.502
	Fjármögnun með útgáfu hlutdeildar-skírteina til fjárfesta	Umsýsluþóknanir		

Í töflunni hér að neðan er greining á bókfærðu virði eignar samstæðunnar í sérsniðnum félögum utan samstæðunnar. Hámarks tapsáhætta er bókfært verð eignanna.

	Bókfært virði	
Fjárfestingarverðbréf	**2024**	**2023**
Fjárfestingarsjóðir	2.877	2.923
Samtals	**2.877**	**2.923**

44. Ábyrgðir / Stöður utan efnahagsreiknings innan samstæðunnar

Í árslok var útlánaáhætta utan efnahagsreiknings innan samstæðunnar eftirfarandi:

	Bókfært virði	
Stöður utan efnahagsreiknings 31.12.	**2024**	**2023**
Fjárhagslegar ábyrgðir	-	-
Óádregnar yfirdráttar- og greiðslukortaheimildir	68	3
Samtals	**68**	**3**

45. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar

Ríkissjóður Íslands, fyrir hönd íslenska ríkisins, á 98,2% hlut í bankanum í árslok 2024. Þær stofnanir og fyrirtæki sem tengjast ríkinu og flokkast sem tengdir aðilar eru: Fjármálaráðuneytið, Bankasýsla ríkisins og fyrirtæki og stofnanir sem tengjast þeim.

Viðskipti á milli bankans og dótturfélaga hans falla undir skilgreiningu um viðskipti á milli tengdra aðila. Öll viðskipti við dótturfélög eru jöfnuð út í samstæðureikningsskilunum og koma þar af leiðandi ekki fram í samstæðureikningnum. Yfirlit yfir helstu dótturfélög má finna í skýringu 41 Hlutdeild í dótturfélögum.

Lykilstjórnendur bankans og þeir sem tengjast þeim nánum fjölskyldutengslum falla undir skilgreininguna á tengdum aðilum og í sumum tilfellum lykilstjórnendur dótturfélaga bankans. Lykilstjórnendur bankans eru: bankaráð, bankastjóri, framkvæmdastjórar og aðrir stjórnendur sem hafa völd og ábyrgð til þess að skipuleggja, stjórna og hafa eftirlit með rekstri bankans. Fjármálaráðherra og stjórn Bankasýslu ríkisins falla undir skilgreininguna tengdir aðilar bankans vegna valdsviðs þeirra til þess að hafa áhrif á stefnu bankans.

Viðskipti við íslenska ríkið og ríkistengd fyrirtæki

Vörur og þjónusta samstæðunnar eru boðnar íslenska ríkinu og ríkistengdum fyrirtækjum í samkeppni við aðra og í samræmi við almenna viðurkennda viðskiptaskilmála. Með sama hætti kaupa bankinn og önnur fyrirtæki samstæðunnar vörur og þjónustu frá ríkistengdum fyrirtækjum á markaðsverði og í samræmi við almenna viðurkennda viðskiptaskilmála. Tegund og fjárhæð útistandandi krafna á opinbera aðila koma fram í skýringu 53 undir Opinberir aðilar.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

45. Viðskipti við tengda aðila (framhald)

Viðskipti við aðra tengda aðila

Í eftirfarandi töflu koma fram heildarfjárhæðir útlána til lykilstjórnenda, aðila þeim tengdum og útlán til hlutdeildarfélaga og annarra tengdra aðila:

	2024		2023	
Útlán í milljónum króna	**Bókfært brúttó virði**	**Hæsta staða á árinu**	**Bókfært brúttó virði**	**Hæsta staða á árinu**
Lykilstjórnendur	458	628	556	636
Aðilar tengdir lykilstjórnendum	77	283	256	282
Hlutdeildarfélög	181	296	184	947
Annað	272	323	288	825
Samtals	**988**	**1.530**	**1.284**	**2.690**

Engar nýjar fjárhagslegar ábyrgðir til tengdra aðila voru veittar á árinu. Bankinn gerði enga leigusamninga við tengda aðila á árinu.

Í eftirfarandi töflu koma fram heildarfjárhæðir innlána frá lykilstjórnendum, aðilum þeim tengdum og innlán frá hlutdeildarfélögum:

	2024		2023	
Innlán í milljónum króna	**Bókfært virði**	**Hæsta staða á árinu**	**Bókfært virði**	**Hæsta staða á árinu**
Lykilstjórnendur	141	322	82	191
Aðilar tengdir lykilstjórnendum	88	265	134	279
Hlutdeildarfélög	236	1.560	483	1.279
Annað	19	97	14	126
Samtals	**484**	**2.244**	**713**	**1.875**

Í eftirfarandi töflu koma fram heildarfjárhæðir ábyrgða til lykilstjórnenda, aðila þeim tengdum og ábyrgðir til hlutdeildarfélaga:

	2024	2023
Ábyrgðir í milljónum króna	**Bókfært virði brúttó**	**Bókfært virði brúttó**
Lykilstjórnendur	-	-
Aðilar tengdir lykilstjórnendum	-	-
Hlutdeildarfélög	-	-
Annað	552	539
Samtals	**552**	**539**

Í eftirfarandi töflu kemur fram fjöldi hluta í bankanum í eigu lykilstjórnenda, aðila þeim tengdum og hlutdeildarfélaga:

Fjöldi hluta í milljónum króna	**2024**	**2023**
Lykilstjórnendur	2	2
Aðilar tengdir lykilstjórnendum	-	-
Hlutdeildarfélög	-	-
Samtals	**2**	**2**

Öll framangreind viðskipti fóru fram eins og venjubundin viðskipti. Um þau giltu sömu skilmálar, þ.m.t. um vexti og tryggingar, eins og um sambærileg viðskipti við þriðja aðila.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

45. Viðskipti við tengda aðila (framhald)

Viðskipti við aðra tengda aðila (framhald)

Áhrif á rekstrarreikninginn

Í eftirfarandi töflu koma fram heildarfjárhæðir vaxtatekna og vaxtagjalda sem færðar voru í rekstrarreikninginn í tengslum við lykilstjórnendur, aðila þeim tengdum og hlutdeildarfélög:

	2024		2023	
Vaxtatekjur og vaxtagjöld	**Vaxtatekjur**	**Vaxtagjöld**	**Vaxtatekjur**	**Vaxtagjöld**
Lykilstjórnendur	20	10	30	6
Aðilar tengdir lykilstjórnendum	6	5	12	7
Hlutdeildarfélög	24	11	25	8
Annað	7	23	2	16
Samtals	**57**	**49**	**69**	**37**

Í eftirfarandi töflu koma fram heildarfjárhæðir annarra tekna og gjalda sem skráðar voru í tengslum við lykilstjórnendur, aðila þeim tengdum og hlutdeildarfélög:

	2024		2023	
Aðrar tekjur og önnur gjöld	**Aðrar tekjur**	**Önnur gjöld**	**Aðrar tekjur**	**Önnur gjöld**
Hlutdeildarfélög	-	1.745	-	1.715
Samtals	**0**	**1.745**	**0**	**1.715**

Öll framangreind viðskipti fóru fram eins og venjubundin viðskipti. Um þau giltu sömu skilmálar, þ.m.t. um vexti og tryggingar, eins og um sambærileg viðskipti við þriðja aðila.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

45. Viðskipti við tengda aðila (framhald)

Viðskipti við aðra tengda aðila (framhald)

Í eftirfarandi töflu koma fram starfsgreiðslur til bankaráðsmanna, bankastjóra og framkvæmdastjóra bankans árið 2024:

Laun og hlunnindi fyrir árið 2024 í milljónum króna	Laun og hlunnindi*	Mótframlag í lífeyris-sjóð**	Samtals
Bankaráð	**79,3**	**10,4**	**89,7**
Jón Þorvarður Sigurgeirsson, formaður bankaráðs	10,3	1,4	11,7
Eva Halldórsdóttir, varaformaður bankaráðs	7,6	1,0	8,6
Kristján Þórarinn Davíðsson, í bankaráði	6,5	0,9	7,4
Rebekka Jóelsdóttir, í bankaráði	6,5	0,9	7,4
Steinunn Guðbj. Þorsteinsdóttir, í bankaráði	7,0	0,9	7,9
Þór Hauksson, í bankaráði	6,5	0,9	7,4
Örn Guðmundsson, í bankaráði	7,0	0,9	7,9
Sigurður Jón Björnsson, varamaður í bankaráði	1,5	0,2	1,7
Stefanía Guðrún Halldórsdóttir, varamaður í bankaráði	0,5	0,1	0,6
Helga Björk Eiríksdóttir, fyrrverandi formaður bankaráðs	6,2	0,6	6,8
Berglind Svavarsdóttir, fyrrverandi varaformaður bankaráðs	3,5	0,5	4,0
Elín H. Jónsdóttir, fyrrverandi bankaráðsmaður	3,5	0,5	4,0
Guðbrandur Sigurðsson, fyrrverandi bankaráðsmaður	3,2	0,4	3,6
Guðrún Blöndal, fyrrverandi bankaráðsmaður	3,0	0,4	3,4
Helgi Friðjón Arnarson, fyrrverandi bankaráðsmaður	3,2	0,4	3,6
Þorvaldur Jacobsen, fyrrverandi bankaráðsmaður	3,0	0,4	3,4
Sigríður Olgeirsdóttir, fyrrverandi varamaður í bankaráði	0,3	-	0,3
Bankastjóri	**58,4**	**11,1**	**69,5**
Lilja Björk Einarsdóttir	58,4	11,1	69,5
Framkvæmdastjórn og aðrir lykilstarfsmenn	**352,6**	**65,8**	**418,4**
Arinbjörn Ólafsson, Framkvæmdastjóri Upplýsingatækni	43,3	8,4	51,7
Árni Þór Þorbjörnsson, Framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs	43,3	8,0	51,3
Bergsteinn Ólafur Einarsson, Framkvæmdastjóri Áhættustýringar	39,1	7,7	46,8
Eyrún Anna Einarsdóttir, Framkvæmdastjóri Eignastýringar og miðlunar	39,1	7,5	46,6
Helgi Teitur Helgason, Framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs	43,3	8,4	51,7
Hreiðar Bjarnason, Framkvæmdastjóri Fjármála	44,4	8,4	52,8
Sara Pálsdóttir, Framkvæmdastjóri Samskipta og menningar	39,1	7,2	46,3
Tveir aðrir lykilstarfsmenn	61,0	10,2	71,2
Samtals	**490,3**	**87,3**	**577,6**

*Hlunnindi eru óþeningaleg hlunnindi eins og afnot bifreiða í eigu samstæðunnar.

**Felur bæði í sér framlag í séreignarsjóði og lögbundið mótframlag í sameignarsjóði hjá sjálfstæðum iðgjaldatengdum lífeyrissjóðum.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

45. Viðskipti við tengda aðila (framhald)

Viðskipti við aðra tengda aðila (framhald)

Í eftirfarandi töflu koma fram greiðslur til bankaráðsmanna, bankastjóra og framkvæmdastjóra bankans árið 2023:

Laun og hlunnindi fyrir árið 2023 í milljónum króna	Laun og hlunnindi*	Mótframlag í lífeyris-sjóð**	Samtals
Bankaráð	**76,2**	**9,7**	**85,9**
Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs	18,0	1,9	19,9
Berglind Svavarsdóttir, varaformaður bankaráðs	10,3	1,4	11,7
Elín H. Jónsdóttir, í bankaráði	8,9	1,2	10,1
Guðbrandur Sigurðsson, í bankaráði	9,6	1,3	10,9
Guðrún Blöndal, í bankaráði	8,9	1,2	10,1
Helgi Friðjón Arnarson, í bankaráði	9,6	1,3	10,9
Þorvaldur Jacobsen, í bankaráði	8,9	1,2	10,1
Sigríður Olgeirsdóttir, varamaður í bankaráði	1,0	0,1	1,1
Sigurður Jón Björnsson, varamaður í bankaráði	1,0	0,1	1,1
Bankastjóri	**55,6**	**10,4**	**66,0**
Lilja Björk Einarsdóttir	55,6	10,4	66,0
Framkvæmdastjórn og aðrir lykilstarfsmenn	**353,4**	**66,4**	**419,8**
Arinbjörn Ólafsson, Framkvæmdastjóri Upplýsingatækni	40,6	7,9	48,5
Árni Þór Þorbjörnsson, Framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs	40,6	7,6	48,2
Bergsteinn Ólafur Einarsson, Framkvæmdastjóri Áhættustýringar	36,1	7,1	43,2
Eyrún Anna Einarsdóttir, Framkvæmdastjóri Eignastýringar og miðlunar	36,1	6,8	42,9
Helgi Teitur Helgason, Framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs	40,6	7,8	48,4
Hreiðar Bjarnason, Framkvæmdastjóri Fjármála og reksturs	47,3	9,0	56,3
Sara Pálsdóttir, Framkvæmdastjóri Samskipta og menningar	36,1	6,9	43,0
Tveir aðrir lykilstarfsmenn og einn fyrrverandi lykilstarfsmaður***	76,0	13,3	89,3
Samtals	**485,2**	**86,5**	**571,7**

*Hlunnindi eru óþeningaleg hlunnindi eins og afnot bifreiða í eigu samstæðunnar.

**Felur bæði í sér framlag í séreignarsjóði og lögbundið mótframlag í sameignarsjóði hjá sjálfstæðum iðgjaldatengdum lífeyrissjóðum.

***Einn lykilstarfsmaður lét af störfum á árinu 2023. Allur kostnaður vegna starfslokanna hefur verið færður til gjalda í rekstrarreikningi.

Viðskipti við fjármálaráðherra og stjórn Bankasýslu ríkisins

Fjármálaráðherra og stjórn Bankasýslu ríkisins fengu engin laun eða hliðstæðar greiðslur frá samstæðunni á árinu 2024. Samstæðan átti ekki í viðskiptum við þessa aðila eða aðila þeim nátengdum fjölskylduböndum önnur en hefðbundin bankaviðskipti. Um þau giltu sömu skilmálar, þ.m.t. um vexti og tryggingar, eins og um sambærileg viðskipti við þriðja aðila.

46. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir sem gefa tilefni til leiðréttinga eða frekari upplýsingagjafar í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2024 hafa komið upp eftir reikningsskiladag þessa samstæðuársreiknings.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

Eiginfjárstýring

47. Eiginfjárkröfur

Stefnumörkun og ferlum samstæðunnar í tengslum við eiginfjárstýringu er ætlað að tryggja að samstæðan hafi nægt eigið fé til að mæta áhættum í starfsemi sinni á samstæðugrunni. Eiginfjárstýringarferli samstæðunnar samanstendur af fjórum tengdum þáttum: mati á eiginfjárþörf, áhættuvilja/eiginfjármarkmiðum, áætlanagerð um eiginfjárþörf og skýrslugjöf/eftirliti. Samstæðan fer reglulega yfir og metur áhættusnið helstu starfsþátta á samstæðugrunni, sem og helstu áhættuflokka. Áhættuvilji bankans lýsir þeirri áhættu sem samstæðan er reiðubúin til að taka til að ná viðskiptalegum markmiðum sínum.

Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sem innleiða tilskipun 2013/36/ESB (CRD), og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR), sem hefur verið veitt lagagildi hér á landi ásamt síðari breytingum, kveða á um lagalegar kröfur til eiginfjár samstæðunnar. Lágmarkskrafa um eiginfjárhlutfall undir stoð I er 8% af áhættugrunni fyrir útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Bankinn metur árlega eiginfjárþörf sína út frá innra matsferli fyrir eiginfjárþörf (e. ICAAP) undir stoð II-R. Niðurstöður ICAAP eru yfirfarnar af Fjármálaeftirlitinu í sérstöku könnunar- og matsferli (e. SREP). Fjármálaeftirlitið ákvarðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn samstæðunnar sem samtölu eiginfjárkröfu undir stoð I og stoð II-R.

Til viðbótar við lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn ber bankanum lögum samkvæmt að viðhalda tilteknum eiginfjáraukum sem ákvarðaðir eru af Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands. Fjármálastöðugleikanefndin hefur skilgreint bankann sem kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á Íslandi.

Nýjustu eiginfjárkröfur til samstæðunnar eru sem hér segir (sem hlutfall af áhættugrunni):

	31.12.2024			31.12.2023		
	CET1	Tier 1	Alls	CET1	Tier 1	Alls
Stoð I	4,5%	6,0%	8,0%	4,5%	6,0%	8,0%
Stoð II-R	1,4%	1,9%	2,5%	1,6%	2,1%	2,8%
Lágmarkskrafa undir stoð I og stoð II-R	**5,9%**	**7,9%**	**10,5%**	**6,1%**	**8,1%**	**10,8%**
Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu (SRB)	1,9%	1,9%	1,9%	2,9%	2,9%	2,9%
Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki (O-SII)	3,0%	3,0%	3,0%	2,0%	2,0%	2,0%
Sveiflujöfnunarauki (CCyB)	2,5%	2,5%	2,5%	2,0%	2,0%	2,0%
Verndunarauki (CCB)	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%
Samanlögð krafa um eiginfjárauka	**9,9%**	**9,9%**	**9,9%**	**9,4%**	**9,4%**	**9,4%**
Heildarkrafa um eiginfjárgrunn	**15,8%**	**17,8%**	**20,4%**	**15,5%**	**17,5%**	**20,2%**

Þann 3. desember 2024 ákvað Fjármálastöðugleikanefnd að lækka gildi eiginfjárauka fyrir kerfisáhættu (SRB) á innlendar áhættuskuldbindingar úr 3,0% í 2,0%. Á sama tíma ákvað Fjármálastöðugleikanefnd að hækka gildi eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki (O-SII) úr 2,0% í 3,0%.

Markmið bankans er að viðhalda eiginfjárhlutföllum sem eru á hverjum tíma vel yfir eiginfjárkröfum FME. Eiginfjármarkmið bankans fela í sér stjórnendaauka, sem er umfram eiginfjárkröfu FME og er skilgreindur í áhættuvilja bankans. Markmið bankans er einnig að vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárhlutfall, eins og það er ákvarðað og metið af viðeigandi lánshæfismatsfyrirtækjum.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

48. Eiginfjárgrunnur, áhættugrunnur og eiginfjárhlutföll

Eftirfarandi tafla sýnir eiginfjárgrunn, áhættugrunn og eiginfjárhlutföll samstæðunnar. Útreikningarnir eru í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, um varfærniskröfur vegna starfsemi lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, eins og hún hefur verið uppfærð og innleidd í lög og reglugerðir á Íslandi.

Í samræmi við reglugerð ESB nr. 575/2013 hefur Fjármálaeftirlitið veitt samstæðunni heimild til að telja hagnað samkvæmt könnuðum árshlutauppgjörum og ósamþykktum ársuppgjörum til eiginfjárgrunns, að frádregnum fyrirsjáanlegum gjöldum og arðgreiðslum. Heimildin er m.a. háð þeim skilyrðum að árshlutauppgjör bankans sé kannað af endurskoðendum bankans eða að ósamþykkt ársuppgjör bankans sé endurskoðað af endurskoðendum bankans.

Í samræmi við fyrrgreind lög og reglugerðir hefur Fjármálaeftirlitið veitt samstæðunni leyfi til að beita umbreytingarfyrirkomulagi vegna IFRS 9. Bankinn beitir virkri nálgun hvað varðar umbreytingarfyrirkomulag vegna IFRS 9, þar sem umbreytingarfjárhæðin ákvarðast af reglubundnum endurútreikningi fjárhæðarinnar yfir umbreytingartímann og endurspeglar þannig þróun vænts útlánataps samstæðunnar á umbreytingartímanum.

Samstæðan beitir staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á áhættuvegnum eignum vegna útlánaáhættu og markaðsáhættu en grundvallaraðferð (e. basic indicator approach) vegna rekstraráhættu.

Eiginfjárgrunnur	**2024**	**2023**
Hlutafé	23.615	23.621
Yfirverðsreikningur hlutafjár	120.516	120.593
Varasjóðir	13.213	11.432
Óráðstafað eigið fé	167.305	148.108
Eigið fé sem tilheyrir hluthöfum bankans	**324.649**	**303.754**
Óefnislegar eignir	(3)	(7)
Fyrirsjáanleg arðsúthlutun*	(18.754)	(16.584)
Afleiður vegna gangvirðisvarna	(4.348)	(4.669)
Breyting vegna umbreytingarfyrirkomulags um IFRS 9	-	595
Ónæg vanefndaþekja	(568)	(1.291)
Almennt eigið fé þáttar 1	**300.976**	**281.798**
Hlutdeild minnihluta	-	-
Eigið fé þáttar 1	**300.976**	**281.798**
Víkjandi lántaka	39.989	20.176
Lögbundnar niðurfærslur	(26)	-
Eigið fé þáttar 2	**39.963**	**20.176**
Eiginfjárgrunnur	**340.939**	**301.974**

Áhættugrunnur		
Útlánaáhætta	1.254.254	1.144.477
Markaðsáhætta	15.399	20.559
Rekstraráhætta	131.388	114.400
Áhættugrunnur samtals	**1.401.041**	**1.279.436**

*Bankaráð hyggst leggja til að hlutahafafundur sem haldinn verður í mars 2025 samþykki að greiða arð til hluthafa sem nemur um 50% af hagnaði samstæðunnar á árinu 2024. Gert er ráð fyrir þeirri arðgreiðslu í útreikningi á eiginfjárgrunni þann 31.12.2024 undir liðnum Fyrirsjáanleg arðsúthlutun.

Hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1	**21,5%**	**22,0%**
Eiginfjárhlutfall þáttar 1	**21,5%**	**22,0%**
Eiginfjárhlutfall alls	**24,3%**	**23,6%**
Hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 án tillits til umbreytingarfyrirkomulags um IFRS 9	**21,5%**	**22,0%**
Eiginfjárhlutfall þáttar 1 án tillits til umbreytingarfyrirkomulags um IFRS 9	**21,5%**	**22,0%**
Eiginfjárhlutfall alls án tillits til umbreytingarfyrirkomulags um IFRS 9	**24,3%**	**23,6%**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

49. Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (e. MREL)

Lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, með síðari breytingum, sem innleiða tilskipun 2014/59/ESB (e. BRRD) og tilskipun 2019/879 (e. BRRD II), kveða á ákvörðun Skilavalds Seðlabanka Íslands um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (e. MREL).

Þann 4. október 2024 birti Skilavaldið nýjustu árlegu ákvörðun sína um MREL-kröfu fyrir Landsbankann. Ákvörðunin felur í sér að bankinn þarf ávallt að viðhalda að lágmarki 21,0% MREL fjármögnun, sem hlutfall af áhættugrunni bankans (e. TREA) og að lágmarki 6,0% sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindinga (e. TEM).

Í ákvörðuninni er jafnframt í fyrsta skipti gerð sérstök 13,5% lágmarkskrafa um undirskipaða MREL fjármögnun, sem hlutfall af áhættugrunni bankans, sem bankinn þarf að uppfylla frá og með 4. október 2027.

MREL-TREA krafan og MREL krafa um undirskipan eru birt án tillits til gildis samanlagðrar kröfu um eiginfjárauka, sem uppfylla þarf samhliða MREL-TREA kröfunni og MREL kröfu um undirskipan.

	31.12.2024		31.12.2023	
Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar	**Fjárhæð**	**Hlutfall af áhættu-grunni**	**Fjárhæð**	**Hlutfall af áhættu-grunni**
Almennt eigið fé þáttar 1 (e. CET1)	300.976	21,5%	281.798	22,0%
Viðbótar eigið fé þáttar 1 (e. AT1)	-	0,0%	-	0,0%
Eigið fé þáttar 2 (e. Tier 2)	39.989	2,9%	20.176	1,6%
Hæf víkjandi forgangsbréf (e. SNP)	15.640	1,1%	-	0,0%
Samtals undirskipuð MREL fjármögnun	**356.605**	**25,5%**	**301.974**	**23,6%**
Hæfar almennar skuldbindingar (e. SP)	178.037	12,7%	182.851	14,3%
Samtals MREL fjármögnun	**534.642**	**38,2%**	**484.825**	**37,9%**
MREL-TEM krafa				
Viðvarandi MREL-TEM krafa	136.325	9,7%	124.411	9,7%
MREL-TREA krafa				
Viðvarandi MREL-TREA krafa	294.219	21,0%	276.358	21,6%
Samanlögð krafa um eiginfjárauka (e. CBR)	138.703	9,9%	120.267	9,4%
Samanlögð krafa um MREL-TREA og eiginfjárauka	**432.922**	**30,9%**	**396.625**	**31,0%**
MREL krafa um undirskipan				
Viðvarandi MREL krafa um undirskipan	189.141	13,5%		
Samanlögð krafa um eiginfjárauka (e. CBR)	138.703	9,9%		
Samanlögð krafa um MREL undirskipan og eiginfjárauka	**327.844**	**23,4%**		

Hámarks MREL-útgreiðslufjárhæð (e. M-MDA) er sú hámarks heimild sem bankinn hefur til að framkvæma tilteknar útgreiðslur, s.s. að greiða arð til hluthafa, kaupa eigin hlutabréf eða greiða út kaupauka. Þessi MREL skilyrði eru til viðbótar öðrum kröfum um eiginfjárgrunn bankans.

	31.12.2024		31.12.2023	
	Fjárhæð	**Hlutfall af áhættu-grunni**	**Fjárhæð**	**Hlutfall af áhættu-grunni**
Samtals MREL fjármögnun umfram MREL-TEM kröfu	398.317	28,4%	360.414	28,2%
Samtals MREL fjármögnun umfram MREL-TREA kröfu	101.720	7,3%	88.200	6,9%
Undirskipuð MREL fjármögnun umfram MREL kröfu um undirskipan	28.761	2,1%		
Hámarks útgreiðslufjárhæð í tengslum við MREL (e. M-MDA)	**28.761**	**2,1%**	**88.200**	**6,9%**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

50. Vogunarhlutfall

Eftirfarandi tafla sýnir vogunarhlutfall samstæðunnar. Útreikningarnir eru í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, um varfærniskröfur vegna starfsemi lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, eins og hún hefur verið uppfærð og innleidd í lög og reglugerðir á Íslandi. Lágmarkskrafa vogunarhlutfalls er 3,0%.

Vogunarhlutfall	2024	2023
- Liðir innan efnahags (afleiður og fjármögnunarviðskipti með verðbréf undanskilin)	2.158.835	1.942.770
- Afleiðusamningar	6.062	21.757
- Áhættuskuldbinding vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf	14.820	11.598
- Liðir utan efnahags	116.036	118.051
- Lögbundnir frádráttarliðir eigin fjár þáttar 1	(23.673)	(20.665)
Heildaráhættuskuldbindingar	**2.272.080**	**2.073.511**
Eigið fé þáttar 1	**300.976**	**281.798**
Vogunarhlutfall	**13,2%**	**13,6%**
Vogunarhlutfall án tillits til umbreytingarfyrirkomulags um IFRS 9	**13,2%**	**13,6%**

Áhættustýring

51. Áhættustýring

Sjá frekari upplýsingar í kafla 2 í áhættuskýrslu samstæðunnar fyrir árið 2024.

Áhætta er eðlislægur hluti af starfsemi samstæðunnar og er stýrt með viðvarandi greiningu, mælingu og eftirliti sem tekur mið af áhættumörkum og öðrum eftirlitsþáttum. Áhættugreining felur í sér að greina uppruna og gerð hugsanlegra áhættuþátta í starfsemi og verkefnum samstæðunnar. Áhættumæling felur í sér mælingu á þekktum áhættum í þeim tilgangi að stýra og hafa eftirlit með áhættu. Að lokum stuðla áhættueftirlit og áhættumörk að hlítni við reglur og verkferla sem og samkvæmni við áhættuvilja samstæðunnar.

Markmið áhættustefnu og áhættuferla samstæðunnar er að tryggja að áhætta í rekstri sé greind, mæld, vöktuð og að henni sé stjórnað á árangursríkan hátt. Áhættu er stýrt til að tryggja að hún haldist innan marka og að áhættuvilji samstæðunnar samræmist kröfum eftirlitsaðila. Samstæðan hefur innleitt stefnur um samsetningu áhættu í eignum og skuldum sínum, til að takmarka og stjórna flökti á eiginfjárstöðu, lausafjárstöðu og afkomu samstæðunnar.

Bankaráð ber ábyrgð á mótun og eftirliti með almennri umgjörð áhættustýringar, áhættuvilja og setningu áhættumarka. Bankastjóri ber ábyrgð á árangursríkri framkvæmd umgjarðarinnar og áhættuvilja í gegnum stjórnskipulag og nefndir.

Bankaráð er með þrjár undirnefndir, sem gegna mikilvægu hlutverki í undirbúningi bankaráðsfunda. Tilgangur undirnefndanna er að undirbúa umræðu og ítarlega greiningu á þeim málum sem bankaráð tekur fyrir og auka skilvirkni þess.

- Áhættunefnd er ráðgefandi við bankaráð við mótun áhættustefnu og áhættuvilja samstæðunnar.
- Endurskoðunarnefnd hefur það hlutverk að tryggja gæði fjárhagslegra upplýsinga samstæðunnar þ.m.t. ársreikninga og aðrar fjárhagslegar upplýsingar, auk þess að tryggja óhæði endurskoðenda hennar.
- Starfskjaranefnd hefur það hlutverk að leiðbeina bankaráði og bankastjóra um laun og kjör lykilstjórnenda og vera ráðgefandi fyrir bankaráð um starfskjarastefnu samstæðunnar.

Framkvæmdastjórn er vettvangur umræðu um viðskiptatækifæri og áskoranir og tekur ákvarðanir um fjármögnun stærri verkefna og málefni sem falla ekki undir starfssvið annarra nefnda. Helsta hlutverk Framkvæmdastjórnar er að tryggja að starfsemi samstæðunnar sé á hverjum tíma í samræmi við lög og reglur, viðskiptaáætlanir og stefnur bankans. Framkvæmdastjórn hefur fjórar undirnefndir.

- Lánanefnd hefur það hlutverk að tryggja að útlánasafn samstæðunnar og útlánaáhætta haldist innan marka stefnu um útlánaáhættu og áhættuvilja. Lánanefnd ber m.a. ábyrgð á ákvörðunum um mikilvægar lánveitingar, lánaheimildir viðskiptavina, útlánagæði og stórar áhættustöður.
- Áhættu- og fjármálanefnd er vettvangur umræðu og ákvörðunartöku um lausafjár-, markaðs- og mótaðilaáhættu, ásamt því að innleiða stefnu bankaráðs um markaðsáhættu og móta áhættumörk fyrir þessa áhættuþætti. Nefndin rýnir einnig aðferðafræði og sviðsmyndir sem stuðst er við í innramatsferli vegna eiginfjár og lausafjár (e. ICAAP/ILAAP) og setur innri reglur varðandi lausafjár-, markaðs- og mótaðilaáhættu.
- Rekstraráhættunefnd er vettvangur umræðu og ákvörðunartöku um rekstraráhættu og fylgir eftir innleiðingu á ramma um stýringu rekstraráhættu í bankanum
- Verkefnanefnd velur, forgangsraðar og styður stærri verkefni bankans til að tryggja farsælan framgang þeirra.

Regluvarsla er sjálfstæð eining sem heyrir undir bankastjóra og starfar samkvæmt erindisbréfi frá bankaráði. Starf Regluvörslu mótast af óhæði hennar frá öðrum einingum.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

51. Áhættustýring (framhald)

Innri endurskoðun er sjálfstæð og óháð eftirlits- og ráðgjafareining sem er hluti af skipuriti samstæðunnar og innra eftirlitskerfi hennar.

Áhættustýringarsvið bankans ber ábyrgð á umgjörð áhættustjórnunar hjá samstæðunni og veitir heildræna upplýsingagjöf um áhættustöður innan bankans og til ytri eftirlitsaðila. Undir Áhættustýringarsvið heyrðu fimm deildir í lok árs 2024. Dótturfélög samstæðunnar hafa eigin áhættustýringareiningar og veita þau Áhættustýringu bankans upplýsingar um áhættuskuldbindingar sínar, sem felldar eru inn í áhættuskuldbindingar samstæðunnar.

Upplýsingar um áhættu- og eiginfjárstýringu samstæðunnar eru settar fram í áhættuskýrslu samstæðunnar fyrir árið 2024 sem gefin er út samhliða ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2024 á heimasíðu bankans, www.landsbankinn.is.

Útlánaáhætta

52. Útlánaáhætta

Sjá frekari upplýsingar í kafla 4 í áhættuskýrslu samstæðunnar fyrir árið 2024.

Útlánaáhætta er skilgreind sem áhættan á mögulegu fjárhagslegu tjóni standi mótaðili ekki við umsamdar lánaskuldbindingar sínar og matsvirði tekinna trygginga standi ekki undir útistandandi kröfum. Útlánaáhætta er stærsta einstaka áhættan sem samstæðan stendur frammi fyrir og skapast aðallega vegna útlána og krafna á viðskiptavini og fjárfestinga í skuldabréfum. Hún nær einnig til lánsheimilda, fjárhagslegra ábyrgða, skjalaábyrgða, mótaðilaáhættu í afleiðuviðskiptum og uppgjörsáhættu.

Uppgjörsáhætta er áhættan á að uppgjör fari ekki fram eins og til var ætlast og mótaðili standi ekki á réttum tíma við samningsbundnar skuldbindingar sínar um peningalegar greiðslur, afhendingu verðbréfa eða annarra eigna.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

Útlánaáhætta

53. Hámarksútlánaáhætta og skipting eftir atvinnugreinum

Eftirfarandi töflur sýna hámarksútlánaáhættu samstæðunnar. Staða eigna í efnahagsreikningi er byggð á bókfærðri stöðu í ársreikningnum. Stöður utan efnahagsreiknings eru hámarksgreiðslur sem samstæðan gæti þurft að inna af hendi vegna fjárhagslegra ábyrgða og óádreginna láns-, yfirdráttar- og kreditkortaheimilda.

				Fyrirtæki											
31. desember 2024	**Lána-stofnanir**	**Opinberir aðilar***	**Einstaklingar**	**Sjávar-útvegur**	**Fasteigna-félög**	**Byggingar-starfsemi**	**Ferða-þjónusta**	**Þjónusta, uppl.tækni og fjarskipti**	**Verslun**	**Iðnaður og orku-fyrirtæki**	**Eignar-haldsfélög**	**Land-búnaður**	**Annað**	**Hámarks-útlána-áhætta**	**Bókfært virði**
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	-	129.981	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	**129.981**	**129.981**
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	132	116.351	-	-	-	-	-	1.281	-	77	12	-	-	**117.853**	**139.104**
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	221	-	-	-	41	-	1.206	3.960	1	409	9.834	-	-	**15.672**	**32.644**
Afleiðusamningar	8.043	-	-	1	23	-	28	-	19	-	20	-	126	**8.260**	**8.260**
Útlán og kröfur á lánastofnanir	39.346	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	**39.346**	**39.346**
Útlán og kröfur á viðskiptavini	-	14.302	886.879	195.754	233.125	143.040	110.844	65.392	68.202	43.853	38.746	7.299	1	**1.807.437**	**1.807.437**
Aðrar fjáreignir	18.696	73	23	3	1.868	-	600	2.371	-	7	-	-	1.342	**24.983**	**24.987**
Útlánaáhætta í efnahagsreikningi samtals	**66.438**	**260.707**	**886.902**	**195.758**	**235.057**	**143.040**	**112.678**	**73.004**	**68.222**	**44.346**	**48.612**	**7.299**	**1.469**	**2.143.532**	**2.181.759**
Útlánaáhætta utan efnahagsreiknings	**21**	**9.736**	**40.974**	**25.107**	**30.272**	**81.226**	**17.845**	**20.531**	**25.906**	**31.418**	**3.262**	**822**	**27**	**287.147**	
Fjárhagslegar ábyrgðir og sölutryggingar verðbréfa	19	226	701	4.979	1.424	6.921	2.249	4.894	5.350	1.048	406	10	-	28.227	
Ónýttar lánsheimildir	-	18	105	17.615	27.395	70.664	12.977	5.682	12.496	25.140	2.524	108	-	174.724	
Óádregnar yfirdráttar/kreditkortaheimildir	2	9.492	40.168	2.513	1.453	3.641	2.619	9.955	8.060	5.230	332	704	27	84.196	
Hámarksútlánaáhætta	**66.459**	**270.443**	**927.876**	**220.865**	**265.329**	**224.266**	**130.523**	**93.535**	**94.128**	**75.764**	**51.874**	**8.121**	**1.496**	**2.430.679**	
Hlutfall af hámarksútlánaáhættu	2,7%	11,1%	38,2%	9,1%	10,9%	9,2%	5,4%	3,8%	3,9%	3,1%	2,1%	0,3%	0,1%	100%	

* Opinberir aðilar eru stjórnvöld, fyrirtæki í ríkiseigu, Seðlabanki og sveitarfélög.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

53. Hámarksútlánaáhætta og skipting eftir atvinnugreinum (framhald)

				Fyrirtæki											
31. desember 2023	**Lána-stofnanir**	**Opinberir aðilar***	**Einstaklingar**	**Sjávar-útvegur**	**Fasteigna-félög**	**Byggingar-starfsemi**	**Ferða-þjónusta**	**Þjónusta, uppl.tækni og fjarskipti**	**Verslun**	**Iðnaður og orku-fyrirtæki**	**Eignar-haldsfélög**	**Land-búnaður**	**Annað**	**Hámarks-útlána-áhætta**	**Bókfært virði**
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	-	75.350	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	**75.350**	**75.350**
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	128	128.479	-	-	-	-	-	1.429	-	26	15	-	-	**130.077**	**148.182**
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	82	-	-	9	22	-	3	3.269	9	196	7.488	-	-	**11.078**	**19.012**
Afleiðusamningar	7.151	-	5	84	14	-	1	6	16	-	172	-	10	**7.459**	**7.459**
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	54.101	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	**54.101**	**54.101**
Útlán og kröfur á viðskiptavini	-	11.449	819.151	190.233	176.428	132.177	107.693	62.100	64.178	32.536	27.739	7.210	-	**1.630.894**	**1.630.894**
Aðrar fjáreignir	19.175	28	31	3	1.914	-	602	2.438	-	7	-	-	1.573	**25.771**	**25.778**
Útlánaáhætta í efnahagsreikningi samtals	**80.637**	**215.306**	**819.187**	**190.329**	**178.378**	**132.177**	**108.299**	**69.242**	**64.203**	**32.765**	**35.414**	**7.210**	**1.583**	**1.934.730**	**1.960.776**
Útlánaáhætta utan efnahagsreiknings	**3**	**10.158**	**38.251**	**21.281**	**33.715**	**87.246**	**12.903**	**20.673**	**26.687**	**34.908**	**2.427**	**638**	**2.405**	**291.295**	
Fjárhagslegar ábyrgðir og sölutryggingar verðbréfa	-	191	594	5.945	2.006	6.676	2.210	4.436	4.696	707	416	10	-	27.887	
Ónýttar lánsheimildir	-	-	142	12.459	30.467	76.920	9.090	6.861	13.507	30.009	1.634	18	2.378	183.485	
Óádregnar yfirdráttar/kreditkortaheimildir	3	9.967	37.515	2.877	1.242	3.650	1.603	9.376	8.484	4.192	377	610	27	79.923	
Hámarksútlánaáhætta	**80.640**	**225.464**	**857.438**	**211.610**	**212.093**	**219.423**	**121.202**	**89.915**	**90.890**	**67.673**	**37.841**	**7.848**	**3.988**	**2.226.025**	
Hlutfall af hámarksútlánaáhættu	3,6%	10,1%	38,5%	9,5%	9,5%	9,9%	5,4%	4,0%	4,1%	3,0%	1,7%	0,4%	0,2%	100%	

* Opinberir aðilar eru stjórnvöld, fyrirtæki í ríkiseigu, Seðlabanki og sveitarfélög.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

54. Tryggingar og veðhlutföll

Veðhlutfall er bókfært brúttóvirði útlána sem hlutfall af heildarverðmæti trygginga. Veðhlutfallið er einn af lykiláhættumatsþáttum við mat á lánveitingum til einstakra viðskiptavina. Áhættan á vanefndum er eitt það helsta sem horft er til við útlánaákvarðanir og líkurnar á því að lánveitandi taki á sig tap við nauðungarsölu aukast á sama tíma og virði trygginga lækkar. Hátt veðhlutfall gefur til kynna minna svigrúm til áhættuvarna gegn verðlækkun trygginga eða gegn hækkunum á stöðu útláns þegar greiðslur eru ekki inntar af hendi og ógreiddum vöxtum er bætt við útistandandi höfuðstól lánsins.

	Veðhlutfall - Tryggt að fullu					Veðhlutfall- Tryggt að hluta				
31. desember 2024	**0% - 25%**	**25% - 50%**	**50% - 75%**	**75% - 100%**	**Samtals**	**>100%**	**Virði trygginga***	**Án trygginga**	**Virðisrýrnunarsjóður**	**Bókfært virði**
Lánastofnanir	**-**	**-**	**-**	**-**	**0**	**-**	**-**	**39.346**	**-**	**39.346**
Opinberir aðilar	**31**	**260**	**20**	**36**	**347**	**1.627**	**794**	**12.329**	**(1)**	**14.302**
Einstaklingar	**101.237**	**349.815**	**366.703**	**26.087**	**843.842**	**2.905**	**1.789**	**41.793**	**(1.661)**	**886.879**
Íbúðalán	94.154	337.373	351.590	20.241	803.358	957	538	46	(489)	803.872
Annað	7.083	12.442	15.113	5.846	40.484	1.948	1.251	41.747	(1.172)	83.007
Fyrirtæki	**103.180**	**249.206**	**317.212**	**147.883**	**817.481**	**78.501**	**63.496**	**19.263**	**(8.989)**	**906.256**
Sjávarútvegur	51.324	85.594	53.076	2.060	192.054	4.296	3.697	2.187	(2.783)	195.754
Fasteignafélög	9.592	54.000	103.775	44.448	211.815	20.218	17.093	1.724	(632)	233.125
Byggingarstarfsemi	7.379	18.379	67.956	38.406	132.120	10.680	8.893	1.437	(1.197)	143.040
Ferðaþjónusta	6.604	16.109	41.350	20.240	84.303	24.643	23.246	4.065	(2.167)	110.844
Þjónusta, uppl.tækni og fjarskipti	8.121	21.642	11.060	13.782	54.605	5.249	3.866	5.953	(415)	65.392
Verslun	8.863	33.169	13.519	10.544	66.095	1.931	1.578	521	(345)	68.202
Iðnaður og orkufyrirtæki	7.137	6.020	21.012	1.334	35.503	7.007	3.030	2.116	(773)	43.853
Eignarhaldsfélög	2.727	11.794	3.269	16.733	34.523	3.850	1.795	1.037	(664)	38.746
Landbúnaður	1.433	2.499	2.195	336	6.463	626	297	223	(13)	7.299
Annað	-	-	-	-	0	1	1	-	-	1
Samtals	**204.448**	**599.281**	**683.935**	**174.006**	**1.661.670**	**83.033**	**66.079**	**112.731**	**(10.651)**	**1.846.783**

* Ef veðhlutfall er lægra en 100% er lán metið sem tryggt að fullu. Ef veðhlutfall er hærra en 100% er lán metið sem tryggt að hluta og tilsvarandi virði tryggingar er sýnt í töflunni.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

54. Tryggingar og veðhlutföll (framhald)

	Veðhlutfall - Tryggt að fullu					Veðhlutfall- Tryggt að hluta				
31. desember 2023	**0% - 25%**	**25% - 50%**	**50% - 75%**	**75% - 100%**	**Samtals**	**>100%**	**Virði trygginga***	**Án trygginga**	**Virðis-rýrnunar-sjóður**	**Bókfært virði**
Lánastofnanir	**-**	**-**	**-**	**-**	**0**	**-**	**-**	**54.101**	**-**	**54.101**
Opinberir aðilar	**21**	**261**	**17**	**20**	**319**	**1.518**	**763**	**9.616**	**(4)**	**11.449**
Einstaklingar	**74.396**	**273.436**	**395.171**	**34.227**	**777.230**	**3.320**	**2.095**	**40.983**	**(2.382)**	**819.151**
Íbúðalán	67.684	259.198	374.457	29.501	730.840	1.125	578	265	(1.246)	730.984
Annað	6.712	14.238	20.714	4.726	46.390	2.195	1.517	40.718	(1.136)	88.167
Fyrirtæki	**87.827**	**282.255**	**221.194**	**157.537**	**748.813**	**37.221**	**26.702**	**23.248**	**(8.988)**	**800.294**
Sjávarútvegur	49.564	103.956	14.463	22.255	190.238	550	380	2.216	(2.771)	190.233
Fasteignafélög	7.095	40.985	87.081	36.840	172.001	3.498	2.500	1.859	(930)	176.428
Byggingarstarfsemi	5.533	33.919	42.832	36.338	118.622	13.478	8.269	1.249	(1.172)	132.177
Ferðaþjónusta	2.050	24.216	35.651	33.704	95.621	9.356	7.426	5.214	(2.498)	107.693
Þjónusta, uppl.tækni og fjarskipti	7.756	21.217	11.604	12.946	53.523	3.283	2.520	6.019	(725)	62.100
Verslun	9.276	34.398	12.078	5.841	61.593	2.011	1.406	904	(330)	64.178
Iðnaður og orkufyrirtæki	1.415	5.032	11.788	5.148	23.383	4.383	3.852	5.152	(382)	32.536
Eignarhaldsfélög	4.165	15.664	3.524	3.767	27.120	369	205	414	(164)	27.739
Landbúnaður	973	2.868	2.173	698	6.712	293	144	221	(16)	7.210
Annað	-	-	-	-	0	-	-	-	-	0
Samtals	**162.244**	**555.952**	**616.382**	**191.784**	**1.526.362**	**42.059**	**29.560**	**127.948**	**(11.374)**	**1.684.995**

* Ef veðhlutfall er lægra en 100% er lán metið sem tryggt að fullu. Ef veðhlutfall er hærra en 100% er lán metið sem tryggt að hluta og tilsvarandi virði tryggingar er sýnt í töflunni.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

55. Tegundir trygginga

Sjá frekari upplýsingar í kafla 4.1.4 í áhættuskýrslu samstæðunnar fyrir árið 2024.

Eftirfarandi töflur sýna samsvörunina á milli tryggingavirðis og kröfuvirðis. Virði sérhverrar tryggingar sem sett hefur verið samstæðunni að veði getur ekki verið hærra en bókfært brúttóvirði samsvarandi kröfu. Breytingar á tryggingavirði milli tímabila má rekja annað hvort til breytinga á virði undirliggjandi trygginga eða breytinga á bókfærðu brúttóvirði kröfunnar.

31. desember 2024	Fasteignir	Skip	Innstæður	Verðbréf	Annað*	Samtals
Lánastofnanir	-	-	-	-	-	**0**
Opinberir aðilar	**1.123**	-	-	-	**18**	**1.141**
Einstaklingar	**829.257**	**33**	**232**	**1.131**	**14.975**	**845.628**
Íbúðalán	798.799	10	166	74	4.847	803.896
Annað	30.458	23	66	1.057	10.128	41.732
Fyrirtæki	**507.085**	**139.368**	**2.894**	**94.621**	**137.040**	**881.008**
Sjávarútvegur	13.074	136.434	603	21.639	24.002	195.752
Fasteignafélög	216.317	92	211	6.445	5.844	228.909
Byggingarstarfsemi	134.386	3	275	743	5.607	141.014
Ferðaþjónusta	72.345	240	126	1.318	33.519	107.548
Þjónusta, uppl.tækni og fjarskipti	26.032	2.542	692	7.951	21.254	58.471
Verslun	19.823	-	152	14.957	32.742	67.674
Iðnaður og orkufyrirtæki	13.168	57	657	11.251	13.401	38.534
Eignarhaldsfélög	5.609	-	175	30.317	243	36.344
Landbúnaður	6.331	-	3	-	427	6.761
Annað	-	-	-	-	1	1
Samtals	**1.337.465**	**139.401**	**3.126**	**95.752**	**152.033**	**1.727.777**

31. desember 2023	Fasteignir	Skip	Innstæður	Verðbréf	Annað*	Samtals
Lánastofnanir	-	-	-	-	-	**0**
Opinberir aðilar	**1.058**	-	**1**	-	**22**	**1.081**
Einstaklingar	**757.315**	**48**	**149**	**3.897**	**17.695**	**779.104**
Íbúðalán	724.692	11	120	64	6.315	731.202
Annað	32.623	37	29	3.833	11.380	47.902
Fyrirtæki	**411.923**	**142.083**	**5.562**	**73.827**	**142.125**	**775.520**
Sjávarútvegur	8.457	138.894	600	17.325	25.344	190.620
Fasteignafélög	163.430	96	372	4.907	5.696	174.501
Byggingarstarfsemi	120.641	3	273	349	5.626	126.892
Ferðaþjónusta	59.954	179	72	988	41.855	103.048
Þjónusta, uppl.tækni og fjarskipti	24.445	2.828	405	8.446	19.919	56.043
Verslun	15.433	-	147	15.955	31.465	63.000
Iðnaður og orkufyrirtæki	12.373	83	3.373	-	11.405	27.234
Eignarhaldsfélög	1.110	-	319	25.857	39	27.325
Landbúnaður	6.080	-	1	-	776	6.857
Annað	-	-	-	-	-	0
Samtals	**1.170.296**	**142.131**	**5.712**	**77.724**	**159.842**	**1.555.705**

*Aðrar tryggingar eru fjárkröfur, vörureikningar, lausafé, ökutæki, vélar, loftför og birgðir.

56. Útlán og kröfur á viðskiptavini og lánastofnanir - landfræðileg skipting

Eftirfarandi töflur sýna útlán og kröfur eftir landfræðilegri skiptingu. Landfræðileg skipting byggir á lögheimili viðskiptavinar fremur en aðsetri hans.

31. desember 2024	Innlent	Erlent	Samtals
Útlán og kröfur á lánastofnanir	614	38.732	39.346
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.774.557	32.880	1.807.437
Samtals	**1.775.171**	**71.612**	**1.846.783**

31. desember 2023	Innlent	Erlent	Samtals
Útlán og kröfur á lánastofnanir	169	53.932	54.101
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.599.507	31.387	1.630.894
Samtals	**1.599.676**	**85.319**	**1.684.995**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

57. Gæði útlána og krafna

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.11 (g).

Eftirfarandi töflur sýna gæði útlána og krafna samkvæmt innri lánshæfiseinkunn samstæðunnar. Lánshæfiseinkunn 10 er til marks um mest möguleg gæði, á meðan lánshæfiseinkunn 0 merkir vanefnd.

	Bókfært virði brúttó							
31. desember 2024	**10-7**	**6-4**	**3-1**	**0**	**Engin einkunn**	**Virðisrýrnunarsjóður**	**Gangvirði**	**Bókfært virði**
Lánastofnanir	**39.346**	-	-	-	-	-	-	**39.346**
Opinberir aðilar	**12.628**	**1.675**	-	-	-	**(1)**	-	**14.302**
Einstaklingar	**664.898**	**200.489**	**15.412**	**5.752**	**1.619**	**(1.661)**	**370**	**886.879**
Íbúðalán	630.267	157.988	10.960	3.867	1.279	(489)	-	803.872
Annað	34.631	42.501	4.452	1.885	340	(1.172)	370	83.007
Fyrirtæki	**150.274**	**677.362**	**26.120**	**20.604**	**0**	**(8.989)**	**40.885**	**906.256**
Sjávarútvegur	56.520	130.857	558	4.144	-	(2.783)	6.458	195.754
Fasteignafélög	4.669	205.474	8.221	1.194	-	(632)	14.199	233.125
Byggingarstarfsemi	7.794	129.223	4.215	2.590	-	(1.197)	415	143.040
Ferðaþjónusta	11.651	86.419	4.495	10.446	-	(2.167)	-	110.844
Þjónusta, uppl.tækni og fjarskipti	17.134	44.047	2.385	728	-	(415)	1.513	65.392
Verslun	36.429	28.448	2.928	416	-	(345)	326	68.202
Iðnaður og orkufyrirtæki	10.887	19.519	1.571	882	-	(773)	11.767	43.853
Eignarhaldsfélög	2	31.391	1.739	71	-	(664)	6.207	38.746
Landbúnaður	5.188	1.984	7	133	-	(13)	-	7.299
Annað	-	-	1	-	-	-	-	1
Samtals	**867.146**	**879.526**	**41.532**	**26.356**	**1.619**	**(10.651)**	**41.255**	**1.846.783**

	Bókfært virði brúttó							
31. desember 2023	**10-7**	**6-4**	**3-1**	**0**	**Engin einkunn**	**Virðisrýrnunarsjóður**	**Gangvirði**	**Bókfært virði**
Lánastofnanir	**54.101**	-	-	-	-	-	-	**54.101**
Opinberir aðilar	**9.759**	**1.689**	1	4	-	**(4)**	-	**11.449**
Einstaklingar	**610.054**	**189.653**	**15.114**	**4.855**	**1.804**	**(2.382)**	**53**	**819.151**
Íbúðalán	574.015	145.057	9.144	2.600	1.415	(1.246)	-	730.984
Annað	36.039	44.596	5.970	2.255	389	(1.136)	53	88.167
Fyrirtæki	**180.885**	**554.965**	**40.407**	**17.474**	**0**	**(8.988)**	**15.551**	**800.294**
Sjávarútvegur	66.456	116.099	1.052	3.637	-	(2.771)	5.760	190.233
Fasteignafélög	2.541	159.053	9.216	2.588	-	(930)	3.960	176.428
Byggingarstarfsemi	14.692	109.362	6.638	2.285	-	(1.172)	372	132.177
Ferðaþjónusta	24.562	67.645	11.327	6.657	-	(2.498)	-	107.693
Þjónusta, uppl.tækni og fjarskipti	24.790	30.097	6.982	607	-	(725)	349	62.100
Verslun	32.792	28.828	2.192	365	-	(330)	331	64.178
Iðnaður og orkufyrirtæki	9.167	22.079	1.546	126	-	(382)	-	32.536
Eignarhaldsfélög	-	20.484	1.439	1.201	-	(164)	4.779	27.739
Landbúnaður	5.885	1.318	15	8	-	(16)	-	7.210
Annað	-	-	-	-	-	-	-	0
Samtals	**854.799**	**746.307**	**55.522**	**22.333**	**1.804**	**(11.374)**	**15.604**	**1.684.995**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

58. Útlán og kröfur eftir stöðu vanskila

Eftirfarandi töflur skipta bókfærðu brúttóvirði útlána og krafna upp eftir fjölda daga í vanskilum.

	Bókfært virði brúttó							
		Dagar í vanskilum						
31. desember 2024	Engin vanskil	1-5	6-30	31-60	61-90	yfir 90	Virðisrýrnunarsjóður	Bókfært virði
Lánastofnanir	**39.346**	-	-	-	-	-	-	**39.346**
Opinberir aðilar	**14.303**	-	-	-	-	-	**(1)**	**14.302**
Einstaklingar	**877.145**	**2.938**	**860**	**3.761**	**1.506**	**2.330**	**(1.661)**	**886.879**
Íbúðalán	798.085	-	618	3.148	1.182	1.328	(489)	803.872
Annað	79.060	2.938	242	613	324	1.002	(1.172)	83.007
Fyrirtæki	**902.428**	**2.572**	**3.180**	**2.274**	**768**	**4.023**	**(8.989)**	**906.256**
Sjávarútvegur	195.863	68	11	97	287	2.211	(2.783)	195.754
Fasteignafélög	230.919	112	1.088	872	265	501	(632)	233.125
Byggingarstarfsemi	143.520	369	239	37	8	64	(1.197)	143.040
Ferðaþjónusta	109.453	358	1.394	1.143	57	606	(2.167)	110.844
Þjónusta, uppl.tækni og fjarskipti	64.613	464	289	39	36	366	(415)	65.392
Verslun	67.160	1.043	85	44	14	201	(345)	68.202
Iðnaður og orkufyrirtæki	44.331	85	66	41	100	3	(773)	43.853
Eignarhaldsfélög	39.336	3	-	-	-	71	(664)	38.746
Landbúnaður	7.233	70	8	1	-	-	(13)	7.299
Annað	-	-	-	-	1	-	-	1
Samtals	**1.833.222**	**5.510**	**4.040**	**6.035**	**2.274**	**6.353**	**(10.651)**	**1.846.783**

	Bókfært virði brúttó							
		Dagar í vanskilum						
31. desember 2023	Engin vanskil	1-5	6-30	31-60	61-90	yfir 90	Virðisrýrnunarsjóður	Bókfært virði
Lánastofnanir	**54.101**	-	-	-	-	-	-	**54.101**
Opinberir aðilar	**11.417**	**35**	**1**	-	-	-	**(4)**	**11.449**
Einstaklingar	**809.837**	**2.869**	**1.422**	**4.302**	**1.021**	**2.082**	**(2.382)**	**819.151**
Íbúðalán	725.346	-	1.048	3.699	791	1.346	(1.246)	730.984
Annað	84.491	2.869	374	603	230	736	(1.136)	88.167
Fyrirtæki	**790.377**	**2.499**	**6.383**	**3.584**	**2.917**	**3.522**	**(8.988)**	**800.294**
Sjávarútvegur	190.697	140	64	104	1.962	37	(2.771)	190.233
Fasteignafélög	174.107	205	1.667	448	296	635	(930)	176.428
Byggingarstarfsemi	131.710	1.068	43	144	13	371	(1.172)	132.177
Ferðaþjónusta	102.003	246	2.776	2.527	556	2.083	(2.498)	107.693
Þjónusta, uppl.tækni og fjarskipti	60.020	669	1.657	268	70	141	(725)	62.100
Verslun	64.096	91	103	27	13	178	(330)	64.178
Iðnaður og orkufyrirtæki	32.764	42	62	39	7	4	(382)	32.536
Eignarhaldsfélög	27.784	17	2	27	-	73	(164)	27.739
Landbúnaður	7.196	21	9	-	-	-	(16)	7.210
Annað	-	-	-	-	-	-	-	0
Samtals	**1.665.732**	**5.403**	**7.806**	**7.886**	**3.938**	**5.604**	**(11.374)**	**1.684.995**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

59. Útlán og kröfur eftir flokkun í áhættustig

Eftirfarandi töflur sýna bæði bókfært brúttóvirði útlána og krafna og tengt vænt útlánatap eftir atvinnugreinum og flokkun í áhættustig skv. IFRS 9 staðlinum.

		Áhættustig 1		Áhættustig 2		Áhættustig 3				
31. desember 2024	Bókfært virði brúttó	Bókfært virði brúttó	12-mánaða vænt útlánatap	Bókfært virði brúttó	Vænt útlánatap út líftíma	Bókfært virði brúttó	Vænt útlánatap út líftíma	Virðis-rýrnunar-sjóður	Gangvirði	Bókfært virði
Lánastofnanir	**39.346**	**39.346**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**39.346**
Opinberir aðilar	**14.303**	**14.266**	**(1)**	**37**	**-**	**-**	**-**	**(1)**	**-**	**14.302**
Einstaklingar	**888.540**	**858.602**	**(171)**	**23.816**	**(442)**	**5.752**	**(1.048)**	**(1.661)**	**370**	**886.879**
Íbúðalán	804.361	784.106	(46)	16.388	(250)	3.867	(193)	(489)	-	803.872
Annað	84.179	74.496	(125)	7.428	(192)	1.885	(855)	(1.172)	370	83.007
Fyrirtæki	**915.245**	**785.160**	**(1.943)**	**68.596**	**(1.742)**	**20.604**	**(5.304)**	**(8.989)**	**40.885**	**906.256**
Sjávarútvegur	198.537	186.732	(120)	1.203	(50)	4.144	(2.613)	(2.783)	6.458	195.754
Fasteignafélög	233.757	213.439	(393)	4.925	(103)	1.194	(136)	(632)	14.199	233.125
Byggingarstarfsemi	144.237	132.862	(547)	8.370	(200)	2.590	(450)	(1.197)	415	143.040
Ferðaþjónusta	113.011	78.362	(196)	24.203	(688)	10.446	(1.283)	(2.167)	-	110.844
Þjónusta, uppl.tækni og fjarskipti	65.807	58.001	(187)	5.565	(94)	728	(134)	(415)	1.513	65.392
Verslun	68.547	63.145	(120)	4.660	(130)	416	(95)	(345)	326	68.202
Iðnaður og orkufyrirtæki	44.626	28.563	(203)	3.414	(33)	882	(537)	(773)	11.767	43.853
Eignarhaldsfélög	39.410	16.970	(174)	16.162	(440)	71	(50)	(664)	6.207	38.746
Landbúnaður	7.312	7.086	(3)	93	(4)	133	(6)	(13)	-	7.299
Annað	1	-	-	1	-	-	-	-	-	1
Samtals	**1.857.434**	**1.697.374**	**(2.115)**	**92.449**	**(2.184)**	**26.356**	**(6.352)**	**(10.651)**	**41.255**	**1.846.783**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

59. Útlán og kröfur eftir flokkun í áhættustig (framhald)

		Áhættustig 1		Áhættustig 2		Áhættustig 3				
31. desember 2023	Bókfært virði brúttó	Bókfært virði brúttó	12-mánaða vænt útlánatap	Bókfært virði brúttó	Vænt útlánatap út líftíma	Bókfært virði brúttó	Vænt útlánatap út líftíma	Virðis-rýrnunar-sjóður	Gangvirði	Bókfært virði
Lánastofnanir	**54.101**	**54.101**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**54.101**
Opinberir aðilar	**11.453**	**11.372**	**(4)**	**77**	**-**	**4**	**-**	**(4)**	**-**	**11.449**
Einstaklingar	**821.533**	**787.521**	**(1.119)**	**29.020**	**(482)**	**4.939**	**(781)**	**(2.382)**	**53**	**819.151**
Íbúðalán	732.230	711.881	(839)	17.715	(241)	2.634	(166)	(1.246)	-	730.984
Annað	89.303	75.640	(280)	11.305	(241)	2.305	(615)	(1.136)	53	88.167
Fyrirtæki	**809.282**	**722.593**	**(2.547)**	**53.664**	**(1.640)**	**17.474**	**(4.801)**	**(8.988)**	**15.551**	**800.294**
Sjávarútvegur	193.004	182.930	(346)	678	(16)	3.637	(2.409)	(2.771)	5.759	190.233
Fasteignafélög	177.358	164.189	(341)	6.621	(152)	2.588	(437)	(930)	3.960	176.428
Byggingarstarfsemi	133.349	124.181	(617)	6.511	(203)	2.285	(352)	(1.172)	372	132.177
Ferðaþjónusta	110.191	93.418	(352)	10.116	(793)	6.657	(1.353)	(2.498)	-	107.693
Þjónusta, uppl.tækni og fjarskipti	62.825	58.097	(554)	3.772	(110)	607	(61)	(725)	349	62.100
Verslun	64.508	60.700	(164)	3.111	(61)	365	(105)	(330)	332	64.178
Iðnaður og orkufyrirtæki	32.918	20.119	(82)	12.673	(289)	126	(11)	(382)	-	32.536
Eignarhaldsfélög	27.903	11.752	(82)	10.171	(16)	1.201	(66)	(164)	4.779	27.739
Landbúnaður	7.226	7.207	(9)	11	-	8	(7)	(16)	-	7.210
Annað	-	-	-	-	-	-	-	-	-	0
Samtals	**1.696.369**	**1.575.587**	**(3.670)**	**82.761**	**(2.122)**	**22.417**	**(5.582)**	**(11.374)**	**15.604**	**1.684.995**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

60. Virðisrýrnun útlána og krafna

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 83.11 (g).

Eftirfarandi töflur sýna breytingar á virðisrýrnunarsjóði útlána og krafna á árinu 2024.

	12 mánaða vænt útlánatap	Vænt útlánatap út líftíma	Vænt útlánatap út líftíma	Samtals
	Áhættustig 1	Áhættustig 2	Áhættustig 3	
Staða 1. janúar 2024 - Lánastofnanir	**0**	**0**	**0**	**0**
Breytingar vegna líkana/undirliggjandi áhættuþátta	-	-	-	0
Staða 31. desember 2024 - Lánastofnanir	**0**	**0**	**0**	**0**
-þar af fært sem niðurfærsla af kröfuvirði	-	-	-	0
-þar af fært á meðal skulda	-	-	-	0

	12 mánaða vænt útlánatap	Vænt útlánatap út líftíma	Vænt útlánatap út líftíma	Samtals
	Áhættustig 1	Áhættustig 2	Áhættustig 3	
Staða 1. janúar 2024 - Útlán og kröfur til viðskiptavina	**(4.049)**	**(2.168)**	**(5.686)**	**(11.903)**
Vænt útlánatap vegna nýrra útlána og krafna	(701)	(763)	(768)	(2.232)
Bakfært vænt útlánatap vegna uppgreiðslna	1.683	889	947	3.519
Breytingar vegna endurflokkunar fjáreigna	-	(12)	-	(12)
Flutt í áhættustig 1 - 12 mánaða vænt útlánatap	(99)	97	2	0
Flutt í áhættustig 2 - Vænt útlánatap út líftíma	857	(883)	26	0
Flutt í áhættustig 3 - Vænt útlánatap út líftíma	714	861	(1.575)	0
Niðurfélling vegna náttúruvár	-	80	-	80
Breytingar vegna líkana/undirliggjandi áhættuþátta	(791)	(378)	(70)	(1.239)
Framlag á móti afskrift	-	14	593	607
Staða 31. desember 2024 - Útlán og kröfur til viðskiptavina	**(2.386)**	**(2.263)**	**(6.531)**	**(11.180)**
-þar af fært sem niðurfærsla af kröfuvirði	(2.115)	(2.184)	(6.352)	(10.651)
-þar af fært á meðal skulda	(271)	(79)	(179)	(529)

	1.1-31.12.2024				
Virðisbreyting útlána og krafna	**Lána-stofnanir**	**Opinberir aðilar**	**Einstaklingar**	**Fyrirtæki**	**Samtals**
Vænt útlánatap vegna nýrra útlána og krafna	-	-	(314)	(1.918)	(2.232)
Bakfært vænt útlánatap vegna uppgreiðslna	-	-	1.203	2.316	3.519
Breytingar vegna endurflokkunar fjáreigna	-	-	-	(12)	(12)
Breytingar vegna eigna í lánabók í upphafi árs	-	2	(420)	(821)	(1.239)
Áhrif vegna náttúruvár	-	-	(2.507)	-	(2.507)
Afskrift	-	-	(500)	(627)	(1.127)
Framlag á móti afskrift	-	-	246	361	607
Innheimt áður afskrifað	-	-	122	33	155
Gengisbreytingar	-	-	-	(4)	(4)
Samtals	**0**	**2**	**(2.170)**	**(672)**	**(2.840)**

Rekstraráhrif af niðurfellingu vaxta og verðbóta af íbúðalánum vegna náttúruhamfara á Reykjanesskaga námu 252 milljónum króna á árinu 2024. (31.12.2023: 245 milljónir króna).

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

60. Virðisrýrnun útlána og krafna (framhald)

Eftirfarandi töflur sýna breytingar á virðisrýrnunarsjóði útlána og krafna á árinu 2023.

	12 mánaða vænt útlánatap Áhættustig 1	Vænt útlánatap út líftíma Áhættustig 2	Vænt útlánatap út líftíma Áhættustig 3	Samtals
Staða 1. janúar 2023 - Lánastofnanir	**0**	**0**	**0**	**0**
Breytingar vegna líkana/undirliggjandi áhættuþátta	-	-	-	0
Staða 31. desember 2023 - Lánastofnanir	**0**	**0**	**0**	**0**
-þar af fært sem niðurfærsla af kröfuvirði	-	-	-	0
-þar af fært á meðal skulda	-	-	-	0

	12 mánaða vænt útlánatap Áhættustig 1	Vænt útlánatap út líftíma Áhættustig 2	Vænt útlánatap út líftíma Áhættustig 3	Samtals
Staða 1. janúar 2023 - Útlán og kröfur til viðskiptavina	**(4.006)**	**(1.609)**	**(5.005)**	**(10.620)**
Vænt útlánatap vegna nýrra útlána og krafna	(895)	(422)	(888)	(2.205)
Bakfært vænt útlánatap vegna uppgreiðslna	696	219	1.008	1.923
Flutt í áhættustig 1 - 12 mánaða vænt útlánatap	(108)	103	5	0
Flutt í áhættustig 2 - Vænt útlánatap út líftíma	674	(845)	171	0
Flutt í áhættustig 3 - Vænt útlánatap út líftíma	858	489	(1.347)	0
Vænt niðurfelling vegna náttúruvár	(77)	(3)	-	(80)
Breytingar vegna líkana/undirliggjandi áhættuþátta	(1.191)	(108)	(843)	(2.142)
Framlag á móti afskrift	-	8	1.213	1.221
Staða 31. desember 2023 - Útlán og kröfur til viðskiptavina	**(4.049)**	**(2.168)**	**(5.686)**	**(11.903)**
-þar af fært sem niðurfærsla af kröfuvirði	(3.670)	(2.122)	(5.582)	(11.374)
-þar af fært á meðal skulda	(379)	(46)	(104)	(529)

	1.1-31.12.2023				
Virðisbreyting útlána og krafna	**Lána-stofnanir**	**Opinberir aðilar**	**Einstaklingar**	**Fyrirtæki**	**Samtals**
Vænt útlánatap vegna nýrra útlána og krafna	-	(2)	(420)	(1.783)	(2.205)
Bakfært vænt útlánatap vegna uppgreiðslna	-	-	159	1.764	1.923
Breyting vegna líkana	-	10	134	1.570	1.714
Breytingar vegna eigna í lánabók í upphafi árs	-	(5)	(1.064)	(2.787)	(3.856)
Áhrif vegna náttúruvár	-	-	(245)	-	(245)
Afskrift	-	-	(385)	(1.332)	(1.717)
Framlag á móti afskrift	-	-	134	1.087	1.221
Innheimt áður afskrifað	-	-	196	1	197
Gengisbreytingar	-	-	-	(4)	(4)
Samtals	**0**	**3**	**(1.491)**	**(1.484)**	**(2.972)**

61. Stórar áhættuskuldbindingar

Skuldbindingar viðskiptavina eða hóps tengdra viðskiptavina eru skilgreindar sem stórar áhættuskuldbindingar ef heildarskuldbinding þeirra er umfram 10% af eiginfjárþætti 1 á samstæðugrunni. Stórar áhættuskuldbindingar eru metnar fyrir (brúttó) og eftir (nettó) útlánamildun og undanþágur. Samkvæmt lögum má engin áhættuskuldbinding, eftir útlánamildun, vera stærri en 25% af eiginfjárþætti 1.

Í árslok 2024 voru fjórar áhættuskuldbindingar samstæðunnar skilgreindar sem stórar áhættuskuldbindingar samanborið við þrjár áhættuskuldbindingar í árslok 2023. Stærsta áhættuskuldbindingin fyrir útlánamildun er þýska ríkið. Samtala stórra áhættuskuldbindinga, eftir útlánamildun, var 18,6% í árslok 2024.

31. desember 2024	**Brúttó**	**Hlutfall af eiginfjár-þætti 1 Brúttó**	**Nettó**	**Hlutfall af eiginfjár-þætti 1 Nettó**
Hópur 1	42.897	14,3%	-	0,0%
Hópur 2	37.253	12,4%	212	0,1%
Hópur 3	34.455	11,4%	25.269	8,4%
Hópur 4	30.792	10,2%	30.486	10,1%
Samtals	**145.397**	**48,3%**	**55.967**	**18,6%**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

61. Stórar áhættuskuldbindingar (framhald)

31. desember 2023	Brúttó	Hlutfall af eiginfjár-þætti 1 Brúttó	Nettó	Hlutfall af eiginfjár-þætti 1 Nettó
Hópur 1	54.663	19,3%	216	0,1%
Hópur 2	50.650	17,9%	-	0,0%
Hópur 3	32.785	11,6%	26.298	9,3%
Samtals	**138.098**	**48,8%**	**26.514**	**9,4%**

62. Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum

Eftirfarandi tafla skiptir skuldabréfasafni samstæðunnar upp eftir tegund skuldabréfs og lánshæfiseinkunn útgefanda hjá matsfyrirtækinu Standard & Poor's.

Ríkisskuldabréf og ríkisvíxlar	2024	2023
AAA	71.471	72.743
AA- til AA+	13.840	2.712
A- til A+	44.637	61.919
BB+ og lægra	25	64
	129.973	**137.438**
Skuldabréf fyrirtækja		
A- til A+	1.640	817
BBB- til BBB+	225	37
Óflokkað	3.037	5.562
	4.902	**6.416**
Sértryggð skuldabréf		
A- til A+	1.588	-
BBB- til BBB+	2.641	4.328
	4.229	**4.328**
Samtals	**139.104**	**148.182**

Eftirfarandi tafla sýnir bókfært virði skuldabréfa þar sem útgefendur bréfanna hafa ekki staðið við samningsbundnar greiðslur á gjalddögum.

31. desember 2024	Vanskil 0-90 dagar	Vanskil yfir 90 dagar	Bókfært virði
Eignarhaldsfélög	-	9	9
Samtals	**0**	**9**	**9**
31. desember 2023			
Eignarhaldsfélög	-	12	12
Samtals	**0**	**12**	**12**

63. Afleiðusamningar

Eftirfarandi tafla skiptir stöðu afleiðusamninga samstæðunnar upp eftir tilsvarandi lánshæfiseinkunn mótaðila hjá matsfyrirtækinu Standard & Poor's.

	2024			2023		
	Nafnverðs-fjárhæð	Gangvirði Eignir	Gangvirði Skuldir	Nafnverðs-fjárhæð	Gangvirði Eignir	Gangvirði Skuldir
AAA	458	-	3	-	-	-
A- til A+	250.413	8.000	1.901	174.046	7.136	975
BBB- to BBB+	7.266	22	1	1.446	4	1
Óflokkað	47.300	238	713	41.796	319	557
Samtals	**305.437**	**8.260**	**2.618**	**217.288**	**7.459**	**1.533**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

64. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Eftirfarandi töflur sýna hreinar stöður fjáreigna og fjárskulda sem falla undir jöfnunarsamninga sem beita má án skilyrða eða aðra sambærilega samninga.

31. desember 2024

Fjáreignir sem falla undir jöfnunarsamninga eða aðra sambærilega samninga sem beita má án skilyrða.

	Fjáreignir sem falla undir jöfnunarsamninga			Jöfnun sem ekki er færð í efnahagsreikning				
Tegund fjáreigna	Fjáreignir	Fjárskuldir	Mismunur	Fjárskuldir	Mótteknar tryggingar	Nettó fjáreignir innan jöfnunar-samninga	Fjáreignir utan jöfnunar-samninga	Bókfært virði nettó í efnahags-reikningi
Afleiður	8.260	-	8.260	(415)	(4.782)	3.062	-	8.260

Fjárskuldir sem falla undir jöfnunarsamninga eða aðra sambærilega samninga sem beita má án skilyrða.

	Fjárskuldir sem falla undir jöfnunarsamninga			Jöfnun sem ekki er færð í efnahagsreikning				
Tegund fjárskulda	Fjárskuldir	Fjáreignir	Mismunur	Fjáreignir	Afhentar tryggingar	Nettó fjárskuldir innan jöfnunar-samninga	Fjárskuldir utan jöfnunar-samninga	Bókfært virði nettó í efnahags-reikningi
Afleiður	(2.618)	-	(2.618)	415	888	(1.315)	-	(2.618)
Skortstöður	(4.217)	-	(4.217)	-	4.217	-	-	(4.217)
Samtals	**(6.835)**	**0**	**(6.835)**	**415**	**5.105**	**(1.315)**	**0**	**(6.835)**

31. desember 2023

Fjáreignir sem falla undir jöfnunarsamninga eða aðra sambærilega samninga sem beita má án skilyrða.

	Fjáreignir sem falla undir jöfnunarsamninga			Jöfnun sem ekki er færð í efnahagsreikning				
Tegund fjáreigna	Fjáreignir	Fjárskuldir	Mismunur	Fjárskuldir	Mótteknar tryggingar	Nettó fjáreignir innan jöfnunar-samninga	Fjáreignir utan jöfnunar-samninga	Bókfært virði nettó í efnahags-reikningi
Afleiður	7.459	-	7.459	(453)	(5.473)	1.534	-	7.459

Fjárskuldir sem falla undir jöfnunarsamninga eða aðra sambærilega samninga sem beita má án skilyrða.

	Fjárskuldir sem falla undir jöfnunarsamninga			Jöfnun sem ekki er færð í efnahagsreikning				
Tegund fjárskulda	Fjárskuldir	Fjáreignir	Mismunur	Fjáreignir	Afhentar tryggingar	Nettó fjárskuldir innan jöfnunar-samninga	Fjárskuldir utan jöfnunar-samninga	Bókfært virði nettó í efnahags-reikningi
Afleiður	(1.533)	-	(1.533)	(453)	426	(1.559)	-	(1.533)
Skortstöður	(1.255)	-	(1.255)	-	1.255	-	-	(1.255)
Samtals	**(2.788)**	**0**	**(2.788)**	**(453)**	**1.681**	**(1.559)**	**0**	**(2.788)**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

Lausafjáráhætta

65. Lausafjáráhætta

Sjá frekari upplýsingar í kafla 6 í áhættuskýrslu samstæðunnar fyrir árið 2024.

Lausafjáráhætta er áhættan á því að samstæðan eigi í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar sem fylgja fjárskuldum og gerðar eru upp með peningalegum greiðslum eða öðrum fjáreignum, eða að slíku uppgjöri fylgi óhóflegur kostnaður. Áhættan er tilkomin vegna tímamisræmis í greiðsluflæði fjáreigna og fjárskulda, sem er eðlislægur hluti af starfsemi og fjárfestingum samstæðunnar.

66. Stýring lausafjáráhættu

Lausafjárstýring samstæðunnar felur meðal annars í sér að setja upp áætlað sjóðstreymi út frá endurgreiðsluferli frekar en að byggja á samningsbundnum gjalddögum eingöngu, eftirlit með lausafjáráhættu í efnahagsreikningi, eftirlit og stýringu á endurgreiðsluferli skulda og skuldbindinga utan efnahagsreiknings, eftirlit með samsöfnun lausafjáráhættu til að forðast að verða ótilhlýðilega háður stórum mótaðilum, áætla sjóðstreymi framtíðarviðskipta og viðhalda lausafjár- og viðlagaáætlunum sem segja til um aðgerðir sem grípa skal til komi til erfiðleika vegna skorts á lausafé.

Meginmælikvarðar lausafjáráhættu eru lausafjárþekjuhlutfall (e. liquidity coverage ratio (LCR)) og fjármögnunarþekjuhlutfall (e. net stable funding ratio (NSFR)). Útreikningar eru framkvæmdir af áhættustýringu, sem einnig framkvæmir mánaðarlegar álagsprófanir með líkani af lausafjárþekju samstæðunnar. Líkanið er keyrt mörgum sinnum til að fá dreifðar niðurstöður fyrir 30 daga lausafjárþekju. Niðurstöðurnar eru síðan bornar saman við áhættuvilja.

Lausafjárþekjuhlutfall

Tilgangur lausafjárþekjuhlutfallsins er að stuðla að skammtíma þolgæðum lausafjárstöðu með því að tryggja að nægar hágæða lausafjáreignir séu til staðar til að mæta verulegu álagi sem varir í allt að 30 daga. Lausafjárþekjuhlutfall (LCR) er meginmælikvarði lausafjáráhættu til skamms tíma sem mælir hlutfall hágæða lausafjáreigna af nettó heildarútflæði á næstu 30 dögum miðað við tilteknar álagsaðstæður. Lánastofnanir mega að hámarki gera ráð fyrir 75% af væntu innflæði lausafjár á móti væntu útflæði lausafjár. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að þær reiði sig um of á vænt innflæði við álagsaðstæður.

Fylgst er með lausafjáráhættu samstæðunnar innan dags, skammtíma lausafjáráhættu til 30 daga, sem og lausafjáráhættu til meðallangs og lengri tíma og fjármögnunaráhættu vegna misræmis eigna og skulda til lengri tíma.

Samstæðan fylgir leiðbeinandi tilmælum fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 2/2010, um bestu framkvæmd lausafjárstýringar hjá fjármálafyrirtækjum. Lausafjárreglur Seðlabankans nr. 1520/2022 gera kröfu um 100% heildarlausafjárþekju að lágmarki fyrir samstæðuna, lausafjárþekju að lágmarki 80% fyrir evru og lausafjárþekju að lágmarki 50% fyrir íslenskar krónur. Samstæðan skilar mánaðarlegum skýrslum um lausafjárstöðu til Seðlabankans. Eftirfarandi töflur sýna lausafjárþekjuhlutfall samstæðunnar.

	ISK		EUR		Heildarlausafjárþekja	
Lausafjárþekja 31. desember 2024	**Óvegið**	**Vegið**	**Óvegið**	**Vegið**	**Óvegið**	**Vegið**
1. stigs lausafjáreignir	164.112	164.112	72.453	72.453	251.325	251.325
2. stigs lausafjáreignir	12.096	8.467	212	180	12.308	8.648
Upplýsingaliðir	-	-	-	-	-	-
Heildarlausafjáreignir	**176.208**	**172.579**	**72.665**	**72.633**	**263.633**	**259.973**
Innlán	781.717	128.334	65.179	28.859	918.590	186.439
Lántaka	-	-	-	-	16.399	16.399
Annað útflæði	171.314	24.246	21.617	1.702	230.268	29.811
Heildarútflæði (0-30 daga)	**953.031**	**152.580**	**86.796**	**30.561**	**1.165.257**	**232.649**
Útlán og kröfur á lánastofnanir	544	65	18.772	17.609	39.824	36.804
Annað innflæði	42.222	22.412	12.796	6.786	69.572	36.857
Skorður við áætluðu innflæði	-	-	-	(1.474)	-	-
Heildarinnflæði (0-30 daga)	**42.766**	**22.477**	**31.568**	**22.921**	**109.396**	**73.661**
Lausafjárþekja		**133%**		**951%**		**164%**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

66. Stýring lausafjáráhættu (framhald)

	ISK		EUR		Heildarlausafjárþekja	
Lausafjárþekja 31. desember 2023	**Óvegið**	**Vegið**	**Óvegið**	**Vegið**	**Óvegið**	**Vegið**
1. stigs lausafjáreignir	130.995	130.995	73.323	73.323	207.939	207.939
2. stigs lausafjáreignir	15.203	10.602	216	183	15.418	10.785
Upplýsingaliðir	-	-	-	-	-	-
Heildarlausafjáreignir	**146.198**	**141.597**	**73.539**	**73.506**	**223.357**	**218.724**
Innlán	656.678	106.437	44.460	18.222	781.352	157.638
Lántaka	-	-	-	-	11.967	11.967
Annað útflæði	173.209	24.187	16.770	1.391	230.529	30.047
Heildarútflæði (0-30 daga)	**829.887**	**130.624**	**61.230**	**19.613**	**1.023.848**	**199.652**
Útlán og kröfur á lánastofnanir	296	-	12.856	12.361	54.316	52.865
Annað innflæði	39.086	20.464	6.126	3.809	47.781	25.837
Skorður við áætluðu innflæði	-	-	-	(1.461)	-	-
Heildarinnflæði (0-30 daga)	**39.382**	**20.464**	**18.982**	**14.709**	**102.097**	**78.702**
Lausafjárþekja		**129%**		**1.499%**		**181%**

Lausafjárforði

Eftirfarandi töflur sýna samsetningu lausafjárforða samstæðunnar sem samanstendur af hágæða lausafjáreignum, eins og þær eru skilgreindar í lausafjárreglum nr. 1520/2022, og af tiltækum útlánum og kröfum á fjármálastofnanir.

Lausafjárforði 31. desember 2024	**ISK**	**Erlendar myntir**	**Samtals**
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	122.072	1.900	123.972
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf veðhæf hjá Seðlabanka Íslands	54.136	212	54.348
Erlend ríkisskuldabréf með 0% áhættuvog	-	85.313	85.313
Hágæðalausafjáreignir	**176.208**	**87.425**	**263.633**
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	-	-	-
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	544	39.280	39.824
Heildarlausafjárforði	**176.752**	**126.705**	**303.457**

Lausafjárforði 31. desember 2023	**ISK**	**Erlendar myntir**	**Samtals**
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	71.964	1.487	73.451
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf veðhæf hjá Seðlabanka Íslands	74.234	216	74.450
Erlend ríkisskuldabréf með 0% áhættuvog	-	75.457	75.457
Hágæðalausafjáreignir	**146.198**	**77.160**	**223.358**
Útlán og kröfur á fjármálafyrirtæki	296	54.020	54.316
Heildarlausafjárforði	**146.494**	**131.180**	**277.674**

Fjármögnunarþekjuhlutfall

Annar meginmælikvarði lausafjáráhættu þar sem horft er til allt að 12 mánaða, er fjármögnunarþekja sem mælir hlutfall stöðugrar fjármögnunar lánastofnana af nauðsynlegri stöðugri fjármögnun (NSFR). Tilgangur þessa hlutfalls er að ná utan um misvægi í samsetningu efnahagsreikningsins næstu 12 mánuði, með það að markmiði að jafna líftíma eigna og skulda og draga úr notkun skammtímafjármögnunar á langtímaeignum.

Kröfur um fjármögnunarþekjuhlutfall eru í samræmi við ákvæði reglugerðar (ESB) 575/2013 (CRR), eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2019/876 (CRR II). Reglur Seðlabankans um hlutfall stöðugrar fjármögnunar lánastofnana – nú síðast reglur nr. 750/2021 – voru felldar niður árið 2023. Samstæðunni er skylt að viðhalda að lágmarki 100% fjármögnunaþekjuhlutfalli á hverjum tíma í öllum gjaldmiðlum samtals. Samstæðan skilar skýrslum til Seðlabankans um fjármögnunarþekjuhlutfall ársfjórðungslega. Eftirfarandi tafla sýnir fjármögnunarþekjuhlutfall í erlendum myntum og fjármögnunarþekjuhlutfall samtals í árslok 2024 og 2023.

	2024	**2023**
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	143%	145%
Fjármögnunarþekja samtals	124%	123%

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

66. Stýring lausafjáráhættu (framhald)

Flokkun innlána

Eftirfarandi töflur sýna flokkun innlána samstæðunnar eftir aðferðafræði lausafjárreglna nr. 1520/2022 um útreikning á lausafjárþekjuhlutfalli. Innlánshóparnir eru flokkaðir eftir binditíma í 0-30 daga eða lengur sem og eftir áætlaðri útflæðisvigt sem gefur kvikleika þeirra til kynna. Greining á kvikleika er sú aðferð sem bankinn notar helst til að meta stöðugleika innlána við álagsaðstæður. Skipting á tryggðum og ótryggðum innstæðum er samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999, með síðari breytingum. Greiðslur til hvers innstæðueiganda skulu nema heildarfjárhæð tryggingarhæfra innstæðna hans hjá hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki, þó aldrei hærri fjárhæð en að jafnvirði 100.000 evra í íslenskum krónum.

31. desember 2024	Áætluð útflæðisvigt	0-30 dagar	Meira en 30 dagar	Tryggt	Ótryggt	Samtals
Einstaklingar	5% - 100%	505.365	168.177	477.338	196.204	673.542
Lítil og meðalstór fyrirtæki	5% - 100%	101.771	14.010	64.962	50.819	115.781
Rekstrarinnlán	5% - 25%	-	-	-	-	0
Stór fyrirtæki	20% - 40%	212.627	66.565	12.344	266.848	279.192
Opinberir aðilar	20% - 40%	58.635	6.870	-	65.505	65.505
Viðskiptavinir á fjármálamarkaði	100%	37.162	44.654	-	81.816	81.816
Annað*		23.366	1.231	2.809	21.788	24.597
Samtals innlán		**938.926**	**301.507**	**557.453**	**682.980**	**1.240.433**

31. desember 2023	Áætluð útflæðisvigt	0-30 dagar	Meira en 30 dagar	Tryggt	Ótryggt	Samtals
Einstaklingar	5% - 100%	423.132	153.040	430.169	146.001	576.172
Lítil og meðalstór fyrirtæki	5% - 100%	94.770	11.511	61.717	44.565	106.281
Rekstrarinnlán	5% - 25%	-	-	-	-	0
Stór fyrirtæki	20% - 40%	174.958	57.620	12.238	220.340	232.578
Opinberir aðilar	20% - 40%	51.204	6.608	-	57.812	57.812
Viðskiptavinir á fjármálamarkaði	100%	33.782	52.468	-	86.250	86.250
Annað*		18.201	1.211	2.742	16.671	19.412
Samtals innlán		**796.047**	**282.458**	**506.866**	**571.639**	**1.078.505**

*Hluti af innlánum í efnahagsreikningi samstæðunnar eru veðsett. Veðsett innlán eru ekki tekin með í lausafjárþekju samstæðunnar.

67. Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda

Eftirstöðvagreining tekur mið af samningsbundnu greiðsluflæði eigna og skulda samstæðunnar. Fjárhæðunum er skipt niður á tímabil með tilliti til þess sem eftir er af líftíma samnings, þ.e. miðað við tímasetningu samningsbundins greiðsluflæðis.

Fjárhæðir sem birtar eru í eftirstöðvagreiningunni eru ónúvirt framtíðarinnflæði og -útflæði greiðslna samstæðunnar, þar með talið bæði greiðsluflæði af höfuðstólum og vöxtum. Þessar fjárhæðir eru aðrar en bókfært virði í efnahagsreikningi sem byggja á núvirtu framtíðar greiðsluflæði fremur en ónúvirtu. Ef inn- og útgreiðslur eru ekki fastákveðnar - líkt og verðtryggðar greiðslur og breytilegar vaxtagreiðslur - er fjárhæðin sem notuð er við eftirstöðvagreininguna ákvörðuð með hliðsjón af viðeigandi vaxtaferlum, gengi gjaldmiðla og verðbólgu á reikningsskiladegi.

Þegar valkvætt er hvenær samstæðan þarf að inna greiðslu af hendi, er vænt greiðslustreymi reiknað út frá fyrsta degi sem samstæðan kann að vera krafin um greiðslu. Þetta á m.a. við óbundnar innstæður, sem falla inn á fyrsta tímabilið. Þetta er frábrugðið væntu greiðsluflæði samstæðunnar af óbundnum innstæðum viðskiptavina, sem eru skilgreind sem tiltölulega stöðug fjármögnunarleið, með væntan lánstíma lengri en eitt ár. Samstæðan framkvæmir mánaðarlegar álagsprófanir til að meta áhrif breyttra markaðsaðstæðna og úttekta á innlánsreikningum.

Í þeim tilfellum sem samstæðan hefur skuldbundið sig til að hafa fjárhæðir til reiðu vegna útborgana, er reiknað með því að hver útborgun sé reidd fram á fyrsta degi sem samstæðan kann að vera krafin um greiðslu. Óádregnar lánsheimildir falla því innan þess tímabils sem fyrst mætti draga á þær, þó ekki sé búist við að þær séu nýttar að fullu samstundis. Fjárhæðir vegna fjárhagslegra ábyrgða sem samstæðan hefur gefið út eru hámarksfjárhæðir ábyrgðanna á fyrsta tímabilinu sem hægt væri að krefjast efnda á þeim.

Allir samningar um stundarviðskipti koma fram undir fjáreignum og -skuldum en ekki undir afleiðum. Eftirstöðvagreiningin tekur ekki tillit til þeirra aðgerða sem samstæðan getur ákveðið að fara í til að umbreyta eignum í reiðufé, annað hvort með sölu eigna eða þátttöku í viðskiptum við Seðlabanka Íslands. Frekari upplýsingar um lausafjárstýringu samstæðunnar eru í skýringu 66.

Í tilviki útlána og krafna á viðskiptavini, sem eru í greiðslustöðvun eða þar sem skiptameðferð stendur yfir, metur samstæðan greiðsluflæði út frá sögulegum upplýsingum um endurheimtur. Í tilviki skuldabréfa, sem útgefin eru af fyrirtækjum í greiðslustöðvun eða þar sem skiptameðferð stendur yfir, eru fjárhæðir settar fram sem framtíðargreiðsluflæði metið á gangvirði á reikningsskiladegi. Þessi skuldabréf falla öll á tímabilið 1-5 ár.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

67. Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda (framhald)

Eftirfarandi tafla sýnir eftirstöðvagreiningu fyrir fjármálagerninga samstæðunnar 31. desember 2024:

Fjárskuldir aðrar en afleiður	0-1 mánuður	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Án gjalddaga	Samtals	Bókfært virði
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	(10.127)	-	-	-	-	-	(10.127)	(11.989)
Innlán frá viðskiptavinum	(926.168)	(249.102)	(36.793)	(14.631)	(12.938)	-	(1.239.632)	(1.228.444)
Skortstöður	(48)	(65)	(618)	(759)	(6.861)	-	(8.351)	(4.217)
Lántaka	(16.403)	(6.902)	(90.583)	(456.623)	(61.390)	-	(631.901)	(529.150)
Aðrar fjárskuldir	(7.386)	-	-	-	-	-	(7.386)	(7.386)
Víkjandi lántaka	-	(1.676)	(288)	(26.696)	(30.338)	-	(58.998)	(39.989)
Samtals	**(960.132)**	**(257.745)**	**(128.282)**	**(498.709)**	**(111.527)**	**0**	**(1.956.395)**	**(1.821.175)**
Afleiður – skuldir								
Veltubók								(728)
Innstreymi	9.213	2.126	1.089	-	-	-	12.428	
Útstreymi	(9.851)	(2.165)	(1.155)	-	-	-	(13.171)	
Áhættuvarnir								(1.890)
Innstreymi	31.851	15.037	5.177	49.646	-	-	101.711	
Útstreymi	(32.852)	(15.574)	(5.593)	(49.585)	-	-	(103.604)	
Samtals	**(1.639)**	**(576)**	**(482)**	**61**	**0**	**0**	**(2.636)**	**(2.618)**
Fjáreignir aðrar en afleiður								
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	129.981	-	-	-	-	-	129.981	129.981
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	22.969	36.445	38.865	43.038	5.331	-	146.648	139.104
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	-	-	-	-	-	32.644	32.644	32.644
Útlán og kröfur á lánastofnanir	39.346	-	-	-	-	-	39.346	39.346
Útlán og kröfur á viðskiptavini	90.411	121.790	328.535	722.238	2.229.071	-	3.492.045	1.807.437
Aðrar fjáreignir	4.392	-	-	-	-	-	4.392	4.392
Samtals	**287.099**	**158.235**	**367.400**	**765.276**	**2.234.402**	**32.644**	**3.845.056**	**2.152.904**
Afleiður - eignir								
Veltubók								253
Innstreymi	5.624	3.540	897	-	-	-	10.061	
Útstreymi	(5.437)	(3.507)	(907)	-	-	-	(9.851)	
Áhættuvarnir								8.007
Innstreymi	10.465	16.143	7.715	146.994	-	-	181.317	
Útstreymi	(10.317)	(13.062)	(9.780)	(139.933)	-	-	(173.092)	
Samtals	**335**	**3.114**	**(2.075)**	**7.061**	**0**	**0**	**8.435**	**8.260**
Liðir utan efnahagsreiknings								
Fjárhagslegar ábyrgðir og sölutryggingar verðbréfa	(850)	(1.724)	(6.802)	(11.145)	(7.298)	(408)	(28.227)	
Ónýttar lánsheimildir	(174.724)	-	-	-	-	-	(174.724)	
Ónýttur yfirdráttur/kreditkortaheimildir	(84.196)	-	-	-	-	-	(84.196)	
Samtals	**(259.770)**	**(1.724)**	**(6.802)**	**(11.145)**	**(7.298)**	**(408)**	**(287.147)**	
Hrein lausafjárstaða	**(934.107)**	**(98.696)**	**229.759**	**262.544**	**2.115.577**	**32.236**	**1.607.313**	**337.371**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

67. Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda (framhald)

Eftirfarandi tafla sýnir eftirstöðvagreiningu fyrir fjármálagerninga samstæðunnar 31. desember 2023:

Fjárskuldir aðrar en afleiður	0-1 mánuður	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Án gjalddaga	Samtals	Bókfært virði
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	(13.232)	(15.706)	-	-	-	-	(28.938)	(29.968)
Innlán frá viðskiptavinum	(782.741)	(175.379)	(66.113)	(25.990)	(11.237)	-	(1.061.460)	(1.048.537)
Skortstöður	(48)	(51)	(24)	(783)	(4.009)	-	(4.915)	(1.255)
Lántaka	(11.846)	(3.886)	(101.783)	(447.842)	(18.832)	-	(584.189)	(513.687)
Aðrar fjárskuldir	(10.718)	-	-	-	-	-	(10.718)	(10.718)
Víkjandi lántaka	-	(636)	(7.749)	(17.758)	-	-	(26.143)	(20.176)
Samtals	**(818.585)**	**(195.658)**	**(175.669)**	**(492.373)**	**(34.078)**	**0**	**(1.716.363)**	**(1.624.341)**
Afleiður - skuldir								
Veltubók								(651)
Innstreymi	18.538	8.684	1.226	-	-	-	28.448	
Útstreymi	(18.994)	(8.913)	(1.239)	-	-	-	(29.146)	
Áhættuvarnir								(882)
Innstreymi	6.591	16.260	126	2.140	-	-	25.117	
Útstreymi	(6.691)	(16.471)	(40)	(2.935)	-	-	(26.137)	
Samtals	**(556)**	**(440)**	**73**	**(795)**	**0**	**0**	**(1.718)**	**(1.533)**
Fjáreignir aðrar en afleiður								
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	75.350	-	-	-	-	-	75.350	75.350
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	9.900	48.837	41.200	50.108	7.069	-	157.114	148.182
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	-	-	-	-	-	19.012	19.012	19.012
Útlán og kröfur á lánastofnanir	54.101	-	-	-	-	-	54.101	54.101
Útlán og kröfur á viðskiptavini	71.773	112.544	306.125	681.066	1.921.460	-	3.092.968	1.630.894
Aðrar fjáreignir	5.263	-	-	-	-	-	5.263	5.263
Samtals	**216.387**	**161.381**	**347.325**	**731.174**	**1.928.529**	**19.012**	**3.403.808**	**1.932.802**
Afleiður - eignir								
Veltubók								336
Innstreymi	13.316	6.246	787	-	-	-	20.349	
Útstreymi	(13.083)	(6.146)	(784)	-	-	-	(20.013)	
Áhættuvarnir								7.123
Innstreymi	22.189	29.375	2.307	106.320	-	-	160.191	
Útstreymi	(21.155)	(26.025)	(5.801)	(99.758)	-	-	(152.739)	
Samtals	**1.267**	**3.450**	**(3.491)**	**6.562**	**0**	**0**	**7.788**	**7.459**
Liðir utan efnahagsreiknings								
Fjárhagslegar ábyrgðir og sölutryggingar verðbréfa	(661)	(701)	(6.330)	(10.706)	(9.048)	(441)	(27.887)	
Ónýttar lánsheimildir	(183.485)	-	-	-	-	-	(183.485)	
Ónýttur yfirdráttur/kreditkortaheimildir	(79.923)	-	-	-	-	-	(79.923)	
Samtals	**(264.069)**	**(701)**	**(6.330)**	**(10.706)**	**(9.048)**	**(441)**	**(291.295)**	
Hrein lausafjárstaða	**(865.556)**	**(31.968)**	**161.908**	**233.862**	**1.885.403**	**18.571**	**1.402.220**	**314.387**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

68. Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda eftir myntum

Eftirfarandi tafla sýnir eftirstöðvagreiningu fyrir fjármálagerninga samstæðunnar eftir myntum 31. desember 2024:

Fjárskuldir aðrar en afleiður	0-1 mánuður	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Án gjalddaga	Samtals	Bókfært virði
Samtals í erlendri mynt	(163.776)	(6.631)	(45.289)	(285.523)	(5.658)	-	(506.877)	(460.320)
ISK	(796.356)	(251.114)	(82.993)	(213.186)	(105.869)	-	(1.449.518)	(1.360.855)
Alls	**(960.132)**	**(257.745)**	**(128.282)**	**(498.709)**	**(111.527)**	**0**	**(1.956.395)**	**(1.821.175)**
Afleiður – skuldir								
Samtals í erlendri mynt	7.517	1.018	1.314	61	-	-	9.910	(1.615)
ISK	(9.156)	(1.594)	(1.796)	-	-	-	(12.546)	(1.003)
Samtals	**(1.639)**	**(576)**	**(482)**	**61**	**0**	**0**	**(2.636)**	**(2.618)**
Fjáreignir aðrar en afleiður								
Samtals í erlendri mynt	88.611	74.637	134.138	147.521	16.499	7.020	468.426	440.599
ISK	198.488	83.598	233.262	617.755	2.217.903	25.624	3.376.630	1.712.305
Samtals	**287.099**	**158.235**	**367.400**	**765.276**	**2.234.402**	**32.644**	**3.845.056**	**2.152.904**
Afleiður – eignir								
Samtals í erlendri mynt	(2.583)	4.308	4.338	7.061	-	-	13.124	8.182
ISK	2.918	(1.194)	(6.413)	-	-	-	(4.689)	78
Samtals	**335**	**3.114**	**(2.075)**	**7.061**	**0**	**0**	**8.435**	**8.260**
Liðir utan efnahagsreiknings								
Samtals í erlendri mynt	(47.363)	(1.137)	(3.922)	(1.667)	(4.232)	-	(58.321)	
ISK	(212.407)	(587)	(2.880)	(9.478)	(3.066)	(408)	(228.826)	
Samtals	**(259.770)**	**(1.724)**	**(6.802)**	**(11.145)**	**(7.298)**	**(408)**	**(287.147)**	
Hrein lausafjárstaða í ISK	**(816.513)**	**(170.891)**	**139.180**	**395.091**	**2.108.968**	**25.216**	**1.681.051**	**350.525**
Hrein lausafjárstaða í erlendri mynt	**(117.594)**	**72.195**	**90.579**	**(132.547)**	**6.609**	**7.020**	**(73.738)**	**(13.154)**
Hrein lausafjárstaða	**(934.107)**	**(98.696)**	**229.759**	**262.544**	**2.115.577**	**32.236**	**1.607.313**	**337.371**

Eftirfarandi tafla sýnir eftirstöðvagreiningu fyrir fjármálagerninga samstæðunnar eftir myntum 31. desember 2023:

Fjárskuldir aðrar en afleiður	0-1 mánuður	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Án gjalddaga	Samtals	Bókfært virði
Samtals í erlendri mynt	(145.200)	(19.558)	(40.359)	(254.388)	(9.354)	-	(468.859)	(447.800)
ISK	(673.385)	(176.100)	(135.310)	(237.985)	(24.724)	-	(1.247.504)	(1.176.541)
Alls	**(818.585)**	**(195.658)**	**(175.669)**	**(492.373)**	**(34.078)**	**0**	**(1.716.363)**	**(1.624.341)**
Afleiður – skuldir								
Samtals í erlendri mynt	12.940	13.674	(64)	-	-	-	26.550	(687)
ISK	(13.496)	(14.114)	137	(795)	-	-	(28.268)	(846)
Samtals	**(556)**	**(440)**	**73**	**(795)**	**0**	**0**	**(1.718)**	**(1.533)**
Fjáreignir aðrar en afleiður								
Samtals í erlendri mynt	74.254	85.041	125.930	146.404	4.492	384	436.505	411.477
ISK	142.133	76.340	221.395	584.770	1.924.037	18.628	2.967.303	1.521.325
Samtals	**216.387**	**161.381**	**347.325**	**731.174**	**1.928.529**	**19.012**	**3.403.808**	**1.932.802**
Afleiður – eignir								
Samtals í erlendri mynt	5.855	3.570	(3.001)	6.562	-	-	12.986	7.442
ISK	(4.588)	(120)	(490)	-	-	-	(5.198)	17
Samtals	**1.267**	**3.450**	**(3.491)**	**6.562**	**0**	**0**	**7.788**	**7.459**
Liðir utan efnahagsreiknings								
Samtals í erlendri mynt	(46.329)	(131)	(3.511)	(2.303)	(4.810)	-	(57.084)	
ISK	(217.740)	(570)	(2.819)	(8.403)	(4.238)	(441)	(234.211)	
Samtals	**(264.069)**	**(701)**	**(6.330)**	**(10.706)**	**(9.048)**	**(441)**	**(291.295)**	
Hrein lausafjárstaða í ISK	**(767.076)**	**(114.564)**	**82.913**	**337.587**	**1.895.075**	**18.187**	**1.452.122**	**343.955**
Hrein lausafjárstaða í erlendri mynt	**(98.480)**	**82.596**	**78.995**	**(103.725)**	**(9.672)**	**384**	**(49.902)**	**(29.568)**
Hrein lausafjárstaða	**(865.556)**	**(31.968)**	**161.908**	**233.862**	**1.885.403**	**18.571**	**1.402.220**	**314.387**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

69. Veðsettar eignir

Bankinn hefur sett að veði hluta af útlánasafni sínu til tryggingar útgáfu á sértryggðum skuldabréfum í íslenskum krónum og evrum sem bankinn hefur gefið út í samræmi við íslensk lög og reglur fjármálaeftirlitsins. Hluti af sértryggðu skuldabréfaútgáfunni getur bankinn selt síðar eða notað í verðbréfalánum og endurhverfum viðskiptum. Í árslok 2024 nam fjárhæð þessa skuldabréfs í íslenskum krónum 15 ma. kr. og fjárhæð skuldabréfsins í evrum nam 250 milljónum evra. Veðsettar eignir á móti bréfunum námu 64 ma. kr. (31.12.2023: 66 ma. kr.).

Bankinn hefur sett að veði eignir til Seðlabanka Íslands, til að tryggja uppgjör í íslenska greiðslukerfinu. Einnig hefur bankinn sett eignir að veði til þess að tryggja viðskiptalínur, GMRA-samninga (e. Global Master Repurchase Agreement) og ISDA-samninga (e. International Swaps and Derivative Association), auk annarra veðsetninga af svipuðum toga.

Eftirfarandi töflur sýnir sundurliðun veðsettra og óveðsettra eigna samstæðunnar.

	Veðsett á móti			
31. desember 2024	**Sértryggðum skulda-bréfum**	**Annað**	**Óveðsettar eignir**	**Samtals**
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	20.128	6.009	103.844	129.981
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	-	3.022	136.082	139.104
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	-	-	32.644	32.644
Afleiðusamningar	-	-	8.260	8.260
Útlán og kröfur á lánastofnanir	-	1.753	37.593	39.346
Útlán og kröfur á viðskiptavini	388.732	-	1.418.705	1.807.437
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum	-	-	1.143	1.143
Rekstrarfjármunir	-	4.802	9.809	14.611
Óefnislegar eignir	-	-	1.336	1.336
Aðrar eignir	-	-	5.725	5.725
Eignir í sölumeðferð	-	-	2.172	2.172
Samtals fyrir frádrag	**408.860**	**15.586**	**1.757.313**	**2.181.759**
Frádrag vegna eigin bréfa	(64.229)			
Veðsettar eignir vegna endurhverfra samninga	13.306			
Veðsettar eignir vegna skulda á efnhagsreikningi	**357.937**			

	Veðsett á móti			
31. desember 2023	**Sértryggðum skulda-bréfum**	**Annað**	**Óveðsettar eignir**	**Samtals**
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	8.328	1.899	65.123	75.350
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	-	2.857	145.325	148.182
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	-	-	19.012	19.012
Afleiðusamningar	-	-	7.459	7.459
Útlán og kröfur á lánastofnanir	-	1.035	53.066	54.101
Útlán og kröfur á viðskiptavini	403.637	-	1.227.257	1.630.894
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum	-	-	1.849	1.849
Rekstrarfjármunir	-	5.060	9.708	14.768
Óefnislegar eignir	-	-	1.472	1.472
Aðrar eignir	-	-	6.828	6.828
Eignir í sölumeðferð	-	-	861	861
Samtals fyrir frádrag	**411.965**	**10.851**	**1.537.960**	**1.960.776**
Frádrag vegna eigin bréfa	(66.178)			
Veðsettar eignir vegna endurhverfra samninga	13.860			
Veðsettar eignir vegna skulda á efnhagsreikningi	**359.647**			

Markaðsáhætta

70. Markaðsáhætta

Sjá frekari upplýsingar í kafla 5 í áhættuskýrslu samstæðunnar fyrir árið 2024.

Markaðsáhætta er áhættan á að verðbreytingar á mörkuðum hafi áhrif á gangvirði og framtíðarsjóðstreymi fjármálagerninga. Markaðsáhætta er tilkomin vegna opinna staða í gjaldmiðlum, hlutabréfum og vaxtaberandi fjármálagerningum, en slíkir gerningar eru næmir fyrir almennum og sértækum markaðsbreytingum og flökti í markaðsbreytum, til dæmis vöxtum, vaxtaálagi, gengi gjaldmiðla og hlutabréfaverði. Önnur markaðsáhætta er skilgreind sem hlutabréfaáhætta og verðtryggingaráhætta en greint er frá þessum áhættuþáttum sérstaklega í næstu skýringum.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

71. Stýring markaðsáhættu

Samstæðan flokkar markaðsáhættu starfseminnar í áhættu innan veltubókar og áhættu utan veltubókar og er áhættunni stýrt sérstaklega fyrir hvora bók. Veltubók inniheldur stöður sem koma til vegna viðskiptavaktar, áhættuvarna vegna afleiðuviðskipta og stöðutöku fyrir eigin reikning. Söfn utan veltubókar innihalda stöðutöku sem tengist viðskiptabankastarfsemi samstæðunnar og eigin stöðutöku Fjárstýringar vegna eigna- og skuldastýringar, sem og fjármögnunarsamninga. Fjárstýring ber jafnframt ábyrgð á daglegri lausafjárstýringu samstæðunnar sem myndar markaðsáhættu.

Samstæðan notar áhættugrunn (e. Risk-Weighted Exposure Amounts; RWEA) og eiginfjárþörf (e. Economic Capital; EC) sem samnefnara fyrir áhættu mismunandi eignaflokka, þar á meðal þær eignir sem bera markaðsáhættu. Áhættugrunnur samstæðunnar er fundinn með því að vigta eignir samstæðunnar í samræmi við eiginfjárreglur (e. Capital Requirements Regulations; CRR).

Eftirfarandi tafla sýnir markaðsáhættu samstæðunnar sem hlutfall af áhættugrunni. Aðlögun á útlánavirði (e. Credit Valuation Adjustment (CVA)) fyrir afleiðustöður samstæðunnar eru reiknaðar með staðalaðferð samkvæmt reglum um eiginfjárkröfur.

	2024	2023
Áhættuþáttur	**% af áh.gr.**	**% af áh.gr.**
Hlutabréfaáhætta	0,5%	0,4%
Vaxtaáhætta	0,2%	0,6%
Aðlögun á útlánavirði	0,1%	0,2%
Gjaldeyrisáhætta	0,3%	0,3%
Samtals	**1,1%**	**1,6%**

72. Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er áhættan á sveiflum í virði á opnum stöðum í hlutabréfagerningum.

Hlutabréfastöður samstæðunnar í veltubók samanstanda af skráðum hlutabréfum vegna eigin stöðutöku og stöðutöku vegna viðskiptavaktar, þ.m.t. stöðum vegna hlutabréfaafleiðna og vörnum vegna þeirra. Stöður samstæðunnar í hlutabréfum utan veltubókar samanstanda af innlendum og erlendum skráðum og óskráðum hlutabréfum vegna eigna- og skuldastýringar. Frekari útlistun má sjá í skýringu 21 og skýringum 74-75.

73. Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan á að vaxtabreytingar á mörkuðum hafi áhrif á gangvirði eða framtíðarsjóðstreymi fjármálagerninga.

Vaxtabreytingar á eignum eða skuldum samstæðunnar utan veltubókar hafa áhrif á vaxtamun. Áhættuna má aðallega rekja til mismunar á líftíma (e. duration) milli eigna og skulda. Vaxtaáhættu er fyrst og fremst stýrt með því að fylgjast með vaxtamun. Vaxtaáhættu er stýrt miðlægt innan samstæðunnar af Fjárstýringu og er undir eftirliti Áhættustýringar.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

73. Vaxtaáhætta (framhald)

Eftirfarandi töflur sýna vaxtaáhættu samstæðunnar. Töflurnar sýna bókfært virði vaxtaberandi fjáreigna og -skulda. Fjárhæðir utan efnahagsreiknings eru settar fram sem nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga, sjá skýringu 22. Fjárhæðirnar eru flokkaðar annað hvort út frá dagsetningu samningsbundinnar endurverðlagningar eða gjalddaga, hvort sem gerist fyrr.

31. desember 2024	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Bókfært virði
Fjáreignir					
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	129.981	-	-	-	129.981
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	59.905	36.930	36.619	5.650	139.104
Afleiðusamningar	506	26	7.728	-	8.260
Útlán og kröfur á lánastofnanir	39.346	-	-	-	39.346
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.399.883	189.454	203.646	14.454	1.807.437
Aðrar fjáreignir	4.392	-	-	-	4.392
Samtals	**1.634.013**	**226.410**	**247.993**	**20.104**	**2.128.520**
Fjárskuldir					
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	(11.989)	-	-	-	(11.989)
Innlán frá viðskiptavinum	(1.215.405)	(7.346)	(5.693)	-	(1.228.444)
Afleiðusamningar og skortstöður	(1.704)	(734)	(180)	(4.217)	(6.835)
Lántaka	(42.218)	(65.965)	(376.172)	(44.795)	(529.150)
Aðrar fjárskuldir	(7.386)	-	-	-	(7.386)
Víkjandi lántaka	-	-	(16.024)	(23.965)	(39.989)
Samtals	**(1.278.702)**	**(74.045)**	**(398.069)**	**(72.977)**	**(1.823.793)**
Hrein staða í efnahagsreikningi	355.311	152.365	(150.076)	(52.873)	304.727
Afleiður notaðar til áhættuvarnar	(172.680)	-	172.680	-	
Hrein staða utan efnahagsreiknings	2.000	(2.000)	-	-	
Vaxtanæmnibil samtals	**184.631**	**150.365**	**22.604**	**(52.873)**	

31. desember 2023	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Bókfært virði
Fjáreignir					
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	75.350	-	-	-	75.350
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	59.115	39.604	44.311	5.152	148.182
Afleiðusamningar	2.723	67	4.669	-	7.459
Útlán og kröfur á lánastofnanir	54.101	-	-	-	54.101
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.113.528	221.782	280.317	15.267	1.630.894
Aðrar fjáreignir	5.263	-	-	-	5.263
Samtals	**1.310.080**	**261.453**	**329.297**	**20.419**	**1.921.249**
Fjárskuldir					
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	(29.968)	-	-	-	(29.968)
Innlán frá viðskiptavinum	(1.043.506)	(4.058)	(973)	-	(1.048.537)
Afleiðusamningar og skortstöður	(934)	(21)	(578)	(1.255)	(2.788)
Lántaka	(65.135)	(96.725)	(342.974)	(8.853)	(513.687)
Aðrar fjárskuldir	(10.718)	-	-	-	(10.718)
Víkjandi lántaka	-	(7.053)	(13.123)	-	(20.176)
Samtals	**(1.150.261)**	**(107.857)**	**(357.648)**	**(10.108)**	**(1.625.874)**
Hrein staða í efnahagsreikningi	159.819	153.596	(28.351)	10.311	295.375
Afleiður notaðar til áhættuvarnar	(90.054)	-	90.054	-	
Hrein staða utan efnahagsreiknings	2.000	-	(2.000)	-	
Vaxtanæmnibil samtals	**71.765**	**153.596**	**59.703**	**10.311**	

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

74. Næmnigreining eigna í veltubók

Stýring markaðsáhættu í veltubók samstæðunnar byggir meðal annars á eftirliti með næmni veltubókarinnar gagnvart mismunandi sviðsmyndum á verði hlutabréfa og markaðsvaxta.

Eftirfarandi tafla sýnir breytingu í gangvirði skuldabréfa við samhliða hliðrun allra vaxtaferla um +/-100 grunnpunkta.

	2024		2023	
Mynt	**Hækkun**	**Lækkun**	**Hækkun**	**Lækkun**
ISK, óverðtryggt	(134)	143	(149)	159
ISK, verðtryggt	(153)	174	(235)	264
Samtals	**(287)**	**317**	**(384)**	**423**

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif það hefði á hagnað (tap) samstæðunnar fyrir tekjuskatt ef verð á hlutabréfum og hlutabréfagerningum í veltubók, sem eru í eigu samstæðunnar í árslok, breyttist um +/- 5%.

	2024		2023	
Mynt	**Hækkun**	**Lækkun**	**Hækkun**	**Lækkun**
ISK	173	(173)	136	(136)
Aðrar	4	(4)	-	-
Samtals	**177**	**(177)**	**136**	**(136)**

Eigið fé samstæðunnar hefði breyst að sama marki og rekstrarreikningurinn þar sem hagnaður (tap) af sölu hlutabréfa telst ekki til skattskyldra tekna (frádráttarbærra gjalda).

75. Næmnigreining eigna utan veltubókar

Stýring vaxtaáhættu utan veltubókar byggir á eftirliti með næmni gangvirðis fjáreigna og -skulda gagnvart ýmsum vaxtasviðsmyndum. Mánaðarlega eru framkvæmd álagspróf á vaxtaáhættunni utan veltubókar þar sem vaxtaferlum allra gjaldmiðla er hliðrað og áhrif á efnahagslegt virði mæld.

Eftirfarandi tafla sýnir breytingu í gangvirði fjáreigna og fjárskulda við samhliða hliðrun vaxtaferla um +/-100 grunnpunkta.

	2024		2023	
Mynt	**Hækkun**	**Lækkun**	**Hækkun**	**Lækkun**
ISK, óverðtryggt	(2.513)	2.640	(4.141)	4.405
ISK, verðtryggt	3.888	(4.051)	1.629	(1.651)
EUR	16	(10)	1.089	(1.109)
Aðrar	(76)	86	47	(46)
Samtals	**1.315**	**(1.335)**	**(1.376)**	**1.599**

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif það hefði á hagnað (tap) samstæðunnar fyrir tekjuskatt ef verð á hlutabréfum utan veltubókar í árslok sem flokkuð eru í 1. eða 2. þrep breyttist um +/-5% og ógreinanlegar forsendur, sem notaðar eru við verðmat hlutabréfa sem flokkuð eru í 3. þrep, breyttust einnig um +/- 5%. Þrepaskiptingu gangverðs má sjá í skýringu 83.11 (f).

	2024		2023	
Mynt	**Hækkun**	**Lækkun**	**Hækkun**	**Lækkun**
ISK	396	(396)	347	(347)
Aðrar	22	(22)	17	(17)
Samtals	**418**	**(418)**	**364**	**(364)**

Eigið fé samstæðunnar hefði breyst að sama marki og rekstrarreikningurinn þar sem hagnaður (tap) af sölu hlutabréfa telst ekki til skattskyldra tekna (frádráttarbærra gjalda).

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

76. Verðtryggingaráhætta (öll söfn)

Verðtryggingaráhætta er áhættan á þeim áhrifum sem sveiflur í vísitölu neysluverðs geta haft á gangvirði og framtíðar sjóðstreymi verðtryggðra fjármálagerninga. Til að mæta ójafnvægi milli verðtryggðra eigna og skulda hjá samstæðunni býður bankinn upp á óverðtryggð útlán, verðtryggð innlán, verðtryggðar sértryggðar skuldabréfaútgáfur sem og verðtryggða vaxtaskiptasamninga.

Eftirfarandi töflur sýna verðtryggingarjöfnuð samstæðunnar miðað við bókfærða stöðu verðtryggðra fjáreigna og fjárskulda flokkaða eftir gjalddögum.

31. desember 2024	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Bókfært virði
Fjáreignir					
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	-	-	25.735	3.198	28.933
Afleiðusamningar	10	-	-	-	10
Útlán og kröfur á viðskiptavini	489	13.246	64.659	520.671	599.065
Samtals	**499**	**13.246**	**90.394**	**523.869**	**628.008**
Fjárskuldir					
Innlán frá viðskiptavinum	(103.885)	(65.090)	(6.947)	(6.480)	(182.402)
Afleiðusamningar og skortstöður	(13)	(683)	-	(2.558)	(3.254)
Lántaka	-	-	(89.530)	(44.794)	(134.324)
Víkjandi lántaka	-	-	(16.024)	(20.731)	(36.755)
Samtals	**(103.898)**	**(65.773)**	**(112.501)**	**(74.563)**	**(356.735)**
Samtals innan efnahags	**(103.399)**	**(52.527)**	**(22.107)**	**449.306**	**271.273**
Nettófjáreignir utan efnahags					
Vaxtaskiptasamningar	-	(2.037)	-	-	(2.037)
Heildarskiptasamningar	-	-	(3.708)	1.032	(2.676)
Samtals	**0**	**(2.037)**	**(3.708)**	**1.032**	**(4.713)**
Verðtryggingarjöfnuður samtals	**(103.399)**	**(54.564)**	**(25.815)**	**450.338**	**266.560**

31. desember 2023	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Bókfært virði
Fjáreignir					
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	29	-	31.672	3.220	34.921
Afleiðusamningar	3	-	-	-	3
Útlán og kröfur á viðskiptavini	756	597	50.028	329.986	381.367
Samtals	**788**	**597**	**81.700**	**333.206**	**416.291**
Fjárskuldir					
Innlán frá viðskiptavinum	(96.763)	(55.228)	(21.631)	(5.993)	(179.615)
Afleiðusamningar og skortstöður	(4)	-	(578)	(340)	(922)
Lántaka	-	(52.712)	(85.805)	-	(138.517)
Víkjandi lántaka	-	(7.053)	(13.123)	-	(20.176)
Samtals	**(96.767)**	**(114.993)**	**(121.137)**	**(6.333)**	**(339.230)**
Samtals innan efnahags	**(95.979)**	**(114.396)**	**(39.437)**	**326.873**	**77.061**
Nettófjáreignir utan efnahags					
Vaxtaskiptasamningar	-	-	(2.000)	-	(2.000)
Heildarskiptasamningar	(310)	-	-	-	(310)
Samtals	**(310)**	**0**	**(2.000)**	**0**	**(2.310)**
Verðtryggingarjöfnuður samtals	**(96.289)**	**(114.396)**	**(41.437)**	**326.873**	**74.751**

Stýring verðtryggingaráhættu samstæðunnar felst þar að auki í eftirfylgni með næmni hreinnar stöðu samstæðunnar í verðtryggðum fjáreignum og fjárskuldum innan efnahags gagnvart ýmsum verðbólgu-/verðhjöðnunaratburðum. Sem dæmi má nefna að eins prósentustigs breyting í vísitölu neysluverðs, að öðrum forsendum óbreyttum, hefði breytt vaxtatekjum um 2.666 milljónir króna í árslok 2024 (2023: 747 milljónir króna).

Breyting á vaxtamun til hækkunar/lækkunar hefði sömu áhrif á óráðstafað eigið fé og rekstrarreikninginn (að frádregnum tekjuskatti).

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

Gjaldeyrisáhætta

77. Gjaldeyrisáhætta (öll söfn)

Sjá frekari upplýsingar í kafla 5 í áhættuskýrslu samstæðunnar fyrir árið 2024.

Gjaldeyrisáhætta er áhættan á mögulegu tapi í fjármálagerningum í erlendum myntum vegna sveiflna í gengi gjaldmiðla. Samstæðan starfar í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands nr. 784/2018 um gjaldeyrisjöfnuð. Bankinn skilar Seðlabankanum daglegum skýrslum um gjaldeyrisjöfnuð og samstæðan skilar þeim mánaðarlega.

Nettó gjaldeyrisjöfnuður samstæðunnar þann 31. desember 2024 var + 0,96% af eiginfjárgrunni samstæðunnar (31.12.2023: +1,00%).

78. Samþjöppun gjaldeyrisáhættu

Eftirfarandi töflur sýna samantekna gjaldeyrisáhættu samstæðunnar. Fjárhæðir utan efnahagsreiknings sýna nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga samstæðunnar. Fjárhæðir sem settar eru fram undir eignum og skuldum innihalda alla samninga um stundarviðskipti sem, við stjórnun gjaldeyrisáhættu hjá samstæðunni, teljast hvorki til afleiðueigna né afleiðuskulda.

31. desember 2024	EUR	GBP	USD	NOK	SEK	Aðrir	Alls
Eignir							
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	980	166	398	-	9	347	1.900
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	71.695	-	13.840	-	-	-	85.535
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	66	18	6.866	61	10	-	7.021
Afleiðusamningar	7.850	17	234	51	28	2	8.182
Útlán og kröfur á lánastofnanir	18.772	1.894	7.149	7.184	13	4.268	39.280
Útlán og kröfur á viðskiptavini	224.764	1.951	73.605	49	33	6.418	306.820
Aðrar eignir	28	-	-	-	-	15	43
Samtals	**324.155**	**4.046**	**102.092**	**7.345**	**93**	**11.050**	**448.781**
Skuldir							
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	(7.599)	(4)	(30)	-	-	-	(7.633)
Innlán frá viðskiptavinum	(59.193)	(5.957)	(64.069)	(6.720)	(654)	(5.312)	(141.905)
Afleiðusamningar og skortstöður	(504)	(30)	(1.080)	-	(2)	-	(1.616)
Lántaka	(234.858)	-	(18.726)	(25.301)	(29.036)	-	(307.921)
Aðrar skuldir	(968)	(103)	(658)	(114)	(190)	(829)	(2.862)
Víkjandi lántaka	-	-	-	-	-	-	0
Samtals	**(303.122)**	**(6.094)**	**(84.563)**	**(32.135)**	**(29.882)**	**(6.141)**	**(461.937)**
Hrein staða í efnahagsreikningi	21.033	(2.048)	17.529	(24.790)	(29.789)	4.909	**(13.156)**
Hrein staða utan efnahagsreiknings	(21.261)	2.500	(14.534)	25.116	29.952	(5.360)	**16.413**
Hrein gjaldeyrisstaða	**(228)**	**452**	**2.995**	**326**	**163**	**(451)**	**3.257**

31. desember 2023	EUR	GBP	USD	NOK	SEK	Aðrir	Alls
Eignir							
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	578	138	343	43	36	350	1.488
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	72.974	-	2.712	-	-	-	75.686
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	79	-	305	-	-	-	384
Afleiðusamningar	6.703	30	661	47	1	1	7.443
Útlán og kröfur á lánastofnanir	12.856	2.198	20.600	12.952	20	5.392	54.018
Útlán og kröfur á viðskiptavini	199.310	1.972	73.293	58	32	5.090	279.755
Aðrar eignir	64	2	18	2	2	59	147
Samtals	**292.564**	**4.340**	**97.932**	**13.102**	**91**	**10.892**	**418.921**
Skuldir							
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	(21.013)	(8)	(1.278)	-	-	-	(22.299)
Innlán frá viðskiptavinum	(39.512)	(5.888)	(72.132)	(3.551)	(989)	(5.764)	(127.836)
Afleiðusamningar og skortstöður	(518)	(6)	(146)	(1)	(1)	(10)	(682)
Lántaka	(209.909)	-	(25.642)	(28.993)	(29.246)	-	(293.790)
Aðrar skuldir	(1.374)	(184)	(1.548)	(92)	(86)	(598)	(3.882)
Víkjandi lántaka	-	-	-	-	-	-	0
Samtals	**(272.326)**	**(6.086)**	**(100.746)**	**(32.637)**	**(30.322)**	**(6.372)**	**(448.489)**
Hrein staða í efnahagsreikningi	20.238	(1.746)	(2.814)	(19.535)	(30.231)	4.520	**(29.568)**
Hrein staða utan efnahagsreiknings	(17.461)	2.269	2.356	19.808	30.335	(4.705)	**32.602**
Hrein gjaldeyrisstaða	**2.777**	**523**	**(458)**	**273**	**104**	**(185)**	**3.034**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

79. Næmni gagnvart gjaldeyrisáhættu

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif 5% veiking/styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefði á aðrar rekstrartekjur samstæðunnar, ef öllum öðrum breytum er haldið föstum. Næmnigreiningu er beitt á nettó gjaldeyrisstöðu samstæðunnar í erlendri mynt samkvæmt efnahagsreikningi eins og fram kemur í skýringu 78.

	2024		2023	
Mynt í milljónum króna	-5% styrking	+5% veiking	-5% styrking	+5% veiking
EUR	(11)	11	139	(139)
GBP	23	(23)	26	(26)
USD	150	(150)	(23)	23
NOK	16	(16)	14	(14)
SEK	8	(8)	5	(5)
Aðrar	(23)	23	(9)	9
Samtals	**163**	**(163)**	**152**	**(152)**

Eigið fé samstæðunnar hefði breyst að sama marki og rekstrarreikningurinn að frádregnum tekjuskatti. Þetta er vegna þess að hækkun/lækkun á rekstrartekjum hefði haft áhrif á óráðstafað eigið fé.

80. Gengi erlendra gjaldmiðla

Samstæðan notaði eftirfarandi gengi erlendra gjaldmiðla fyrir reikningstímabilið sem ársreikningur þessi nær til:

	31.12.2024	31.12.2023	Breyting í %	Meðalgengi 2024	Meðalgengi 2023
EUR/ISK	143,90	150,09	(4,1%)	148,97	148,85
GBP/ISK	174,08	173,21	0,5%	176,05	171,23
USD/ISK	138,91	135,88	2,2%	137,79	137,68
JPY/ISK	0,8844	0,9635	(8,2%)	0,9138	0,9816
CHF/ISK	153,36	161,49	(5,0%)	156,84	153,28
CAD/ISK	96,61	103,03	(6,2%)	100,74	102,14
DKK/ISK	19,298	20,135	(4,2%)	19,977	19,978
NOK/ISK	12,235	13,379	(8,6%)	12,820	13,113
SEK/ISK	12,577	13,487	(6,7%)	13,049	13,013

Sjálfbærniáhætta

81. Sjálfbærniáhætta

Sjá frekari upplýsingar í kafla 8 í áhættuskýrslu samstæðunnar fyrir árið 2024.

Sjálfbærniáhætta er skilgreind sem áhætta sem stafar af núverandi eða mögulegum framtíðaráhrifum af umhverfisþáttum, félagslegum þáttum eða stjórnarháttum (UFS) á viðskiptavini bankans eða fjárfestingar hans. Sjálfbærniáhætta raungerist í gegnum mögnunaráhrif á hefðbundna fjárhagslega áhættuþætti.

Bankinn uppfærði sjálfbærnistefnu sína á árinu, en hún skilgreinir markmið bankans í sjálfbærnimálum og lýsir aðferðum við að innleiða þau í rekstur. Sjálfbær fjármálaumgjörð bankans var uppfærð og endurútgefin í upphafi árs 2024. Undir áhættu- og fjármálanefnd bankans starfar sérstakur sjálfbærnihópur sem skilgreinir sjálfbær verkefni, forgangsraðar þeim, ráðstafar fjármunum og sér um upplýsingagjöf til fjárfesta.

Á árinu fór bankinn í tvöfalda mikilvægisgreiningu á starfsemi bankans, þar sem annars vegar voru metin áhrif bankans á ytra umhverfi og hins vegar hvaða áhrif sjálfbærniþættir hafa á rekstur bankans. Mikilvægisgreiningin var unnin samkvæmt leiðbeiningum evrópska sjálfbærniskilastaðalsins European Sustainability Reporting Standard (ESRS) með það að markmiði að undirbúa bankann fyrir innleiðingu Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD) tilskipunarinnar. CSRD-tilskipunin hefur verið innleidd í Evrópusambandinu og verður innleidd í löndum sem eru aðilar að samningum um Evrópska efnahagsvæðið. Í ljósi þess ákvað bankinn að hætta að byggja sjálfbærniuppgjör bankans á leiðbeiningum Global Reporting Initiative (GRI) og hafa evrópska sjálfbærniskilastaðalinn frekar til hliðsjónar til að undirbúa sig undir kröfur CSRD-tilskipunarinnar. Uppfærð sjálfbærniupplýsingagjöf bankans er næsta skref á þeirri vegferð að gera þær enn aðgengilegri haghöfum. Upplýsingarnar eru staðfestar að hluta til með takmarkaðri vissu.

Frekari upplýsingar má finna í sjálfbærniskýrslu bankans og skýrslu um hlutfall grænna eigna (e. Green Asset Ratio) samkvæmt kröfum reglugerðar ESB (2020/852) fyrir árið 2024, sem er gefin út samhliða ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2024 og birt á heimasíðu bankans, www.landsbankinn.is.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

Rekstraráhætta

82. Rekstraráhætta

Sjá frekari upplýsingar í kafla 7 í áhættuskýrslu samstæðunnar fyrir árið 2024.

Rekstraráhætta er skilgreind sem áhættan á mögulegu fjárhagslegu tapi vegna svika, gallaðra eða ófullnægjandi verkferla eða kerfa, vegna mistaka starfsfólks eða vegna utanaðkomandi atvika. Hún er því til staðar í allri viðskiptastarfsemi samstæðunnar. Lagaleg áhætta telst til rekstraráhættu, en ekki orðsporsáhætta.

Samstæðan setur fram, viðheldur og samræmir rekstraráhættuumgjörð, sem er í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Basel-nefndarinnar frá 2011: „Góðir starfshættir við stjórnun og eftirlit með rekstraráhættu“ (e. „Principles for the Sound Management of Operational Risk“).

Samstæðan tryggir samhæfða stjórn á rekstraráhættu með fyrirbyggjandi aðgerðum og eftirliti sem fela í sér ítarlega ferla, stöðuga yfirsýn og vátryggingastefnu, ásamt virku eftirliti Innri endurskoðunar. Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á rekstraráhættu síns sviðs, en dagleg stýring hennar er á ábyrgð forstöðumanna deilda. Þetta tryggir að allar starfsstöðvar geri sér grein fyrir hvers konar áhættu í rekstrinum, að stöndugt eftirlitskerfi sé til staðar og að stjórntæki til að lágmarka áhættu séu innleidd á skilvirkan og áhrifaríkan hátt.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

Skýring		Blaðsíða
Mikilvægar reikningsskilaaðferðir		
83	Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	83
83.1.	Grundvöllur samstæðunnar	83
83.1 (a).	Dótturfélög	83
83.1 (b).	Hlutdeild minnihluta	83
83.1 (c).	Missir á yfirráðum	83
83.2.	Sérsniðnar einingar	83-84
83.3.	Hlutdeildarfélög	84
83.4.	Erlendir gjaldmiðlar	84
83.5.	Hreinar vaxtatekjur	85
83.6.	Hreinar þjónustutekjur	85
83.7.	Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	85
83.8.	Hreinn gengismunur gjaldmiðla	86
83.9.	Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	86
83.10.	Tekjuskattur	86
83.11.	Fjáreignir og fjárskuldir	86
83.11 (a).	Skráning	86
83.11 (b).	Flokkun	86-87
83.11 (c).	Afskráning	88
83.11 (d).	Skilmálabreytingar á fjáreignum og fjárskuldum	88-89
83.11 (e).	Jöfnun	89
83.11 (f).	Mat gangvirðis	89-90
83.11 (g).	Virðisrýrnun fjáreigna	90-93
83.12.	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	93
83.13.	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	93
83.14.	Hlutabréf og hlutabréfagerningar	93
83.15.	Afleiðusamningar	94
83.16.	Innbyggðar afleiður	94
83.17.	Áhættuvarnareikningsskil	94
83.18.	Skortstöður	95
83.19.	Útlán og kröfur	95
83.20.	Varanlegir rekstrarfjármunir	95
83.21.	Óefnislegar eignir	95
83.22.	Innlán	95
83.23.	Lántaka	96
83.23 (a).	Veðtryggð lántaka	96
83.23 (b).	Almenn óveðtryggð lántaka	96
83.23 (c).	Víkjandi forgangsbréf	96
83.24.	Sjálfbær fjármálaumgjörð	96
83.25.	Víkjandi lántaka	96
83.26.	Hlutafé	97
83.27.	Hagnaður á hlut	97
83.28.	Endurhverf viðskipti	97
83.29.	Veðskiptasamningar	97
83.30.	Fjárhagslegar ábyrgðir og lánsheimildir	97
83.31.	Óvissar skuldir og skuldbindingar	97-98
83.32.	Starfskjör	98
83.33.	Starfsþættir	98
83.34.	Nýir staðlar, breytingar og túlkanir á stöðlum	98

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð ársreiknings samstæðunnar hefur reikningsskilaaðferðum verið beitt með samræmdum hætti fyrir sambærileg viðskipti og önnur atvik við líkar aðstæður. Reikningsskilaaðferðunum sem lýst er hér að neðan hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem fram koma í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

Samstæðan innleiddi frá og með árinu 2023 breytingar á liðnum reikningsskilastaðlinum IAS 1 er varða upplýsingagjöf um reikningsskilaaðferðir. Breytingarnar fólu þó ekki í sér neinar breytingar á aðferðunum sjálfum heldur einungis á því hvaða upplýsingum skal gerð grein fyrir í ársreikningi. Gerð er krafa um birtingu mikilvægra (e. material) reikningsskilaaðferða út frá sjónarmiðum um mikilvægi í reikningsskilum í stað mikilvægra (e. significant) reikningsskilaaðferða í víðari skilningi eins og áður. Breytingarnar fela einnig í sér leiðbeiningar um hvernig meta skal mikilvægi við upplýsingagjöf um reikningsskilaaðferðir.

83.1. Grundvöllur samstæðunnar

(a) Dótturfélög

Dótturfélög eru félög sem samstæðan hefur yfirráð yfir. Samstæðan hefur yfirráð yfir félagi ef hún ber áhættu af eða hefur rétt á breytilegum ávinningi af aðkomu sinni að félaginu og er í aðstöðu til að hafa áhrif á ávinninginn með valdi sínu yfir félaginu. Samstæðan telst hafa yfirráð yfir félagi þegar til staðar eru réttindi sem veita henni vald til að stýra viðeigandi starfsemi. Til að samstæðan teljist hafa yfirráð yfir félagi þarf hún einnig að hafa raunhæfa möguleika til að hagnýta rétt sinn.

Þar sem atkvæðaréttur kemur ekki til álita við ákvörðun um hvort samstæðan hafi yfirráð yfir fjárfestingu byggir mat á yfirráðum á öllum staðreyndum og kringumstæðum.

Dótturfélög eru tekin inn í samstæðureikningsskilin frá þeim degi sem yfirráð hefjast og þar til yfirráðum lýkur.

Samstæðan beitir kaupaðferðinni þegar hún öðlast yfirráð við sameiningu félaga. Endurgjald sem innt er af hendi vegna kaupanna er að jafnaði metið á gangvirði og það sama á við um yfirteknar aðgreinanlegar hreinar eignir. Viðskiptavild sem myndast er prófuð árlega m.t.t. virðisrýrnunar. Allur hagnaður vegna viðskiptanna er færður um leið í rekstrarreikning og viðskiptakostnaður er gjaldfærður eftir því sem hann fellur til nema hann tengist útgáfu skuldabréfa eða hlutabréfa.

Endurgjaldið sem innt er af hendi felur ekki í sér fjárhæðir sem tengjast uppgjöri vegna tengsla sem áður voru til staðar. Slíkar fjárhæðir eru yfirleitt færðar í rekstrarreikning.

Allt skilyrt endurgjald er metið á gangvirði á yfirtökudegi. Skuldbinding um greiðslu á skilyrtu endurgjaldi sem fellur undir skilgreininguna á fjármálagerningi og flokkast sem eigið fé er ekki endurmetin og er í reikningsskilum færð sem breyting á eigin fé. Annað skilyrt endurgjald er endurmetið á gangvirði á reikningsskiladegi og gangvirðisbreytingarnar færðar í rekstrarreikning.

Viðskipti á milli félaga innan samstæðunnar, viðskiptastöður og óinnleystur hagnaður af viðskiptum þeirra á milli eru felld út í reikningsskilum samstæðunnar. Óinnleyst tap er einnig fellt út nema að viðskiptin sýni merki um virðisrýrnun yfirfærðrar eignar.

(b) Hlutdeild minnihluta

Hlutdeild minnihluta er sá hluti af hagnaði eða tapi og eigin fé sem ekki er í eigu samstæðunnar, beint eða óbeint. Hlutdeild minnihluta er sýnd sérstaklega í rekstrarreikningi og telst til eigin fjár í efnahagsreikningi, aðskilin frá eigin fé sem tilheyrir eigendum samstæðunnar. Breytingar á eignarhlut samstæðunnar í dótturfélagi, sem ekki leiða til missis á yfirráðum, eru skráðar sem viðskipti með eigið fé.

(c) Missir á yfirráðum

Þegar samstæðan missir yfirráð yfir dótturfélagi, afskráir hún allar eignir og skuldir dótturfélagsins. Allur hagnaður og tap sem hlýst af þessum breytingum er færður í rekstrarreikninginn. Við missi á yfirráðum er öll hlutdeild sem haldið er eftir í fyrrum dótturfélagi metin á gangvirði.

83.2. Sérsniðnar einingar

Sérsniðnar einingar eru félög sem hafa verið byggð upp með þeim hætti að atkvæðisréttur eða sambærileg réttindi eru ekki ráðandi þáttur við ákvörðun á því hver hefur yfirráð yfir félaginu, eins og þegar atkvæðisréttur tengist aðeins stjórnsýsluverkefnum og viðeigandi starfsemi er stýrt með samningsbundnu fyrirkomulagi.

Samstæðan gegnir hlutverki sjóðstjóra eða fjárfestingarráðgjafa fyrir fjölda fjárfestingarsjóða í rekstri hjá dótturfélagi bankans. Tilgangur þessara fjárfestingarsjóða er að afla þóknunartekna af stýringu eigna fyrir fjárfesta sem þriðja aðila í samræmi við ákveðna fjárfestingarstefnu. Slíkir fjárfestingarsjóðir eru fjármagnaðir með útgáfu hlutdeildarskírteina til fjárfesta. Samstæðan ber ekki neina samningsbundna fjárhagslega ábyrgð gagnvart slíkum sérsniðnum einingum.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.2. Sérsniðnar einingar (framhald)

Við mat á því hvort taka skuli fjárfestingarsjóði inn í reikningsskil samstæðunnar fer samstæðan yfir allar staðreyndir og kringumstæður til að ákvarða hvort samstæðan, sem sjóðstjóri, sé umboðsaðili eða umbjóðandi. Samstæðan telst umbjóðandi, og þar með hafa yfirráð yfir sjóðum og færir þá í samstæðureikning, þegar hún sinnir hlutverki sjóðstjóra og verður ekki vikið til hliðar að ástæðulausu, nýtur breytilegs ávinnings af verulegu eignarhaldi á hlutdeildarskírteinum og/eða vegna ábyrgðar, er í aðstöðu til að beita valdi sínu til að hafa áhrif á ávöxtun sjóðsins og hlutdeild samstæðunnar í heild er í hverju tilfelli fyrir sig ekki lægri en 25%.

Í skýringu 43 Sérsniðin félög utan samstæðunnar, eru frekari upplýsingar um fjárfestingarsjóði utan samstæðunnar þar sem samstæðan gegnir hlutverki umboðsaðila.

83.3. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en fer ekki með yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður, beint eða óbeint, yfir 20% til 50% atkvæðisréttar annars félags. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru færðar í reikningsskilum samstæðunnar annað hvort samkæmt hlutdeildaraðferð eða sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, eins og lýst er frekar í þessari skýringu.

Hlutdeildarfélög með hlutdeildaraðferð

Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum, sem færðar eru samkvæmt hlutdeildaraðferð, eru upphaflega færðar á kostnaðarverði eða frá og með þeim degi sem verulegum áhrifum er náð. Viðskiptavild í tengslum við fjárfestingu í hlutdeildarfélagi er innifalin í bókfærðu virði fjárfestingarinnar. Ef hlutdeild samstæðunnar í hreinu gangvirði aðgreinanlegra eigna og skulda hlutdeildarfélags er umfram kostnaðinn við fjárfestinguna, er það sem umfram er fært sem tekjur við ákvörðun á hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélagsins á því tímabili sem fjárfestingin á sér stað. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum sem eru færðar með hlutdeildaraðferð koma fram í efnahagsreikningnum í línunni „Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum“.

Þar sem viðskiptavild er ekki aðgreind frá bókfærðu virði fjárfestingar í hlutdeildarfélagi, er virðisrýrnun viðskiptavildarinnar ekki prófuð sérstaklega samkvæmt kröfum alþjóðlega reikningsskilastaðalsins IAS 36 um virðisrýrnun eigna. Í staðinn er bókfært virði fjárfestingarinnar í heild sinni prófað fyrir virðisrýrnun samkvæmt staðlinum með því að bera saman endurheimtanlegt virði fjárfestingarinnar og bókfært virði hennar í hvert skipti sem kröfur alþjóðlega reikningsskilastaðalsins IFRS 9, Fjármálagerningar, gefa til kynna mögulega virðisrýrnun á fjárfestingunni.

Hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga í kjölfar kaupa á þeim er færð í rekstrarreikning og hlutdeild hennar í hreyfingum varasjóða þeirra er færð meðal varasjóða samstæðunnar. Uppsafnaðar hreyfingar eftir kaupin eru færðar til hækkunar eða lækkunar á bókfærðu virði fjárfestingarinnar. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélags jöfn eða hærri en bókfært virði félagsins, færir samstæðan ekki frekara tap, nema hún hafi tekið á sig skuldbindingar fyrir hlutdeildarfélagið eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd þess.

Óinnleystur hagnaður af viðskiptum á milli samstæðunnar og hlutdeildarfélaga hennar er felldur út, að því marki sem nemur hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögunum. Óinnleyst tap er jafnframt fellt út nema viðskiptin gefi vísbendingu um virðisrýrnun yfirfærðu eignarinnar. Reikningsskilaaðferðum hlutdeildarfélaga samstæðunnar hefur verið breytt þar sem þess er þörf til að tryggja samræmi í reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

Tekjur og gjöld vegna hlutdeildarfélaga eru færð í rekstarreikningnum undir liðinn „Aðrar tekjur og (gjöld)“.

Hlutdeildarfélög metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Samstæðan tilgreinir ákveðnar fjárfestingar í hlutdeildarfélögum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu, í samræmi við IFRS 9 Fjármálagerningar. Samstæðan metur slíkar fjárfestingar á gangvirði og færir breytingarnar á gangvirði í rekstrarreikning á því tímabili sem þær eiga sér stað undir liðinn „Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði“ í rekstarreikningi.

83.4. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í gjaldmiðlum öðrum en starfrækslugjaldmiðli samstæðunnar, þ.e. erlendum gjaldmiðlum, eru umreiknuð í starfrækslugjaldmiðil á stundargengi þess dags sem viðskiptin eiga sér stað. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði, eftir því sem við á, í viðkomandi erlendum gjaldmiðli á reikningsskiladegi og umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðilinn á stundargengi í lok þess dags. Gjaldeyrisgengismunur af peningalegum liðum er munurinn á afskrifuðu kostnaðarverði í starfrækslugjaldmiðlinum við upphaf reikningsskilatímabils, leiðrétt fyrir virkum vöxtum og greiðslum á tímabilinu, og afskrifaða kostnaðarverðinu í erlenda gjaldmiðlinum umreiknuðu á stundargengi í lok reikningsskilatímabilsins. Allur gengismunur sem verður til með þessum hætti er færður í rekstrarreikninginn undir liðnum „Hreinn gengismunur gjaldmiðla“.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.5. Hreinar vaxtatekjur

Vaxtatekjur og vaxtagjöld, að meðtöldum verðbótum, eru færðar í rekstarreikninginn undir hreinum vaxtatekjum með aðferð virkra vaxta. Virkir vextir eru þeir vextir sem notaðir eru við núvirðingu á framtíðargreiðsluflæði fjáreignar eða fjárskuldar, yfir væntan líftíma þeirra að vergu bókfærðu virði fjáreignar eða að afskrifuðu kostnaðarverði fjárskuldar. Við útreikninginn er tekið tillit til viðskiptakostnaðar, yfirverðs og affalla, þjónustutekna og þjónustugjalda sem eru óaðskiljanlegur hluti virkra vaxta.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld sem færð eru með aðferð virkra vaxta eru m.a.: (1) vextir af fjáreignum og fjárskuldum metnum á kostnaðarvirði; (2) vextir af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning; (3) vaxtaþáttur afleiða tilgreindum í áhættuvarnarsambandi vegna vaxtaáhættu; (4) vextir af fjármögnunarleigu.

Afskrifað kostnaðarverð og brúttó bókfært virði

Afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar er sú fjárhæð sem eignin eða skuldin er metin á við upphaflega skráningu, að frádregnum endurgreiðslum á höfuðstól, að viðbættum eða frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á yfirverði og afföllum, ef einhver eru, með aðferð virkra vaxta og, í tilfelli fjáreigna, að frádregnu virðisrýrnunarframlagi. Bókfært vergt virði fjáreignar er afskrifað kostnaðarverð fjáreignar áður en tekið er tillit til virðisrýrnunarframlags. Vaxtatekjur fjáreigna á afskrifuðu kostnaðarverði í áhættustigi 1 og 2 eru reiknaðar út frá virkum vöxtum bókfærðs vergs virðis eignanna. Vaxtatekjur fjáreigna á afskrifuðu kostnaðarverði í áhættustigi 3 eru reiknaðar út frá virkum vöxtum afskrifaðs kostnaðarverðs, þ.e. vergu bókfærðu virði eignanna að frádregnu virðisrýrnunarframlagi. Ef eign færist síðar af áhættustigi 3 yfir á áhættustig 2 eða 1 breytast útreikningarnir aftur yfir á vergan grunn. Vaxtagjöld af fjárskuldum eru reiknaðar út frá virkum vöxtum afskrifaðs kostnaðarverðs skuldanna.

Útreikningur á vaxtatekjum og vaxtagjöldum

Virkir vextir fjáreignar eða fjárskuldar eru reiknaðir út við upphaflega skráningu fjáreigna eða fjárskulda. Virkir vextir eru endurskoðaðir við reglulegt endurmat á greiðsluflæði viðkomandi eigna og skulda með breytilegum vöxtum til að endurspegla hreyfingar á markaðsvöxtum. Virkir vextir eru einnig endurskoðaðir við uppreikning á gangvirði áhættuvarna. Virkir vextir eru að öðru leyti óbreyttir frá upphaflegri skráningu.

83.6. Hreinar þjónustutekjur

Þjónustutekjur og þjónustugjöld eru færð í rekstarreikninginn þegar þjónusta hefur verið veitt. Þjónustutekjur og þjónustugjöld sem eru óaðskiljanlegur hluti af virkum vöxtum fjáreigna eða fjárskulda eru tekin inn í virku vextina og bókfærð undir hreinum vaxtatekjum í rekstrarreikningi.

Heimildaþóknanir ádráttarlána eru tekjufærð yfir það tímabil sem samningsbundna heimildin nær til og eru hluti af virkum vöxtum lánanna. Þóknanir vegna sambankalána ávinnast við að undirbúa og fara með umsjón á sambankaláni en viðkomandi þóknun getur verið breytileg þar til láninu hefur verið deilt út til hinna þátttakendanna eða þar til önnur óvissa hefur verið leyst og þar af leiðandi er þóknanatekjunum frestað þar til óvissunni er létt.

Undir viðskiptaþóknanir falla þjónustugjöld vegna innlánsreikninga, reiðufjárviðskipta og færslugjöld vegna greiðslukortanotkunar. Viðskiptaþóknanir og færslugjöld eru færð þegar viðskiptin eiga sér stað eða þjónustan veitt.

Þóknanir vegna eignastýringar og fjárvörslu eru almennt færðar eftir því sem þjónusta er veitt. Breytilegar þóknanir, þ.e. árangurstengdar þóknanir, eru færðar þegar tilsettum árangri er náð.

Ráðgjafaþóknanir vegna einkabankaþjónustu ávinnast yfir það tímabil sem slík þjónusta er veitt. Miðlunarþóknanir eru færðar á þeim tímapunkti sem viðkomandi þjónustu er lokið sem er oftast sá dagur sem viðskiptin eiga sér stað.

83.7. Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði

Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði samanstendur af: 1) hreinum hagnaði (tapi) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og 2) hreinum hagnaði/tapi af gangvirðisvörnum.

1) Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði felur m.a. í sér:
- Allar innleystar og óinnleystar breytingar á gangvirði,
- vaxtatekjur á rekstrargrunni og
- arðstekjur sem skráðar eru þegar samstæðan öðlast rétt til að fá greiddan arð.

2) Hreinn hagnaður (tap) af gangvirðisvörnum felur m.a. í sér:
- Allar innleystar og óinnleystar breytingar á gangvirði áhættuvarinna liða,
- allar innleystar og óinnleystar breytingar áhættuvarnargerninga,
- vaxtatekjur/vaxtagjöld á rekstrargrunni sem færð eru undir liðnum „Vaxtagjöld“ í rekstrarreikningi.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.8. Hreinn gengismunur gjaldmiðla

Með hreinum gengismun gjaldmiðla er talinn allur gengishagnaður og -tap vegna uppgjörs á viðskiptum í erlendum gjaldmiðlum og uppreiknings um mánaðamót á peningalegum eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum, þ.m.t. fjáreignir og fjárskuldir sem falla ekki undir afleiður og eru flokkaðar undir veltubókarliði og fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Gengismunur gjaldmiðla af fjáreignum og fjárskuldum sem falla undir afleiður er talinn með undir liðnum „Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði“ í rekstrarreikningi, að undanskildum breytingum á gangvirði framvirkra gjaldeyrissamninga og hreins gengismunar af hlutbréfaafleiðum, sem eru teknar með undir liðnum „Hreinn gengismunur gjaldmiðla“ í rekstrarreikningi.

83.9. Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja

Sérstakur skattur er lagður á fjármálafyrirtæki með lögum nr. 155/2010 og síðari breytingum. Reiknast hann 0,145% (2023: 0,145%) af skattalegu bókfærðu virði skulda í árslok, umfram 50 milljarða króna, að skattskuldum frátöldum. Skatturinn er ófrádráttarbær við útreikning á tekjuskatti. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er sýndur í sérstökum lið í rekstrarreikningi og er færður í efnahagsreikningi undir liðnum skattskuldir.

83.10. Tekjuskattur

(a) Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður út frá lögum um tekjuskatt og tekjuskattshlutföllum lögaðila sem hafa verið lögfest á reikningsskiladeginum. Tekjuskattur sem hefur verið reiknaður og færður í ársreikninginn samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

Tekjuskattur vegna rekstrarársins 2024 er færður í samræmi við tekjuskattshlutfall lögaðila í árslok sem nemur 21,0% (2023: 20,0%). Einnig er færður sérstakur fjársýsluskattur á fjármálastofnanir sem nemur 6% á tekjuskattsstofn umfram 1 milljarð króna í samræmi við lög nr. 165/2011, um fjársýsluskatt.

(b) Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur vegna skattalegrar afkomu ársins, reiknaður út frá lögum um tekjuskatt og tekjuskattshlutföllum lögaðila sem hafa verið lögfest á reikningsskiladegi, að teknu tilliti til leiðréttinga á álögðum tekjuskatti fyrri ára ef við á. Tekjuskattur til greiðslu er færður í efnahagsreikningi undir liðnum skattskuldir.

(c) Frestaður skattur

Frestuð skatteign er skráð þegar líklegt er að skattskyldur framtíðarhagnaður fáist sem jafna má gegn tímabundnum mismuni til frádráttar.

Frestaður tekjuskattur er færður að fullu sem skuld, vegna tímabundins mismunar á skattverði eigna og skulda og bókfærðs virðis þeirra í ársreikningnum. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður út frá lögum um tekjuskatt og tekjuskattshlutföllum lögaðila sem hafa verið lögfest á reikningsskiladegi og vænst er að verði í gildi þegar viðkomandi frestuð tekjuskattseign er innleyst eða frestuð tekjuskattsskuld er gerð upp.

d) Samsköttun

Bankinn er samskattaður með dótturfélögum sínum Landsbréfum hf., Eignarhaldsfélagi Landsbankans ehf., Bláma - fjárfestingafélagi ehf., Hömlum ehf. og Hömlum fyrirtæki ehf.

83.11. Fjáreignir og fjárskuldir

(a) Skráning

Samstæðan skráir upphaflega útlán og kröfur, innlán og lántökur á þeim degi þegar til skuldbindinganna er stofnað. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega skráðar á þeim degi sem samstæðan verður aðili að samningsákvæðum gerningsins. Reglubundin kaup og sala fjáreigna er skráð á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina.

Fjáreign eða fjárskuld er upphaflega metin á gangvirði. Þegar um er að ræða fjáreign eða fjárskuld sem er ekki metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er einnig tekið tillit til viðskiptakostnaðar sem rekja má beint til kaupa fjáreignarinnar eða útgáfu fjárskuldarinnar.

(b) Flokkun

Við upphaflega skráningu er fjáreign flokkuð sem fjáreign metin á afskrifuðu kostnaðarverði, fjáreign metin á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu (FVOCI) eða fjáreign metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (FVTPL).

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.11. Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

(b) Flokkun (framhald)

Fjáreign er metin á afskrifuðu kostnaðarverði ef hún uppfyllir bæði eftirfarandi skilyrði og er ekki færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:

- Eignin tilheyrir viðskiptalíkani sem hefur það markmið að ráða yfir eignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi.
- Samningsskilmálar fjáreignarinnar kveða á um tiltekna tímasetningu sjóðstreymis sem samanstendur aðeins af greiðslum af höfuðstól og vöxtum.

Skuldagerningur er metinn á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu ef hann uppfyllir bæði eftirfarandi skilyrði og er ekki á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:

- Eignin tilheyrir viðskiptalíkani sem hefur það tvíþætta markmið að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og selja fjáreignir.
- Samningsskilmálar fjáreignarinnar kveða á um tiltekna tímasetningu sjóðstreymis sem samanstendur aðeins af greiðslum af höfuðstól og vöxtum.

Allar aðrar fjáreignir eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Einnig er heimilt við upphaflega skráningu að tilgreina fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef það leiðir til þess að eytt sé eða verulega dregið úr reikningshaldslegu misræmi sem annars myndi koma fram, þó svo að fjáreignin uppfylli þær kröfur að vera metin á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Þessi heimild er óafturkræf ef henni er beitt, þ.e.a.s. óheimilt er að breyta reikningshaldslegri meðferð síðar.

Mat á viðskiptalíkani

Samstæðan metur markmið viðskiptalíkans sem fjáreign tilheyrir á eignasafnsstigi þar sem það sýnir best hvernig rekstrinum er stýrt og hvernig upplýsingagjöf til stjórnenda er háttað. Upplýsingar sem horft er til eru meðal annars:

- Stefnur og markmið stjórnenda fyrir eignasafnið og raunveruleg framkvæmd á stefnunum, einkum hvort stefna stjórnenda miðist við að afla samningsbundinna vaxtatekna, viðhalda tilteknu vaxtastigi, para saman tímalengd fjáreignanna við tímalengd skuldanna sem fjármagna eignirnar eða innleysa sjóðstreymi með sölu eignanna.
- Helstu áhættur sem hafa áhrif á árangur viðskiptalíkansins og áhættustýringaraðgerðir til að sporna gegn þeim.
- Aðferðir við mat á afkomu eignasafna og upplýsingagjöf þar um til stjórnenda.
- Tíðni, magn og tímasetning sölu fjáreigna á fyrri tímabilum, ástæður fyrir slíkum sölum og væntingar um framtíðarsölu. Sala ein og sér ákvarðar ekki viðskiptalíkanið og er ekki metin án hliðsjónar af öðrum þáttum. Sala veitir aftur á móti vísbendingar um tilurð sjóðstreymisins.

Yfirfærslur fjáreigna til þriðja aðila í viðskiptum sem uppfylla ekki skilyrði um afskráningu teljast ekki til sölu í þessu sambandi, sem er í samræmi við áframhaldandi skráningu eignanna í bókum samstæðunnar.

Fjáreignir sem teljast til veltufjáreigna og eru mældar m.t.t. afkomu á gangvirðisgrunni eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þar sem þeim er hvorki haldið til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi né heldur haldið bæði til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi og til að selja.

Mat á einkennum sjóðstreymis

Sérstakt próf sem mælir hvort samningsbundnir skilmálar fjáreignar leiði af sér sjóðstreymi sem samanstandi aðeins af greiðslum af höfuðstól, vöxtum (e. solely payments of principal and interest, SPPI) er notað við ákvörðun um hvort útlán og kröfur skuli metin á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Í þessu mati er „höfuðstóll“ skilgreindur sem gangvirði fjáreignarinnar við upphaflega skráningu. „Vextir“ ásamt verðbótum þegar um verðtryggðan höfuðstól er að ræða, eru skilgreindir sem endurgjald (1) vegna tímavirðis peninga, (2) vegna útlánaáhættu er tengist útistandandi höfuðstólsfjárhæð yfir tiltekið tímabil og (3) vegna annarrar grundvallar útlánaáhættu og kostnaðar (svo sem lausafjáráhættu og umsýslukostnaðar), auk hagnaðarhlutfalls.

Við mat á því hvort samningsbundið sjóðstreymi samanstandi eingöngu af greiðslu höfuðstóls og vaxta tekur samstæðan tillit til samningsbundinna skilmála gerningsins, eins og hvort skilmálarnir gætu breytt tímasetningu eða fjárhæð samningsbundins sjóðstreymis þannig að þetta skilyrði sé ekki uppfyllt.

Samstæðan afskráir fjáreign þegar samningsbundinn réttur til sjóðstreymis af eigninni rennur út eða þegar samstæðan yfirfærir réttinn til samningsbundins sjóðstreymis í tengslum við fjáreignina í viðskiptum þar sem öll áhættan og ávinningurinn yfirfærist af því að eiga eignina, eða í viðskiptum þar sem samstæðan hvorki yfirfærir né heldur eftir að verulegu leyti allri áhættu og öllum ávinningi af eignarhaldi og heldur ekki yfirráðum yfir fjáreigninni. Sérhver hlutdeild í yfirfærðri fjáreign sem verður til eða samstæðan heldur eftir er skráð sem sérstök eign eða skuld.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.11. Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

(c) Afskráning

Við afskráningu fjáreignar er færður í rekstrarreikning mismunurinn á bókfærðu virði eignarinnar (eða bókfærðu virði þess hluta fjáreignarinnar sem er afskráður) og samtölu (i) endurgjaldsins sem tekið er við (þ.m.t. mótteknar nýjar eignir að frádregnum yfirteknum nýjum skuldum) og (ii) uppsafnaðrar afkomu sem hafði verið færð undir aðra heildarafkomu.

Samstæðan á í viðskiptum þar sem hún yfirfærir eignir, sem færðar eru í efnahagsreikning hennar, en heldur eftir annaðhvort öllum eða verulegum hluta af áhættu og ávinningi hinna yfirfærðu eigna, eða hluta þeirra. Í þeim tilvikum þar sem öllum eða verulegum hluta áhættu og ávinnings er haldið eftir er yfirfærð eign ekki afskráð. Til yfirfærslu eigna, þar sem öllum eða verulegum hluta áhættu og ávinnings er haldið eftir, teljast til dæmis verðbréfalán og endurkaupaviðskipti.

Þegar eignir eru seldar þriðja aðila og samhliða er gerður heildarskiptasamningur um yfirfærðu eignirnar eru viðskiptin færð sem veðtryggð fjármögnunarviðskipti í líkingu við sölu- og endurkaupaviðskipti þar sem samstæðan heldur í reynd allri áhættu og ávinningi sem fylgir eignarhaldi á slíkum eignum.

Í viðskiptum þar sem samstæðan hvorki heldur eftir né yfirfærir að verulegu leyti alla áhættu og ávinning af eignarhaldi á fjáreign og heldur yfirráðum yfir eigninni heldur samstæðan áfram að skrá yfirfærðu eignina í bækur sínar að því marki sem nemur áframhaldandi aðild samstæðunnar að eigninni, sem ákvarðast af því að hvaða marki samstæðan ber áhættuna á breytingum á virði yfirfærðu eignarinnar.

Í tilteknum viðskiptum er samstæðan áfram skuldbundin til að annast umsýslu fjáreignarinnar gegn þóknun. Yfirfærð eign er afskráð ef hún uppfyllir skilyrði fyrir afskráningu. Eign eða skuld er skráð vegna umsýslusamningsins út frá því hvort umsýsluþóknunin er meira en nægjanleg (eign) eða minna en nægjanleg (skuld) til að annast slíka umsýslu.

Samstæðan afskráir fjárskuld þegar samningsbundnar skyldur eru uppfylltar, felldar niður eða fallnar úr gildi.

d) Skilmálabreytingar á fjáreignum og fjárskuldum

Fjáreignir

Ef skilmálum fjáreignar er breytt metur samstæðan hvort sjóðstreymi fjáreignarinnar hafi breyst verulega í kjölfar skilmálabreytingarinnar.

Reynist sjóðstreymi hafa breyst verulega telst samningsbundinn réttur til sjóðstreymis frá upphaflegu fjáreigninni fallinn niður. Í því tilfelli er upphaflega fjáreignin afskráð (sjá skýringu 83.11 (g)) og ný fjáreign er skráð á gangvirði auk alls viðeigandi viðskiptakostnaðar. Allar þóknanir sem innheimtar eru í tengslum við breytinguna eru færðar sem hér segir:

- Þóknanir sem tekið er tillit til við ákvörðun á gangvirði nýju eignarinnar og þóknanir sem teljast greiðslur á viðeigandi viðskiptakostnaði eru innifaldar í upphaflega matinu á eigninni.
- Aðrar þóknanir eru taldar með í rekstrarreikningi sem hluti af hagnaði eða tapi við afskráningu.

Ef sjóðstreymi er breytt vegna fjárhagserfiðleika lántaka er markmiðið með skilmálabreytingunni yfirleitt að hámarka endurheimtur upphaflegu samningsskilmálanna frekar en að ný eign verði til með verulega breyttum skilmálum. Ef samstæðan hyggst skilmálabreyta fjáreign þannig að hluti af sjóðstreymi sé gefið eftir er fyrst athugað hvort afskrifa skuli hluta eignarinnar áður en skilmálabreytingin kemur til framkvæmda, sjá skýringu 83.11 (g) Afskriftir. Þessi nálgun hefur áhrif á niðurstöður megindlegs mats og þýðir að skilyrði fyrir afskráningu eru yfirleitt ekki uppfyllt í slíkum tilfellum.

Ef skilmálabreyting á fjáreign sem metin er á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu leiðir ekki til afskráningar fjáreignarinnar er brúttó bókfært virði fjáreignarinnar fyrst endurreiknað með upphaflegum virkum vöxtum hennar og leiðréttingin sem af því leiðir færð í rekstrarreikning sem hagnaður eða tap vegna skilmálabreytingarinnar. Þegar um er að ræða fjáreignir með breytilegum vöxtum eru upphaflegu virku vextirnir sem notaðir voru til að reikna út hagnað eða tap af breytingunni leiðréttir svo þeir endurspegli aðstæður á markaði á þeim tíma sem skilmálabreytingin á sér stað. Allur áorðinn kostnaður og þóknanir sem eru innheimtar í tengslum við breytinguna ganga til leiðréttingar á brúttó bókfærðu virði hinnar skilmálabreyttu fjáreignar og er dreift yfir það sem eftir er af líftíma hennar.

Ef slík skilmálabreyting kemur til vegna fjárhagserfiðleika lántaka (sjá skýringu 83.11 (g)) kemur hagnaðurinn eða tapið fram með virðisbreytingum útlána. Annars kemur breytingin fram undir vaxtatekjum, reiknuð út með aðferð virkra vaxta.

Endurskipulagðar fjáreignir

Þegar um fjárhagslega endurskipulagningu viðskiptavina er að ræða hefur samstæðan innleitt úrræði fyrir viðskiptavini í fjárhagserfiðleikum auk verklagsreglna um fjárhagslega endurskipulagningu. Nálgunin felur m.a. í sér framlengingar og breytingar á endurgreiðsluáætlun og samþykktar áætlanir utanaðkomandi stjórnenda.

Almenna reglan er sú að ef endurskipulagning láns er það veruleg að ástæða er til afskráningar skuli stofna nýtt lán og meta áhættustig og vænt útlánatap lánsins líkt og um nýtt lán væri að ræða. Fyrra lánið er afskráð.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.11. Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

d) Skilmálabreytingar á fjáreignum og fjárskuldum (framhald)

Endurumsamin útlán

Þegar það er mögulegt leitast samstæðan við að endurskipuleggja lán frekar en að ganga að veðum. Slíkt kann að fela í sér lengri greiðsludreifingu og samning um nýja lánaskilmála. Virðisrýrð útlán með skilmála sem endursamið er um eru ekki talin ný útlán. Þegar búið er að endursemja um lánaskilmála eru slík útlán ekki lengur í vanskilum og öll virðisrýrnun í kjölfarið er metin út frá upphaflegum virkum vöxtum eins og þeir voru reiknaðir fyrir breytingu lánaskilmálanna. Viðvarandi eftirlit er síðan haft með því að öll viðmið standist og líklegt sé að staðið verði við greiðslur í framtíðinni eins og endursamið var um. Virðisrýrnun þessara útlána heldur áfram að sæta mati á grundvelli hvers einstaks láns eða sameiginlegu safni útlána. Einstök útlán sem hafa ekki virðisrýrnað og samið hefur verið um skilmála að nýju eru skráð sem ný útlán. Þar af leiðandi eru upprunalegu útlánin afskráð og endurumsömdu útlánin skráð sem ný útlán.

Fjárskuldir

Samstæðan afskráir fjárskuld þegar skilmálum hennar er breytt og sjóðstreymi fjárskuldarinnar hefur breyst verulega í kjölfar skilmálabreytingarinnar. Í því tilfelli er ný fjárskuld, sem byggist á breyttum skilmálum, skráð á gangvirði. Munurinn á bókfærðu virði afskráðu fjárskuldarinnar og greiddu endurgjaldi er færður í rekstrarreikning. Endurgjald getur m.a. falið í sér yfirfærðar ófjárhagslegar eignir og yfirtöku skuldbindinga, þ. á m. nýju, skilmálabreyttu fjárskuldina.

Ef skilmálabreyting á fjárskuld er ekki færð sem afskráning í reikningsskilum er afskrifað kostnaðarverð skuldarinnar endurreiknað með því að núvirða breytt sjóðstreymi með upphaflegum virkum vöxtum og hagnaðurinn eða tapið er fært í rekstrarreikning. Þegar um er að ræða fjárskuldir með breytilegum vöxtum eru upphaflegu virku vextirnir sem notaðir voru til að reikna út hagnað eða tap af breytingunni leiðréttir svo þeir endurspegli aðstæður á markaði á þeim tíma sem breytingin fór fram. Allur áorðinn kostnaður og þóknanir eru færðar sem leiðrétting á bókfærðu virði skuldarinnar og dreift yfir það sem eftir er af líftíma hinnar skilmálabreyttu fjárskuldar með því að endurreikna virka vexti af gerningnum.

(e) Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæðin færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar til staðar er lagalegur réttur til jöfnunar og ætlunin er að gera annað hvort upp á nettógrunni, eða innleysa eignina og gera skuldina upp samtímis.

Tekjur og gjöld eru aðeins settar fram á nettógrunni þegar reikningsskilareglur heimila það eða þegar hagnaður/tap er til komið af flokki áþekkra viðskipta, svo sem viðskipta með veltufjáreignir og veltufjárskuldir.

(f) Mat gangvirðis

Gangvirði er sú fjárhæð sem fengist við sölu eignar eða greiðist við framsal skuldar í skipulegum viðskiptum milli óháðra markaðsaðila á þeim degi sem virðið er metið og á aðalmarkaði eða, ef aðalmarkaður er ekki til staðar, hagstæðasta markaði sem samstæðan hefur aðgang að á sama degi.

Gangvirði fjárskulda endurspeglar áhættu á vanefndum skuldarinnar. Gangvirði óbundins innláns er ekki lægra en sú fjárhæð sem er innleysanleg, núvirt frá þeim degi sem fyrst hefði verið hægt að krefjast greiðslu fjárhæðarinnar.

Samstæðan ákvarðar gangvirði gernings út frá skráðu verði á virkum markaði fyrir þann gerning, ef það er til staðar. Markaður er talinn virkur ef skráð verð á honum eru aðgengileg og tiltæk reglulega og standa fyrir raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli óskyldra aðila. Þar sem það er tiltækt er það lokaverð viðkomandi markaðar sem ákvarðar gangvirði veltufjáreignar og eigna sem eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, en það er yfirleitt verð í síðustu viðskiptum. Ef eign eða skuld sem metin er á gangvirði á sér kaupgengi og sölugengi þá metur samstæðan eignir og gnóttstöður á kaupgengi en skuldir og skortstöður á sölugengi.

Ef ekki er til virkur markaður fyrir fjármálagerning ákvarðar samstæðan gangvirði með verðmatsaðferð. Verðmatsaðferðir styðjast við nýleg viðskipti á milli óskyldra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskipta (ef slíkt er tiltækt), vísan í nýlegt gangvirði annarra gerninga sem eru að miklu leyti eins, núvirðisgreiningu sjóðstreymis og verðmyndunarlíkön valréttarsamninga. Sú verðmatsaðferð sem valin er styðst eins mikið og hægt er við upplýsingar af markaði, eins lítið og hægt er við sértækt mat fyrir samstæðuna, tekur tillit til allra þátta sem þátttakendur á markaði myndu líta til við ákvörðun verðs og er í samræmi við viðtekna aðferðafræði hagfræðinnar við verðlagningu fjármálagerninga. Forsendur matsaðferða endurspegla markaðsvæntingar með sanngjörnum hætti og þá áhættu- og arðsemisþætti sem felast í fjármálagerningnum. Bankinn er með verðmatsnefnd sem metur gangvirði með því að beita líkönum, taka mið af greinanlegum markaðsupplýsingum og faglegri dómgreind. Samstæðan stillir af og sannprófar verðmatsaðferðir með því að nota verð úr greinanlegum nýlegum markaðsviðskiptum með sama gerning eða byggir á öðrum tiltækum og greinanlegum markaðsgögnum.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.11. Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

(f) Mat gangvirðis (framhald)

Ef viðskiptaverðið er ekki það sama og gangvirði annarra greinanlegra nýlegra markaðsviðskipta með sama gerning eða ef það er byggt á verðmatsaðferð þar sem aðeins er stuðst við breytur með gögnum af greinanlegum mörkuðum, færir samstæðan tafarlaust mismuninn á milli viðskiptaverðs og gangvirðis (fyrsta dags hagnaður eða tap) í rekstrarreikninginn. Í tilvikum þar sem gangvirði er ákveðið með gögnum sem ekki eru greinanleg, er mismunur viðskiptaverðs og matsverðs færður í rekstrarreikning eftir aðstæðum í hverjum viðskiptum en eigi síðar en þegar upplýsingarnar sem stuðst er við verða greinanlegar eða þegar gerningurinn er afskráður.

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er ákvarðað út frá mismunandi aðferðum og forsendum eftir því hvaða fjáreignir eða fjárskuldir er verið að meta. Hvað varðar fjáreignir og fjárskuldir í erlendri mynt er tekið mið af gengi erlendra gjaldmiðla á greinanlegum mörkuðum með stundarviðskipti, framvirka samninga og staðlaða framvirka samninga.

Þrepaskipting gangvirðis

Þrepaskiptingu er beitt við framsetningu á mismunandi forsendum sem notaðar eru við mat á gangvirði fjáreigna og fjárskulda. Forsendum í þrepaskiptingunni er raðað í eftirfarandi þrjú þrep, sem endurspeglar mikilvægi forsendnanna sem notaðar eru við matið.

• 1. þrep: Skráð markaðsverð er notað fyrir eignir og skuldir sem eru til viðskipta á virkum mörkuðum. Óbreytt skráð markaðsverð er mælikvarðinn á gangvirði.
• 2. þrep: Matsaðferð sem byggir á greinanlegum forsendum. Stuðst er við nýjasta viðskiptaverð og almennt viðurkenndar verðmatsaðferðir við ákvörðun á gangvirði hlutabréfa. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa með sömu tímalengd, sem virk viðskipti eru með, er notuð sem viðmið við verðmat á skuldabréfum.
• 3. þrep: Matsaðferð sem byggir á mikilvægum ógreinanlegum forsendum. Þessi nálgun tekur til allra fjármálagerninga þar sem matsaðferðin felur í sér forsendur sem byggja á ógreinanlegum gögnum og þar sem ógreinanlegu forsendurnar hafa mikilvæg áhrif á verðmatið.

Fyrir óskráð hlutabréf og skuldabréf þar sem engar markaðsupplýsingar liggja fyrir, er almennt viðurkenndum matsaðferðum beitt við mat á gangvirði. Verðmat sem byggir á sjóðstreymi eða innra virði að teknu tilliti til seljanleikafrádrags eða samanburði á kennitölum sambærilegra fyrirtækja, eru algengustu aðferðirnar við útreikning á gangvirði óskráðra hlutabréfa, auk nýlegra viðskipta og ríkjandi markaðsskilyrða. Verðmat útlána og krafna á viðskiptavini er byggt á markaðsupplýsingum á borð við vaxta- og verðbólgukúrfur og líkum á vanefndum.

Forsendur verðmatsaðferðarinnar eru m.a. áhættulausir vextir og viðmiðunarvextir til að meta ávöxtunarkröfu, vaxtaálag, skuldabréfa- og hlutabréfaverð, gengi erlendra gjaldmiðla, kennitölur á markaði, flökt og fylgni, markaðsskilyrði við mat á framtíðarvexti og aðrir markaðsvísar.

(g) Virðisrýrnun fjáreigna

Virðisrýrnunarferli

Samstæðan færir virðisrýrnunarframlag vegna vænts útlánataps fyrir eftirtalda fjármálagerninga sem ekki eru metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:

- Sjóður og innstæður í Seðlabanka
- Útlán og kröfur á lánastofnanir
- Útlán og kröfur á viðskiptavini
- Aðrar eignir
- Útlánaáhætta liða utan efnahagsreiknings:
  - Fjárhagslegar ábyrgðir og sölutryggingar verðbréfa
  - Óádregnar lánsheimildir
  - Óádregnar yfirdráttar-/kreditkortaheimildir

Við mat á væntu útlánatapi notar samstæðan líkan um framtíðarhorfur í samræmi við IFRS 9. Þetta krefst töluverðs mats á því hvernig breytingar á efnahagsþáttum hafa áhrif á vænt útlánatap. Vænt útlánatap endurspeglar núvirði fjárvöntunar vegna mögulegra vanefnda, annaðhvort vegna næstu 12 mánaða eða yfir væntan líftíma fjármálagerningsins, allt eftir minnkandi lánshæfi frá upphafi.

Áhættustýring bankans ber ábyrgð á mati á virðisrýrnun útlána og krafna og sérstakt virðismatsteymi, skipað bankastjóra, framkvæmdastjórum Fjármála, Áhættustýringar, Fyrirtækjasviðs og Einstaklingssviðs, rýnir og samþykkir matið.

Almennt er virðisrýrnun metin sértækt niður á lán byggt á ofangreindu líkani um vænt útlánatap. Ef þörf er á getur virðismatsteymið fært til viðbótar almenna virðisrýrnun á allt lánasafnið eða hluta þess.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.11. Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

(g) Virðisrýrnun fjáreigna (framhald)

Virðisrýrnunarferli (framhald)

Virðisrýrnunarferlið fyrir hvert uppgjörstímabil er eftirfarandi

1. Hagfræðideild bankans útbýr sviðsmyndir með spám um viðkomandi efnahagsstærðir og kynnir þær fyrir virðismatsteyminu.
2. Virðismatsteymið samþykkir sviðsmyndirnar og vægi hverrar fyrir sig fyrir reikningsskiladag.
3. Útlán eru flokkuð eftir því hvort þau eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði (virðisrýrnun) eða gangvirði.
4. Kennistærðir fyrir útreikning á áhættustigi og væntu útlánatapi eru metnar.
5. Niðurstöður sérstakra handvirkra útreikninga á áhættustigi og væntu útlánatapi einstakra mikilvægra lána eru hagnýttar.
6. Áhættustig og vænt útlánatap er reiknað út fyrir öll lán sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði.
7. Áhættustýring gefur virðismatsteyminu skýrslu um niðurstöður virðisrýrnunarmats. Virðismatsteymið rýnir í niðurstöður skýrslunnar og ákvarðar matið.
8. Niðurstöður mats á áhættustigi og virðisrýrnun eru birtar í árs- og árshlutareikningum samstæðunnar.

Útreikningur á væntu útlánatapi

IFRS 9 gerir kröfur um að útreikningar á væntu útlánatapi gefi óhlutdrægar og líkindavegnar niðurstöður. Útreikningarnir taka tillit til tímavirðis peninga og breytilegra sviðsmynda um framtíðarhorfur sem hver um sig fær eigið vægi út frá áreiðanlegum og nærtækum upplýsingum. Almennt byggir útreikningurinn á væntu útlánatapi á núvirði margföldunar á eftirfarandi kennistærðum: líkum á vanefndum (e. PD), tapshlutfalli að gefnum vanefndum (e. LGD) og útlánastöðu við vanefnd (e. EAD).

Samkvæmt IFRS 9 er framlag í virðisrýrnunarsjóð á öllum lánum metið á hverjum reikningsskiladegi í samræmi við líkan sem byggir á þremur stigum um vænt útlánatap. Framlagið er annaðhvort reiknað sem 12 mánaða vænt útlánatap eða vænt útlánatap út líftíma.

- Stig 1 – Engin marktæk aukning á útlánaáhættu. Útlán þar sem ekki mælist marktæk aukning á útlánaáhætta skulu falla undir stig 1 og framlagið skal metið sem 12 mánaða vænt útlánatap.
- Stig 2 – Marktæk aukning á útlánaáhættu. Útlán þar sem mælist marktæk aukning á útlánáhættu frá upphaflegri skráningu en lánin hafa ekki virðisrýrnað skulu falla undir stig 2 og framlagið skal metið sem vænt útlánatap út líftíma.
- Stig 3 – Virðisrýrnun. Útlán sem eru í vanefndum af hálfu lántaka eða hafa virðisrýrnað að öðru leyti skulu vera í stigi 3 og framlagið skal metið sem vænt útlánatap út líftíma.

Hreyfingar milli stiga 1 og 2 fara eftir því hvort á reikningsskiladegi hafi orðið marktæk aukning á útlánaáhættu gerningsins frá upphaflegri skráningu. Við matið miðast útlánaáhættan við líkur á vanefndum yfir líftíma gerningsins, en ekki tapsfjárhæðina.

Virðisrýrð útlán

Útlán telst hafa virðisrýrnað ef annar eða báðir eftirfarandi atburða hafa átt sér stað:

- Vanskil: Heildarvanskil lántaka hafa verið umfram lágmarksfjárhæð vanskila lengur en 90 daga samfellt.
- Líklegt greiðslufall: Lántaki uppfyllir önnur vanefndaskilyrði og því er talið ólíklegt að hann geti staðið að fullu við skuldbindingar sínar gagnvart samstæðunni.

Eftirtaldir atburðir teljast vera vísbendingar um líklegt greiðslufall af hálfu lántaka. Atburðir sem leiða sjálfkrafa til vanefnda eru stjörnumerktir.

- Gjaldþrot*
- Endurskipulagning*
- Sala á skuldbindingu með tapi til þriðja aðila
- Virðisrýrnun: Bankinn flokkar eignina í stig 3*

Aðrir þættir sem kunna að benda til vanefnda eru ívilnanir til lántaka vegna fjárhagserfiðleika, brot á kvöðum eða skilmálum lánasamnings, gjaldfelling útlána þar sem gengið er að tryggingum í kjölfarið og fyrirvarar í ársreikningum um rekstrarhæfi lántaka.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.11. Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

(g) Virðisrýrnun fjáreigna (framhald)

Marktæk aukning á útlánaáhættu

Þegar lagt er mat á það hvort marktæk aukning hafi orðið á útlánaáhættu vegna fjármálagernings frá upphaflegri skráningu lítur samstæðan til upplýsinga sem gefa glögga mynd af stöðunni, eru áreiðanlegar, viðeigandi og nærtækar án óhóflegs kostnaðar og fyrirhafnar, þ.m.t. bæði megindlegar og eigindlegar upplýsingar og greiningar sem unnar eru upp úr sögulegum upplýsingum samstæðunnar, faglegu útlánamati og upplýsinga um framtíðarhorfur.

Samstæðan greinir aðallega hvort marktæk aukning á útlánaáhættu hafi átt sér stað með því að bera saman:

- líkur á vanefndum það sem eftir er af líftíma á reikningsskiladegi og
- líkur á vanefndum það sem eftir er af líftíma á reikningsskiladegi sem metnar voru við upphaflega skráningu.

Umgjörðin er samstillt við innra útlánaáhættustýringarferli samstæðunnar og felur í sér bakhindranir á grundvelli vanskila þannig að marktæk aukning á útlánaáhættu á sér stað eigi síðar en þegar samningsbundnar greiðslur eru komnar 30 daga fram yfir gjalddaga. Ef lánshæfiseinkunn fjáreignar á reikningsskiladegi samræmist ekki viðmiðum samstæðunnar um áhættuvilja telst það einnig til marktækrar aukningar á útlánaáhættu. Samstæðan lítur einnig svo á að ef eign er í fjárfestingarflokki (e. investment grade) teljist lítil áhætta vera fyrir hendi og því skuli flokka eignina í stig 1.

Sérstakt handvirkt mat er lagt á hvort marktæk aukning hafi orðið á útlánaáhættu einstakra mikilvægra lána. Lán eru í upphafi metin samkvæmt megindlegum viðmiðum og á grundvelli þess mats er áhættustig metið sérstaklega handvirkt á grundvelli bæði megindlegra og eigindlegra upplýsinga.

Lánshæfismatskerfi

Lánshæfismatskerfið flokkar lántaka eftir ákveðnum einkunnakvarða sem endurspeglar áhættu á vanefnd af hálfu lántaka þ.e. gæði útlánanna. Einkunnakvarðinn fyrir lántaka sem eru ekki í vanskilum nær frá 1 upp í 10. Einkunnin 10 gefur til kynna mestu gæði útlána og einkunnina 0 fá lántakar sem eru í vanskilum. Við einkunnagjöfina er stuðst við líkön þar sem m.a. er tekið er mið af upplýsingum um atvinnugreinaflokkun, ársreikninga og greiðsluhegðun.

Eftirfarandi tafla sýnir vörpun á vanefndalíkum frá innri lánshæfiseinkunnum samstæðunnar yfir í lánshæfiseinkunnir S&P:

Innri lánshæfis-einkunnir	Standard & Poor's og Fitch	Moodys	Neðri mörk vanefnda	Efri mörk vanefnda
10	AAA/AA+/AA/AA-	Aaa/Aa1/Aa2/Aa3	0,00%	0,04%
9	A+/A/A-	A1/A2/A3	0,04%	0,10%
8	BBB+	Baa1	0,10%	0,21%
7	BBB/BBB-	Baa2/Baa3	0,21%	0,46%
6	BB+/BB	Ba1/Ba2	0,46%	0,99%
5	BB-	Ba3	0,99%	2,13%
4	B+	B1	2,13%	4,54%
3	B	B2	4,54%	9,39%
2	B-	B3	9,39%	18,42%
1	CCC/C	Caa1/Caa2/Caa3/Ca/C	18,43%	99,99%

Framsetning framlaga í virðisrýrnunarsjóð

Framlag í virðisrýrnunarsjóð vegna vænts útlánataps er sett fram í efnahagsreikningi á eftirfarandi hátt:

- Fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði: sem lækkun á brúttó bókfærðu virði eignanna.
- Lánsheimildir, yfirdrættir og fjárhagslegar ábyrgðir: sem framlag í virðisrýrnunarsjóð meðal annarra skulda.
- Þegar fjármálagerningur felur í sér bæði ádreginn og óádreginn hluta setur samstæðan fram samanlagt framlag í virðisrýrnunarsjóð fyrir báða hluta. Samanlögð fjárhæðin er sett fram sem lækkun á brúttó bókfærðu virði ádregna hlutans. Ef framlag í virðisrýrnunarsjóð er umfram brúttó fjárhæð ádregna hlutans er það sem umfram er sett fram og flokkað með öðrum skuldum.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.11. Fjáreignir og fjárskuldir (framhald)

(g) Virðisrýrnun fjáreigna (framhald)

Afskriftir

Útlán og skuldabréf eru afskrifuð (að hluta eða í heild) þegar ekki eru raunhæfar væntingar um endurheimtur fjáreignar í heild eða að hluta. Þetta á yfirleitt við þegar samstæðan metur sem svo að lántaki hafi ekki eignir eða tekjur til að standa undir því sjóðstreymi sem þarf til að endurgreiða fjárhæðirnar sem stendur til að afskrifa. Þetta mat fer fram á grundvelli einstakra eigna.

Afskrifaðar fjáreignir kunna engu að síður að vera innheimtar með fullnustuaðgerðum í samræmi við verklagsreglur samstæðunnar um endurheimtur.

83.12. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

Handbært fé er meðal annars handbærir seðlar og mynt og innstæður í Seðlabanka. Handbært fé er fært á afskrifuðu kostnaðarverði í efnahagsreikningi. Samstæðan metur 12 mánaða vænt útlánatap fyrir handbært fé sem metið er á afskrifuðu kostnaðarverði og telst bera litla útlánaáhættu á reikningsskiladegi.

Bankinn er með bundnar innstæður á reikningum hjá Seðlabanka Íslands í samræmi við reglur Seðlabankans um bindiskyldu nr. 585/2018. Bindiskyldu er skipt í tvennt, annars vegar fasta bindiskyldu sem nemur 3% frá og með 21. maí sl. (var áður 2%), ber enga vexti og má telja til lausafjárforða og hins vegar meðaltalsuppfyllingu.

83.13. Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum

Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum eru annaðhvort metin á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem eru flokkuð sem fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færð á gangvirði frá og með upphaflegri skráningu. Viðskiptakostnaður er færður beint í rekstrarreikning sem þóknun. Hagnaður og tap vegna breytinga á gangvirði er fært beint í rekstrarreikning undir liðinn „Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði". Gjaldeyrisgengishagnaður og -tap er fært undir liðnum „Hreinn gengismunur gjaldmiðla“.

Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem metin eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning verða að hafa gangvirði sem unnt er að meta á áreiðanlegan hátt og tilgreiningin verður að eyða eða draga verulega úr ósamræmi í mati eða skráningu sem annars myndi koma fram við mat á eignum eða skuldum eða skráningu tilheyrandi hagnaðar og taps á mismunandi grunni (stundum nefnt „reikningshaldslegt misræmi“). Þetta á meðal annars við um veltuskuldabréf.

Markaðsskuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum tekjum sem metin eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er stjórnað á gangvirðisgrunni en ekki haldið til veltuviðskipta eða sjóðstreymi af þeim samanstendur ekki eingöngu af greiðslum á höfuðstól og vöxtum.

Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem flokkuð eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru upphaflega metin á gangvirði að viðbættum beinum viðskiptakostnaði, en eftir það á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir og áfallnar verðbætur, þegar um verðtryggð bréf er að ræða, eru innifaldar í bókfærðu virði skuldabréfanna og eru færðar undir „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi. Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum innan viðskiptalíkans þar sem ætlunin er að innheimta samningsbundið sjóðstreymi af þeim sem samanstendur eingöngu af afborgunum af höfuðstól og vöxtum eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Samstæðan metur 12 mánaða vænt útlánatap fyrir skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði og teljast bera litla útlánaáhættu á reikningsskiladegi.

83.14. Hlutabréf og hlutabréfagerningar

Hlutabréf og hlutabréfagerningar sem eru flokkaðir sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði frá og með upphaflegri skráningu. Viðskiptakostnaður er færður beint í rekstrarreikning sem þóknun. Hagnaður og tap vegna breytinga á gangvirði er fært beint í rekstrarreikning undir liðinn „Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði“. Gjaldeyrisgengishagnaður og -tap er fært undir liðnum „Hreinn gengismunur gjaldmiðla“.

Hlutabréf og hlutabréfagerningar með breytilegum tekjum sem metin eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning verða að hafa gangvirði sem unnt er að meta á áreiðanlegan hátt og tilgreiningin verður að eyða eða draga verulega úr ósamræmi í mati eða skráningu sem annars myndi koma fram við mat á eignum eða skuldum eða skráningu tilheyrandi hagnaðar og taps á mismunandi grunni (stundum nefnt „reikningshaldslegt misræmi“). Þetta á meðal annars við um veltuhlutabréf.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.15. Afleiðusamningar

Afleiður eru upphaflega skráðar í efnahagsreikning á gangvirði og viðskiptakostnaður færður í rekstrarreikning. Gangvirði afleiðusamninga er ákvarðað með matsaðferðum sem byggja aðallega á flökt- og fylgnistuðlum sem fengnir eru úr tilboðsverðum miðlara, frá verðlagningaraðilum eða byggja á valréttarverði. Á síðari stigum eru afleiður áfram skráðar á gangvirði þar sem allar breytingar á gangvirði færast í rekstrarreikning undir liðinn „Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði“, að undanskildum gangvirðisbreytingum á framvirkum gjaldeyrisafleiðum og hreinum gjaldeyrisgengismun vegna óstaðlaðra gjaldeyrisvalrétta sem færðar eru undir liðinn „Hreinn gengismunur gjaldmiðla“ í rekstrarreikningi. Afleiður með jákvætt gangvirði eru færðar í efnahagsreikning sem eignir og afleiður með neikvætt gangvirði eru færðar sem skuldir.

83.16. Innbyggðar afleiður

Afleiður geta verið innbyggðar í aðra samninga (grunnsamninga). Innbyggð afleiða er hluti af blönduðum (samtengdum) fjármálagerningi sem felur einnig í sér grunnsamning sem er ekki afleiða. Bankinn skilur reikningshaldslega innbyggðar afleiður frá grunnsamningnum í tilfellum þar sem:

- Grunnsamningurinn er ekki eign innan gildissviðs IFRS 9,
- grunnsamningurinn sjálfur er ekki færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning,
- skilmálar innbyggðrar afleiðu uppfylla skilgreiningu á sjálfstæðum afleiðusamningi og
- efnahagsleg einkenni og áhætta vegna innbyggðu afleiðunnar er ekki nátengd efnahagslegum einkennum og áhættu vegna grunnsamningsins.

Aðskildar innbyggðar afleiður eru metnar á gangvirði og eru allar breytingar á gangvirði færðar í rekstrarreikning nema breytingarnar séu hluti af virku áhættuvarnasambandi sjóðstreymis eða áhættuvarnarsambandi hreinnar fjárfestingar. Aðskildar innbyggðar afleiður eru settar fram í efnahagsreikningi ásamt grunnsamningunum.

Þegar grunnsamningur er fjáreign innan gildissviðs IFRS 9 og samningsbundið sjóðstreymi samanstendur eingöngu af greiðslum á höfuðstól og vöxtum er innbyggð afleiða í grunnsamningi ekki aðgreind frá samningnum. Þess í stað er blandaði gerningurinn metinn í heild sinni.

83.17. Áhættuvarnareikningsskil

IFRS 9 heimilar að beita áfram reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram í eldri reikningsskilastöðlum, nánar tiltekið IAS 39 um áhættuvarnarreikningsskil og hefur samstæðan ákveðið að nýta þessa heimild.

Við upphaflega tilgreiningu áhættuvarnanna skráir samstæðan sambandið milli áhættuvarnargerninganna og hinna áhættuvörðu liða með formlegum hætti, þar á meðal markmið og stefnu áhættustýringar við að takast á hendur áhættuvarnirnar, ásamt aðferðinni sem notuð verður til að meta skilvirkni áhættuvarnarsambandanna. Frá og með þeim tíma sem stofnað er til áhættuvarnarsambands framkvæmir samstæðan reglulega mat á því hvort búist sé við að áhættuvarnargerningurinn reynist árangursríkur við að vega á móti breytingum á gangvirði hinna áhættuvörðu liða á því tímabili sem áhættuvörnin nær til og hvort raunverulegur árangur af áhættuvörninni mælist á bilinu 80-125%.

Áhættuvarnarreikningsskilum fyrir áhættuvarnarsamband lýkur um leið og afleiðusamningur sem fellur undir áhættuvörn rennur út, er seldur, honum er slitið eða rétturinn sem fylgir samningnum er nýttur, eða áhættuvörnin uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir gangvirðisvörn í áhættuvarnarreikningsskilum eða skilgreining áhættuvarnar er afturkölluð.

Fram að þeim tímapunkti sem áhættuvarnarsambandi lýkur er sérhver breyting á áhættuvörðum lið, sem lotið hefur aðferð virkra vaxta, afskrifuð í rekstrarreikningi sem hluti af endurútreiknuðum virkum vöxtum liðsins það sem eftir er af líftíma hans.

Afleiður sem notaðar eru til áhættustýringar eru allar afleiðueignir og afleiðuskuldir sem flokkast ekki undir veltufjáreignir eða veltufjárskuldir. Meðal þeirra eru afleiður sem tilgreindar eru í áhættuvarnasamböndum og falla undir gangvirðisvarnir í efnahagsreikningnum.

Hluti af áhættunni á breytingum á gangvirði skuldabréfaútgáfu bankans til meðallangs tíma er varinn með vaxtaskiptasamningum sem falla undir og eru tilgreindir sem gangvirðisvarnir. Um er að ræða skuldabréf sem gefin eru út undir EMTN-ramma bankans (e. Euro Medium Term Note). Slíkum vaxtaskiptasamningum er teflt á móti tilteknum skuldabréfum útgáfunnar með föstum vöxtum. Breytingar á gangvirði vaxtaskiptasamninganna, ásamt breytingum á gangvirði skuldabréfanna sem rekja má til vaxtaáhættu, eru færðar strax í rekstrarreikning sem hreinn hagnaður (tap) af gangvirðisvörnum undir liðnum „Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði“. Áfallnir vextir bæði af vaxtaskiptasamningunum og skuldabréfunum falla undir liðinn „Vaxtagjöld“.

Samstæðan notar aðrar afleiður, sem falla ekki undir tilgreind áhættuvarnarsambönd, til að stýra gjaldeyris-, vaxta-, hlutabréfamarkaðar- og útlánaáhættu sinni.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.18. Skortstöður

Skortstöður eru skuldbindingar samstæðunnar um að láta af hendi fjáreignir sem hún hefur fengið að láni og selt þriðja aðila. Þessar skuldbindingar eru upphaflega færðar í efnahagsreikning á gangvirði og viðskiptakostnaður færður í rekstrarreikning. Á síðari stigum eru skuldbindingarnar áfram skráðar á gangvirði og allar breytingar á gangvirði færðar í rekstrarreikning undir liðinn „Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði“ sem hreinn hagnaður (tap) af veltufjáreignum og veltufjárskuldum. Skortstöður eru teknar í íslenskum ríkisskuldabréfum sem eru með aðgengilegt og skráð markaðsverð.

83.19. Útlán og kröfur

Undir efnahagsliðinn „Útlán og kröfur“ í efnahagsreikningi falla:

- Útlán og kröfur metnar á afskrifuðu kostnaðarverði, en matið byggist upphaflega á gangvirði að viðbættum beinum jaðarviðskiptakostnaði, en eftir það á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta,
- útlán og kröfur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, en matið byggist á gangvirði og breytingar eru færðar beint í rekstrarreikning og
- fjármögnunarleigukröfur.

Þegar samstæðan kaupir fjáreign og gerir um leið samning um endursölu eignarinnar (eða sambærilegrar eignar) á föstu verði á ákveðnum degi í framtíðinni (endursölu viðskipti eða hlutabréfalántaka) er ráðstöfunin færð reikningshaldslega sem útlán eða krafa og undirliggjandi eign er ekki færð í ársreikning samstæðunnar.

83.20. Varanlegir rekstrarfjármunir

Allir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri afskrift og virðisrýrnun. Til kostnaðarverðs teljast gjöld sem rekja má beint til kaupa á eignunum.

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins talinn með bókfærðu virði eignar ef líklegt er að hann leiði til aukins fjárhagslegs ábata fyrir samstæðuna í framtíðinni og hægt er að meta kostnaðinn áreiðanlega. Allur annar kostnaður vegna viðgerða og viðhalds er gjaldfærður eftir því sem hann fellur til.

Allir varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir með línulegri aðferð. Aðferðin er notuð á afskrifanlegan hluta eignanna, en það er kostnaður þeirra að frádregnu hrakvirði deilt niður á áætlaðan nýtingartíma með eftirfarandi hætti:

Byggingar	25-50 ár
Tölvuvélbúnaður	3 ár
Annar búnaður og ökutæki	3-10 ár

Hrakvirði eignanna og nýtingartími þeirra er endurskoðaður árlega og breytt þar sem við á.

Hagnaður og tap af sölu eigna er fundið með því að bera söluverði saman við bókfært virði eignarinnar og eru talin með undir liðnum „Aðrar tekjur og gjöld“ í rekstrarreikningnum.

83.21. Óefnislegar eignir

Hugbúnaður

Hugbúnaður er eignfærður á grundvelli þess kostnaðar sem fellur til við kaup eða þróun hugbúnaðarins og við að koma honum í notkun. Hugbúnaður sem er skráður sem óefnisleg eign er niðurfærður á nýtingartíma hans, sem er áætlaður 3-10 ár.

Kostnaður vegna viðgerða og viðhalds á hugbúnaði er færður til gjalda eftir því sem hann fellur til.

Viðskiptavild

Viðskiptavild er aðeins skráð sem eign ef hún er keypt við sameiningu félaga. Eftir upphaflega skráningu er viðskiptavild metin á kostnaðarverði, að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Almennt er virðisrýrnun viðskiptavildar metin árlega, en oftar ef atburðir eða breytingar á aðstæðum gefa til kynna mögulega virðisrýrnun bókfærðs virðis viðskiptavildarinnar.

83.22. Innlán

Samstæðan fjármagnar sig að mestu leyti með innlánum frá viðskiptavinum og lánastofnunum. Innlánin samanstanda af óbundnum og bundnum innlánum en þau síðarnefndu eru annað hvort í verðtryggðu eða óverðtryggðu innlánsformi. Innlán eru í upphafi metin á gangvirði auk beins viðskiptakostnaðar. Eftir það eru þau metin á afskrifuðu kostnaðarverði að meðtöldum áföllnum verðbótum þegar það á við með aðferð virkra vaxta.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.23. Lántaka

(a) Veðtryggð lántaka

Allir sértryggðir skuldabréfaflokkar veðtryggðrar lántöku eru gefnir út undir 2,5 milljarða evru útgáfuramma bankans fyrir sértryggð skuldabréf sem skráður er á Euronext Dublin. Útgáfa sértryggðu skuldabréfanna er skilyrt við leyfi frá Fjármálaeftirlitinu, ásamt tilvísun til laga nr. 11/2008 og reglna Seðlabanka Íslands nr. 190/2023. Sértryggðir skuldabréfaflokkar bankans í íslenskum krónum eru skráðir og til viðskipta á Nasdaq Iceland og sértryggðir skuldabréfaflokkar bankans í erlendum myntum eru skráðir og til viðskipta á Euronext Dublin.

Undir aðra veðtryggða lántöku falla einstaka veðtryggðir lánasamningar sem ekki eru gefnir út undir fjármögnunarrömmum bankans.

Veðtryggð lántaka er upphaflega metin á gangvirði auk viðskiptakostnaðar sem tengist henni beint og er hún síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir og verðbætur, þegar um verðtryggða lántöku er að ræða, eru hluti af bókfærðu virði og eru færð í rekstrarreikning sem „Vaxtagjöld“.

(b) Almenn óveðtryggð lántaka

Almenn forgangsbréf samanstanda af forgangsskuldabréfum (e senior preferred) útgefnum af bankanum í erlendri mynt og þegar það á við bankavíxlum í íslenskum krónum. Skuldabréfin í erlendri mynt eru gefin út undir 2 milljarða evru útgáfuramma bankans fyrir skuldabréfaútgáfu til meðallangs tíma (e. Euro Medium Term Note (EMTN) Programme) og eru skráð á Euronext Dublin. Bankavíxlarnir eru aftur á móti gefnir út undir 50 milljarða króna útgáfuramma bankans fyrir víxla- og skuldabréfaútgáfu sem er skráður á Nasdaq Iceland.

Undir almenn óveðtryggð lán falla einstaka óveðtryggðir lánasamningar sem ekki eru gefnir út undir fjármögnunarrömmum bankans.

Almenn óveðtryggð lántaka er upphaflega metin á gangvirði, að frádregnum beinum viðskiptakostnaði, en er síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir og verðbætur eru hluti af bókfærðu virði og eru færðir í rekstrarreikning sem „Vaxtagjöld“. Gengishagnaður og -tap kemur fram undir liðnum „Hreinn gengismunur gjaldmiðla“.

(c) Víkjandi forgangsbréf

Víkjandi forgangsbréf (e. senior non-preferred bonds) í erlendri mynt eru gefin út undir 2 milljarða evru útgáfuramma bankans fyrir skuldabréfaútgáfu til meðallangs tíma (e. Euro Medium Term Note (EMTN) Programme) og eru skráð á Euronext Dublin. Víkjandi forgangsbréf eru upphaflega metin á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði og eru eftir það metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir og verðbætur eru færðar sem hluti af bókfærðu virði víkjandi forgangsbréf. Þau koma aftar í kröfuröð en forgangsskuldabréf og „Önnur óveðtryggð lán“ bankans en framar en víkjandi skuldabréf. Forgangsbréfin uppfylla lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (e. MREL Minimum Requirement for Own Funds and Eligible Liabilities).

83.24. Sjálfbær fjármálaumgjörð

Auk hefðbundinnar umgjarðar um fjármögnun bankans er bankinn einnig með sjálfbæra fjármálaumgjörð sem myndar ramma um fjármögnun bankans á umhverfisvænum og félagslegum verkefnum. Fjármálaumgjörðin kom fyrst út í janúar 2021 og byggði á viðmiðum Alþjóðasamtaka aðila á verðbréfamarkaði (ICMA) og nýlegum viðmiðum Evrópusambandsins (e. EU Taxonomy) fyrir græna og félagslega fjármögnun. Umgjörðin er með ytra álit (e. second-party opinion) frá alþjóðlega matsfyrirtækinu Sustainalytics og skilgreinir með skýrum hætti hvaða verkefni stuðla að sjálfbærni og tryggir gagnsæi. Árlega er gefin út áhrifaskýrsla sjálfbærrar fjármögnunar með yfirliti yfir þau útlán sem standa að baki grænni skuldabréfaútgáfu bankans og upplýsingum um í hvaða flokka umgjarðarinnar þau falla. Áhrifaskýrslan er staðfest af þriðja aðila (Deloitte) sem gengur úr skugga um að upplýsingar í skýrslunni séu réttar og uppfylli kröfur sjálfbæru fjármálaumgjarðarinnar.

83.25. Víkjandi lántaka

Undir víkjandi lántöku falla víkjandi skuldabréf þáttar 2 sem bankinn gefur út. Víkjandi skuldabréf í erlendri mynt eru gefin út undir ramma bankans um skuldabréfaútgáfu til meðallangs tíma (EMTN), en útgáfan í íslenskum krónum undir ramma bankans um víxla- og skuldabréfaútgáfu. Víkjandi lánum svipar til eiginfjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldbindingum bankans og teljast hluti eiginfjár í útreikningum á eiginfjárhlutfalli. Lögbundnar niðurfærslur gilda um eftirstöðvar víkjandi lána, en þá er fjárhæðin sem fellur undir eiginfjármeðferð þáttar 2 afskrifuð samkvæmt línulegri aðferð yfir 5 síðustu ár lánstímans.

Víkjandi lán eru upphaflega metin á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði og eru eftir það metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir og verðbætur eru færðar sem hluti af bókfærðu virði víkjandi lána.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.26. Hlutafé

(a) Kostnaður við útgáfu hluta

Kostnaður sem rekja má beint til útgáfu nýrra hluta er aðgreindur undir eigin fé sem frádráttur frá yfirverði hlutabréfa.

b) Arður á almenn hlutabréf

Arður á almenn hlutabréf er skráður meðal eigin fjár á því tímabili sem hann er samþykktur af hluthafafundi bankans.

83.27. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er reiknaður með því að deila í hagnað eða tap almennra hluthafa bankans með vegnum meðalfjölda útistandandi almennra hluta á reikningsskilatímabilinu. Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að leiðrétta hagnað eða tap almennra hluthafa og veginn meðalfjölda almennra útistandandi hluta fyrir umbreytingu allra mögulegra þynnanlegra almennra hluta.

83.28. Endurhverf viðskipti

Til endurhverfra viðskipta teljast endurkaupasamningar og endursölusamningar við aðra banka. Í endurhverfum viðskiptum er sameinast um sölu eða kaup verðbréfa á viðskiptadegi með framvirkum endurkaupum eða framvirkri endursölu þeirra við einn og sama mótaðilann.

Verðbréf sem bankinn selur upphaflega í endurkaupasamningi halda áfram að vera skráð sem fjáreign í efnahagsreikningi bankans þar sem bankinn heldur eftir allri áhættu og ábata sem tengist eignarhaldi verðbréfanna. Peningalegt innstreymi vegna endurkaupasamninga er skráð sem fjárskuld við mótaðila í efnahagsreikningi bankans. Vaxtagreiðslur til mótaðila eru færðar sem vaxtagjöld undir hreinum vaxtatekjum. Innstreymi er annað hvort metið á gangvirði á grundvelli gangvirðisvalkosts í reikningsskilum eða afskrifuðu kostnaðarverði.

Gagnstætt þessu eru verðbréf sem bankinn kaupir upphaflega í endursölusamningi ekki skráð og metin sem fjáreignir í efnahagsreikningi bankans þar sem mótaðilinn heldur eftir allri áhættu og ábata sem tengist eignarhaldi verðbréfanna. Peningalegt útstreymi vegna endursölusamninga er skráð sem krafa á mótaðila í efnahagsreikningi bankans. Vaxtagreiðslur frá mótaðila eru færðar sem vaxtatekjur undir hreinum vaxtatekjum. Útstreymi er annað hvort metið á gangvirði á grundvelli gangvirðisvalkosts í reikningsskilum eða afskrifuðu kostnaðarverði.

Endurkaupasamningar og endursölusamningar eru upphaflega metnir á gangvirði að teknu tilliti til viðskiptakostnaðar en eru eftir það metnir á gangvirði á grundvelli gangvirðisvalkosts í reikningsskilum eða afskrifuðu kostnaðarverði.

83.29. Veðskiptasamningar

Veðskiptasamningar fela í sér skipti á veði í verðbréfum milli banka. Í eðli sínu eru þeir ein tegund verðbréfalána þar sem bankinn fær að láni tiltölulega auðseljanleg verðbréf frá öðrum banka í skiptum fyrir veð í verðbréfum sem eru ekki eins auðseljanleg. Verðbréfin sem bankinn fær lánuð frá mótaðilanum eru ekki skráð og metin sem fjáreignir í efnahagsreikningi bankans þar sem mótaðilinn heldur eftir allri áhættunni og ábatanum sem tengjast eignarhaldi verðbréfanna. Verðbréfin sem bankinn lánaði mótaðilanum halda áfram að vera skráð og metin sem fjáreignir í efnahagsreikningi bankans þar sem bankinn heldur eftir allri áhættunni og ábatanum sem tengjast eignarhaldi verðbréfanna. Bankinn greiðir þóknun til lánveitandans sem endurgjald fyrir áhættuna af að halda eftir veði sem er ekki eins auðseljanlegt. Þóknunin er færð sem vaxtagjöld undir hreinar vaxtatekjur. Veðskiptasamningar eru upphaflega metnir á gangvirði.

83.30. Fjárhagslegar ábyrgðir og lánsheimildir

„Fjárhagslegar ábyrgðir“ eru samningar þar sem þess er krafist að samstæðan inni tilgreindar greiðslur af hendi til að bæta handhafa fjárhagslegrar ábyrgðar tap sem hann verður fyrir vegna þess að tilgreindum skuldara tekst ekki að inna af hendi greiðslu þegar hún fellur í gjalddaga í samræmi við skilmála skuldagernings.

„Lánsheimildir“ eru skuldbindingar samstæðunnar til að útvega lánsfé samkvæmt fyrirfram tilgreindum skilmálum og skilyrðum.

Samstæðan hefur ekki gefið út neinar lánsheimildir sem eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

83.31. Óvissar skuldir og skuldbindingar

Samstæðan skráir óvissar skuldir ekki sem skuldir í efnahagsreikningi, fyrir utan þær óvissuskuldir sem teknar eru yfir við sameiningu fyrirtækja og sem eru með gangvirði sem hægt er að meta áreiðanlega. Óvisst endurgjald sem samstæðan tekur yfir við sameiningu fyrirtækja er skráð á gangvirði á yfirtökudegi. Samstæðan flokkar skuldbindinguna um að greiða óvisst endurgjald sem skuld eða eigið fé og gerir breytingum á gangvirðismati skil í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

83. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

83.31. Óvissar skuldir og skuldbindingar (framhald)

Skuldbindingar vegna kostnaðar, eins og þær sem tengjast réttarkröfum eða endurskipulagningu, eru skráðar áorðnar þegar (i) samstæðunni ber, vegna liðinna atburða, lagaleg eða rökstudd skylda til að greiða, (ii) líklegra er en ekki að útstreymi verði á fjármunum til að gera upp skuldbindinguna og (iii) upphæðin hefur verið áætluð með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding er metin á núvirði greiðslnanna sem ætla má að þurfi til að gera hana upp. Notuð er ávöxtunarkrafa fyrir skatta sem endurspeglar mat markaðarins á hverjum tíma á tímavirði peninga og þeirri sértæku áhættu sem fylgir skuldbindingunni. Öll hækkun á skuldbindingunni yfir tíma er færð sem vaxtagjöld.

83.32. Starfskjör

Öll fyrirtæki samstæðunnar eru með iðgjaldatengt lífeyrisskerfi þar sem þau greiða skyldu- og samningsbundin iðgjöld með ákveðnu framlagi í sameignarsjóði lífeyrissjóða eða séreignarsjóði. Samstæðan hefur engar frekari lífeyrisskuldbindingar gagnvart starfsfólki sínu þegar þessi iðgjöld hafa verið greidd. Iðgjöldin eru færð til gjalda í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til. Samstæðan rekur engan réttindatengdan lífeyrissjóð fyrir starfsfólk sitt.

83.33. Starfsþættir

Starfsþáttur er sú viðskiptaeining samstæðunnar sem aflar tekna og stofnar til gjalda, þ.m.t. tekjur og gjöld í viðskiptum við aðrar einingar samstæðunnar. Rekstrarniðurstaða hvers starfsþáttar er yfirfarin mánaðarlega af framkvæmdastjórn samstæðunnar (sem aðalákvörðunartökuvald um rekstur) sem tekur jafnframt ákvarðanir um framlag fjármuna til hvers starfsþáttar og leggur mat á fjárhagslegan árangur þeirra á grundvelli fjárhagslegra upplýsinga um hvern starfsþátt.

83.34. Nýir staðlar, breytingar og túlkanir á stöðlum

Alþjóðareikningskilaráðið (IASB) hefur gefið út nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS 18 og IFRS 19 sem taka gildi frá 1. janúar 2027. Ráðið hefur einnig gert breytingar á stöðlum sem hafa ekki enn tekið gildi. IFRS 18 fjallar um framsetningu og upplýsingagjöf í reikningsskilum og mun hafa veruleg áhrif á uppsetningu samstæðureikningsins. IFRS 19 fjallar um dótturfélög án almannahagsmuna. Ekki er talið að IFRS 19 og aðrar breytingar á stöðlum muni hafi veruleg áhrif á samstæðureikninginn.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

Lykiltölur samstæðunnar

84. Rekstur eftir árum

Rekstrarreikningur	2024	2023	2022	2021	2020
Vaxtatekjur	166.534	150.848	102.009	66.594	66.498
Vaxtagjöld	(109.337)	(93.289)	(55.545)	(27.641)	(28.424)
Hreinar vaxtatekjur	**57.197**	**57.559**	**46.464**	**38.953**	**38.074**
Þjónustutekjur	17.354	15.977	15.343	13.121	10.819
Þjónustugjöld	(5.949)	(4.824)	(4.720)	(3.638)	(3.181)
Hreinar þjónustutekjur	**11.405**	**11.153**	**10.623**	**9.483**	**7.638**
Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	12.696	6.719	(7.963)	5.980	4.257
Hreinn gengismunur gjaldmiðla	616	560	100	(86)	(278)
Hrein virðisbreyting	(2.772)	(3.120)	2.473	7.037	(12.020)
Aðrar tekjur og (gjöld)	561	977	1.556	963	582
Aðrar rekstrartekjur (gjöld)	**11.101**	**5.136**	**(3.834)**	**13.894**	**(7.459)**
Rekstrartekjur samtals	**79.703**	**73.848**	**53.253**	**62.330**	**38.253**
Laun og launatengd gjöld	(16.534)	(15.866)	(14.474)	(14.759)	(14.767)
Annar rekstrarkostnaður	(10.202)	(10.092)	(9.289)	(9.105)	(9.064)
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(2.597)	(2.290)	(2.097)	(2.013)	(1.815)
Rekstrargjöld samtals	**(29.333)**	**(28.248)**	**(25.860)**	**(25.877)**	**(25.646)**
Hagnaður fyrir skatta	**50.370**	**45.600**	**27.393**	**36.453**	**12.607**
Tekjuskattur	(12.862)	(12.433)	(10.396)	(7.534)	(2.086)
Hagnaður ársins	**37.508**	**33.167**	**16.997**	**28.919**	**10.521**
Hagnaður ársins tilheyrir:					
Hluthöfum bankans	37.508	33.167	16.997	28.919	10.521
Hlutdeild minnihluta	-	-	-	-	-

Efnahagsreikningur	2024	2023	2022	2021	2020
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	129.981	75.350	42.216	82.425	67.604
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	139.104	148.182	125.265	150.435	119.330
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	32.644	19.012	19.106	33.347	26.808
Útlán og kröfur á lánastofnanir	39.346	54.101	28.621	47.231	48.073
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.807.437	1.630.894	1.544.360	1.387.463	1.273.426
Aðrar eignir	31.075	32.376	26.948	27.992	27.298
Eignir í sölumeðferð	2.172	861	508	905	1.638
Eignir alls	**2.181.759**	**1.960.776**	**1.787.024**	**1.729.798**	**1.564.177**
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	11.989	29.968	6.634	10.425	48.725
Innlán frá viðskiptavinum	1.228.444	1.048.537	967.863	900.098	793.427
Lántaka	529.150	513.687	476.864	486.042	420.178
Aðrar skuldir	47.538	44.654	34.819	29.803	22.226
Víkjandi lántaka	39.989	20.176	21.753	20.785	21.366
Eigið fé	324.649	303.754	279.091	282.645	258.255
Skuldir og eigið fé samtals	**2.181.759**	**1.960.776**	**1.787.024**	**1.729.798**	**1.564.177**

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

Lykiltölur samstæðunnar

85. Rekstur eftir ársfjórðungum

	2024				2023			
Rekstrarreikningur	**F4***	**F3**	**F2**	**F1**	**F4***	**F3**	**F2**	**F1**
Vaxtatekjur	37.783	42.669	44.993	41.089	39.728	38.134	38.407	34.579
Vaxtagjöld	(24.676)	(27.714)	(30.241)	(26.706)	(24.945)	(22.893)	(23.938)	(21.513)
Hreinar vaxtatekjur	**13.107**	**14.955**	**14.752**	**14.383**	**14.783**	**15.241**	**14.469**	**13.066**
Þjónustutekjur	5.027	4.292	4.004	4.031	4.334	3.600	3.851	4.192
Þjónustugjöld	(1.690)	(1.602)	(1.362)	(1.295)	(1.268)	(1.264)	(1.148)	(1.144)
Hreinar þjónustutekjur	**3.337**	**2.690**	**2.642**	**2.736**	**3.066**	**2.336**	**2.703**	**3.048**
Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum	5.194	1.767	2.783	2.952	4.468	(292)	(714)	3.257
Hreinn gengismunur gjaldmiðla	(27)	190	218	235	84	372	40	64
Hrein virðisbreyting	(754)	1.442	(746)	(2.714)	(1.281)	(248)	520	(2.111)
Aðrar tekjur og gjöld	243	172	177	(31)	715	127	139	(4)
Aðrar rekstrartekjur (gjöld)	**4.656**	**3.571**	**2.432**	**442**	**3.986**	**(41)**	**(15)**	**1.206**
Rekstrartekjur samtals	**21.100**	**21.216**	**19.826**	**17.561**	**21.835**	**17.536**	**17.157**	**17.320**
Laun og launatengd gjöld	(4.529)	(3.582)	(4.190)	(4.233)	(4.332)	(3.221)	(4.194)	(4.119)
Annar rekstrarkostnaður	(2.633)	(2.492)	(2.491)	(2.586)	(2.979)	(2.388)	(2.370)	(2.355)
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(642)	(719)	(636)	(600)	(527)	(643)	(550)	(570)
Rekstrargjöld samtals	**(7.804)**	**(6.793)**	**(7.317)**	**(7.419)**	**(7.838)**	**(6.252)**	**(7.114)**	**(7.044)**
Hagnaður fyrir skatta	**13.296**	**14.423**	**12.509**	**10.142**	**13.997**	**11.284**	**10.043**	**10.276**
Tekjuskattur	(2.696)	(3.636)	(3.544)	(2.986)	(3.213)	(3.374)	(3.326)	(2.520)
Hagnaður tímabilsins	**10.600**	**10.787**	**8.965**	**7.156**	**10.784**	**7.910**	**6.717**	**7.756**

Efnahagsreikningur	**31.12.2024**	**30.9.2024**	**30.6.2024**	**31.3.2024**	**31.12.2023**	**30.9.2023**	**30.6.2023**	**31.3.2023**
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	129.981	124.093	111.224	114.598	75.350	114.774	106.299	96.986
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	139.104	138.175	140.235	119.496	148.182	131.605	116.515	117.798
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	32.644	24.162	22.815	22.543	19.012	15.785	15.504	17.561
Útlán og kröfur á lánastofnanir	39.346	77.197	32.511	76.410	54.101	83.244	31.628	78.355
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.807.437	1.785.470	1.738.585	1.667.343	1.630.894	1.599.871	1.595.392	1.576.589
Aðrar eignir	31.075	35.183	28.357	30.846	32.376	36.793	30.542	29.199
Eignir í sölumeðferð	2.172	1.516	1.736	1.200	861	331	489	505
Eignir samtals	**2.181.759**	**2.185.796**	**2.075.463**	**2.032.436**	**1.960.776**	**1.982.403**	**1.896.369**	**1.916.993**
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	11.989	11.942	8.219	5.079	29.968	30.263	22.132	23.907
Innlán frá viðskiptavinum	1.228.444	1.218.394	1.148.431	1.103.350	1.048.537	1.065.210	1.012.482	1.001.580
Lántaka	529.150	546.103	529.137	533.197	513.687	529.809	493.201	532.691
Aðrar skuldir	47.538	58.123	50.051	44.732	44.654	44.195	48.796	46.532
Víkjandi lántaka	39.989	37.185	36.363	35.250	20.176	19.955	34.698	33.940
Eigið fé	324.649	314.049	303.262	310.828	303.754	292.971	285.060	278.343
Skuldir og eigið fé samtals	**2.181.759**	**2.185.796**	**2.075.463**	**2.032.436**	**1.960.776**	**1.982.403**	**1.896.369**	**1.916.993**

*Fyrstu þrír árshlutar ársins 2024 og fyrstu þrír árshlutar ársins 2023 voru kannaðir af endurskoðanda bankans.

Skýringar við ársreikning samstæðunnar

Lykiltölur samstæðunnar

86. Lykiltölur og hlutföll

	2024	2023	2022	2021	2020
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	12,1%	11,6%	6,3%	10,8%	4,3%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)	32,4%	33,7%	46,8%	43,2%	47,4%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	1,3%	1,4%	1,4%	1,4%	1,6%
Arðsemi eigna	1,8%	1,7%	1,0%	1,7%	0,7%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	2,7%	3,0%	2,7%	2,3%	2,5%
Hagnaður á hlut	1,59	1,40	0,72	1,22	0,45
Eiginfjárhlutfall alls	24,3%	23,6%	24,7%	26,6%	25,1%
Hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1	21,5%	22,0%	22,9%	24,8%	23,2%
Vogunarhlutfall	13,2%	13,6%	14,4%	14,9%	15,4%
Samtals MREL fjármögnun	38,2%	37,9%	40,4%		
Samtals undirskipuð MREL fjármögnun	25,5%	23,6%			
Hlutfall útlána til viðskiptamanna af innlánum	147,1%	155,5%	159,6%	154,1%	160,5%
Hlutfall innlána af heildareignum	56,3%	53,5%	54,2%	52,0%	50,7%
Heildarlausafjárþekja	164%	181%	134%	179%	154%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	143%	145%	132%	142%	132%
Meðaltal ársverka á árinu	811	849	843	890	921
Ársverk í árslok	822	817	813	816	878
Arður á hlut	0,70	0,36	0,61	0,19	0,00

Lykiltölur og hlutföll	Skilgreining
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	Hagnaður (tap) / meðalstaða eigin fjár á árinu
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)	(Rekstrargjöld - skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja) / (Rekstrartekjur - virðisbreytingar útlána)
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	(Heildar rekstrarkostnaður - skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja) / meðalstöðu eigna
Arðsemi eigna	Hagnaður (tap) eftir skatta / meðalstaða eigna á árinu
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	(Vaxtatekjur - vaxtagjöld) / meðalstöðu heildareigna
Hagnaður á hlut	Hagnaður (tap) ársins sem tilheyrir hluthöfum/ veginn meðalfjöldi útistandandi hluta
Eiginfjárhlutfall alls	Eiginfjárgrunnur samkvæmt ákvæðum laga (CET1 + AT1 + T2) / áhættugrunnur
Hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1	Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1) / áhættugrunnur
Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)	Bókfært eigið fé - frádráttarliðir skv. CRR II
Viðbótar eigið fé þáttar 1 (AT1)	Eiginfjárgerningar undir þætti 1 aðrir en almennt eigið fé þáttar 1
Samtals eigið fé þáttar 1 (T1)	Almennt eigið fé þáttar 1 + viðbótar eigið fé þáttar 1
Samtals eigið fé þáttar 2 (T2)	Víkjandi lán - lögbundnar niðurfærslur
Eiginfjárgrunnur	CET1 + AT1 + T2
Vogunarhlutfall	Eigið fé þáttar 1 / (heildareignir + liðir utan efnahags)
Samtals MREL fjármögnun	Eiginfjárgrunnur + hæfar skuldbindingar / áhættugrunnur samtals
Samtals undirskipuð MREL fjármögnun	Eiginfjárgrunnur + hæf víkjandi forgangsbréf / áhættugrunnur samtals
Hlutfall útlána til viðskiptavina af innlánum	Útlán og kröfur á viðskiptavini/ innlán frá viðskiptavinum
Hlutfall innlána af heildareignum	Innlán frá viðskiptavinum/ heildareignum
Heildarlausafjárþekja	Lausafjárforði / nettóútflæði lausafjár næstu 30 daga á álagstímabili
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	Tiltæk stöðug fjármögnun / nauðsynleg stöðug fjármögnun
Meðaltal ársverka	Meðaltal stöðugilda starfsfólks í starfi yfir árið
Ársverk í árslok	Fjöldi stöðugilda í árslok
Arður á hlut	Greiddur arður / fjölda útistandandi hluta

Viðaukar

Óendurskoðaðir

Stjórnarhátta-yfirlýsing fyrir árið 2024

30. janúar 2025

Góðir stjórnarhættir Landsbankans leggja grunn að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðs, stjórnenda, starfsfólks, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila og stuðla að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans. Landsbankinn fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti og birtir árlega yfirlýsingu í sérstökum kafla í ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir stjórnarháttum bankans.

1. Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða ber að fylgja samkvæmt lögum og upplýsingar um það hvar slíkar reglur eru aðgengilegar almenningi

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, ber bankaráð Landsbankans ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag bankans stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn hans, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra. Samkvæmt sömu lagagrein skal bankaráð árlega endurmeta stjórnarhætti sína og bregðast við annmörkum sem koma í ljós.

Samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, skal Landsbankinn fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu. Bankanum ber jafnframt að gera grein fyrir stjórnarháttunum á vefsíðu sinni.

Landsbankinn fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar, sem tóku gildi 1. júlí 2021 (6. útg), eru aðgengilegar á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, http://leidbeiningar.is (hér á eftir „leiðbeiningarnar“).

Þessi kafli ársskýrslunnar inniheldur stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans (hér eftir „yfirlýsingin“) og fylgir hún þeirri framsetningu efnisatriða sem leiðbeiningarnar kveða á um.

2. Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Landsbankinn uppfyllir ákvæði leiðbeininganna að því frátöldu að ekki hefur verið sett sérstök stefna um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og æðstu stjórnendur. Þetta er útskýrt nánar í 5. gr. yfirlýsingarinnar. Að því er varðar ákvæði leiðbeininganna um tilnefningarnefnd, ber að geta þess að hluthafafundur hefur ekki skipað tilnefningarnefnd þar sem tilnefningar allra bankaráðsmanna falla undir ákvæði 44. gr. a laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, þar áður 7. gr. laga nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins sem féllu úr gildi 1. janúar 2025. Í samræmi við 7. mgr. 53. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, starfrækir Landsbankinn því ekki tilnefningarnefnd.

3. Annars konar reglur og viðmið sem einnig er farið eftir og eiga sérstaklega við um þá tegund rekstrar sem félagið stundar

Um starfsemi Landsbankans gilda lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, reglugerðir sem settar eru af ráðherra, reglur og tilmæli Seðlabanka Íslands og ýmis önnur lagaákvæði um fjármálastarfsemi og fjármálamarkaði. Bankinn tekur jafnframt í starfsemi sinni mið af viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA), þ.m.t. viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2021/05), sbr. 16. gr. reglugerðar ESB nr. 1093/2010 sem lögfest var á Íslandi með lögum nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar á vefsíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/ees-vidmidunarreglur/eba/nr/3909.

4. Helstu þættir áhættustjórnunar og innra eftirlits

Árangursrík áhættustjórnun er ein af forsendum langtímaarðsemi og stöðugleika í rekstri bankans. Í áhættustjórnun felst eftirlit, greining, mat og stýring á áhættuþáttum í rekstri bankans og að bankinn hafi skilvirkt skipulag til að mæta áhættu. Miðlun upplýsinga um áhættu til stuðnings ákvarðanatöku er jafnframt lykilþáttur skilvirkrar áhættustjórnunar.

Innra eftirlit á að stuðla að því að bankinn nái markmiðum sínum varðandi afkomu, áhættuvilja og áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og að bankinn hlíti gildandi lögum og reglum. Greining á virkni innra eftirlits felur í sér skoðun á eftirlitsumhverfi bankans, áhættustjórnun, eftirlitsaðgerðum, upplýsingum, samskiptum og stjórnendaeftirliti.

Bankaráð samþykkir áhættustefnu, áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar. Bankaráð ber jafnframt ábyrgð á að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits ásamt því að þróa og innleiða trausta áhættumenningu innan bankans.

Tvær undirnefndir bankaráðs sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir bankaráð á sviði áhættustjórnunar og innra eftirlits sem nánar er lýst í starfsreglum þeirra. Áhættunefnd bankaráðs fjallar með reglubundnum hætti um málefni tengd innra eftirliti og áhættustjórnun. Þá fjallar Endurskoðunarnefnd reglubundið um reikningsskil bankans og leggur mat á innra eftirlitskerfi hans.

Nánari lýsingu á áhættustjórnun bankans er að finna í sérstakri áhættuskýrslu á vefsíðu bankans.[1]

Framkvæmd innra eftirlits má aðgreina eftir eðli þess og því hverjir framkvæma það.

Fyrsta stigs eftirlit er á ábyrgð stjórnenda starfseininga en þeim ber að tryggja að áhættustjórnun og innra eftirlit sé órjúfanlegur hluti af daglegri starfsemi bankans. Stjórnendur skulu með virkum og reglubundnum hætti greina og meta þá áhættu sem steðjar að starfseminni sem þeir bera ábyrgð á. Stjórnendur skulu leggja mat á hvort breytingar í rekstrarumhverfi bankans feli í sér tækifæri eða ógn fyrir viðkomandi starfsemi, hanna eftirlitsaðgerðir í ferla, innleiða aðgerðirnar, vakta þær og upplýsa um virkni þeirra.

Annars stigs eftirlit er á ábyrgð Áhættustýringar og Regluvörslu sem viðhafa áhættumiðað innra eftirlit með því að stjórnendur og starfsfólk starfi í samræmi við þær stefnur, reglur og ferla sem bankinn hefur sett sér. Þessar einingar, ásamt Lögfræðiþjónustu, taka þátt í að móta og innleiða stefnur og aðferðafræði á sviði innra eftirlits til samræmis við stefnumörkun bankans.

Þriðja stigs eftirlit er á ábyrgð Innri endurskoðunar sem er óháð eftirlitseining. Hlutverk hennar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf, sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur bankans. Innri endurskoðun skal með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum staðfesta virkni bæði fyrsta og annars stigs eftirlits, veita ráðgjöf um það sem betur má fara og þannig leggja mat á og bæta virkni áhættustjórnunar, eftirlitsaðgerða og stjórnarhátta bankans.

1 https://www.landsbankinn.is/bankinn/fjarfestatengsl/skyrslur-og-uppgjor

5. Lýsing á stefnu félagsins um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og æðstu stjórnendur

Samkvæmt lögum nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins, sem voru í gildi á árinu 2024, annaðist sérstök þriggja manna valnefnd tilnefningu aðila fyrir hönd ríkisins til setu í bankaráði. Valnefndin starfaði samkvæmt starfsreglum þar sem fram komu þau viðmið sem nefndin skyldi styðjast við í mati sínu á hæfni, menntun og reynslu einstaklinga sem til greina kæmu til setu í bankaráði. Í starfsreglunum kom fram að nefndin skyldi tilnefna bankaráðsmenn sem hefðu fjölbreyttan bakgrunn hvað varðar menntun og hæfni. Nefndin skyldi gæta að heildaryfirbragði og reyna að tryggja að stjórnir fjármálafyrirtækja yrðu ekki of einsleitar.

Með lögum nr. 129/2024 sem Alþingi samþykkti þann 15. nóvember 2024 voru lög nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins, felld úr gildi 1. janúar 2025. Jafnframt var gerð sú breyting á lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál, að sett var ný grein, 44. gr. a, sem kveður m.a. á um að ráðherra skipar þriggja manna valnefnd, eina eða fleiri, til þriggja ára í senn til að gera tillögu til ráðherra um einstaklinga sem til greina koma til setu fyrir hönd ríkisins í bankaráðum og stjórnum fjármálafyrirtækja. Í ákvæðinu segir jafnframt að kveða skuli nánar á um starfsreglur valnefndar og fyrirkomulag tilnefninga í eigandastefnu ríkisins sem ráðherra setur skv. 44. gr. laganna.

Landsbankinn hefur því ekki sett sér sérstaka stefnu um fjölbreytileika bankaráðs, framkvæmdastjórnar og æðstu stjórnenda bankans með tilliti til þátta á borð við aldur, kyn eða menntunarlegan og faglegan bakgrunn.



6. Samsetning og starfsemi bankaráðs, undirnefnda bankaráðs og framkvæmdastjórnar

Bankaráð er skipað sjö einstaklingum og tveimur til vara. Bankaráð er kosið á aðalfundi og er kjörtímabil bankaráðsmanna eitt ár. Við kjör bankaráðsmanna skal stefnt að því að kynjahlutfall sé sem jafnast og leitast við að tryggja að bankaráð sem heild hafi yfir að ráða góðri þekkingu á bankastarfsemi. Formaður er kosinn sérstaklega á aðalfundi, en bankaráðsmenn kjósa varaformann. Bankaráð Landsbankans fer með æðsta vald í málefnum bankans á milli hluthafafunda. Bankaráð ber ábyrgð á

starfsemi bankans og stefnumótun sem og áhættustefnu og að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits. Bankaráð hefur yfirumsjón með því að starfsemi bankans og rekstur sé í samræmi við lög, samþykktir bankans og aðrar reglur sem um starfsemina gilda. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans og sér til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Í starfsreglum sem bankaráð setur sér er kveðið nánar á um störf bankaráðs.

Þrjár undirnefndir starfa á vegum bankaráðs: Endurskoðunarnefnd, Áhættunefnd og Starfskjaranefnd. Hlutverk nefndanna er m.a. að undirbúa umfjöllun bankaráðs á tilteknum starfssviðum og annast nánari athugun á málum sem þeim tengjast í samræmi við starfsreglur sínar.

Bankaráð ræður bankastjóra og innri endurskoðanda. Bankastjóri ræður aðra daglega stjórnendur bankans. Svið bankans eru sjö talsins: Einstaklingssvið, Fyrirtækjasvið, Eignastýring og miðlun, Áhættustýring, Fjármál, Upplýsingatækni og Samskipti og menning. Hverju sviði er stýrt af framkvæmdastjóra og sameiginlega mynda þeir framkvæmdastjórn með bankastjóra. Þá heyra stjórnendur Skrifstofu bankastjóra, Lögfræðiþjónustu og Regluvörslu beint undir bankastjóra. Innri endurskoðandi heyrir undir bankaráð.

Framkvæmdastjórn Landsbankans er vettvangur samráðs og ákvarðanatöku af hálfu bankastjóra og framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjórn annast framkvæmd stefnumótunar og skal sjá til þess að rekstur bankans sé í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Bankastjóri hefur auk þess skipað fjórar þverfaglegar fastanefndir með það að markmiði að tryggja samstarf og framkvæmd á stefnu bankans: Lánanefnd, Áhættu- og fjármálanefnd, Rekstraráhættunefnd og Verkefnanefnd. Á vegum nefndanna eru starfandi undirhópar og teymi sem fjalla um afmörkuð viðfangsefni.

7. Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna tilnefningarnefndar

Í samræmi við 7. mgr. 53. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, starfrækir Landsbankinn ekki tilnefningarnefnd þar sem tilnefningar allra bankaráðsmanna falla undir ákvæði 44. gr. a laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, þar áður 7. gr. laga nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins sem féllu úr gildi 1. janúar 2025.

8. Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna undirnefnda bankaráðs

Bankaráð skipar nefndarmenn í undirnefndir. Fyrirkomulag skipunar undirnefnda á árinu 2024 var sem hér segir: Endurskoðunarnefnd var skipuð þremur bankaráðsmönnum og einum utanaðkomandi nefndarmanni með sérþekkingu á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Áhættunefnd og Starfskjaranefnd voru skipaðar þremur bankaráðsmönnum hvor. Sjálfbærninefnd var starfandi frá áramótum fram til aðalfundar 19. apríl 2024, en hún var skipuð fjórum bankaráðsmönnum.

9. Upplýsingar um fjölda bankaráðsfunda, funda undirnefnda og mætingu

Á árinu 2024 hélt bankaráð Landsbankans 28 fundi. Haldnir voru 9 fundir í Endurskoðunarnefnd, 12 í Áhættunefnd, 7 í Starfskjaranefnd og 1 í Sjálfbærninefnd. Meðfylgjandi tafla sýnir mætingu á fundina.

Heildarfjöldi bankaráðs- og nefndafunda 2024		Bankaráð	Endurskoð-unarnefnd	Áhættu-nefnd	Starfskjara-nefnd	Sjálfbærni-nefnd
		28	9	12	7	1
Bankaráð til 19.04.2024	**Starfstímabil**					
Helga Björk Eiríksdóttir, formaður	01.01 - 19.04.	12			4	
Berglind Svavarsdóttir	01.01 - 19.04.	10		4		
Elín H. Jónsdóttir	01.01 - 19.04.	11		4		1
Guðbrandur Sigurðsson	01.01 - 19.04.	12		4		
Guðrún Blöndal	01.01 - 19.04.	12	3		4	1
Helgi Friðjón Arnarson	01.01 - 19.04.	12	3			1
Þorvaldur Jacobsen	01.01 - 19.04.	10	3		4	1
Bankaráð frá 19.04.2024						
Jón Þ. Sigurgeirsson, formaður	19.04. - 31.12.	16			3	
Eva Halldórsdóttir	19.04. - 31.12.	14		8	3	
Kristján Th. Davíðsson	19.04. - 31.12.	16	6			
Rebekka Jóelsdóttir	19.04. - 31.12.	16	5		3	
Steinunn Thorsteinsdóttir	19.04. - 31.12.	16		8		
Þór Hauksson	19.04. - 31.12.	15		8		
Örn Guðmundsson	19.04. - 31.12.	16	6			
Varamenn						
Sigríður Olgeirsdóttir, varamaður	01.01 - 19.04.	1				
Sigurður Jón Björnsson, varamaður	01.01. - 31.12.	6				
Stefanía Halldórsdóttir, varamaður	19.04. - 31.12.	1				
Utanaðkomandi nefndarmaður í Endurskoðunarnefnd						
Hjörleifur Pálsson	01.01. - 31.12.		9			

10. Starfsreglur bankaráðs og undirnefnda

Starfsreglur bankaráðs má finna á vefsíðu Landsbankans.[2] Sérstakar starfsreglur hafa jafnframt verið gefnar út fyrir Endurskoðunarnefnd, Áhættunefnd og Starfskjaranefnd og þær má einnig finna á vefsíðu bankans.

2 https://www.landsbankinn.is/bankinn/um-bankann/stefna-og-skipulag/bankarad

11. Upplýsingar um bankaráðsmenn

Bankaráðsmenn eru eftirtaldir:

Aðalmenn

Jón Þorvarður Sigurgeirsson, formaður

Jón Þorvarður Sigurgeirsson er fæddur árið 1962. Jón lauk cand.oecon námi frá Háskóla Íslands 1986 og prófi í verðbréfamiðlun 1988. Jón hóf störf hjá Seðlabanka Íslands 1986. Hann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri alþjóða- og markaðsviðs og erlendra viðskipta frá árinu 1994 og síðar sem framkvæmdastjóri þess 2002-2006. Hann var framkvæmdastjóri skrifstofu seðlabankastjóra og alþjóðasviðs 2008-2019. Þá starfaði Jón hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington DC í samtals átta ár, þar af sem fulltrúi Norður- og Eystrasaltslanda í stjórn sjóðsins um sex ára skeið, 2006-2008 og 2019-2023. Jón var stjórnarmaður í Bankasýslu Grikklands (Hellenic Financial Stability Fund, HFSF) 2015-2019 og sat um skeið í stjórn Fjármálaeftirlitsins á árunum 2009-2011. Jón var einnig stjórnarformaður Eignasafns Seðlabanka Íslands 2012-2017 og sat í framkvæmdahópi stjórnvalda um afnám gjaldeyrishafta og lausn á vanda slitabúanna 2014-2015. Jón var efnahagsráðgjafi menningar- og viðskiptaráðherra 2023-2024. Jón hefur setið í stjórn Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, frá 2023. Þá hefur hann tekið þátt í störfum fjölda nefnda og vinnuhópa, bæði á alþjóðlegum og innlendum vettvangi, varðandi laga- og reglusetningu og markaðshegðun á fjármálamarkaði. Jón var kjörinn í bankaráð í apríl 2024 og er formaður starfskjaranefndar.

Eva Halldórsdóttir, varaformaður

Eva Halldórsdóttir er fædd árið 1979. Hún er framkvæmdastjóri og einn eigenda lögmannsstofunnar LLG Lögmenn. Eva lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2004 og LL.M. gráðu frá lagadeild Stanford-háskóla árið 2014, með áherslu á stjórnarhætti fyrirtækja. Eva öðlaðist málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi 2005 og fyrir Landsrétti 2023. Þá hefur Eva lokið prófi í verðbréfamiðlun. Eva hóf störf hjá LLG Lögmönnum (áður Lögmenn Lækjargötu) árið 2014 og hefur verið í eigendahópi félagsins frá 2018. Á árunum 2004-2012 starfaði hún sem lögmaður og síðar forstöðumaður vátryggingasviðs hjá Okkar líftryggingum. Hún er formaður úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, nefndarmaður í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema og sinnir stundakennslu við Háskólann á Bifröst. Eva hefur gegnt ýmsum stjórnar- og trúnaðarstörfum. Hún hefur t.a.m. setið í stjórnum Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs, Glyms, TM trygginga, TM líftrygginga og Raufarhólshellis. Þá á hún sæti í stjórn Lögmannafélags Íslands og hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir Knattspyrnufélagið Val og Knattspyrnusamband Íslands. Eva var kjörin í bankaráð í apríl 2024.

Kristján Þ. Davíðsson

Kristján Þ. Davíðsson er fæddur árið 1960. Hann er eigandi og stjórnarmaður Viðskiptaþróunar sem starfar á sviði ráðgjafar innan sjávarútvegs á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Kristján er með meistaragráðu í sjávarútvegsfræðum frá Arctic University of Norway frá 1987 og skipstjórnarpróf frá Stýrimannaskólanum 1980. Kristján var framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva 2017-2018, framkvæmdastjóri skilanefndar Glitnis 2008-2009 og forstöðumaður sjávarútvegsteymis og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis 2001-2003 og 2005-2008. Árin 2003-2005 var Kristján forstjóri/aðstoðarforstjóri HB Granda 2003-2005 og sölustjóri hjá Marel 1994-2000. Kristján hefur setið í stjórnum margra fyrirtækja um árabil og situr nú í stjórn Brims sem stjórnarformaður, Marine Stewardship Council, SOS Barnaþorpanna, Snerpu, ISDER og Kampa. Áður hefur hann um árabil setið í stjórnum ýmissa fyrirtækja, m.a. í bankaráði Landsbankans 2011-2015, Völku, Olivita, Vaka, Corporacion Pesquera Inca, Salar Islandica, Almenna lífeyrissjóðsins, Sjótækni, Pólar toghlera og First Water. Þá hefur hann verið ræðismaður Brasilíu á Íslandi síðan 2011 og gegnt ýmsum trúnaðarstörfum á sviði sjávarútvegs. Kristján var kjörinn í bankaráð í apríl 2024.

Rebekka Jóelsdóttir

Rebekka er fædd árið 1981. Hún er fjármálastjóri og staðgengill forstjóra Mílu. Rebekka lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2005 og MCF-gráðu í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík 2015. Þá lauk hún prófi í verðbréfaviðskiptum 2006. Á árunum 2018-2023 starfaði Rebekka sem forstöðumaður Hagdeildar hjá Marel og 2014-2018 var Rebekka fjárfestingastjóri hjá Framtakssjóði Íslands. Áður starfaði Rebekka meðal annars hjá Arion banka í fyrirtækjaráðgjöf og endurskipulagningu og hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) sem verðbréfamiðlari og við ýmis önnur störf. Rebekka hefur setið í stjórnum ýmissa félaga í tengslum við störf sín hjá Framtakssjóði Íslands og ber þar helst að nefna Icelandic Group og tengd félög. Einnig sat hún um tíma í stjórn Landsels og Sementsverksmiðjunnar í tengslum við störf sín hjá Arion banka. Rebekka var kjörin í bankaráð í apríl 2024.

Steinunn Þorsteinsdóttir

Steinunn er fædd árið 1976. Hún er eigandi Auðsýnar og starfar sem sjálfstæður ráðgjafi. Steinunn lauk prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 2002 og er með meistaragráðu í iðnaðarverkfræði frá Chalmers University of Technology 2006. Þá hefur hún lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Steinunn starfaði hjá Mannviti 2018-2023, lengst af sem sviðsstjóri innri þjónustu og bar meðal annars ábyrgð á sjálfbærni, mannauðsmálum, gæðamálum og nýsköpun. Á árunum 2016-2018 starfaði Steinunn hjá stoðtækjafyrirtækinu Össuri sem verkefnastjóri í alþjóðlegum verkefnum. Steinunn starfaði hjá Íslandsbanka 2007-2016 og verkefnastýrði þar m.a. fjárhagslegri endurskipulagningu bankans. Hún var gæðastjóri Íslandsbanka 2012-2016 og áður verkefnisstjóri innan áhættustýringar hjá bankanum. Steinunn var kjörin í bankaráð í apríl 2024 og er formaður Áhættunefndar.

Þór Hauksson

Þór er fæddur árið 1972. Þór lauk BA-prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands 1995 og MA-prófi í stjórnmála- og Evrópuhagfræði frá University of Hull 1998. Þá lauk hann MBA-prófi með áherslu á fjármál frá Háskólanum í Reykjavík 2007 og hefur að auki lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Þór var framkvæmdastjóri hjá fiskvinnslufélaginu Von 2019-2023, forstöðumaður hjá fyrirtækjaráðgjöf Deloitte 2014-2019, framkvæmdastjóri Burðaráss 2013-2014 og starfaði hjá Framtakssjóði Íslands 2010-2013. Áður var Þór hjá Skiptum, Straumi fjárfestingarbanka og Kaupþingi. Hann hefur setið í stjórnum ýmissa fyrirtækja, meðal annars Valitors, Vodafone, Advania, N1, Icelandic Group, Húsasmiðjunnar, Vestia, Invent Farma og fleiri félaga. Þá var Þór formaður starfshóps um uppskiptingu Íbúðalánasjóðs og í kjölfarið formaður fjárfestingarráðs ÍL-sjóðs. Þór var kjörinn í bankaráð í apríl 2024.

Örn Guðmundsson

Örn Guðmundsson er fæddur árið 1972. Hann var framkvæmdastjóri COWI Ísland (áður Mannvit) 2018-2024 og hefur víðtæka reynslu af störfum á fjármálamarkaði. Örn lauk cand.oceon prófi frá Háskóla Íslands 1996 og MSc-gráðu í alþjóðlegum viðskiptum frá Copenhagen Business School 1998. Örn var fjármálastjóri Mannvits 2015-2018 og starfaði um árabil fyrir skilanefnd Kaupþings, m.a. sem aðstoðarframkvæmdastjóri. Örn hefur setið í stjórnum fjölmargra fyrirtækja á Íslandi og erlendis í tengslum við störf sín, m.a. í stjórn Skjásins, Klakka og Skipta. Örn var kjörinn í bankaráð í apríl 2024 og gegnir formennsku í endurskoðunarnefnd.

Varamenn

Stefanía Guðrún Halldórsdóttir, varamaður

Stefanía Guðrún Halldórsdóttir er fædd árið 1973. Hún er forstjóri tölvuleikjafyrirtækisins Avalanche Studios Group í Svíþjóð og hefur gegnt því starfi frá árinu 2023. Stefanía lauk BSc-gráðu í landfræði 2000 og MSc-prófi í umhverfisfræði frá Háskóla Íslands 2005. Stefanía starfaði hjá CCP Games 2010-2017 á Íslandi og í Shanghai og var síðast framkvæmdastjóri CCP á Íslandi 2016-2017. Á árunum 2018-2020 gegndi Stefanía starfi framkvæmdastjóra markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Landsvirkjun. Hún var framkvæmdastjóri hjá Eyrir Venture Management 2020-2023 og stýrði þar framtakssjóðnum Eyrir Vöxtur. Stefanía átti sæti í ýmsum ráðum og nefndum á vegum Landsvirkjunar meðan hún var þar við störf, meðal annars á sviði orkuöryggismála, orkuskipta og mótun orkustefnu fyrir Ísland. Þá var hún einnig í nefndum og hópum á vegum stjórnvalda, var skipuð í verkefnisstjórn um aðgerðir vegna fjórðu iðnbyltingarinnar af forsætisráðherra og skipuð í Útflutningsráð af utanríkisráðherra. Hún hefur átt sæti í stjórnum ýmissa fyrirtækja á sínu starfssviði og situr nú í háskólaráði Háskóla Reykjavíkur. Stefanía hefur á undanförnum sex árum stýrt átaki á vegum ríkisstjórnarinnar í að efla máltækni, Almannarómi, sem hefur það að markmiði að vernda íslenskuna á stafrænni öld. Stefanía var kjörin varamaður í bankaráð í apríl 2024.

Sigurður Jón Björnsson, varamaður

Sigurður Jón Björnsson er fæddur árið 1966. Hann lauk cand.oecon. prófi af reikningshalds- og fjármálasviði frá Háskóla Íslands árið 1994 og prófi í verðbréfaviðskiptum 2009. Að námi loknu starfaði hann sem aðstoðarsölustjóri Íslensk Ameríska hf. 1995-1997. Þá gegndi hann störfum forstöðumanns fjármálasviðs, staðgengils framkvæmdastjóra og sérfræðings á sviði fjárfestinga hjá Framtaki fjárfestingarbanka hf. 1997-2003. Hann starfaði sem forstöðumaður hagdeildar Air Atlanta 2003-2006 og var fjármálastjóri og staðgengill framkvæmdastjóra fjármálasviðs Norðuráls 2006-2007. Hann var ráðgjafi í fyrirtækjaráðgjöf hjá Capacent árið 2007 og varð síðar eigandi hjá verðbréfafyrirtækinu Capacent fjárfestingarráðgjöf, síðar Centra fyrirtækjaráðgjöf hf. Samhliða ráðgjafarstörfum sinnti Sigurður hlutverki regluvarðar verðbréfafyrirtækisins. Sigurður gegndi starfi framkvæmdastjóra fjármála hjá Íbúðalánasjóði á árunum 2011-2017 og bar hann þar m.a. ábyrgð á áhættustýringu sjóðsins árin 2011-2015. Sigurður var stjórnarformaður tæknifyrirtækisins Betware á Íslandi frá stofnun félagsins árið 1998 allt til sölu þess til erlendra aðila 2014. Hann hefur einnig átt sæti í stjórnum félaganna Stoða hf., Íslandsflugs hf., Landsafls hf., IMSI Inc. og SPC Holding AS. Sigurður var kjörinn varamaður í bankaráð í apríl 2019.

Nefndarmenn utan bankaráðs

Hjörleifur Pálsson

Nefndarmaður í Endurskoðunarnefnd

Hjörleifur Pálsson er fæddur árið 1963. Hjörleifur lauk cand.oecon. prófi frá Háskóla Íslands árið 1988. Hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa 1989 og starfaði sem endurskoðandi til 2001. Hann var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Össurar hf. 2001-2013. Frá 2013 hefur Hjörleifur setið í stjórnum margskonar fyrirtækja og fjárfest í og stutt við nýsköpun. Í dag er hann í stjórn alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Alvotech SA sem skráð er á hlutabréfamarkað í Bandaríkjunum og á Íslandi, í stjórn Ankra ehf. (Feel Iceland), í stjórn og formaður starfskjaranefndar Festi hf., í stjórn Brunns vaxtarsjóðs slhf. og í stjórn Brandr Global ehf. Hjörleifur er ennfremur formaður endurskoðunarnefndar Hörpu tónlistarhúss ohf. Hjörleifur var um árabil formaður bæði stjórnar og háskólaráðs Háskólans í Reykjavík ehf., hann er fyrrverandi stjórnarformaður Sýnar hf. og var í árabil stjórnarmaður, formaður endurskoðunarnefndar og í starfskjaranefnd alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Lotus Pharmaceutical & Co.,Ltd. Hann tók sæti í Endurskoðunarnefnd bankaráðs í maí 2019.

12. Upplýsingar um hvaða stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum

